Lýsing þessi er gefin út í tengslum við ósk stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. um að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og í tengslum við almennt útboð 60% útgefinna hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. (sem heimilt er að stækka í 70%) sem eru til sölu á 6,75–7,95 kr. á hlut

Með útboðinu hyggst seljandinn, Klakki ehf. selja 1.501.654.224–1.751.929.928 hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir frá 12. til 16. apríl 2013. Lágmarksáskrift er að andvirði 100 þúsund krónur. Fjárfestum er boðið uppá þrjár áskriftarleiðir, eða svo kallaðar tilboðsbækur. Ákvörðun á verði þeirra hluta sem seldir verða í útboðinu verður ekki með sama hætti í öllum tilboðsbókum útboðsins. Í tilboðsbókum A og B óskar seljandi eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi til allra kaupenda sem þátt tóku í tilboðsbókum A og B, en það mun verða á framangreindu verðbili. Í tilboðsbók C þurfa fjárfestar að tilgreina kaupverð í 2,475% eignarhlut og er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók C verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður. Áskriftum er skilað með netáskrift á heimasíðu Arion banka hf. Útboðið er með fyrirvara um samþykki á fyrirliggjandi umsókn um að hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Slíkt samþykki er tilkynnt opinberlega af NASDAQ OMX Iceland hf. og sömuleiðis þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér kafla um áhættuþætti í lýsingu þessari.

Lýsingin er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Ákvæði VI. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ítarlegri reglur er að finna í reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 milljónir kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, svo og í reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Lýsingin uppfyllir ákvæði I. og III. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í lýsingu fyrir hluti. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af þeim reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem gilda um töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi. Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum (hvort heldur er einstaklingum eða lögaðilum) sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum. Erlendir aðilar, samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, skulu sýna fram á fyrir lok áskriftartímabils að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laganna. Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem slíkt útboð myndi krefjast aukinnar skráningar lýsingar umfram staðfestingu af íslenskum eftirlitsaðilum í tengslum við útboðið. Lýsingu þessari skal ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða sem greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Lýsingu þessari skal hvorki dreifa eða senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan.

Lýsing þessi er dagsett 27. mars 2013

Umsjónaraðili útboðs og töku til viðskipta

Arion banki

SAMANTEKT

mars 2013

Arion banki

1. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Samantekt þessi skal vera lesin sem kynning á lýsingu Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (einnig nefnt „VÍS", „útgefandinn" og „félagið") sem samanstendur af þessari samantekt ásamt útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu, dagsettum 27. mars 2013. VÍS birtir lýsinguna í tengslum við almennt útboð á hlutum félagsins og ósk stjórnar félagsins um að hlutir í VÍS verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjvík.

Hægt er að nálgast lýsinguna, sem dagsett er 27. mars 2013, rafrænt á vefsíðu VÍS, www.vis.is/fjarfestar, í 12 mánuði frá birtingu hennar. Prentað eintak er hægt að nálgast í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Fjárfestir skal taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum VÍS á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingu þessari gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einstaklingar eða lögaðilar sem útbúið hafa samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

Lýsinguna má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í VÍS og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvona, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í VÍS sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í hlutum VÍS kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Upplýsingar í öllum skjölum sem tilheyra lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar verðbréfin eru tekin til viðskipta. Ef nýjar upplýsingar koma fram á þessu tímabili sem útgefandi telur að hafi áhrif á verðmat hlutabréfa hans mun útgefandinn tilkynna um þær opinberlega og birta viðauka við lýsinguna þar sem greint er frá viðkomandi atriðum.

2. SAMANTEKT UM ALMENNT ÚTBOÐ

Hér að neðan er samantekt um almennt útboð á hlutum í VÍS í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Með útboðinu hyggst Klakki ehf., kt. 610601-2350, Síðmúla 28, 108 Reykjavík (einnig nefnt „Klakki" og „seljandi") bjóða til sölu 60-70% af þegar útgefnum hlutabréfum sínum í VÍS, eða 1.501.654.224 til 1.751.929.928 hluti.

Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem slíkt útboð myndi krefjast aukinnar skráningarlýsingar umfram staðfestingu hennar af íslenskum eftirlitsaðilum í tengslum við útboðið.

Markmið Klakka ehf. með útboðinu er að selja hlutabréfin á ásættanlegu verði, svo og að útboðið geri VÍS kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár. Stefnt er að því að útboðið marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu.

Fulltrúar Klakka ehf. munu ákveða úthlutun vegna útboðsins. Stjórn seljanda mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 60% af útgefnum hlutum í VÍS, eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki fyrir lok maí 2013 fyrirliggjandi umsókn útgefanda um að hlutabréf í VÍS verði tekin til viðskipta. Stjórn seljanda áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í VÍS verði tekin til viðskipta ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem stjórn seljandans telur gefa tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á

Íslandi. Ef stjórn seljanda tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu og samsvarandi skuldbindingar fjárfesta dæmast ógildar og úthlutanir hans á hlutum í útboðinu sömuleiðis.

Útgefandi

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík.

Hlutafé útgefanda

Útgefið hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf. nemur 2.502.757.040 krónum og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir. Eigin hlutir Vátryggingafélags Íslands hf. eru 276.524 sem jafngilda 0,01% af útgefnum hlutum félagsins. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum. Virkir hlutir eru 2.502.480.516 og jafngilda 99,99% af útgefnum hlutum í félaginu.

Seljandi / Tilboðsgjafi

Klakki ehf., kt. 610601-2350, Síðumúla 28, 108 Reykjavík.

Umsjónaraðili útboðs

Arion banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs, kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Söluaðilar útboðs

Arion banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf og Hlutabréfamiðlun Fjárfestingabankasviðs, kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stærð, verð og skipting útboðs

Útboðið nemur 60% af útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., eða 1.501.654.224 hlutum. Fjárfestum er boðið upp á þrjár áskriftarleiðir:

A. Samtals 10,0% eru boðin í tilboðsbók A fyrir áskrift að andvirði á bilinu 100.000-50.000.000 kr.
B. Samtals 30,1% eru boðin í tilboðsbók B sem er fyrir áskrift að andvirði yfir 50 m.kr.
C. Samtals 9,9% eru boðin í tilboðsbók C sem er fyrir áskrift í 2,475% eignarhluta. Auk þess eru samtals 10,0% sem stjórn seljanda mun ráðstafa í framangreindar tilboðsbækur í þeim hlutföllum sem hún ákveður á grunni eftirspurnar þegar áskriftir liggja fyrir.

Seljandi áskilur sér þó rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu við úthlutun við lok áskriftartímabils, enda reynist eftirspurn fjárfesta gefa tilefni til þess bæði hvað varðar verð og magn, og mun þá hafa að leiðarljósi framangreint markmið seljanda í tengslum við útboðið.

Seljandi áskilur sér rétt til að taka einhliða ákvörðun um að fjölga boðnum hlutum í allt að 70% af útgefnum hlutum, eða samtals í allt að 1.751.929.928 hluti, og taka einhliða ákvörðun um það hvernig slíkri hækkun, ef til kemur, verður ráðstafað milli tilboðsbóka en ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Seljandi hyggst ekki úthluta einstökum fjárfesti eignarhlut umfram 9,99% en þó er það á ábyrgð hvers fjárfestis að hann fari beint eða óbeint með eignarhlut umfram 10% í kjölfar útboðs enda virkur eignarhlutur háður fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins

Ákvörðun á verði þeirra hluta sem seldir verða í útboðinu verður ekki með sama hætti í öllum tilboðsbókum útboðsins:

- Í tilboðsbók A og tilboðsbók B er óskað eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessum tilboðsbókum útboðsins verður úthlutað á sama endanlega útboðsgengi sem verður á þessu verðbili. Stjórn seljandans tók ákvörðun um framangreint verðbil og mun ákvarða endanlegt útboðsgengi út frá eftirspurn í útboðinu.

- Í tilboðsbók C þurfa fjárfestar að tilgreina kaupverð í 2,475% eignarhlut (61.943.237 hluti) og er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður. Stjórn seljandans tók

ákvörðun um framangreint lágmarksverð, svo og að engum hlutum verði úthlutað í þessari tilboðsbók á lægra verði en því endanlega útboðsgengi sem ákvarðað verður við úthlutun í tilboðsbók A og B.

Heildarsöluandvirði 60% hlutar nemur að lágmarki 10.136 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Andvirði 60% hlutar nemur 11.938 m.kr. miðað við efri mörk ofangreinds verðbils í tilboðsbókum A og B, en þar sem hámarksverð í tilboðsbók C er ekki ákvarðað fyrirfram getur heildarsöluandvirði útboðsins reynst hærra.

Heildarsöluandvirði 70% hlutar nemur að lágmarki 11.826 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Andvirði 70% hlutar nemur 13.928 m.kr. miðað við efri mörk ofangreinds verðbils í tilboðsbókum A og B, en þar sem hámarksverð í tilboðsbók C er ekki ákvarðað fyrirfram getur heildarsöluandvirði útboðsins reynst hærra.

Skráning áskrifta

Tekið verður við áskriftum frá og með föstudeginum 12. apríl 2013 klukkan 10.00 til og með þriðjudeginum 16. apríl 2013 klukkan 16.00. Ekki verður tekið við áskriftum utan þessa tímabils.

Áskriftir í tilboðsbók A skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf., www.arionbanki.is. Til að geta skráð áskrift í tilboðsbók A verður fjárfestir að skrá sig inn á áskriftarvefinn með eftirfarandi aðgangsauðkennum:

(A) með notandanafni og lykilorði sínu að netbanka Arion banka hf.; eða

(B) með kennitölu og lykilorði sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

Áskrift í tilboðsbók B og C skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf. Til að geta skráð áskrift verður fjárfestir að fá uppgefna vefslóð þessa áskriftarforms hjá söluaðila og skrá sig inn á áskriftarvefinn með aðgangsauðkennum (fyrir viðkomandi kennitölu) sem fjárfestir, eða aðili hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti, getur fengið úthlutað hjá söluaðila söluaðila sem sendir rafrænt skjal í netbanka fjárfestis, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er. Áskrift í tilboðsbók B skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti.

Í tilboðsbók A og B getur fjárfestir skilyrt áskrift sína við að endanlegt útboðsgengi fari ekki yfir ákveðið hámarksverð á hlut, sem hann tilgreinir á áskriftarforminu. Ef endanlegt útboðsgengi fer yfir tilgreint hámarksverð verður viðkomandi áskrift ógild og verður þá viðkomandi fjárfesti ekki úthlutað neinum hlut til kaupa í útboðinu. Ef endanlegt útboðsgengi verður jafnt tilgreindu hámarksverði eða undir tilgreindu hámarksverði, eða ef ekkert hámarksverð er tilgreint, þá skoðast áskrift gerð á því endanlega útboðsgengi sem stjórn seljandans ákvarðar. Í tilboðsbók C er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður.

Í tilboðsbók C er heimilt að skila allt að fjórum áskriftum fyrir hverja kennitölu. Áskrift í tilboðsbók C kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að skila gildri áskrift í aðra tilboðsbók útboðsins. Ef skilað er áskrift fyrir sömu kennitölu í tilboðsbók A og B er áskrift í tilboðsbók A felld niður og dæmd ógild. Í tilboðsbók A og B er fjárfestum gefinn kostur á að skila inn samsettu tilboði með mismunandi hámarksverði með allt að fjórum áskriftum í eina og sömu bókina.

Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn

Komi til þess að samanlagðar gildar áskriftir nemi fleiri hlutum en seljandi ákveður að bjóða fjárfestum í útboðinu munu fulltrúar stjórnar seljandans úthluta hlutum til einstakra áskrifenda eftir skerðingu áskrifta sem eiga mun sér stað með eftirfarandi hætti:

- Áskriftir í tilboðsbók A, sem hver og ein er að andvirði allt að 50 milljónum króna, verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift, með þeirri undantekningu að hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr.

  Hlutfallslegum niðurskurði verður auk þess ekki beitt á áskriftir frá fastráðnum starfsmönnum VÍS að fjárhæð 3.000.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta fastráðinna starfsmanna leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 3.000.000 kr. Fastráðnir starfsmenn sem gerast áskrifendur að hlutum umfram 1.000.000 kr. og allt að 3.000.000 kr. að markaðsvirði ber að halda á þeim hlutum sínum í 3 mánuði frá greiðslu hlutafjár.

Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem stjórn ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A.

Seljanda er þó heimilt að hafna einstökum áskriftum í tilboðsbók A að hluta eða heild með einhliða ákvörðun seljandans.

- Áskriftir í tilboðsbók B, sem hver og ein er að andvirði yfir 50 milljónum króna, verða skertar (að hluta eða hafnað) samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum seljandans sem lýst er fremst í þessum kafla.
- Áskriftir í tilboðsbók C, sem hver og ein nær til 2,475% hlutar, verða samþykktar í heild eða hafnað samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum seljandans sem lýst er fremst í þessum kafla.
- Með einhliða ákvörðun er átt við að stjórn seljanda gefur ekki upp fyrirfram hvernig skerðingu verður háttað og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar.
- Úthlutun til einstakra fjárfesta með samsett tilboð verður þannig að fyrst eru allar gildar skráningar (á eða yfir endanlegu útboðsgengi) í samsettu tilboði lagðar saman og þeim úthlutað til viðkomandi fjárfestis eins og um eina óskipta áskrift væri að ræða. Þeirri úthlutun er þá raðað fyrst á þá skráningu sem var með hæsta áskriftargengið og ef fleiri en ein skráning eru á sama áskriftargengi er fyrst raðað á þá skráningu sem barst fyrst inn á áskriftarvefinn.

Tilkynning um niðurstöðu útboðs, úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta

Niðurstaða útboðsins verður birt almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi miðvikudaginn 17. apríl 2013. Í tilkynningunni mun koma fram endanlegt útboðsgengi, endanleg stærð útboðsins og upplýsingar um eftirspurn og skiptingu úthlutunar á milli tilboðsbóka útboðsins.

Eftir að bæði niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega og NASDAQ OMX Iceland hf. hefur tilkynnt opinberlega um samþykki umsóknar útgefanda um töku hlutabréfa útgefandans til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. geta fjárfestar sem tóku þátt í tilboðsbók A í útboðinu nálgast tilkynningu um úthlutun og greiðslufyrirmæli á áskriftarvefnum, með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Gert er ráð fyrir að framangreindar upplýsingar verði aðgengilegar frá fimmtudeginum 18. apríl 2013 eða fyrr. Áskriftarvefurinn verður opinn í fjóra mánuði frá upphafi áskriftartímabils.

Umsjónaraðili mun senda öðrum þátttakendum upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli vegna úthlutaðra hluta þegar framangreindar tilkynningar hafa verið birtar opinberlega. Gert er ráð fyrir að upplýsingarnar verði sendar fimmtudaginn 18. apríl 2013 eða fyrr. Þær verða sendar með tölvupósti í það tölvupóstfang sem viðkomandi fjárfestir hefur tilgreint í tengslum við áskrift.

Fjármálastofnanir sem í áskrift eignastýringaraðila í tilboðsbók A óska eftir að greiða kaupverð inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá Arion banka hf. munu fá greiðslufyrirmæli þess efnis ef viðkomandi á gildan vörslureikning hjá Arion banka hf. Greiðslufyrirmæli annarra verða í formi rafrænna greiðsluseðla á nafni og kennitölu hvers fjárfestis sem fær úthlutun í útboðinu, og greiðsluseðlana má greiða í íslenskum viðskiptabönkum. Greiðsluseðillinn mun birtast í netbanka viðkomandi fjárfestis og gert er ráð fyrir að það verði fimmtudaginn 18. apríl 2013.

Greiðslufyrirmæli verða ekki send með hefðbundnum pósti til þátttakenda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptadagur vegna úthlutaðra hluta verði fimmtudagurinn 18. apríl 2013. Gjalddagi og eindagi kaupverðs verður þremur viðskiptadögum eftir viðskiptadag útboðsins og því er gert ráð fyrir að eindagi verði þriðjudagurinn 23. apríl 2013, sem þýðir að greiðsluseðil skal þá í síðasta lagi greiða fyrir lokun banka þann dag.

Kvittun fyrir viðskiptunum og greiðslunni verður send hverjum áskrifanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi. Fullnægjandi greiðsla telst þegar viðkomandi hefur á réttum tíma innt af hendi greiðslu í fullu samræmi við greiðslufyrirmæli frá umsjónaraðila.

Hlutir verða afhentir kaupanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og mun afhending eiga sér í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem fjárfestir hefur tiltekið í áskrift um að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi fjárfestir á hjá þeim vörsluaðila.

Arion banki hf. annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta seljanda í tengslum við útboðið. Af hálfu seljanda, umsjónaraðila eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin.

3. HLUTIR VÍS TEKNIR TIL VIÐSKIPTA

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur óskað eftir að allir útgefnir hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að hlutirnir verða teknir til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu Klakka ehf., sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Markmið Klakka ehf. með útboðinu er að selja hlutabréfin á ásættanlegu verði, svo og að útboðið geri Vátryggingafélagi Íslands hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár. Stefnt er að því að útboðið marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Vátryggingafélagi Íslands hf. og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Stærð útboðsins nemur 60-70% af útgefnu hlutafé. Áskriftartímabil mun standa yfir 12-16. apríl 2013. Niðurstöður útboðs munu liggja fyrir miðvikudaginn 17. apríl 2013.

Stjórn seljanda mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 60% af útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki fyrir lok maí 2013 fyrirliggjandi umsókn útgefanda um að hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta. Stjórn seljanda áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta, ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem stjórn seljandans telur gefa tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á Íslandi.

Félagið hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. frá því að hlutirnir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og eru þeir við Arion banka hf. og Landsbankann hf., sem munu annast viðskiptavakt fyrir eigin reikninga gegn þóknun frá félaginu. Báðir vakarnir mun setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf.

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík, hefur umsjón með því ferli að fá hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og umsjón með almennu útboði í tengslum við það ferli, og hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefandans við undirbúning þessarar lýsingar.

4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti verðbréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í verðbréfunum eða eftir atvikum hluta hennar. Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum sem Vátryggingafélag Íslands hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu Vátryggingafélags Íslands hf., birtri 27. mars 2013. Sérstaklega er fjárfestum bent á að kynna sér umfjöllun í köflunum Áhættuþættir í verðbréfa- og útgefandalýsingum félagsins. Í þeim er fjallað um áhættuþætti sem félaginu er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um hlutabréf útgefin af félaginu, starfsemi þess og atvinnugrein.

Almenn áhætta hlutabréfa

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum, þar sem eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa. Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Dæmi um slíka áhættuþætti sem geta haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í hlutum útgefanda muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Áhætta tengd hlutafjáraukningu

Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við það nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda.

Áhætta tengd markaðsverði

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast eftir að hlutir félagsins hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.. Endanlegt útboðsgengi sem fæst í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta getur verið hærra eða lægra en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Hætta er á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

Áhætta tengd uppbyggingu á eignarhaldi

Skipulag eignarhalds getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefenda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Áhættustýring vátryggingafélaga

Stjórn VÍS ber ábyrgð á innleiðingu og hefur eftirlit með áhættustýringu hjá félaginu og skilgreinir áhættuviðmið í rekstri og fjárfestingum VÍS.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Markmið þessara tilmæla var að leiðbeina vátryggingarfélögum um bestu framkvæmd áhættustýringar. Undirbúningur vátryggingafélaga vegna þessara tilmæla er mikilvægur liður í undirbúningi þeirra fyrir nýja heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi sem á að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/138/EB um stofnun og starfrækslu vátryggingarfélaga (Solvency II tilskipunin). Í tilmælunum er farið annars vegar yfir fyrirkomulag samhæfðrar áhættustýringar (e. enterprise risk management) og hins vegar stýringu einstakra áhættuþátta. Samhæfð áhættustýring þarf að minnsta kosti að taka til eftirfarandi áhættuþátta: stefnumótunaráhættu, vátryggingaáhættu, markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, samþjöppunaráhættu, rekstraráhættu, lausafjáráhættu og orðsporsáhættu.

Áhætta tengd efnahagsumhverfi

Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og því háður þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Gengisfall krónunnar hefur leitt til mikillar verðbólgu. Atvinnuleysi jókst úr því að vera 2,0–3,0% á árunum fyrir hrun og í 5,0–8,7% árin 2010–2012.[1] Þessi þróun íslenska hagkerfisins hefur haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja þar sem kaupmáttur viðskiptavina hefur minnkað með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Við þessar aðstæður kann fólk að neyðast til þess að draga úr tryggingavernd sinni þó svo að þróun á iðgjöldum félagsins beri þess ekki mikil merki en vöxtur iðgjalda hefur að mestu fylgt verðlagsþróun undanfarin ár. VÍS hefur enn fremur brugðist við breyttu efnahagsumhverfi með hagræðingu í rekstri.

Fjárhagsleg áhætta

Félagið ber eftirfarandi fjárhagslega áhættu: vátryggingaáhættu, mótaðilaáhættu, markaðsáhættu, samþjöppunaráhættu og lausafjáráhættu.

---

[1] Hagstofa Íslands- Talnaefni – Laun, tekjur og vinnumarkaður. *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003–2011*. www.hagstofa.is/Pages/637.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu VÍS. Þessi áhættuþáttur nær til samþjöppunar í vátryggingastofni, fjárfestingum og endurtryggingum, sem og til þátta samþjöppunar sem fylgni er á milli.

Lausafjáráhætta

Í lausafjáráhættu felst hættan á að VÍS hafi ekki yfir nægum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta greiðslu á skuldbindingum þegar við á.

Samkeppni

VÍS á í stöðugri samkeppni á vátryggingamarkaði og getur hún leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga og minni markaðshlutdeildar, sem aftur getur haft áhrif á arðsemi félagsins í framtíðinni. Ef VÍS er ekki samkeppnishæft við aðra aðila á markaði hvað varðar verð, vöruúrval, gæði og þjónustu getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur áhætta vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu. Þar má nefna að FME hefur veitt VÍS starfsleyfi á grundvelli IV. kafla laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 og felur það í sér margvíslegar skyldur.

VÍS endurtryggir hluta af frumtryggingaráhættu sinni og er því aðili að endurtryggingasamningum. VÍS endurtryggir eingöngu hjá erlendum endurtryggingafélögum. Þar sem um mjög mikilvæga samninga er að ræða fyrir VÍS eru gerðar miklar kröfur til endurtryggjenda af hálfu félagsins og hafa langflestir þeirra styrkleikamat A eða hærra.

Vegna eðlis rekstrar félagsins er það á hverjum tíma aðili að fjölmörgum dómsmálum og ágreiningsmálum fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Nær öll ágreiningsmál félagsins snúa að bótarétti hinna vátryggðu og því um leið greiðsluskyldu félagsins.

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á 2 ma.kr. peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá til og frá hvaða dagsetningu dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga, má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012. Samhliða sölu á hlutabréfum sínum í VÍS skuldbindur Klakki ehf. sig til að auka eigið fé VÍS um allt að 3,5 ma.kr. í því skyni að niðurstaða dómsmálsins hafi ekki áhrif á virði hlutabréfa félagsins. Til að draga þannig úr óvissu um áhrif ofangreinds dómsmáls á eiginfjárstöðu VÍS mun Klakki ehf. skrá sig fyrir hlutafé, í einu lagi eða hlutum, í nýjum B-flokki hlutafjár án arðs- og atkvæðisréttar, að fjárhæð allt að 3,5 ma.kr. Til tryggingar greiðslu framangreindrar áskriftarskuldbindingar hefur Klakki ehf. lagt fram ábyrgð útgefna af Landsbankanum hf. sem samsvarar 3,5 ma.kr. sem verður virk saman dag og hlutabréfa VÍS verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. VÍS mun geta krafið Landsbankann hf. um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar ef Klakki stendur ekki við skuldbindingar sínar um kaup á nýju hlutafé í B-flokki.

5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

Starfssvið

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga. Félagið starfrækir 41 þjónustuskrifstofu víðsvegar um land og eru starfsmenn fyrirtækisins um 225 talsins í um 216 stöðugildum. VÍS leggur áherslu á það að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Helstu vátryggingagreinar félagsins eru eignatryggingar, sjó- og farmtryggingar, lögboðnar ökutækjatryggingar, frjálsar ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og erlendar endurtryggingar. Auk þess á félagið og rekur líftryggingafélagið Lífís sem býður upp á persónutryggingar á borð við líf- og sjúkdómatryggingar.

Stofnun félagsins og ágrip af sögu

Vátryggingafélag Íslands hf. var stofnað 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands (síðar Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands) og Samvinnutryggingum gt. (gagnkvæmt tryggingafélag), í þeim tilgangi að efla starfsemi félaganna á vátryggingamarkaði og ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi í rekstri. Við stofnun VÍS var meginhluti vátryggingastofna Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga færður yfir til nýja félagsins og tók það yfir mestallan rekstur stofnfélaga sinna frá og með 1. janúar 1989 og hóf rekstur alhliða vátryggingastarfsemi. Viðskiptavinir VÍS voru frá upphafi einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Stjórn og stjórnendur

Stjórn VÍS, kosin á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2013, skipa Benedikt Jóhannsson, stjórnarformaður, Magnús Scheving Thorsteinsson, Helga Jónsdóttir, Guðrún Þorgeirsdóttir og Ingi Rafn Jónsson.

Í yfirstjórn VÍS eru Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri, Guðmar Guðmundsson, frkv.stj. fjármálasviðs, Friðrik Bragason, frkv.stj. vátryggingasviðs, Tryggvi Guðbrandsson, forstöðum. fjárfestinga, Agnar Óskarsson frkv.stj. tjónasviðs, Anna Rós Ívarsdóttir frkv.stj. mannauðssviðs, Auður Björk Guðmundsdóttir frkv.stj. sölu- og þjónustusviðs, og Þorvaldur Jacobsen, frkv.stj. þróunarsviðs.

Endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur við birtingu lýsingar þessarar eru KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Löggiltir endurskoðendur á því tímabili sem sögulegu fjárhagslegu upplýsingarnar sem birtar eru í lýsingunni ná til voru Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Stærstu hluthafar

Klakki ehf. og dótturfélag hans, Pond Street Investments ehf., fara með 99,99% af heildarútgefnu hlutafé og 100% atkvæðisréttar í útgefanda.

Viðskipti við tengda aðila

Aðilar tengdir VÍS eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu, dótturfélög VÍS, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, forstjóri, fjármálastjóri og framkvæmdastjórar innan samstæðu félagsins. Viðskipti eiga sér stað milli einstakra eininga innan VÍS-samstæðunnar og eru hluti af daglegum rekstri samstæðunnar. VÍS skilar árlegri skýrslu um viðskipti við tiltekna tengda aðila til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 63. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Klakki ehf. telst tengdur félaginu frá mars 2006 en þá keypti Klakki (þá Exista hf.) allt hlutafé VÍS eignarhaldsfélags hf. sem átti 100% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. Þann 4. desember 2012 var gengið frá sölu á 83% eignarhlut VÍS í Öryggismiðstöð Íslands hf., en þar af seldi VÍS 5% hlut í Öryggismiðstöð Íslands hf. til félagsins sjálfs. Söluverð nam 25,5 m.kr. fyrir 5% eignarhlutinn. Í byrjun apríl 2012 keypti VÍS 99,73% eignarhluta í Líftryggingafélagi Íslands hf. af Klakka ehf. Viðskiptin byggðu á armslengdarsjónarmiðum og var meðal annars stuðst við virðismat Arion banka hf. Kaupverð félagsins var 3.181 m.kr. VÍS greiddi fyrir félagið með reiðufé að fjárhæð 800 m.kr. og öðrum fjáreignum í eigu félagsins að fjárhæð 2.381 m.kr.

6. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR SAMANDREGNAR

Hér á eftir fara samandregnar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir síðastliðin þrjú rekstrarár. Töflurnar hér að neðan sýna lykiltölur úr rekstri, efnahag og sjóðstreymi samstæðu VÍS rekstrarárin 2010, 2011 og 2012.

Rekstrarreikningur

Í m.kr.	**Samstæða 2012**	**Samstæða 2011**	**Móðurfélag 2010**
Iðgjöld ársins	16.460	15.561	14.873
Hluti endurtryggjenda	(589)	(510)	(667)
Eigin iðgjöld	**15.871**	**15.050**	**14.206**
Fjármunatekjur	2.859	1.800	2.365
Tekjur (gjöld) vegna matsbreytinga á fjárfestingum	1.077	209	(771)
Fjármunatekjur	**3.936**	**2.009**	**1.594**
Aðrar tekjur	132	116	98
Heildartekjur	**19.939**	**17.175**	**15.898**
Tjón ársins	(12.113)	(12.772)	(11.977)
Hluti endurtryggjenda	46	22	242
Eigin tjón	**(12.067)**	**(12.750)**	**(11.735)**
Rekstrarkostnaður	(4.044)	(3.608)	(3.087)
Fjármagnsgjöld	(2)	(2)	(3)
Virðisrýrnun	(144)	(197)	(761)
Heildargjöld	**(16.256)**	**(16.556)**	**(15.586)**
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**3.682**	**619**	**312**
Tekjuskattur	(950)	(207)	(108)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	**2.732**	**411**	**204**
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi eftir skatta	293	(3)	0
Heildarafkoma ársins	**3.025**	**408**	**204**

Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi samstæðu VÍS fyrir árið 2012 hefur framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu verið breytt og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Virðisrýrnun annarra fjáreigna er nú hluti af gangvirðisbreytingum fjáreigna en voru áður taldar með virðisrýrnun fjáreigna. Matsbreyting skuldabréfa er nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en var áður hluti af fjármunatekjum. Við sölu á Öryggismiðstöð Íslands hf. fara áhrif þess reksturs sem hagnaður á aflagða starfsemi en hann er ekki sundurliðaður innan rekstrarreiknings.

Ennfremur voru gerðar breytingar á framsetningu ársreiknings 2011 frá 2010. Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi 2011 breytti félagið framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur félagsins að með því hafi gleggri mynd verið sýnd af rekstri félagsins í heild. Tekjur af fjármálastarfsemi voru settar sem hluti af heildartekjum en voru áður yfirfærðar að hluta frá fjármálarekstri á vátryggingarekstur. Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum sem áður voru taldar með tekjum og gjöldum af fjármálarekstri voru þá taldar með heildartekjum. Rekstrarkostnaður fjármálareksturs var settur meðal rekstrarkostnaðar og afskriftir viðskiptakrafna voru ekki lengur taldar með gjöldum af vátryggingarekstri heldur með virðisrýrnun. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum sem áður voru sérgreind urðu hluti rekstrarkostnaðar.

Efnahagur

Í m.kr.	**Samstæða**	**Samstæða**	**Móðurfélag**
	31.12.2012	**31.12.2011**	**31.12.2010**
Varanlegir rekstrarfjármunir	258	652	460
Viðskiptavild	475	200	0
Aðrar óefnislegar eignir	507	0	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	25.953	24.301	23.214
Fjáreignir haldið til gjalddaga	4.183	0	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	252	1.509	2.257
Fjárfestingar v. líftrygginga með áhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Reiknuð skattinneign	41	516	398
Vörubirgðir	0	80	0
Viðskiptakröfur	4.797	4.604	4.069
Endurtryggingaeignir	567	586	635
Aðrar kröfur	916	1.128	1.221
Handbært fé	4.318	4.615	2.846
Eignir	**43.452**	**38.190**	**35.100**
Eigið fé			
Hlutafé	2.502	2.602	2.602
Varasjóður	626	456	456
Óráðstafað eigið fé	11.342	8.496	8.088
Eigið fé meirihlutaeigenda	**14.470**	**11.554**	**11.146**
Hlutdeild minnihluta	0	29	0
Eigið fé	**14.470**	**11.584**	**11.146**
Skuldir			
Vátryggingaskuld	26.204	24.792	22.615
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Viðskiptaskuldir	1.167	932	942
Skuldir við lánastofnanir	0	241	0
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	425	640	397
Skuldir	**28.982**	**26.606**	**23.954**
Eigið fé og skuldir	**43.452**	**38.190**	**35.100**

Í upplýsingum um efnahag í árslok 2011 í ársreikningi 2012 voru 384,2 m.kr bundnar bankainnistæður færðar með öðrum kröfum. Í ársreikningum 2011 og 2010 eru þessar innistæður færðar með handbæru fé.

Sjóðstreymisyfirlit

Í m.kr.	Samstæða 2012	Samstæða* 2011	Móðurfélag* 2010
Handbært fé frá (til) rekstri	3.522	2.702	(3.036)
Fjárfestingahreyfingar	(3.745)	(404)	(26)
Fjármögnunarhreyfingar	(131)	(18)	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	**(353)**	**2.280**	**(3.062)**
Handbært fé í upphafi árs	4.615	2.301	5.549
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	56	34	(186)
Handbært fé í lok árs	**4.318**	**4.615**	**2.301**

**Framsetningu sjóðstreymis 2010 og 2011 breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningi 2010 og 2011, til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012, en auk frekari sundurliðunar eru þar breytingar þar sem fjáreignir (að undanskildum fjáreignum sem haldið er til gjalddaga) eru flokkaðar sem rekstrarhreyfingar í stað fjárfestingahreyfinga áður.*

7. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA

Stjórnarformaður félagsins og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé VÍS vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hans, svo og að fjármögnun og skuldastaða VÍS þann 31. desember 2012 hafi verið eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Fjármögnun og skuldastaða VÍS hefur ekki tekið verulegum breytingum frá 31. desember 2012 og eru eftirfarandi fjárhagsupplýsingar í samræmi við endurskoðað fjárhagsuppgjör félagsins fyrir fjárhagsárið 2012.

Fjármögnun	
Í milljónum kr.	*31.12.2012*
Skammtímaskuldir	
- með ábyrgðum	0
- með veði	0
- án ábyrgða/veðs	1.576
Skammtímaskuldir samtals	**1.576**
Langtímaskuldir (án vátryggingaskuldar)	
- með ábyrgðum	0
- með veði	0
- án ábyrgða/veðs	16
Langtímaskuldir samtals	**16**
Eigið fé	
Hlutafé	2.502
Yfirverðsreikningur hlutafjár	626
Óráðstafað eigið fé	11.342
Eigið fé samtals	**14.470**
Samtals fjármögnun	**16.062**

Skuldastaða	
Í milljónum kr.	*31.12.2012*
Greiðsluhæfi	
Handbært fé	4.318
Fjáreignir á gangvirði*	21.355
Greiðsluhæfi samtals	**21.490**
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	**5.713**
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.576
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	0
Skammtímaskuldir samtals	**1.576**
Langtímaskuldir (án vátryggingaskuldar)	
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0
Aðrar langtímaskuldir	16
Langtímaskuldir samtals	**16**
Nettó skuldastaða	**(25.611)**

** Hér eru eingöngu taldar fjáreignir á gangvirði sem falla undir stig 1 en gangvirðismat á þeim eignum byggir á uppgefni verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir, að frádregnum fjáreignum haldið til gjalddaga.*

VERÐBRÉFALÝSING

mars 2013

Arion banki

Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR 2

1.1 Almenn áhætta hlutabréfa 2
1.2 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta 3
1.3 Hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign hluthafa 3
1.4 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast 4
1.5 Uppbygging á eignarhaldi 4

2. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA 5

3. ALMENNT ÚTBOÐ 7

3.1 Stærð útboðs, skipting og verð 7
3.2 Útgefandi 9
3.3 Seljandi 9
3.4 Umsjónaraðili útboðsins og söluaðili allra tilboðsbóka útboðsins (A, B og C) 9
3.5 Söluaðili tilboðsbóka B og C 9
3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A fyrir áskriftir að andvirði allt að 50 m.kr. 9
3.7 Fjárfestar 9
3.8 Áskriftartímabil 10
3.9 Skráning áskrifta 10
3.10 Trygging fyrir greiðslu 12
3.11 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn 12
3.12 Tilkynning um niðurstöðu útboðs 13
3.13 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta 13

4. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA 15

4.1 Hlutabréf í VÍS tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. 15
4.2 Söluhömlur 16
4.3 Viðskiptavakt 16
4.4 Hlutafé 16
4.5 Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að taka til viðskipta 17
4.6 Réttindi 17
4.7 Virkur eignarhlutur 18
4.8 Arðgreiðslustefna 19
4.9 Arðgreiðslur 19
4.10 Eignarréttindi og framsal hluta 19
4.11 Innlausn 20
4.12 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda 20
4.13 Innlausnarréttur 20
4.14 Safnskráning 21
4.15 Slit eða skipti á félaginu 21
4.16 Skattamál 21

5. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA 23

5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar 24
5.2 Skilgreiningar og tilvísanir 25
5.3 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar 26
5.4 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda 26
5.5 Yfirlýsing seljanda 27
5.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda 27

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti verðbréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í verðbréfunum eða eftir atvikum hluta hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum sem Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (einnig nefnt „VÍS", „útgefandinn" og „félagið" í verðbréfalýsingu þessari), gefur út er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í hlutabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í útboði á hlutabréfum í VÍS sem fyrirhugað er 12.-16. apríl 2013 eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu dagsettri 27. mars 2013, sem samanstendur af samantekt dagsettri 27. mars 2013, útgefandalýsingu dagsettri 27. mars 2013 og verðbréfalýsingu þessari, sem nálgast má á vef félagsins, www.vis.is/fjarfestar og í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á VÍS og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandi álítur að skipti máli fyrir verðbréfin,er verðbréfalýsing þessi tekur til, og eru boðin til kaups eða skráð á markað svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim er að finna í köflum um áhættuþætti í verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu útgefandans, dagsettri 27. mars 2013. Þessi kafli, *1. Áhættuþættir*, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf hans, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1. Áhættuþættir* í útgefandalýsingu félagsins, dagsettri 27. mars 2013, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

1.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum, þar sem eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa. Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu. Sveiflur á gengi hlutabréfa eru almennt meiri en sveiflur á gengi skuldabréfa og verðmæti þeirra getur jafnvel þurrkast út eins og til að mynda reynslan af fjármálakreppunni sem skall á 2008 hefur sýnt. Hægt er að dreifa áhættunni sem felst í að fjárfesta í einstökum fyrirtækjum með því að fjárfesta í safni ólíkra fyrirtækja og ólíkra verðbréfa. Einnig má ætla að það auki skilning á áhættu við hlutabréfakaup ef fjárfestar einskorða slík kaup við félög í rekstri sem kaupandinn annaðhvort þekkir vel eða getur sett sig inn í með góðu móti. Jafnframt má draga verulega úr fjárhagslegri áhættu samfara hlutabréfakaupum með því að forðast eða lágmarka lántökur vegna þeirra. Engu að síður er ekki hægt að komast hjá áhættuþáttum sem fylgja hlutabréfamarkaðnum.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Dæmi um slíka áhættuþætti sem geta haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum hlutabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í því að eftirspurn eftir hlutabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu verðbréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur. Ennfremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í hlutum útgefanda muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að

þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

Í kjölfar fjármálakreppunnar fækkaði verðbréfaflokkum í viðskiptum á mörkuðum NASDAQ OMX Iceland hf. verulega, heildarmarkaðsvirði verðbréfaflokka í viðskiptum dróst saman og velta á mörkuðunum minnkaði frá því sem var, hvort heldur horft er til heildarveltu eða veltu með einstaka flokka. Undanfarin misseri hafa átt sér stað fjórar nýskráningar félaga á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. og má greina aukin viðskipti samhliða þeim. Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði á áhættu af þessu tagi er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, og gengi, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

1.2 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta

Lýsing útgefanda, dagsett 27. mars 2013, er birt í tengslum við umsókn um töku hlutabréfaflokks til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og almennt útboð í aðdraganda töku hlutabréfanna til viðskipta. Útgefandi og verðbréf sem hann gefur út falla undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 hefur verið innleidd í íslenskan rétt, þar á meðal lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 millj. kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað.

Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I og III við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009. Frá því útgefandi óskaði eftir því við NASDAQ OMX Iceland hf. að hlutabréfaflokkurinn yrði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda um hann og verðbréfin reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir að taka hlutabréfaflokkinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. mun útgefandi og verðbréf sem hann gefur út einnig falla undir lög nr. 110/2007 um kauphallir. Útgefanda ber að fara eftir framangreindum reglum, sem m.a. fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að NASDAQ OMX Iceland hf. taki hlutabréf í útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í hlutabréfum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfaviðskipti, s.s. reglur um yfirtökutilboð, viðskipti innherja og flöggunarskyldu vegna hlutabréfa félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

1.3 Hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign hluthafa

Ef útgefandi hækkar hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við það nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda. Tilgangur hlutafélaga með útgáfu nýs hlutafjár er iðulega að fjármagna ný verkefni með það markmið fyrir augum að gera félagið verðmætara í framtíðinni. Fjárfestar skulu hafa í huga að sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni. Samþykki hluthafafundar þarf til að breyta hlutafé, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í vátryggingafélagi eru einnig háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins, skv. 4. mgr. 53. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Ekki er fyrirliggjandi heimild til stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins. Félagið á eigin hlutabréf sem nema 0,01% af útgefnu hlutafé og hefur stjórn heimild til að ráðstafa þeim, en í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 njóta eigin hlutabréf útgefanda ekki atkvæðisréttar.

1.3.1 Sérákvæði um hlutafjárhækkun

Samkvæmt 26. gr. samþykkta félagsins hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða í hlutum um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn félaginu, mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur félaginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar. B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í félaginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum. B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr félaginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar. Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttekur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né seld innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimst að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður. Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun.

1.4 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast eftir að hlutir félagsins hafa verið teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Endanlegt útboðsgengi, sem fæst í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði teknir til viðskipta, getur verið hærra eða lægra en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Hætta er á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

1.5 Uppbygging á eignarhaldi

Skipulag eignarhalds getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefenda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa, sem koma fram í útgefandalýsingu, dagsettri 27. mars 2013, undir köflunum *1.3 Uppbygging á eignarhaldi Vátryggingafélags Íslands hf.* og *5.6 Hluthafar*.

2. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA

Stjórnarformaður félagsins og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé VÍS vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hans, svo og að fjármögnun og skuldastaða VÍS þann 31. desember 2012 hafi verið eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Fjármögnun og skuldastaða VÍS hefur ekki tekið verulegum breytingum frá 31. desember 2012 og eru eftirfarandi fjárhagsupplýsingar í samræmi við endurskoðað fjárhagsuppgjör félagsins fyrir fjárhagsárið 2012.

Taflan inniheldur ekki skuldbindingar utan efnahags og skilyrtar skuldbindingar, en stærstu skuldbindingar félagsins af því tagi eru vegna húsaleigusamninga, enda leigir VÍS að stærstum hluta fasteignir undir starfsemi sína, en á móti kemur að leiguréttur er einnig utan efnahags. Samkvæmt 26. gr. samþykkta félagsins hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn félaginu, mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar, eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms, kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur félaginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar. B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í félaginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum. B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr félaginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar. Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttekur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né seld innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimst að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður. Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun. Ekki er fyrir hendi heimild í samþykktum félagsins til kaupa á eigin hlutum, en félagið á eigin bréf sem nema um 0,01% af útgefnum hlutum.

Bent er á bæði móðurfélags- og samstæðureikninga útgefanda sem birtir eru í heild sinni með skýringum í útgefandalýsingu, dagsettri 27. mars 2013, kafla *9 Endurskoðaðir ársreikningar félagsins*, svo og á umfjöllun um fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingunni, kafla *6 Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2010 – 31. desember 2012*, sem varða eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Einnig er bent á upplýsingar í kafla *4 Upplýsingar um hlutabréfin og töku til viðskipta* í verðbréfalýsingu þessari, um kostnað sem fellur á VÍS vegna þess ferlis að fá hluti í útgefanda tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., en ekkert fjárstreymi verður til VÍS í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutabréfum í VÍS sem fyrirhugað er 12.-16. apríl, þar sem um er að ræða útboð á þegar útgefnu hlutafé í eigu Klakka ehf.

Fjármögnun	
Í milljónum kr.	*31.12.2012*
Skammtímaskuldir	
- með ábyrgðum	0
- með veði	0
- án ábyrgða/veðs	1.576
Skammtímaskuldir samtals	**1.576**
Langtímaskuldir (án vátryggingaskuldar)	
- með ábyrgðum	0
- með veði	0
- án ábyrgða/veðs	16
Langtímaskuldir samtals	**16**
Eigið fé	
Hlutafé	2.502
Yfirverðsreikningur hlutafjár	626
Óráðstafað eigið fé	11.342
Eigið fé samtals	**14.470**
Samtals fjármögnun	**16.062**

Skuldastaða	
Í milljónum kr.	*31.12.2012*
Greiðsluhæfi	
Handbært fé	4.318
Fjáreignir á gangvirði*	21.355
Greiðsluhæfi samtals	**21.490**
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	**5.713**
Skammtímaskuldir	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.576
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	0
Skammtímaskuldir samtals	**1.576**
Langtímaskuldir (án vátryggingaskuldar)	
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0
Aðrar langtímaskuldir	16
Langtímaskuldir samtals	**16**
Nettó skuldastaða	**(25.611)**

** Hér eru eingöngu taldar fjáreignir á gangvirði sem falla undir stig 1 en gangvirðismat á þeim eignum byggir á uppgefnu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir, að frádregnum fjáreignum haldið til gjalddaga.*

3. ALMENNT ÚTBOÐ

Útboðið sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu er almennt útboð til íslenskra fjárfesta í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Með útboðinu hyggst Klakki ehf., kt. 610601-2350, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, (einnig nefndur „seljandi“ í verðbréfalýsingu þessari) selja 60% af áður útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 70% af útgefnum hlutum VÍS. Klakki ehf. á, beint og óbeint, alla útistandandi hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf., en hann fer með 99,97% útgefins hlutafjár í eigin nafni, Pond Street Investments ehf., sem er dótturfélag Klakka ehf., fer með 0,02% útgefins hlutafjár og útgefandi á auk þess eigin hluti sem samsvara 0,01% útgefins hlutafjár.

Markmið Klakka ehf. með útboðinu er að selja hlutabréfin á ásættanlegu verði, svo og að útboðið geri Vátryggingafélagi Íslands hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár. Stefnt er að því að útboðið marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Vátryggingafélagi Íslands hf. og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu.

Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 12.-16. apríl 2013. Lágmarksáskrift í útboðinu er að andvirði 100 þúsund krónur.

Stjórn seljanda mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 60% af útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki fyrir lok maí 2013 fyrirliggjandi umsókn útgefanda um að hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta. Stjórn seljanda áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta, ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem stjórn seljandans telur gefa tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef stjórn seljanda tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu og samsvarandi skuldbindingar fjárfesta dæmast ógildar og úthlutanir hans á hlutum í útboðinu sömuleiðis.

Útboðið tekur til þegar útgefinna hluta í eigu seljandans. Útboðið er ekki sölutryggt. Hvorki útgefanda né seljanda er kunnugt um hvort stjórnarmenn eða stjórnendur hyggjast skrá sig fyrir áskrift í útboðinu, eða hvort einhver aðili hyggst skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu.

3.1 Stærð útboðs, skipting og verð

Útboðið nemur 60% af útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., eða 1.501.654.224 hlutum. Fjárfestum er boðið uppá þrjár áskriftarleiðir:

A. Samtals 10,0% eru boðin í tilboðsbók A fyrir áskrift að andvirði á bilinu 100.000-50.000.000 kr.
B. Samtals 30,1% eru boðin í tilboðsbók B sem er fyrir áskrift að andvirði yfir 50 m.kr.
C. Samtals 9,9% eru boðin í tilboðsbók C sem er fyrir áskrift í 2,475% eignarhluta.
D. Auk þess eru samtals 10,0% sem stjórn seljanda mun ráðstafa í framangreindar tilboðsbækur í þeim hlutföllum sem hún ákveður á grunni eftirspurnar þegar áskriftir liggja fyrir.

Seljandi áskilur sér þó rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu við úthlutun við lok áskriftartímabils, enda reynist eftirspurn fjárfesta gefa tilefni til þess bæði hvað varðar verð og magn, og mun þá hafa að leiðarljósi framangreint markmið seljanda í tengslum við útboðið.

Seljandi áskilur sér rétt til að taka einhliða ákvörðun um að fjölga boðnum hlutum í allt að 70% af útgefnum hlutum, eða samtals í allt að 1.751.929.928 hluti, og taka einhliða ákvörðun um það hvernig slíkri hækkun, ef til kemur, verður ráðstafað milli tilboðsbóka en ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Seljandi hyggst ekki úthluta einstökum fjárfesti eignarhlut umfram 9,99% en þó er það á ábyrgð hvers fjárfestis að hann fari beint eða óbeint með eignarhlut umfram 10% í kjölfar útboðs enda virkur eignarhlutur háður fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. kafla *4.7 Virkur eignarhlutur* í verðbréfalýsingu þessari.

Ákvörðun á verði þeirra hluta sem seldir verða í útboðinu verður ekki með sama hætti í öllum tilboðsbókum útboðsins:

- Í tilboðsbók A og tilboðsbók B er óskað eftir áskriftum á verðbilinu 6,75–7,95 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessum tilboðsbókum útboðsins verður úthlutað á sama endanlega útboðsgengi sem verður á þessu verðbili. Stjórn seljandans tók ákvörðun um framangreint verðbil og mun ákvarða endanlegt útboðsgengi út frá eftirspurn í útboðinu.

- Í tilboðsbók C þurfa fjárfestar að tilgreina kaupverð í 2,475% eignarhlut (61.943.237 hluti) og er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður. Stjórn seljandans tók ákvörðun um framangreint lágmarksverð, svo og að engum hlutum verður úthlutað í þessari tilboðsbók á lægra verði en því endanlega útboðsgengi sem ákvarðað verður við úthlutun í tilboðsbók A og B.

Heildarsöluandvirði 60% hlutar nemur að lágmarki 10.136 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Andvirði 60% hlutar nemur 11.938 m.kr. miðað við efri mörk ofangreinds verðbils í tilboðsbókum A og B, en þar sem hámarksverð í tilboðsbók C er ekki ákvarðað fyrirfram getur heildarsöluandvirði útboðsins reynst hærra.

Heildarsöluandvirði 70% hlutar nemur að lágmarki 11.826 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu. Andvirði 70% hlutar nemur 13.928 m.kr. miðað við efri mörk ofangreinds verðbils í tilboðsbókum A og B, en þar sem hámarksverð í tilboðsbók C er ekki ákvarðað fyrirfram getur heildarsöluandvirði útboðsins reynst hærra.

Stærð og skipting útboðs

	Fjöldi hluta	*Hlutfall af útg. hlutum*	*Andvirði m.v. 6,75 kr.hlut*	*Andvirði m.v. 7,95 kr./hlut*
Grunnstærð tilboðsbókar C fyrir áskriftir í 2,475% eignarhluti	247.772.948	9,9%	1.672.467.399	1.969.794.937
Grunnstærð tilboðsbókar B fyrir áskriftir yfir 50 m.kr. andvirði	753.329.868	30,1%	5.084.976.609	5.988.972.451
Grunnstærð tilboðsbókar A fyrir áskriftir að andvirði 100 þús.kr. - 50 m.kr.	250.275.704	10,0%	1.689.361.002	1.989.691.847
Viðbót til frjálsrar ráðstöfunar í tilboðsbækur	250.275.704	10,0%	1.689.361.002	1.989.691.847
Grunnstærð útboðs	1.501.654.224	60,0%	10.136.166.012	11.938.151.081
Heimild til stækkunar	250.275.704	10,0%	1.689.361.002	1.989.691.847
Hámarksstærð útboðs	1.751.929.928	70,0%	11.825.527.014	13.927.842.928

3.2 Útgefandi

Vátryggingafélag Íslands hf.
Kennitala: 690689-2009
Heimilisfang: Ármúla 3, 108 Reykjavík, Ísland
Sími: +354 560 5000
Vefsíða: www.vis.is

3.3 Seljandi

Klakki ehf.
Kennitala: 610601-2350
Heimilisfang: Síðumúla 28, 108 Reykjavík, Ísland
Sími: +354 550 8600
Vefsíða: www.klakki.is

3.4 Umsjónaraðili útboðsins og söluaðili allra tilboðsbóka útboðsins (A, B og C)

Arion banki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs
Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: +354 444 7000
Vefsíða: www.arionbanki.is

3.5 Söluaðili tilboðsbóka B og C

Arion banki hf. – Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs
Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Ísland
Sími: +354 444 7000
Fax: +354 444 7319
Tölvupóstur: hlutabrefamidlun@arionbanki.is

3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A fyrir áskriftir að andvirði allt að 50 m.kr.

Arion banki hf. – Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta
Kennitala: 581008-0150
Heimilisfang: Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Sími: +354 444 7000
Vefsíða: www.arionbanki.is
Tölvupóstfang: VISIPO2013@arionbanki.is

3.7 Fjárfestar

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum (hvort heldur er einstaklingum eða lögaðilum) sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum.

Í framangreindu skilyrði felst að hafi bú aðila verið tekið til gjaldþrotaskipta og slíkum skiptum er ekki lokið við lok áskriftartímabils er honum óheimil þátttaka í útboðinu, svo og að ófjárráða einstaklingum er óheimil þátttaka í útboðinu.

Erlendir aðilar, samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992[1], skulu sýna fram á með óyggjandi hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laganna. Hafi slíkt ekki verið gert með ásættanlegum hætti að mati umsjónaraðila, fyrir lok áskriftartímabils útboðsins, verður áskriftinni hafnað.

Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem slíkt útboð myndi krefjast aukinnar skráningar lýsingar umfram staðfestingu hennar af íslenskum eftirlitsaðilum í tengslum við útboðið.

Athygli fjárfesta er vakin á því að seljandi áskilur sér fullan rétt til þess að hafna einhverjum eða öllum áskriftum í útboðinu (þ.m.t. tilboðum einstakra fjárfesta) sem kunna að berast í útboðinu, án frekari ástæðu eða rökstuðnings, sbr. kafla *3.11 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn*.

3.8 Áskriftartímabil

Tekið verður við áskriftum frá og með föstudeginum 12. apríl 2013 klukkan 10.00 til og með þriðjudeginum 16. apríl 2013 klukkan 16.00. Ekki verður tekið við áskriftum utan þessa tímabils.

Starfsmönnum Arion banka hf. og fjárhagslega tengdum aðilum er heimil þátttaka í útboðinu, í samræmi við verklagsreglur bankans um verðbréfaviðskipti starfsmanna, en með þeim takmörkunum að starfsmönnum bankans og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er einungis heimilt að skila áskrift til klukkan 14.00 á fyrsta degi áskriftartímabils, auk þess sem þeir verða bundnir af 60 daga lágmarkseignarhaldstíma hluta sem þeir kaupa í útboðinu.

3.9 Skráning áskrifta

Tekið verður við áskriftum á sérstökum rafrænum áskriftarformum sem gefin eru út á íslensku.

Allar áskriftir eru bindandi fyrir fjárfesti. Fjárfestir getur hvorki afturkallað né breytt áskrift sem hann hefur staðfest á áskriftarformi útboðsins.

Í tilboðsbók A og B getur fjárfestir skilyrt áskrift sína við að endanlegt útboðsgengi fari ekki yfir ákveðið hámarksverð á hlut, sem hann tilgreinir á áskriftarforminu. Ef endanlegt útboðsgengi fer yfir tilgreint hámarksverð verður viðkomandi áskrift ógild og verður þá viðkomandi fjárfesti ekki úthlutað neinum hlut til kaupa í útboðinu. Ef endanlegt útboðsgengi verður jafnt tilgreindu hámarksverði eða undir tilgreindu hámarksverði, eða ef ekkert hámarksverð er tilgreint, þá skoðast áskrift gerð á því endanlega útboðsgengi sem stjórn seljandans ákvarðar. Í tilboðsbók C er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 6,75 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í þessari tilboðsbók útboðsins verður úthlutað á því gengi sem viðkomandi fjárfestir býður.

Í tilboðsbók C er heimilt að skila allt að fjórum áskriftum fyrir hverja kennitölu. Áskrift í tilboðsbók C kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að skila gildri áskrift í aðra tilboðsbók útboðsins. Ef skilað er áskrift fyrir sömu kennitölu í tilboðsbók A og B er áskrift í tilboðsbók A felld niður og dæmd ógild. Í tilboðsbók A og B er fjárfestum gefinn kostur á að skila inn samsettu tilboði með mismunandi hámarksverði með allt að fjórum áskriftum í eina og sömu bókina.

Lágmarksáskrift er að andvirði 100.000 krónur í tilboðsbók A, í tilboðsbók B er lágmarksáskrift 50.000.001 kr. og lágmarksáskrift í tilboðsbók C er 61.943.237 hlutir í VÍS.

Við áskrift skráir fjárfestir kaupverð þeirra hluta sem hann óskar eftir að kaupa í útboðinu. Endanleg áskrift kaupverðs er reiknuð með námundun ýmist til hækkunar eða lækkunar að næsta heila hlut, þar sem kaupverð er reiknað sem margfeldi fjölda heilla hluta og verðs fyrir hvern hlut.

[1] Innlendur aðili merkir: 1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að; 2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþyktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Samkvæmt áskriftarformunum lýsir fjárfestir því yfir með áskrift sinni:

- að hann hafi samþykkt skilmála útboðsins sem fram koma í þessari verðbréfalýsingu og kynnt sér upplýsingar í lýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013, sem þessi verðbréfalýsing er hluti af;
- að hann hafi lesið og skilið upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (upplýsingar um þær er að finna í kafla *5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar* í verðbréfalýsingu þessari og reglurnar er að finna á vefslóðinni http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf), og sé meðvitaður um þá hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingu þessari;
- að honum hafi verið kynnt það í verðbréfalýsingu þessari að Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda sé viðeigandi fyrir fjárfestinn og nýtur fjárfestirinn því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Fjárfestir skal í áskrift sinni tilgreina þann vörsluaðila (reikningsstofnun eða annan aðila með aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands) sem hann óskar eftir að móttaki hluti hans við uppgjör viðskipta.

3.9.1 Áskriftir að andvirði 100.000–50.000.000 krónur í tilboðsbók A

Áskriftir að andvirði á bilinu 100.000–50.000.000 kr. skal skrá rafrænt í tilboðsbók A á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf., www.arionbanki.is.

Til að geta skráð áskrift í tilboðsbók A verður fjárfestir að skrá sig inn á áskriftarvefinn með eftirfarandi aðgangsauðkennum:

(A) með notandanafni og lykilorði sínu að netbanka Arion banka hf.; eða

(B) með kennitölu og lykilorði sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á netáskrift. Slík staðfesting birtist við lok skráningarinnar og fram að lokum áskriftartímabils klukkan 16.00 þriðjudaginn 16. apríl 2013 má einnig nálgast staðfestinguna á áskriftarvefnum með því að skrá sig inn á vefinn aftur með sömu aðgangsauðkennum og notuð voru við skráningu áskriftar.

Undantekning hvað varðar áskriftarform í tilboðsbók A er að fjármálastofnunum sem sinna eignastýringu er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd fjárfestis á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsjónaraðila og skal það vera útfyllt og undirritað af til þess bærum aðila. Slíkri áskrift skal fylgja yfirlýsing fjármálastofnunarinnar þess efnis að hún hafi fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti í samræmi við heimild í gildum samningi við viðkomandi fjárfesti og yfirlýsing þess efnis að fjármálastofnunin ábyrgist greiðslu kaupverðs. Tekið er við gildum áskriftum eignastýringaraðila í tilboðsbók A til klukkan 16.00 þriðjudaginn 16. apríl 2013. Fjármálastofnun skal í áskrift tilgreina hvort óskað er eftir að fá sendan greiðsluseðil fyrir kaupverði viðkomandi fjárfestis eða hvort óskað er eftir að greiða kaupverð inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá Arion banka hf., en forsenda síðarnefnda kostsins er að viðkomandi fjárfestir eigi gildan vörslureikning hjá Arion banka hf. Fjármálastofnanir geta nálgast söluaðila í síma, sem er að finna í kaflanum *3.4 Umsjónaraðili útboðsins og söluaðili allra tilboðsbóka útboðsins (A, B og C).*

Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta Arion banka hf. munu veita upplýsingar um útboðið og áskriftarvef í tengslum við tilboðsbók A. Nálgast má þessa aðstoð í síma og með tölvupósti milli klukkan 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir, en í kafla *3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A fyrir áskriftir að andvirði allt að 50 m.kr.*, er að finna símanúmer og tölvupóstfang.

3.9.2 Áskriftir að andvirði umfram 50.000.000 krónur í tilboðsbók B

Áskrift að andvirði umfram 50.000.000 kr. í tilboðsbók B skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf. Til að geta skráð áskrift verður fjárfestir að fá uppgefna vefslóð þessa áskriftarforms hjá söluaðila og skrá sig inn á áskriftarvefinn með aðgangsauðkennum (fyrir viðkomandi kennitölu) sem fjárfestir, eða aðili sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti, getur fengið úthlutað hjá söluaðila sem sendir rafrænt

skjal í netbanka fjárfestis, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er. Áskrift í tilboðsbók B skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti.

Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á áskrift. Slík staðfesting birtist við lok skráningarinnar og fram að lokum áskriftartímabils klukkan 16.00 þriðjudaginn 16. apríl 2013 má einnig nálgast staðfestinguna á áskriftarvefnum með því að skrá sig inn á vefinn aftur með sömu aðgangsauðkennum og notuð voru við skráningu áskriftar.

Fjárfestar geta nálgast söluaðila með tölvupósti eða í síma. Símanúmer og tölvupóstfang söluaðila er að finna í kafla *3.4 Umsjónaraðili útboðsins og söluaðili allra tilboðsbóka útboðsins (A, B og C)* og/eða í kaflanum *3.5 Söluaðili tilboðsbóka B og C.*

3.9.3 Áskriftir í 2,475% eignarhluti í tilboðsbók C

Áskrift í 2,475% eignarhlut (61.943.237 hluti) í tilboðsbók C skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf. Til að geta skráð áskrift verður fjárfestir að fá uppgefna vefslóð þessa áskriftarforms hjá söluaðila og skrá sig inn á áskriftarvefinn með aðgangsauðkennum (fyrir viðkomandi kennitölu) sem fjárfestir, eða aðili sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti, getur fengið úthlutað hjá söluaðila sem sendir rafrænt skjal í netbanka fjárfestis, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er. Áskrift í tilboðsbók C skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti.

Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á áskrift. Slík staðfesting birtist við lok skráningarinnar og fram að lokum áskriftartímabils klukkan 16.00 þriðjudaginn 16. apríl 2013 má einnig nálgast staðfestinguna á áskriftarvefnum með því að skrá sig inn á vefinn aftur með sömu aðgangsauðkennum og notuð voru við skráningu áskriftar.

Fjárfestar geta nálgast söluaðila með tölvupósti eða í síma. Símanúmer og tölvupóstfang söluaðila er að finna í kafla *3.4 Umsjónaraðili útboðsins og söluaðili allra tilboðsbóka útboðsins (A, B og C)* og/eða í kaflanum *3.5 Söluaðili tilboðsbóka B og C.*

3.10 Trygging fyrir greiðslu

Á áskriftartímabilinu áskilur umsjónaraðili sér rétt til að krefjast tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift yfir 5 milljóna króna andvirði. Ef fjárfestir verður ekki við slíkri kröfu umsjónaraðila áskilur umsjónaraðili sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi að hluta eða í heild.

Með tryggingu er hér átt við tryggingu sem umsjónaraðili telur fullnægjandi. Dæmi um fullnægjandi tryggingu gæti verið veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi. Tryggingin verður felld niður þegar áskrift er greidd á réttum tíma og með réttum hætti í samræmi við greiðslufyrirmæli.

3.11 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn

Komi til þess að samanlagðar gildar áskriftir nemi fleiri hlutum en seljandi ákveður að bjóða fjárfestum í útboðinu munu fulltrúar stjórnar seljandans úthluta hlutum til einstakra áskrifenda eftir skerðingu áskrifta sem eiga mun sér stað með eftirfarandi hætti:

- Áskriftir í tilboðsbók A, sem hver og ein er að andvirði allt að 50 milljónum króna, verða skertar um allt að 75% af upphaflegri áskrift, með eftirfarandi undantekningu:
    - Hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr.
    - Hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir frá fastráðnum starfsmönnum VÍS að fjárhæð 3.000.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta fastráðinna starfsmanna leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 3.000.000 kr. Fastráðnir starfsmenn sem gerast áskrifendur að hlutum umfram 1.000.000 og allt að 3.000.000 að

markaðsvirði ber að halda á þeim hlutum sínum í 3 mánuði frá greiðslu hlutafjár.

Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem stjórn ákveður að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A.

Seljanda er þó heimilt að hafna einstökum áskriftum í tilboðsbók A að hluta eða heild með einhliða ákvörðun seljandans.

- Áskriftir í tilboðsbók B, sem hver og ein er að andvirði yfir 50 milljónum króna, verða skertar (að hluta eða hafnað) samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum seljandans sem lýst er fremst í þessum kafla.

- Áskriftir í tilboðsbók C, sem hver og ein nær til 2,475% hlutar, verða samþykktar í heild eða hafnað samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda, sem taka mun mið af markmiðum seljandans sem lýst er fremst í þessum kafla.

- Með einhliða ákvörðun er átt við að stjórn seljanda gefur ekki upp fyrirfram hvernig skerðingu verður háttað og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar.

- Úthlutun til einstakra fjárfesta með samsett tilboð verður þannig að fyrst eru allar gildar skráningar (á eða yfir endanlegu útboðsgengi) í samsettu tilboði lagðar saman og þeim úthlutað til viðkomandi fjárfestis eins og um eina óskipta áskrift væri að ræða. Þeirri úthlutun er þá raðað fyrst á þá skráningu sem var með hæsta áskriftargengið og ef fleiri en ein skráning eru á sama áskriftargengi er fyrst raðað á þá skráningu sem barst fyrst inn á áskriftarvefinn.

3.12 Tilkynning um niðurstöðu útboðs

Niðurstaða útboðsins verður birt almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu í síðasta lagi miðvikudaginn 17. apríl 2013. Í tilkynningunni mun koma fram endanlegt útboðsgengi, endanleg stærð útboðsins og upplýsingar um eftirspurn og skiptingu úthlutunar milli tilboðsbóka útboðsins.

3.13 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta

Eftir að bæði niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega og NASDAQ OMX Iceland hf. hefur tilkynnt opinberlega um samþykki umsóknar útgefanda um töku hlutabréfa útgefandans til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. geta fjárfestar, sem tóku þátt í tilboðsbók A í útboðinu, nálgast tilkynningu um úthlutun og greiðslufyrirmæli á áskriftarvefnum, með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Gert er ráð fyrir að framangreindar upplýsingar verði aðgengilegar frá fimmtudeginum 18. apríl 2013 eða fyrr. Áskriftarvefurinn verður opinn í fjóra mánuði frá upphafi áskriftartímabils.

Umsjónaraðili mun senda öðrum þátttakendum upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli vegna úthlutaðra hluta þegar framangreindar tilkynningar hafa verið birtar opinberlega. Gert er ráð fyrir að upplýsingarnar verði sendar fimmtudaginn 18. apríl 2013 eða fyrr. Þær verða sendar með tölvupósti í það tölvupóstfang sem viðkomandi fjárfestir hefur tilgreint í tengslum við áskrift.

Fjármálastofnanir sem í áskrift eignastýringaraðila í tilboðsbók A óska eftir að greiða kaupverð inn á vörslureikning viðkomandi fjárfestis hjá Arion banka hf. munu fá greiðslufyrirmæli þess efnis ef viðkomandi á gildan vörslureikning hjá Arion banka hf. Greiðslufyrirmæli annarra verða í formi rafrænna greiðsluseðla á nafni og kennitölu hvers fjárfestis sem fær úthlutun í útboðinu og greiðsluseðlana má greiða í íslenskum viðskiptabönkum. Greiðsluseðillinn mun birtast í netbanka viðkomandi fjárfestis og gert er ráð fyrir að það verði fimmtudaginn 18. apríl 2013.

Greiðslufyrirmæli verða ekki send með hefðbundnum pósti til þátttakenda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptadagur vegna úthlutaðra hluta verði fimmtudagurinn 18. apríl 2013. Gjalddagi og eindagi kaupverðs verður þremur viðskiptadögum eftir viðskiptadag útboðsins og því er gert ráð fyrir að eindagi verði þriðjudagurinn 23. apríl 2013, sem þýðir að greiðsluseðil skal þá í síðasta lagi greiða fyrir lokun banka þann dag.

Kvittun fyrir viðskiptunum og greiðslunni verður send hverjum áskrifanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi. Fullnægjandi greiðsla telst þegar viðkomandi hefur á réttum tíma innt af hendi greiðslu í fullu samræmi við greiðslufyrirmæli frá umsjónaraðila.

Ef einhverjir greiðsluseðlar fyrir úthlutun verða ógreiddir kl. 21.00 á eindaga verða þeir felldir niður og ógildir. Eftir eindaga verður kaupverð að sama skapi ekki skuldfært á vörslureikning fjárfestis sem fengið hefur greiðslufyrirmæli um að greiða kaupverð inn á vörslureikning sinn hjá Arion banka hf. Eftir eindaga geta fjárfestar ekki innt af hendi greiðslu kaupverðsins í samræmi við greiðslufyrirmælin. Stjórn seljanda gerir ráð fyrir að án viðvörunar eða tilkynningar muni hún ógilda úthlutanir sem verða óinnheimtar í lok eindaga og er hún þá frjáls að því að halda hlutum sem ekki hafa verið greiddir eða selja þá til þriðja aðila á hvaða verði sem hún kýs. Stjórn seljandans áskilur sér þó rétt til að ógilda ekki ógreiddar áskriftir og innheimta úthlutanir sem ekki verða greiddar með fullnægjandi hætti og þá munu dráttarvextir frá eindaga og kostnaður seljanda við innheimtu leggjast ofan á kaupverð hinna óinnheimtu hluta. Ef greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma (þ.e. á eindaga í síðasta lagi) og á réttan hátt (þ.e. í fullu samræmi við greiðslufyrirmælin) má innheimta skuldina, eftir atvikum með atbeina dómstóla, í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar.

Hlutir verða afhentir kaupanda þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi fjárfesti og mun afhending eiga sér stað í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem fjárfestir hefur tiltekið í áskrift um að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi fjárfestir á hjá þeim vörsluaðila.

Arion banki hf. annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta seljanda í tengslum við útboðið. Af hálfu seljanda, umsjónaraðila eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin.

4. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

4.1 Hlutabréf í VÍS tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur óskað eftir að allir útgefnir hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að hlutirnir verði teknir til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Stjórn útgefandans telur að félagið uppfylli öll skilyrði fyrir töku til viðskipta á Aðalmarkaði, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k. 500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti um a.m.k. 100.000 krónur og að almennir hluthafar eigi samtals a.m.k. 25% hluta í félaginu, en með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag, aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins, eða aðili sem hefur skuldbundið sig til að losa sig ekki við hlut sinn í lengri tíma.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu Klakka ehf., sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Markmið Klakka ehf. með útboðinu er að selja hlutabréfin á ásættanlegu verði, svo og að útboðið geri Vátryggingafélagi Íslands hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutafjár. Stefnt er að því að útboðið marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Vátryggingafélagi Íslands hf. og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Stærð útboðsins nemur 60-70% af útgefnu hlutafé. Stjórn seljanda mun falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 60% af útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki fyrir lok maí 2013 fyrirliggjandi umsókn útgefanda um að hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta. Stjórn seljanda áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta, ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem stjórn seljandans telur gefa tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef stjórn seljanda tekur ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu og samsvarandi skuldbindingar fjárfesta dæmast ógildar og úthlutanir hans á hlutum í útboðinu sömuleiðis.

Áskriftartímabil mun standa yfir 12.-16. apríl 2013. Niðurstöður útboðs munu liggja fyrir miðvikudaginn 17. apríl 2013.

Markmiðið með því að fá hluti VÍS tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika hluta í félaginu, virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Útgefandi ber hluta þess kostnaðar sem hlýst af því að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 10 milljónir króna. Þar er um að ræða kostnað við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnað við töku hlutabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá NASDAQ OMX Iceland hf., kostnað vegna rafrænnar útgáfu hluta og ýmsa aðra smávægilega kostnaðarliði sem til falla við undirbúning á því að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf.

Seljandi ber hluta kostnaðar sem hlýst af því að fá hluti VÍS tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Þar er um að ræða kostnað vegna þóknunar til umsjónaraðila fyrir að hafa umsjón með því ferli að hlutir félagsins verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., en í því felst þóknun vegna gerðar lýsingar sem og þóknun fyrir umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, s.s. markaðssetning og sala, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., auk þess sem seljandi greiðir þóknanir vegna gerðar áreiðanleikakannana.

Hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, en hlutabréf í félaginu voru skráð á Tilboðsmarkað Kauphallar Íslands frá 12. júlí 2002 til 22. desember 2004 þegar hlutabréfin voru tekin úr viðskiptum í kjölfar yfirtökutilboðs sem nánar er greint frá í útgefandalýsingu VÍS, dagsettri 27. mars 2013, kafla *3.4.2 Helsta þróun á eignarhaldi VÍS*. Hvorki VÍS né dótturfélög VÍS áforma að sækjast eftir að hlutir félagsins verði teknir til viðskipta í annarri kauphöll en hér er greint frá.

4.2 Söluhömlur

Klakki ehf. hefur gengist undir söluhömlur á þeim 29,99-39,99% af útgefnum hlutum í VÍS sem hann mun eiga (í eigin nafni og í nafni dótturfélags) eftir að útboðinu lýkur: Framangreind 29,99-39,99% verða ekki seld innan 12 mánaða frá úthlutun í útboðinu, eða fyrir 18. apríl 2014, og þá ekki til neins eins aðila nema undir 10% af hlutafé VÍS eða atkvæðisrétti, sem er helsta viðmið á virkum eignarhlut, sbr. 28. tölul. 9. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingarstarfsemi. Að öðru leyti hefur Klakki ehf. engar ákvarðanir tekið varðandi sölu á eftirstæðum eignarhlut sínum eftir að því tímabili lýkur.

4.3 Viðskiptavakt

Félagið hefur gert samning(a) um viðskiptavakt á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. frá því að hlutirnir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og eru þeir við Eigin viðskipti Arion banka hf. og Landsbankann hf., sem munu annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá félaginu. Báðir bankarnir mun setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf.

Hjá Arion banka skal fjárhæð hvers tilboðs að lágmarki vera 1.500.000. að nafnvirði en Arion banki ákveður gengi hluta í hvert skipti. Munur kaup- og söluverðs er að hámarki 1,5% og breyting frá síðasta verði skal ekki vera meira en 3,0%. Breytist verð á hlutum útgefanda innan dagsins um meira en 10% er Arion banka heimilt að tvöfalda hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir er dagsins. Viðskiptavaka ber skylda til að bjóða allt að 100 m.kr. að markaðsvirði á hverjum viðskiptadegi. Samningurinn er uppsegjanlegir með 14 daga fyrirvara af hálfu útgefanda og bankans.

Hjá Landsbankanum skal fjárhæð hvers tilboðs að lágmarki vera 1.500.000. að nafnvirði en Landsbankinn ákveður gengi hluta í hvert skipti. Munur kaup- og söluverðs er að hámarki 1,5% og breyting frá síðasta verði skal ekki vera meira en 3,0%. Breytist verð á hlutum útgefanda innan dagsins um meira en 10% er Landsbankanum heimilt að tvöfalda hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir er dagsins. Viðskiptavaka ber skylda til að bjóða allt að 75 m.kr. að markaðsvirði á hverjum viðskiptadegi. Samningurinn er uppsegjanlegir með eins mánaðar fyrirvara af hálfu útgefanda og bankans.

4.4 Hlutafé

Útgefið hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf. nemur 2.502.757.040 krónum og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Eigin hlutir Vátryggingafélags Íslands hf. eru 276.524 sem jafngilda 0,01% af útgefnum hlutum félagsins. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum. Virkir hlutir eru 2.502.480.516 og jafngilda 99,99% af útgefnum hlutum í félaginu.

Ekki er fyrirliggjandi heimild til stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti í félaginu. En félagið á eigin bréf sem nema 0,01% af útgefnu hlutafé og hefur stjórn heimild til að ráðstafa þeim.

4.4.1 Sérákvæði um hlutafjárhækkun

Samkvæmt 26. gr. samþykkta félagsins hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða í hlutum um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn félaginu, mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig

samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur félaginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar. B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í félaginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum. B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr félaginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar. Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttekur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar, að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né seld innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimst að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður. Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun.

4.5 Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að taka til viðskipta

Allir hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. tilheyra sama flokki og eru jafn réttháir samkvæmt samþykktum félagsins. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000, sem er sett með stoð í þeim lögum. Auðkenni hlutabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands er VIS og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000007078.

Samhliða umsókn útgefanda um að hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. hefur útgefandi óskað eftir að VIS verði auðkenni Vátryggingafélags Íslands hf. hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og auðkennið á hlutum útgefandans í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.

4.6 Réttindi

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundi. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda. Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum.

Hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir reglum sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum. Sá réttur er þó með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af ákvæðum VI. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er snúa að heimild hluthafa til að fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína við hækkun hlutafjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign, nema samþykktir kveði á um aðra skipan. Ekki má skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.

Hluthafi getur með skriflegu og dagsettu umboði veitt umboðsmanni sínum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn, umboð má ekki gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 ræður einfaldur meirihluti atkvæða (afl atkvæða) úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða samþykktum félagsins. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Í samræmi við 25. gr. samþykkta félagsins skal ákvörðun um breytingu samþykkta tekin á hluthafafundi og þarfnast samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Verðbréfaskráningu hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.

4.7 Virkur eignarhlutur

Samþykktir VÍS takmarka ekki viðskipti með hlutabréf í félaginu, hins vegar er félagið háð lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi þar sem settar eru ákveðnar skyldur og hömlur á virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið metur hvort aðilar séu hæfir til að fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélagi. Þeir aðilar er fara með virkan eignarhlut eru ekki eftirlitsskyldir aðilar með sama hætti og þeir sem stunda leyfisskylda starfsemi. Þeir sem fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélagi eru þó háðir ýmsum lagaskilyrðum skv. VI. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að séu uppfyllt auk þess sem lögin leggja á framangreinda aðila ýmsar skyldur.

Með hugtakinu virkur eignarhlutur er átt við beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags, sbr. 28. tölul. 9. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingarstarfsemi.

Í VI. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er fjallað um skyldur, mat á, viðmið og hömlur aðila sem hyggst eignast, einn og sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi. Í 41. gr. framangreindra laga kemur fram að aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50%, eða nemi svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans. Þar kemur einnig fram hvaða upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags og í 43. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi koma fram þau viðmið sem lögð eru til grundvallar. Má þar nefna atriði eins og orðspor, reynslu, fjárhagslegan styrk og hættur á hagsmunaárekstrum auk annarra þátta. Í 44. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi kemur fram að telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, að eignarhaldið sé falið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða að hann tilnefni einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í stjórn. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu

Kaup á virkum eignarhlut í vátryggingafélagi koma ekki til framkvæmda fyrr en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir og er viðkomandi aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 47. gr. laganna.

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til ýmissa aðgerða telji það að aðila sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi sé svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins. Meðal annars getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.

4.8 Arðgreiðslustefna

Stjórn félagsins samþykkti á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2013 eftirfarandi arðgreiðslustefnu:

Markmið stjórnar félagsins um gjaldþolshlutfall er að það sé að lágmarki 4,0. Arðgreiðslustefna félagsins er sú að möguleg arðgreiðsla miðist við allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta, ef gjaldþolshlutfall eftir greiðslu arðs er yfir markmiði stjórnar.

Félagið greiddi ekki arð vegna fjárhagsáranna 2010 til 2012.

4.9 Arðgreiðslur

Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslu í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla að fenginni tillögu stjórnar.

Það er á ábyrgð hluthafa að aðsetur hans sé rétt skráð hjá hluthafaskrá og firrir félagið sig ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Útgefandi er bundinn af ákvæði 61. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi þar sem kveðið er á um að einungis sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol og þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingaskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt. Enn fremur er útgefandi bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 en samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar. Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Arður er greiddur hluthafa í samræmi við skráða eign hans í hlutaskrá félagsins. Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Verði umsókn útgefanda um töku hlutabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkt mun félagið fylgja tilmælum NASDAQ OMX Iceland hf. samkvæmt lið 2.13 í Viðauka við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. desember 2009. Samkvæmt tilmælunum skal í tilkynningu um arðgreiðslu m.a. tilkynna um arðsréttindadag, arðleysisdag og útborgunardag arðs. Hlutafélög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað skulu birta opinberlega slíka tilkynningu fyrir aðalfund. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á, getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

4.10 Eignarréttindi og framsal hluta

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda samkvæmt samþykktum VÍS. Hluti í útgefanda má því selja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð. Hluthafi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutnum.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Um rafræna eignarskráningu verðbréfa gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stoð í þeim lögum. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Útprentun frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið

að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Aðeins þeir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð geta haft heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni. Skráning í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu slíks aðila jafngildir tilkynningu til félagsins. Eigandi rafbréfs velur sér slíkan aðila sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikninga í hans nafni. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð frá aðila með aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina.

4.11 Innlausn

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

4.12 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Þar sem stærð almenns útboðs sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari nemur 60-70% af útgefnu hlutafé VÍS mun Klakki ehf. ásamt dótturfélagi sínu, Pond Street Investments ehf., fara með 29,99-39,99% atkvæðisréttar í VÍS þegar viðskipti hefjast á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Verði útboð ekki stækkað umfram 60% af útgefnum hlutum mun Klakki ehf. ásamt dótturfélagi sínu, Pond Street Investments ehf., fara með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningu X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í félaginu er að finna í kaflanum *5.6 Hluthafar* í útgefandalýsingu, dagsettri 27. mars 2013.

4.13 Innlausnarréttur

Samkvæmt samþykktum VÍS má ekki skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.

Í 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum.

Komi til þess að hlutabréf VÍS verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. tekur gildi ákvæði 110. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti sem er í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minnihluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa.

Á þeim tíma sem hlutir félagsins verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. fer enginn einstakur hluthafi með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu.

4.14 Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 12. gr. laga nr. 108/2007 kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanskilur ekki viðkomandi hluthafa frá reglum laga nr. 108/2007 um flöggunarskyldu. Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

4.15 Slit eða skipti á félaginu

Í samræmi við 24. gr. í samþykktum félagsins skal fara með tillögur um slit á félaginu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 96. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi. Þarf atkvæði sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útgefanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Um slit á félaginu gilda einnig ákvæði XII. kafli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, þar kemur meðal annars fram að verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skuli Fjármálaeftirlitið skipa þriggja manna skilastjórn sem tekur við öllum heimildum stjórnar og skal þegar í stað kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum stöðuna.

4.16 Skattamál

Hér á eftir fer almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (tekjuskattslögum). Skattlagning teknanna fer eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrifa erlendra lagareglna og áhrifa

tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki. Samantektin hér að neðan tekur til laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Hlutabréf í útgefanda eru stimpilsgjaldskyld og greiðir útgefandi stimpilgjöld af þeim bréfum sem kunna að vera gefin út. Stimpilgjöld hafa þegar verið greidd af öllum útgefnum hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til innlendra hluthafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir skal miðast við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við arðgreiðslunni. Ef staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir er hærri en álagningin mun Ríkisskattstjóri endurgreiða mismuninn í kjölfar álagningar. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu.

Útgefandi ábyrgist gagnvart fjárfestum að halda eftir afdráttarskatti af arði sem greiddur er innlendum og erlendum aðilum.

Í tilviki einstaklinga telst arður sem ekki myndast í tengslum við atvinnurekstur viðkomandi til fjármagnstekna sbr. C-lið 7. gr. tekjuskattslaga. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Enginn frádráttur er heimill.

Arðgreiðslur til skattskyldra lögaðila teljast að fullu til tekna hjá viðkomandi skattaðila og eru skattlagðar í almennu tekjuskattshlutfalli viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur móttekinni arðgreiðslu.

Söluhagnaður hlutabréfa telst almennt til skattskyldra tekna. Söluhagnaður er reiknaður sem mismunur á söluverði og meðalkaupverði allra hluta af sömu tegund og í sama flokki, að teknu tilliti til kostnaðar við söluna.

Í tilviki einstaklinga telst söluhagnaður hlutabréfa til fjármagnstekna. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Einstaklingar geta nýtt tap af sölu hlutabréfa á móti hagnaði af sölu hlutabréfa innan sama almanaksárs en tap getur ekki verið flutt milli ára til að mæta skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa síðar.

Hjá skattskyldum lögaðilum telst söluhagnaður hlutabréfa að fullu til tekna hjá viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði.

Tekjur sem aðili með skattalega heimilisfesti utan Íslands aflar hér á landi eru framtals- og skattskyldar á Íslandi. Viðkomandi getur þó átt rétt á takmörkun eða undanþágu frá álögðum skatti á grundvelli tvísköttunarsamnings, sé hann til staðar milli Íslands og þess ríkis þar sem viðkomandi er með skattalega heimilisfesti. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við um ríflega 30 ríki. Samningarnir eru alla jafna í samræmi við fyrirmynd tvísköttunarsamnings frá OECD (OECD Model Tax Convention on Income and on Capital).

Aðili sem hyggst nýta sér réttindi skv. tvísköttunarsamningi skal skila inn staðfestingu á skattalegu heimilisfesti sem gefið er út af viðeigandi opinberum aðila í hinu samningsríkinu. Telja skal tekjurnar fram í framtali hér á landi og vísa til viðeigandi réttinda í tvísköttunarsamningi.

Arðstekjur og söluhagnaður aðila með skattalega heimilisfesti utan Íslands sæta staðgreiðslu hér á landi, sbr. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987. Seljanda eða millilið, á borð við verðbréfamiðlanir fjármálastofnana er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af söluandvirði. Greiðanda arðs er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum. Skatthlutfallið er nú 20%.

Ef við á geta aðilar sótt um endurgreiðslu og/eða undanþágu frá staðgreiðsluskyldu samkvæmt viðeigandi ákvæðum tvísköttunarsamnings. Það er alltaf skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi staðfesting á skattalegri heimilisfesti sem gefin er út af viðeigandi opinberum aðila í heimilisfestisríki.

Félög með takmarkaða ábyrgð (og tiltekin önnur sambærileg form af félögum) innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem afla arðstekna eða mynda söluhagnað, sem hefur sætt staðgreiðsluskatti á Íslandi, er heimilt að skila inn skattframtali á Íslandi og nýta sér frádráttarheimild líkt og lýst er hér að framan, og fá endurgreiðslu oftekinnar staðgreiðslu við álagningu næsta árs.

5. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013, sem varðar almennt útboð á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) og töku allra útgefinna hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Hvorttveggja fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EC frá 4. nóvember 2003, sem innleidd hefur verið í íslensk lög í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Lýsingin er útbúin með hliðsjón af núverandi löggjöf, svo og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem gilda um töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt,verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 27. mars 2013 og má nálgast á vef félagsins, www.vis.is/fjarfestar. Lýsinguna má nálgast í heild sinni á vef félagsins, á slóðinni www.vis.is/fjarfestar, en einnig verður hægt að nálgast útprentuð eintök í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 105 Reykjavík.

Lýsing útgefanda, dagsett 27. mars 2013, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og upplýsingar um þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 27. mars 2013, og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar verðbréfin eru tekin til viðskipta. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 27. mars 2013, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum VÍS og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, regluverks þess sem lýtur að vátryggingastarfsemi, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki dreifa eða senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki dreifa eða senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Vátryggingafélag Íslands, Klakki ehf. og Arion banki hf. eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Við það að hlutabréf útgefanda eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum og reglugerðum um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009, kveða m.a. á um að auk opinberrar birtingar allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma (þ.e. birting ársreikninga og árshlutareikninga) ber útgefanda hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, að birta eins fljótt og unnt er upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru verðmótandi, þ.e. upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ OMX Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við

reglur NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Meðan hlutir í VÍS eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.vis.is/fjarfestar.

5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. kann að hafa í tengslum við að hlutir í VÍS verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.:

- Arion banki hf. á 34% eignarhlut í Klakka ehf. auk þess að vera stór kröfuhafi hans en Klakki og dótturfélag hans, Pond Street Investments ehf., eru einu hluthafar VÍS, sjá nánar kafla *5.6 Hluthafar* í útgefandalýsingu VÍS, dagsettri 27. mars 2013. Klakki ehf. er seljandi í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

- Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með töku á hlutum útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og þar með talið hafði hún umsjón með gerð lýsingar og fær þóknun frá seljanda fyrir þá þjónustu.

- Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., og fær þóknun frá seljanda fyrir þá þjónustu. Söluaðilar útboðsins eru Fyrirtækjaráðgjöf og Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf.

- Eigin viðskipti Arion banka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda og er hún framkvæmd fyrir reikning bankans gegn þóknun frá útgefanda.

- Arion banki hf. er viðskiptabanki útgefanda. Fyrirtækjasvið Arion banka hf. annast þau viðskipti.

- Aðrar deildir Arion banka hf. sem annast viðskipti við útgefanda eru Markaðsviðskipti, vegna innlána og gjaldeyrisviðskipta, svo og Viðskiptabankasvið. Auk þess er samstarfssamningur milli VÍS, Arion banka hf. og Tekjuverndar þar sem síðarnefndu aðilarnir taka að sér sölu á tryggingaframboði VÍS og VÍS hefur milligöngu um sölu á fjármálaþjónustu Arion banka hf.

- Arion banki hf. á allt hlutafé í Landfestum ehf. sem er stærsti leigusali Vátryggingafélags Íslands hf.

Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Bankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en þær er að finna á vefslóðinni http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf, og að þeir kynni sér þá hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingu þessari.

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra:

Arion banki hf. býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu fyrir stóran hóp viðskiptavina. Í slíkri viðskiptastarfsemi getur sú staða óhjákvæmilega komið upp að hagsmunir viðskiptavina Arion banka hf. fari ekki saman við hagsmuni Arion banka hf. (þ.m.t. hagsmuni starfsmanna eða aðila tengdum bankanum); og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina Arion banka hf. Komi þessi staða upp mun bankinn grípa til allra skynsamlegra leiða til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini. Hjá Arion banka hf. er skriflegt fyrirkomulag, bæði kerfislegt og stjórnunarlegt, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu falið í sér raunverulega hættu á tjóni fyrir einn eða fleiri viðskiptavini bankans. Arion banki hf. fylgir ákveðnu fyrirkomulagi til að hafa stjórn á og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Fyrirkomulagið miðast við að tryggja að starfsfólk og félög innan Arion banka hf. geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum, vinni sjálfstætt og leitist við að vernda hagsmuni viðskiptavina. Þetta felur í sér: skilvirkt ferli til stýringar á flæði upplýsinga; sérstaka yfirumsjón með starfsfólki, sem hefur það meginhlutverk að þjónusta viðskiptavini vegna hagsmuna sem mögulega gætu stangast á við aðra ríka hagsmuni (þ.m.t. hagsmuni Arion banka hf.); aðskilnað milli starfsfólks sem starfar og þiggur laun/þóknun á mismunandi sviðum bankans þar sem hagsmunaárekstrar gætu myndast; úrræði til að koma í veg fyrir eða takmarka að einstaklingur geti haft óeðlileg áhrif á hvernig þjónusta er veitt eða starfsemi fer fram; úrræði til að koma í veg fyrir

eða stjórna aðkomu utanaðkomandi starfsmanna þar sem slík aðkoma getur komið í veg fyrir virka stjórn á hagsmunaárekstrum. Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem Arion banki hf. grípur til eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegri vissu hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina, mun Arion banki hf. greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram.

5.2 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „VÍS“, „VÍS-samstæðunnar“, „samstæðunnar“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vátryggingafélag Íslands hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „Lífís“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Líftryggingafélags Íslands hf., kennitala 570990-1449, Ármúla 3, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa Vátryggingafélags Íslands hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í flokki hlutabréfa með auðkennið VIS og ISIN-númerið IS0000007078, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda, dagsettrar 27. mars 2013, sem samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 27. mars 2013, og er birt í tengslum við almennt útboð á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Hugtakið „seljandi“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkað sem tilvísun til Klakka ehf., kennitala 610601-2350, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „söluaðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar og Hlutabréfamiðlunar Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ OMX Iceland hf.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“, sem er skipulegur verðbréfamarkaður, í þessari verðbréfalýsingu, skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Verðbréfaskráningarinnar“ eða „Verðbréfaskráningar Íslands“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna” eða skammstöfunina „kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísanir til tiltekinna klukkutíma í þessari verðbréfalýsingu skulu túlkaðar sem tilvísanir til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

5.3 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd almenna útboðsins sem lýst er í lýsingu þessari og því ferli að fá hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Umsjónaraðili hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefandans við undirbúning þessarar lýsingar. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur unnið að gerð lýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri áreiðanleikakönnun, fjárhagslegri áreiðanleikakönnun, tryggingalegri áreiðanleikakönnun og endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012.

Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Advel lögmenn slf., kennitala 420112-0170, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar samstæðunnar, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, starfsmannamála, hugverkaréttinda og upplýsingatækni, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, umhverfismála og samkeppnismála, auk annarra atriða. Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af KPMG ehf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Könnunin tók til fjárhagslegra og skattalegra þátta samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. Tryggingaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Tryggingastærðfræðistofu BG ehf., kennitala 700605-0780, Grensásvegi 7, 108 Reykjavík. Könnunin tók til athugunar tryggingalega afkomu og styrk tjónaskuldar samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. Allar áreiðanleikakannanir náðu aftur til 1. janúar 2010.

5.4 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

Deloitte ehf., kennitala 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, hefur endurskoðað samstæðuársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir síðastliðið fjárhagsár sem endaði 31. desember 2012. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuársreiknings Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2012 var það álit Deloitte ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Áritun framangreinds reiknings var án athugasemda.

Deloitte ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í 2. kafla verðbréfalýsingar þessarar sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga.

Reykjavík, 27. mars 2013

Fyrir hönd Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
löggiltur endurskoðandi

Gunnar Þorvarðarson
löggiltur endurskoðandi

5.5 Yfirlýsing seljanda

Formaður stjórnar og forstjóri Klakka ehf., kennitala 610601-2350, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Klakka ehf., sem væntanlegs seljanda í almennu útboði á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf., að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingar um útboðið, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika þeirra.

Reykjavík, 27. mars 2013

Fyrir hönd Klakka ehf.

Pétur J. Eiríksson	***Magnús Scheving Thorsteinsson***
formaður stjórnar	forstjóri

5.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 27. mars 2013

Fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf.

Benedikt Jóhannesson	***Sigrún Ragna Ólafsdóttir***
formaður stjórnar	forstjóri

ÚTGEFANDALÝSING

mars 2013

Arion banki

Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR 3

1.1 Áhættustýring vátryggingafélaga 3
1.2 Efnahagsumhverfið á Íslandi og áhrif á eiganda VÍS 4
1.3 Uppbygging á eignarhaldi VÍS 5
1.4 Fjárhagsleg áhætta 6
1.5 Markaðsáhætta 11
1.6 Samþjöppunaráhætta 17
1.7 Lausafjáráhætta 17
1.8 Samkeppni 17
1.9 Orðsporsáhætta 21
1.10 Stefnumótunaráhætta 22
1.11 Rekstraráhætta 22

2. SAMANDREGNAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR 28

2.1 Rekstrarreikningur VÍS 28
2.2 Efnahagur VÍS 29
2.3 Sjóðstreymisyfirlit VÍS 30
2.4 Lykiltölur 31

3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN 33

3.1 Útgefandi 33
3.2 Tilgangur 34
3.3 Lagaumhverfi 34
3.4 Ágrip af sögu VÍS 35
3.5 Hlutverk og markmið 37
3.6 Starfsemi og starfssvið 37
3.7 Skrifstofa forstjóra 38
3.8 Innri endurskoðun 39
3.9 Framkvæmdastjórn 39
3.10 Dótturfélög 40
3.11 Skaðatryggingar VÍS 40
3.12 Lífís 42
3.13 Mannauður 43
3.14 Forvarnir 44
3.15 Helstu markaðir 44

4. STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN, YFIRSTJÓRN OG ENDURSKOÐENDUR 52

4.1 Stjórnarhættir 52
4.2 Stjórn útgefanda 55
4.3 Yfirstjórn 60
4.4 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn 63
4.5 Tengdir aðilar 65
4.6 Endurskoðendur 66

5. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ 67

5.1 Hlutafé 67
5.2 Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar 67
5.3 Réttindi hluthafa 67
5.4 Atkvæðisréttur 68
5.5 Virkur eignarhlutur 68
5.6 Hluthafar 69
5.7 Arður 70

5.8 HÆKKUN EÐA LÆKKUN HLUTAFJÁR ... 70
5.9 ÞRÓUN HLUTAFJÁR ... 71

6. FJÁRHAGSYFIRLIT 1. JANÚAR 2010 – 31. DESEMBER 2012 ... 72

6.1 BREYTINGAR FRÁ SÍÐASTA BIRTA UPPGJÖRI ... 72
6.2 REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU VÍS ... 72
6.3 EFNAHAGUR SAMSTÆÐU VÍS ... 80
6.4 SJÓÐSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐU VÍS ... 87
6.5 LYKILTÖLUR ÚR FJÁRHAG LÍFÍS ... 89

7. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA ... 91

7.1 HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR ... 92
7.2 SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR ... 93
7.3 GILDISTÍMI OG AÐGENGI AÐ LÝSINGU ... 96
7.4 SKJÖL TIL SÝNIS ... 96
7.5 UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA ... 96
7.6 UMSJÓNARAÐILI OG AÐRIR RÁÐGJAFAR ... 96
7.7 YFIRLÝSING ENDURSKOÐENDA ÚTGEFANDANS ... 98
7.8 YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA ÚTGEFANDALÝSINGAR FYRIR HÖND ÚTGEFANDA ... 98

8. SAMÞYKKTIR FÉLAGSINS

9. ENDURSKOÐAÐIR ÁRSREIKNINGAR FÉLAGSINS

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík (einnig nefnt „VÍS“, „útgefandinn“, „félagið“ í útgefandalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið, þá atvinnugrein sem það starfar innan og virði verðbréfa útgefnum af félaginu.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem Vátryggingafélag Íslands hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefanda og samantekt, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á VÍS og fjárfestingar í verðbréfum félagsins.

Ekki er hægt með neinni vissu að meta líkur þess að einhver tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og þannig orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu eða hluthöfum þess tjóni.

Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti haft ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag VÍS og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnum af VÍS. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandi álítur að skipti máli fyrir útgefanda og verðbréfin sem lýsing þessi tekur til, svo meta megi áhættu sem tengist útgefandanum, atvinnugrein hans og verðbréfum, er að finna í köflum um áhættuþætti í útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefandans. Þessi kafli. *1 Áhættuþættir*, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann og atvinnugrein hans, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1 Áhættuþættir* í viðeigandi verðbréfalýsingu inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um verðbréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Fjárfestum er bent á að kynna sér skilgreiningar á hugtökum í vátryggingastarfsemi í kafla 7 *Tilkynning til fjárfesta*.

1.1 Áhættustýring vátryggingafélaga

Stjórn VÍS ber ábyrgð á innleiðingu og hefur eftirlit með áhættustýringu hjá félaginu og skilgreinir áhættuviðmið í rekstri og fjárfestingum VÍS.

Þann 28. janúar 2011 gaf Fjármálaeftirlitið (FME) út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Markmið þessara tilmæla var að leiðbeina vátryggingafélögum um bestu framkvæmd áhættustýringar. Undirbúningur vátryggingafélaga vegna þessara tilmæla er mikilvægur liður í undirbúningi þeirra fyrir nýja heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi sem á að innleiða tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/138/EB um stofnun og starfrækslu vátryggingafélaga (Solvency II tilskipunin). Í tilskipuninni er kveðið á um ítarlegri kröfur um áhættustýringu og upplýsingagjöf þar að lútandi hjá vátryggingafélögum. Unnið er að innleiðingu samhæfðrar áhættustýringar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Þá vinnur stýrihópur innan félagsins að undirbúningi vegna væntanlegrar nýrrar löggjafar um vátryggingastarfsemi svokallaðrar „Solvency II“ tilskipunar. Jafnframt hafa verið skipaðir vinnuhópar til að sjá um einstaka þætti samkvæmt kröfum tilskipunarinnar.

Í tilmælunum er farið annars vegar yfir fyrirkomulag samhæfðrar áhættustýringar (e. enterprise risk management) og hins vegar stýringu einstakra áhættuþátta. Samhæfð áhættustýring þarf að minnsta kosti að taka til stefnumótunaráhættu, vátryggingaáhættu, markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, samþjöppunaráhættu, rekstraráhættu, lausafjáráhættu, og orðsporsáhættu.

Vátryggingafélag sem er hluti af samstæðu þarf að auki að huga að samstæðuáhættu en VÍS er hluti af samstæðu Klakka ehf. Í þessu kann m.a. að felast að eigandi geti ekki veitt félaginu stuðning við erfiðar aðstæður.

Í framangreindum leiðbeinandi tilmælum er kveðið á um eigið áhættu- og gjaldþolsmat vátryggingafélaga. VÍS framkvæmir árlega eigið áhættu- og gjaldþolsmat, og mun skila slíku mati fyrir árið 2012 í samræmi við nýútgefnar leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins um eigið áhættu- og gjaldþolsmat vátryggingafélaga (ORSA 2013), sem miðar að

því að veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um virkni áhættustýringar og gjaldþolsstöðu, jafnt núverandi sem og líklega framtíðarstöðu. Eigið áhættu- og gjaldþolsmat VÍS styðst við framangreinda flokkun.

Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli um álagspróf vátryggingafélaga, upplýsingagjöf og áhættustýringu, þ. á m. álagspróf nr. 1/2006 og hefur VÍS framkvæmt álagspróf þar sem metið er hvernig gjaldþol félagsins stenst ákveðin áföll í rekstri og eignasafni. Þessi áföll fela í sér eftirfarandi:

Áfall 1: Stórtjón í eignatryggingum eða sjótryggingum, eftir því í hvorri greininni markaðshlutdeild félagsins er hærri. Gera skal ráð fyrir að tjónið samsvari hæstu vátryggingafjárhæð á einstöku vátryggingarskírteini félagsins í greininni, þó skal ekki reikna með stærra tjóni en 2 ma.kr.

Áfall 2: Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld lækkar um 20%.

Áfall 3: Markaðsvirði skuldabréfa í eigin áhættu lækkar um 7%.

Áfall 4: Markaðsvirði (eða bókfært virði þar sem það er notað) hlutabréfa lækkar um 35%.

Áfall 5: Hlutfall tjóna ársins af iðgjöldum ársins verður 150% í þeim eftirtöldum greinaflokkum sem umfangsmestir eru hjá viðkomandi vátryggingafélagi; ökutækjatryggingum, ábyrgðartryggingum eða slysa- og sjúkratryggingum.

Reiknuð eru áhrif hvers áfalls fyrir sig á gjaldþol félagsins og einnig hvert gjaldþol félagsins yrði ef öll áföllin lentu á félaginu á sama ári. Undanfarin ár hefur niðurstaða þessara álagsprófa verið sú að gjaldþol félagsins hefur verið umfram lögbundið lágmark eins og það er skilgreint í 32. og 34. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingafélög, miðað við að öll ofangreind áföll kæmu til á einu ári. Álagspróf sýndu að þó að öll áföllin dyndu á félaginu sama árið næði félagið samt gjaldþolshlutfalli upp á 2,1 í lok árs 2011 og 1,8 í lok árs 2010, en lágmarks gjaldþolshlutfall miðast við 1,0. Ekki hefur verið lokið við álagspróf vegna ársins 2012.

VÍS hefur einnig tekið þátt í QIS 5 (Quantative Impact Study) á vegum EIOPA og Evrópusambandsins þar sem reiknuð er staða félagsins gagnvart staðalformúlu Solvency II miðað við gefna útfærslu. Reiknað gjaldþolshlutfall í Solvency II var 1,5 í árslok 2011, en miðað er við að lágmarks gjaldþolshlutfall fari ekki undir 1,0.

Hér að neðan er fjallað um ofangreinda liði ásamt öðrum áhættuþáttum er snúa að rekstri VÍS. Félagið hefur markað sér stefnu varðandi áhættustýringu þar sem farið er yfir hvernig einstökum tegundum áhættu er stýrt. Má þar nefna hámark eigin áhættu, lágmarksgjaldþol, stýringu fjármuna og aðferðum við að fylgjast með áhættu. Þessa stefnu má meðal annars finna í innri reglum félagsins um fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar, innra eftirlit, innri endurskoðun, viðskipti við tengda aðila, fjárfestingastefnu og endurtryggingastefnu félagsins.

1.2 Efnahagsumhverfið á Íslandi og áhrif á eiganda VÍS

Aðstæður í íslensku stjórnmála- og efnahagslífi tóku miklum breytingum haustið 2008 í kjölfar hruns stærstu fjármálastofnana landsins og gengishruns íslensku krónunnar. Mikið var um lántökur í erlendum gjaldmiðlum vegna hás vaxtastigs íslensku krónunnar og fyrir vikið hækkuðu skuldir margra fyrirtækja verulega við gengisfall krónunnar. Þær hækkanir hafa að einhverju leyti gengið til baka í kjölfar Hæstaréttardóma sem lúta að ólögmæti hluta þeirra lána sem tengd voru erlendum gjaldmiðlum. Markaðsvirði fjölmargra skráðra félaga hér á landi hrundi af völdum fjármálakreppunnar árið 2008.

Efnahagsreikningur Klakka ehf. (sem þá hét Exista hf., en rekstrarformi félagsins var breytt á hluthafafundi 28. maí 2010 og nafni þess á hluthafafundi 16. september 2011), núverandi og þáverandi eiganda VÍS, fór ekki varhluta af neikvæðum áhrifum fjármálakreppunnar, bæði vegna lækkaðs eignaverðs og gengisfalls krónunnar, en Klakki ehf. (Klakki) tapaði stórum hluta af virði fjárfestinga sinna, s.s. í Kaupþingi banka hf., Bakkavör Group hf. og fleirum. Klakki leitaði til kröfuhafa sinna um fjárhagslega endurskipulagningu sem lauk með nauðasamningi staðfestum af Héraðsdómi Reykjavíkur 10. október 2010 og var 10% allra samningskrafna breytt í hlutafé í Klakka en 90% samningskrafna var breytt þannig að þær lúti eftirleiðis ákvæðum sérstaks skuldaskjals. Með þessu móti öðluðust kröfuhafarnir yfirráð yfir Klakka en áður útgefið hlutafé var fært niður að fullu.

Eignarhald Klakka á VÍS breyttist ekki við nauðasamninginn en áhrif hans á VÍS voru tvíþætt, annars vegar voru hlutabréf Klakka í VÍS veðsett samningskröfuhöfum, en þeirri veðsetningu var aflétt 21. mars 2013. Hins vegar voru ákvæði í samþykktum VÍS sem áskildu samþykki hluthafafundar félagsins fyrir tilteknum meiriháttar ákvörðunum varðandi rekstur þess. Meðal slíkra málefna voru sala eigna, kaup, samruni, veiting ábyrgða eða stofnun fjárhagsskuldbindinga umfram 300 m.kr. á ári sem ekki féllu innan hefðbundins rekstrar, auk meiriháttar breytinga á

skipulagi og umsvifum dótturfélaga. Þann 16. nóvember 2011 voru framangreind ákvæði í samþykktum VÍS felld niður og sett í starfsreglur stjórnar VÍS þess í stað. Ákvæði þessi voru tekin úr starfsreglum stjórnar á stjórnarfundi þann 26. febrúar 2013. Nánari umfjöllun um starfsreglur stjórnar VÍS má finna í kafla *4.2 Stjórn útgefanda* í útgefandalýsingu þessari.

Gengisfall krónunnar varð til þess að innleidd voru gjaldeyrishöft. Gjaldeyrishöftin takmarka möguleika erlendra fjárfesta til að innleysa íslenska fjármálagerninga sem þeir fjárfestu í áður en gjaldeyrishöftin voru sett. Hins vegar gilda ekki jafn strangar reglur um nýjar fjárfestingar erlendra aðila, þar sem gildandi gjaldeyrisreglur bjóða upp á útgönguleið úr slíkum fjárfestingum. Enn fremur er íslenskum fjárfestum óheimilt að ráðast í nýfjárfestingar erlendis skv. núgildandi reglum og takmarkar það því einnig möguleika VÍS til fjárfestinga utan Íslands. VÍS er þó heimilt samkvæmt núgildandi löggjöf að veita bæði frum- og endurtryggingaþjónustu erlendis þótt gjaldeyrishöft séu til staðar. Breytingar á gjaldeyrishöftunum geta haft áhrif á starfsemi VÍS og fjárfestingar í hlutabréfum þess. Hugsanlegt er að frekari höft verði sett, t.d. á nýjar fjárfestingar erlendra aðila. Losun eða afnám gjaldeyrishaftanna getur einnig haft áhrif á starfsemi VÍS, t.d. ef slíkar aðgerðir leiða til þess að erlendir aðilar selji eignir sínar í íslenskum krónum eða að vextir verði hækkaðir til þess að koma í veg fyrir gengislækkun krónunnar. Slíkt gæti einnig valdið lækkunum á fjárfestingaeignum VÍS og þar með lækkað eigið fé félagsins, sem og gjaldþol.

Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og því háður þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Gengisfall krónunnar hefur leitt til mikillar verðbólgu. Atvinnuleysi jókst úr 2,0–3,0% á árunum fyrir hrun í 5,0–8,7% árin 2010–2012.[1] Þessi þróun íslenska hagkerfisins hefur haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja þar sem kaupmáttur viðskiptavina hefur minnkað með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Við þessar aðstæður kann fólk að neyðast til þess að draga úr vátryggingavernd sinni þó svo að þróun á iðgjöldum félagsins beri þess ekki mikil merki en vöxtur iðgjalda hefur að mestu fylgt verðlagsþróun undanfarin ár. VÍS hefur enn fremur brugðist við breyttu efnahagsumhverfi með hagræðingu í rekstri.

Mikilvægur þáttur í afkomu vátryggingarfélaga er tjónakostnaður en að frátöldu því forvarnarstarfi sem VÍS sinnir af mikilli kostgæfni, stjórnar félagið ekki fjölda eða stærð tjóna sem viðskiptavinir þess valda eða verða fyrir. Það sama má segja um einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki en svigrúm þeirra til að takast á við fjárhagslegt tjón af völdum óvæntra atburða fylgir að nokkru leyti efnahagsástandinu. VÍS hefur sett sér stefnu vegna vátryggingasvika sem það birtir á vefsíðu sinni en félagið var fyrst vátryggingafélaga á Íslandi til að birta slíka stefnu opinberlega. Félagið vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir vátryggingasvik enda skaða þau bæði viðskiptavini og hluthafa félagsins.

Stjórnmálaumhverfið hefur einnig breyst í kjölfar fjármálakreppunnar. Hætta er á að pólitískir atburðir hafi bein eða óbein áhrif á starfsemi VÍS, t.d. framlenging gjaldeyrishafta og breytingar á lögum og reglugerðum, sköttum eða vörugjöldum. Það er ekki á færi VÍS að draga úr eða stýra þessum áhættuþáttum og því er nauðsynlegt að fjárfestar gefi þeim gaum áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í hlutabréfum félagsins.

1.3 Uppbygging á eignarhaldi VÍS

Þrír aðilar eru skráðir í hlutaskrá VÍS þann 20. mars 2013. Klakki ehf. (einnig nefnt „Klakki“ og „seljandi“ í útgefandalýsingu þessari) fer með 99,97% útgefins hlutafjár, Pond Street Investments ehf. (dótturfélag Klakka) fer með 0,02% útgefins hlutafjár og VÍS á auk þess eigin hluti sem samsvara 0,01% útgefins hlutafjár. Beinn og óbeinn atkvæðisréttur Klakka er 100% og fer Klakki því með yfirráð í VÍS. Klakki er eini handhafi virks eignarhlutar í VÍS, samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010, og eini aðilinn með yfir 5% beinan hlut í VÍS, sem er neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Klakki ehf. hefur í hyggju að selja stóran hluta af eignarhlut sínum í almennu útboði, eða sem nemur 60-70% af útgefnum hlutum VÍS, í aðdraganda þess að hlutabréf í VÍS verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Markmið Klakka ehf. er að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína og að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á VÍS og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Gangi það eftir mun Klakki ehf. ásamt dótturfélagi, Pond Street Investments ehf., fara með 29,99-39,99% atkvæðisréttar í VÍS þegar viðskipti hefjast á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og fara því með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningu X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar verðbréf

[1] Hagstofa Íslands – Talnaefni – Laun, tekjur og vinnumarkaður. *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003–2011*. www.hagstofa.is/Pages/637.

þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100 gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Klakki ehf. hefur gengist undir söluhömlur á þeim 29,99-39,99% af útgefnum hlutum í VÍS sem hann mun eiga (í eigin nafni og í nafni dótturfélags) eftir að útboðinu lýkur. Framangreind 29,99-39,99% verða ekki seld innan 12 mánaða frá úthlutun í útboðinu, eða fyrir 18. apríl 2014, og þá ekki til neins eins aðila nema undir 10% af hlutafé VÍS eða atkvæðisrétti, sem er helsta viðmið á virkum eignarhlut sbr. 28. tölul. 9. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingarstarfsemi. Klakki ehf. hefur engar ákvarðanir tekið varðandi sölu á eftirstæðum eignarhlut sínum eftir að því tímabili lýkur.

Klakki ehf. hefur gert samkomulag um veðsetningu 29,99-39,99% eignarhlut sínum í VÍS, m.v. niðurstöðu útboðs, vegna ábyrgðar útgefinni af Landsbankanum hf. sem lýst er nánar í kafla *1.11.2 Lagaleg áhætta*. Hlutabréfin sem veðsett eru fylgir framangreind kvöð varðandi söluhömlur. Samkomulagið um veðsetninguna tekur gildi sama dag og hlutabréf VÍS verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Stærsti hluthafi VÍS gæti miðað við ofangreint eignarhald haft veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafa. Hann hefur einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gæti gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa félagsins. Þetta á bæði við um eignarhald hans samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir framangreindar breytingar, þar með taldar þær breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Útgefandi er í eigu Klakka ehf. og dótturfélags þess, Pond Street Investments ehf. sem fara sameiginlega með 100% atkvæðisréttar í VÍS. Útgefanda er ekki kunnugt um samkomulag sem gæti á síðari stigum leitt til annarra breytinga á yfirráðum yfir útgefanda en að ofan greinir.

1.4 Fjárhagsleg áhætta

Félagið ber eftirfarandi fjárhagslega áhættu: vátryggingaáhættu, mótaðilaáhættu, markaðsáhættu, samþjöppunaráhættu og lausafjáráhættu. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum áhættuþáttum.

1.4.1 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri hækkun á virði vátryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á vátryggingaskuld.

Við stýringu á vátryggingaáhættu er horft til hönnunar afurða, verðlagningu, sölu afurða, framlög í vátryggingaskuld, afgreiðslu tjóna og endurtryggingavernd.

Við hönnun og verðlagningu afurða eru framkvæmdar greiningar sem miða að því að stuðla að viðunandi afkomu af sölu afurðanna. Þar er meðal annars litið til skilmála vátrygginganna, væntrar tjónatíðni og fjárhæðar tjóna. Verklag varðandi áhættumat og töku áhættu í vátryggingarsamningum er samræmt hjá VÍS, hvort sem framkvæmdin er hjá sölumönnum, umboðsmönnum eða vátryggingamiðlurum.

Nánar verður farið í vátryggingaskuld hér að neðan en við mat á framlögum í skuldina er notast við bókhalds- og tölfræðigögn sem teljast áreiðanleg, nægjanleg og viðeigandi en matslíkön félagsins byggja á alþjóðlegum aðferðum.

Ferlið við afgreiðslu tjóna hjá VÍS er skilgreint og miðar að því að tjónakröfur séu greiddar í samræmi við viðeigandi lagaákvæði og vátryggingaskilmála.

VÍS hefur enn fremur sett sér endurtryggingastefnu sem lýst er í kafla *1.4.1.3 Endurtryggjendaáhætta* og er þar komið inn á eigin áhættu VÍS og stefnu um mótaðilaáhættu vegna endurtrygginga.

Helstu þættir vátryggingaáhættu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátryggingaskuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

1.4.1.1 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er sú áhætta að fjöldi tjóna í einhverri vátryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir á iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra vátryggingagreina í iðgjöldum ársins hjá samstæðunni árin 2010-2012.

Vátryggingagreinar – Hlutfall iðgjalda	**2012**	**2011**	**2010**
Eignatryggingar	25,2%	26,4%	27,4%
Sjó- og farmtryggingar	3,1%	3,4%	3,5%
Lögboðnar ökutækjatryggingar	31,4%	31,7%	33,4%
Aðrar ökutækjatryggingar	14,1%	14,9%	16,1%
Ábyrgðartryggingar	5,5%	5,7%	6,0%
Slysa- og sjúkratryggingar	10,9%	11,6%	11,6%
Líf- og heilsutryggingar	3,7%	0,0%	0,0%
Endurtryggingar	6,1%	6,3%	2,0%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**

Innlend, erlend starfsemi – Iðgjöld ársins	**2012**	**2011**	**2010**
Innlend starfsemi	92,6%	90,5%	95,3%
Erlend starfsemi	7,4%	9,5%	4,7%
Samtals	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**

Stjórnendur fylgjast náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í vátryggingum á einkamarkaði, svo sem ökutækjatryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem vátryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega varanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhættu samstæðunnar að dreifa vátryggingaáhættunni sem mest milli greina og svæða. VÍS er með starfsemi í öllum vátryggingagreinum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi út um allt land auk starfsemi erlendis á sviði endurtrygginga.

1.4.1.2 Tjónsfjárhæðaáhætta

Tjónsfjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Vátryggingafélög bera áhættu gagnvart ófyrirséðum stórtjónaatburðum, s.s. stórslysum, brunum og hryðjuverkum, sem hafa áhrif á margar vátryggingagreinar. Vátryggingafélög vátryggja slíka atburði, auk annarra, sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagslega stöðu vátryggingartaka og afkomu. Tjón af þessu tagi geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins en VÍS dregur úr áhættu sinni vegna framangreinds með endurtryggingum og virkri áhættustýringu. Félagið hefur sett sér stefnu varðandi endurtryggingar sem miðar að því að takmarka áhrif stórtjóna og tjóna á gjaldþol líkt og greint er frá í kafla *1.4.1.3 Endurtryggjendaáhætta*. Fjöldi stórtjóna kann að hafa áhrif á kjör endurtrygginga félagsins og þar með haft neikvæð áhrif á afkomu VÍS.

Flest tjón eru lítil og minnkar tíðni tjóna eftir því sem tjónsfjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stjórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar vátryggingagreinar og margir vátryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónsfjárhæðaáhættu endurtryggir VÍS sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr VÍS endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu félagið er tilbúið að taka í eigin hlut og með hvaða hætti það endurtryggir sig. Verndin miðar að því að ekkert einstakt tjón eða víðtækur tjónsatburður sem nær til margra vátryggingagreina eða hamfaraatburður hvort sem hann er af völdum manna eða náttúrunnar geti teflt fjárhag

félagsins í tvísýnu. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónsfjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggjendaáhætta.

1.4.1.3 Endurtryggjendaáhætta

Félagið hefur mótað sér endurtryggingastefnu, þar sem tilgreind eru mörk eigin áhættu, tegundir endurtryggingasamninga, kröfur um styrkleikamat endurtryggjenda, hámark áhættu hjá hverjum endurtryggjanda og fjöldi endurtryggjenda á endurtryggingasamningum.

Endurtryggjendaáhætta er sú áhætta að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Mörg ár getur tekið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2012 og áætlaða skiptingu árið 2013.

Öryggismat endurtryggjenda	**2013**	**2012**
AAA	0,0%	0,0%
AA+	6,0%	6,3%
AA	0,0%	0,0%
AA-	73,4%	73,4%
A+	14,3%	13,8%
A	0,9%	0,9%
A-	4,4%	5,4%
BBB	1,0%	0,2%
Samtals	**100%**	**100%**

Í endurtryggingastefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur hennar skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fara eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda taka auk þess mið af öryggismati þeirra. Endurtryggjendur skulu vera viðurkenndir af eftirlitsaðilum á Evrópska efnahagssvæðinu og skulu hafa öryggismat sem svarar til A eða hærra hjá Standard & Poor‘s eða öðrum alþjóðlegum matsfyrirtækjum. Við sérstakar aðstæður og að vel athuguðu máli kemur til álita að endurtryggja hjá endurtryggingafélagi með öryggismat BBB.

Endurtryggingastefna félagsins gerir ráð fyrir að ekkert stakt tjón geti lækkað gjaldþol félagsins um meira en 3% og enginn einn víðtækur tjónsatburður (stórtjón) geti lækkað gjaldþol félagsins um meira en 6%.

Samkvæmt endurtryggingastefnu félagsins skal ekki endurtryggja svo mikla áhættu hjá einum endurtryggjanda að gjaldþoli félagsins sé stefnt í hættu verði hann gjaldþrota. Við mat á þeirri fjárhæð er tekið tillit til öryggismats endurtryggjandans.

VÍS kaupir að jafnaði umfram fjárhæðavernd (e. excess of loss), þ.e. endurtryggjendur bæta það tjón sem fer umfram umsamda fjárhæð í tjónsatburðum. Sú fjárhæð getur samkvæmt endurtryggingastefnu félagsins mest verið 3% af gjaldþoli eða u.þ.b. 400 m.kr. Endurtryggingasamningar félagsins eru í reynd með eigin áhættu á bilinu 150 til 200 m.kr., eða innan við 2% af gjaldþoli félagsins.

1.4.1.4 Vátryggingaskuldaráhætta

Vátryggingaskuldaráhætta er sú áhætta að óuppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist vátryggingastofninum sé vanmetin.

Vátryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi vátryggingarsamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna, bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa orðið en hafa ekki enn verið tilkynnt til samstæðunnar.

Vátryggingaskuld félagsins greinist þannig:

Vátryggingaskuld *(í þúsundum kr.)*	**Samstæða** **31.12.2012**	**Samstæða** **31.12.2011**	**Móðurfélag** **31.12.2010**
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	17.367.810	16.058.468	13.867.773
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.446.782	3.396.929	3.329.590
Tjónaskuld	20.814.592	19.455.397	17.197.363
Iðgjaldaskuld	5.389.010	5.336.779	5.417.715
Vátryggingaskuld samtals	**26.203.602**	**24.792.176**	**22.615.078**
Hlutdeild endurtryggjenda			
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	419.570	473.214	459.926
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	59.960	62.533	121.941
Tjónaskuld	479.530	535.747	581.867
Iðgjaldaskuld	76.923	16.125	36.566
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	**556.453**	**551.872**	**618.433**
Vátryggingaskuld í eigin hlut			
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	16.948.240	15.585.254	13.407.847
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.386.822	3.334.396	3.207.649
Tjónaskuld	20.335.062	18.919.650	16.615.496
Iðgjaldaskuld	5.312.087	5.320.654	5.381.149
Vátryggingaskuld í eigin hlut (nettó) samtals	**25.647.149**	**24.240.304**	**21.996.645**

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaður og orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakviði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2012, 2011 og 2010 er óveruleg.

Litið er svo á að iðgjaldaskuldin sé ekki háð tölfræðilegri óvissu og öll óvissa vátryggingaskuldar sé fólgin í tjónaskuldinni. Þróun vátryggingaskuldar á árinu má sjá í eftirfarandi töflu:

Vátryggingaskuld *(í þúsundum kr.)*			**2012**
Tjónaskuld	*Heild*	*Hlutdeild endurtr.*	*Í eigin hlut*
Tilkynnt tjón	16.058.468	(473.214)	15.585.254
Ótilkynnt tjón	3.396.929	(62.533)	3.334.396
VÍS í upphafi árs	19.455.397	(535.747)	18.919.650
Lífís í upphafi árs	485.436	(68.262)	417.174
Alls í upphafi árs	**19.940.833**	**(604.009)**	**19.336.824**
Greidd tjón:			
Vegna eldri ára	(6.674.637)	105.545	(6.569.092)
Breyting tjónaskuldar:			
Vegna tjóna ársins	8.008.801	(200.723)	7.808.078
Vegna tjóna fyrri ára	(460.405)	219.657	(240.748)
Tjónaskuld í lok árs	**20.814.592**	**(479.530)**	**20.335.062**

			2012
Tjónaskuld	*Heild*	*Hlutdeild endurtr.*	*Í eigin hlut*
Tilkynnt tjón	17.367.810	(419.570)	16.948.240
Ótilkynnt tjón	3.446.782	(59.960)	3.386.822
Alls í lok árs	**20.814.592**	**(479.530)**	**20.335.062**
Iðgjaldaskuld			
Iðgjaldaskuld í ársbyrjun	5.647.258	(74.053)	5.573.205
Breyting ársins	(258.248)	(2.870)	(261.118)
Iðgjaldaskuld í lok árs	**5.389.010**	**(76.923)**	**5.312.087**

Styrkur vátryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindingar og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum en notast er við Chain-Ladder, Munich Chain-Ladder og Bootstrap aðferðir við mat á tjónaskuld félagsins. Niðurstöður þeirra útreikninga sýna að vátryggingaskuldin nægir með yfirgnæfandi líkum til að gera upp skuldbindingar félagsins vegna gerðra vátryggingarsamninga. Alþjóðlegum stöðlum ásamt gildandi löggjöf og reglugerðum hér á Íslandi á hverjum tíma er því fylgt. Enn fremur er VÍS eftirlitsskyldur aðili sem skilar FME ítarlegum skýrslum um ýmsa þætti í starfsemi og rekstri sínum, þ.m.t. er snýr að vátryggingaskuld.

1.4.2 Mótaðilaáhætta

Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga er mótaðilaáhætta hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á lánshæfismati mótaðila. Í þessu felst sú áhætta að mótaðilar VÍS geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að VÍS tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur VÍS fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast mótaðilaáhættu.

Hámarksáhætta greinist þannig *(í þúsundum kr.):*	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BBB-	7.355.131	8.522.397	15.982.476
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB/B	9.370.613	7.436.959	0
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat AA+	389.899	366.764	0
Fjáreignir haldið til gjalddaga, lánshæfismat BBB-	2.593.315	0	0
Fjáreignir haldið til gjalddaga, lánshæfismat BB/B	1.589.221	0	0
Önnur markaðsverðbréf	5.673.376	4.892.343	4.118.264
Veðlán og önnur útlán	252.108	1.509.060	2.257.000
Viðskiptakröfur*	4.797.117	4.603.641	4.068.513
Endurtryggingaeignir	566.721	585.601	634.936
Geymslufé vegna erlendra viðskipta	441.762	367.823	294.086
Handbært fé	4.318.165	4.615.086	2.845.881
Samtals	**37.347.428**	**32.899.674**	**30.201.156**

** Í árslok 2012 voru 1.079 m.kr. af viðskiptakröfum í geymslufé, þ.e. iðgjaldagreiðslur vegna erlendra endurtrygginga sem greiðast upp á um þremur árum, að stórum hluta með tjónagreiðslum. Í árslok 2011 var þessi fjárhæð 743 m.kr., en þessi starfsemi hófst árið 2011 og voru því ekki þess konar kröfur meðal viðskiptakrafna í árslok 2010.*

Eignasafn VÍS samanstendur að miklu leyti af fjármálagerningum sem útgefnir eru af íslenska ríkinu, auk annarra íslenskra útgefenda. Mikil áhrif lánshæfismats við mælingar á mótaðila- og samþjöppunaráhættu vegna Solvency II kunna að gera það að verkum að áhrif Solvency II á gjaldþol séu ofmetin. Skýrist það af því að lánshæfismat íslenska ríkisins er BBB- skv. Standard & Poor‘s en aðrir íslenskir útgefendur hafa flestir lægra lánshæfismat eða þá að það er ekki til staðar þó um trausta mótaðila sé að ræða. Sökum gjaldeyrishafta á Íslandi hefur VÍS takmarkaða möguleika á að fjárfesta erlendis í verðbréfum útgefanda með hærra lánshæfismat auk þess sem það myndi leiða til gjaldmiðlaáhættu vegna ójöfnuðar milli eigna og skuldbindinga VÍS.

Hámarks mótaðilaáhætta VÍS nam 37.347 m.kr. í árslok 2012, samanber bókfærða stöðu sem sundurliðuð er hér að framan. Þar af námu markaðsverðbréf 72,2%, en stærstur hluti markaðsverðbréfa í eigu VÍS eru ríkistryggð eða um 81% af skuldabréfaeign félagsins. Sundurliðun á útgefendum skuldabréfa má finna hér á eftir í kaflanum *1.5 Markaðsáhætta*. Veðlán og önnur útlán eru að stærstum hluta með veði í fasteignum, ökutækjum og öðrum rekstrarfjármunum og hafa verið veitt dreifðum hópi viðskiptavina, bæði fyrirtækja og einstaklinga. Til að mæta væntri tapsáhættu vegna framangreindra lána hefur félagið fært um 59 m.kr. í afskriftareikning vegna þessara útlána í lok árs 2012.

Viðskiptavinahópur félagsins samanstendur af einstaklingum og fyrirtækjum, en 54,6% iðgjalda félagsins koma frá einstaklingsmarkaði og 45,4% frá fyrirtækjamarkaði, og er því hópurinn fjölbreyttur og dreifður. Viðskiptavinir VÍS í lok árs 2012 voru 81.651 og fjöldi útgefinna skírteina var 349.833, þar af 28.656 hjá Lífís. Stuðlar þetta að dreifðum iðgjaldagrunni auk þess sem félagið er ekki háð einstökum stórum viðskiptavinum og þar með þeirri áhættu sem getur falist í stórum einstökum vátryggingartökum. Hjá félaginu nema 20 stærstu viðskiptakröfur samtals um 329 m.kr. í lok árs 2012. Af því leiðir að lítil hætta er á að tap einstakra viðskiptavina hafi veruleg áhrif á afkomu og efnahagsreikning félagsins. Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna tiltekinna viðskiptavina og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd ákveðnum viðskiptavinum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna. Afskriftareikningur viðskiptakrafna í lok árs 2012 nam 299 m.kr. samanborið við 395 m.kr. í lok árs 2011.

1.5 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.

Fjárfestingastarfsemi er ein af undirstöðum í rekstri vátryggingafélaga. Markmið með henni er að ávaxta eigið fé félagsins á sem bestan og öruggastan hátt. Stærsti hluti eigna félagsins er til að mæta vátryggingaskuld félagsins. Sú skuld er í raun eign tjónþola og vátryggingartaka félagsins og þeir þurfa að geta treyst því að hún sé til staðar þegar á þarf að halda. Þannig hvílir á félaginu mikil ábyrgð á að ávaxta þá fjármuni með öruggum hætti.

Samsetning fjárfestingaeigna samstæðunnar fyrir árin 2012 og 2011 en móðurfélagið VÍS árið 2010 var með eftirfarandi hætti í lok áranna 2010-2012:

Fjárfestingaeignir	**31.12.2012**		**31.12.2011**		**31.12.2010**	
(m.kr.)	Bókfært virði	Hlutfall	Bókfært virði	Hlutfall	Bókfært virði	Hlutfall
Skuldabréf	26.511	76,4%	22.246	73,1%	21.901	77,3%
Laust fé	4.318	12,4%	4.615	15,2%	2.846	10,0%
Innlend hlutabréf	956	2,8%	336	1,1%	276	1,0%
Erlend hlutabréf	361	1,0%	928	3,1%	1.136	4,0%
Óskráð hlutabréf	573	1,7%	855	2,8%	944	3,3%
Fasteignasjóðir	454	1,3%	188	0,6%	194	0,7%
Framtakssjóðir/félög	1.142	3,3%	1.014	3,3%	712	2,5%
Millilagssjóðir Mezzanine	75	0,2%	69	0,2%	109	0,4%
Vogunarsjóðir	315	0,9%	175	0,6%	200	0,7%
Samtals	**34.706**	**100,0%**	**30.426**	**100%**	**28.317**	**100,0%**

Hér að ofan má sjá að stærsti eignaflokkur fjárfestingaeigna VÍS eru skuldabréf og má sjá nánari sundurliðun hér neðar. Skráð innlend hlutabréfaeign nam 956 m.kr. í lok árs 2012 og er dreifð meðal skráðra hlutabréfa á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Um er að ræða sjö félög þar sem stærsta einstaka staðan er um 255 m.kr. í lok árs 2012. Erlend skráð hlutabréf námu um 361 m.kr. í lok árs 2012. Óskráð hlutabréf námu um 573 m.kr. þann 31. desember 2012 en þar af var bókfært virði stærstu einstöku eignarinnar ríflega 442 m.kr. Bókfært virði framtakssjóða í lok árs 2012 nam um 1.142 m.kr. og var þar um að ræða dreifða eign meðal átta framtakssjóða en þar af nam stærsta einstaka fjárfestingin um 293 m.kr.

Samsetning skuldabréfaeignar samstæðunnar fyrir árin 2012 og 2011 en móðurfélagið VÍS árið 2010 var með eftirfarandi hætti í lok áranna 2010-2012:

Skuldabréf	**31.12.2012**		**31.12.2011**		**31.12.2010**	
(m.kr.)	Bókfært virði	Hlutfall	Bókfært virði	Hlutfall	Bókfært virði	Hlutfall
Ríkistryggð verðtryggð	10.877	41,0%	10.036	41,3%	9.507	39,7%
Ríkistryggð óverðtryggð	6.232	23,5%	7.978	32,9%	8.537	35,6%
Ríkistryggð verðtryggð til gjaldd.	4.183	15,8%	0	0,0%	0	0,0%
Sveitarfélög	994	3,8%	952	3,9%	504	2,1%
Fjármálafyrirtæki	1.575	5,9%	1.769	7,3%	2.145	8,9%
Fyrirtæki	1.369	5,2%	166	0,7%	233	1,0%
Önnur skuldabréf	86	0,3%	1.062	4,4%	1.038	4,3%
Skuldabréfasjóðir	732	2,8%	753	3,1%	643	2,7%
Veðlán og langtímakröfur	252	0,7%	894	3,7%	956	4,0%
Peningamarkaðssjóðir	210	0,8%	658	2,7%	409	1,7%
Samtals	**26.511**	**100,0%**	**24.278**	**100,0%**	**23.973**	**100,0%**

Ríkistryggð skuldabréf námu um 21.292 m.kr. í lok árs 2012 eða sem samsvarar 80,3% af skuldabréfaeign félagsins. Af ríkistryggðum verðbréfum sem haldið er til gjalddaga var bókfært virði þeirra bréfa sem eru með virka verðmyndun rúmum 6 m.kr. hærra en markaðsverð, til viðbótar er eign í flokknum RIKS 33 0321 að fjárhæð 2.395 m.kr. sem er bókfærð á ávöxtunarkröfu 2,67% við kaup. Í lok árs 2012 námu skuldabréf sveitarfélaga auk Lánasjóðs sveitarfélaga 994 m.kr. en þar af er um 548 m.kr. eign í skuldabréfum útgefnum af Lánasjóði sveitarfélaga. Skuldabréf fjármálafyrirtækja námu um 1.575 m.kr. í lok árs 2012 og er þar um að ræða fjárfestingu í sértryggðum skuldabréfum útgefnum af Íslandsbanka hf. og Arion banka hf. Skuldabréf útgefin af fyrirtækjum námu um 1.369 m.kr. í lok árs 2012 en þar eru stærstu einstöku fjárfestingarnar í skuldabréfum útgefnum af íslenskum fasteignafélögum. Fjárfesting í skuldabréfasjóðum í lok árs 2012 nam 732 m.kr. og er þar um að ræða sjóði sem fjárfesta í ríkisskuldabréfum.

Undanfarin ár hafa fjárfestingarkostir félagsins verið takmarkaðir. Ríkisskuldabréfamarkaðurinn hefur verið eini virki markaðurinn með verðbréf á Íslandi og hefur verð á ríkisskuldabréfum hækkað mikið frá árinu 2009. Skortur á fjárfestingartækifærum getur leitt til verðhækkana á öðrum mörkuðum líkt og á fasteignamarkaðinum. Fjölgi fjárfestingakostum ekki eða verði gjaldeyrishöft áfram við lýði er hætt við að eignabóla myndist líkt og gerðist í aðdraganda efnahagshrunsins 2008.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 216/2011 um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld er kveðið á um að frumtryggingafélag skuli sjá til þess að fyrir hendi séu eignir sérstaklega tilgreindar á móti vátryggingaskuldinni til að tryggja að félagið geti staðið við vátryggingaskuldbindingar sínar. Í því skyni skulu eignir valdar með tilliti til samsetningar vátryggingaskuldarinnar, uppgjörshraða skuldbindinganna, virði eignanna og ávöxtunar þeirra til skemmri og lengri tíma. Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eigna á móti vátryggingaskuld í samræmi við tegund þeirra skuldbindinga sem hvíla á félaginu. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem félagið ber og felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og skulu eignir á móti vátryggingaskuldbindingu félagins valdar í samræmi við það. Eignum sem ekki er hægt að selja með stuttum fyrirvara skal halda innan hóflegra marka. Hér að neðan má sjá þær eignir sem nota má til jöfnunar vátryggingaskuldar í lok árs 2012.

Eignir VÍS til jöfnunar vátryggingaskuldar 31.12.2012



Fjárfestingastefna VÍS er á ábyrgð stjórnar en framkvæmd hennar er í höndum fjárfestingarráðs sem er skipað forstöðumanni fjárfestinga, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstjóra félagsins. Með stefnunni eru sett viðmið hvað varðar vægi einstakra eignaflokka í eignasafninu ásamt markmiðum um ávöxtun og áhættu. Miðar þetta að því að stuðla að ásættanlegri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu í eignasafninu auk þess að tryggja að traustar eignir séu til staðar svo félagið geti mætt skuldbindingum sínum vegna vátryggingarsamninga.

Fjárfestingarstefna VÍS fyrir árið 2013 var samþykkt af stjórn í desember 2012 og er hún m.a. útbúin með vísun til laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og reglugerðar nr. 216/2011 um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld.

Árin 2010-2012 aðlagaði VÍS fjárfestingaeignir sínar að breyttum aðstæðum og dró úr áhættusækni með það að markmiði að vera vel í stakk búið til að taka við þeim breytingum sem fylgja væntanlegri löggjöf um vátryggingastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu (Solvency II). Í fjárfestingarstefnu VÍS er einnig tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í væntanlegri nýrri löggjöf og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Með þeim tilmælum var stigið skref í átt að undirbúningi fyrir framangreinda löggjöf og munu því vátryggingafélög verða metin út frá áhættusækni annars vegar og virkni og gæðum áhættustýringar hins vegar.

Hér að neðan má sjá helstu viðmið fjárfestingarstefnu varðandi skiptingu eignaflokka fjárfestingaeigna félagsins:

	VÍS			Lífís		
		Markmið 2013			Markmið 2013	
	Stefna	Innlent	Erlent	Stefna	Innlent	Erlent
Markaðsskuldabréf	60-90%	75%	1%	40-90%	72%	0%
Veðskuldabréf	0-25%	1,40%	0%	0-25%	0%	0%
Önnur skuldabréf	0-5%	0,10%	0%	0-5%	0%	0%
Hlutabréf	0-20%	6,50%	1,50%	0-20%	10,50%	1,50%
Fasteignir og rekstrarfjármunir	0-20%	4%	0,50%	0-20%	5%	4%
Sérhæfðar fjárfestingar	0-20%	5%	3%	0-20%	5%	0%
Lausafé	0-20%	2%	0%	0-20%	2%	0%

Fjárfesting í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum er brotin niður á aðra flokka með þeim takmörkunum sem þeim fylgja.

Helstu þættir markaðsáhættu eru vaxtaáhætta, gengisáhætta og verðáhætta markaðsverðbréfa. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

1.5.1 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhætta nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar skiptast milli fastra vaxta og breytilegra. Þær vaxtaberandi eignir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta á heimamarkaði, sem og erlendis.

Næmigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

(í þúsundum kr.)	**Samstæða 31.12.2012**		**Samstæða 31.12.2011**		**Móðurfélag 31.12.2011**	
Vaxtahækkun á vaxtaberandi eignir	*50 punktar*	*100 punktar*	*50 punktar*	*100 punktar*	*50 punktar*	*100 punktar*
Áhrif á afkomu og eigið fé	18.954	37.908	21.345	42.689	13.507	27.014

1.5.2 Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Gjaldeyrishöftin sem eru við lýði á Íslandi hafa nokkur áhrif á rekstur félagsins. Losun gjaldeyrishafta gæti haft sveiflur í för með sér á gengi krónunnar, sem gæti haft áhrif á afkomu og eigið fé félagsins þar sem það hefur takmarkaða möguleika til að nýta sér gengisvarnir eins og sakir standa, meðal annars vegna þess að skilvirkur markaður með framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga er ekki til staðar á Íslandi um þessar mundir.

Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengisins.

	Árslokagengi			**Meðalgengi**			**Ársflökt**	
Mynt	**2012**	**2011**	**2010**	**2012**	**2011**	**2010**	**2012**	**2011**
EUR	168,9	158,84	153,8	160,73	161,42	161,89	6,30%	3,30%
GBP	206,97	189,43	178,47	198,16	186	188,55	9,30%	6,10%
DKK	22,64	21,37	20,64	21,59	21,67	21,74	5,90%	3,50%
NOK	22,94	20,4	19,67	21,5	20,7	20,21	12,40%	3,70%
SEK	19,67	17,79	17,16	18,47	17,88	16,96	10,50%	3,70%
USD	128,01	122,71	115,05	125,05	116,07	122,04	4,30%	6,70%
CHF	139,86	130,66	122,91	133,35	131,2	117,24	7,00%	6,30%
CAD	128,69	120,21	115,26	125,11	117,31	118,46	7,10%	4,30%
JPY	1,49	1,59	1,41	1,57	1,46	1,39	-6,30%	12,10%

	Samstæða 31.12.2012			**Samstæða 31.12.2011**			**Samstæða 31.12.2010**		
(m.kr.)	**Eignir**	**Skuldir**	**Hrein staða**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hrein staða**	**Eignir**	**Skuldir**	**Hrein staða**
EUR	1.834	682	1.151	2.477	852	1.625	1.383	606	777
GBP	1.144	651	493	916	209	707	529	26	503
DKK	38	0	38	51	0	51	41	1	40
NOK	28	0	28	32	0	32	36	0	36
SEK	9	0	9	10	1	9	10	2	7
USD	1.817	957	860	2.303	1.255	1.048	2.411	852	1.560
CHF	10	0	10	5	0	5	32	0	32
CAD	5	0	5	0	0	0	0	0	0
JPY	8	0	8	23	0	23	0	0	0
Annað	6	0	6	9	0	9	12	0	11.761

Næmigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif af 5% og 10% lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði áhrif á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar.

Næmigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreytingar undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt eru ekki í neinum tilvikum færðar beint á eigið fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft í för með sér hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé – lækkun á gengi ISK gagnvart eftirfarandi mynt

(í þúsundum kr.)	**Samstæða 31.12.2012**		**Samstæða 31.12.2011**		**Móðurfélag 31.12.2010**	
	5%	10%	5%	10%	5%	10%
EUR	46.057	92.113	65.010	130.021	31.844	63.689
GBP	19.734	39.468	28.277	56.554	20.606	41.211
DKK	1.506	3.012	2.045	4.091	1.639	3.277
NOK	1.105	2.209	1.299	2.597	1.476	2.952
SEK	343	687	372	743	304	608
USD	34.391	68.782	41.903	83.805	63.942	127.884
CHF	384	768	203	406	0	0
CAD	193	387	(0)	-1	0	0
JPY	317	633	920	1.841	0	0

1.5.3 Verðáhætta markaðsverðbréfa

VÍS á talsverðar eignir í markaðsverðbréfum, annars vegar hlutabréf og hins vegar markaðsskuldabréf. Markaðsverðbréf ásamt handbæru fé mynda stærstan hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti vátryggingaskuldinni.

Fjárfestingar VÍS í markaðsverðbréfum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó á samstæðan einnig fjárfestingar í óskráðum eignum. Fjárfestingar í hlutabréfum og markaðsskuldabréfum eru skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Markaðsverðbréf *(í þúsundum kr.)*	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	3.160.523	3.082.525	3.113.506
Markaðsskuldabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	22.792.603	21.217.997	20.100.740

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og markaðsverði skuldabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. Áhrif af 5% og 10% lækkun á markaðsverði hefðu sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif hækkunar markaðsverðs verðbréfa á afkomu

(í þúsundum kr.)	**Samstæða 31.12.2012**		**Samstæða 31.12.2011**		**Móðurfélag 31.12.2010**	
	5%	***10%***	***5%***	***10%***	***5%***	***10%***
Hlutabréf	158.026	316.052	154.126	308.253	155.675	311.351
Markaðsskuldabréf	1.139.620	2.279.260	1.060.900	2.121.800	1.005.037	2.010.074

1.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu VÍS. Þessi áhættuþáttur nær til samþjöppunar í vátryggingastofni, fjárfestingum og endurtryggingum, sem og til þátta samþjöppunar sem fylgni er á milli. VÍS hefur líkt og áður hefur komið fram dreifðan stofn vátryggingartaka, bæði meðal fyrirtækja og einstaklinga. Hvað varðar fjárfestingar þá hefur félagið markað sér fjárfestingastefnu sem lýst er í kafla *1.5 Markaðsáhætta* og er í henni stuðlað að áhættudreifingu fjárfestinga félagsins. Endurtryggingastefnu félagsins er nánar lýst í kafla *1.4.1.3 Endurtryggjendaáhætta* og tekur hún meðal annars á dreifingu, öryggismati og hámarksáhættu hjá einstaka endurtryggjendum.

1.7 Lausafjáráhætta

Í lausafjáráhættu felst hættan á að VÍS hafi ekki yfir nægum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta greiðslu á skuldbindingum þegar við á. Vænt fjárstreymi vátryggingaskuldar greinist þannig:

Samstæða 31.12.2012 *(í þúsundum kr.)*	**Innan eins árs**	**2014**	**2015+**	**Samtals**
Tjónaskuld	9.678.003	5.365.564	5.771.025	20.814.592
Samstæða 31.12.2011	**Innan eins árs**	**2013**	**2014+**	**Samtals**
Tjónaskuld	8.856.040	5.142.942	5.456.415	19.455.397
Móðurfélag 31.12.2010	**Innan eins árs**	**2012**	**2013+**	**Samtals**
Tjónaskuld	7.678.107	4.529.258	4.989.998	17.197.363

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hluta vátryggingaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni, sem og öðrum skuldum. Laust fé VÍS dugir vel til þess að standa straum af væntu fjárútstreymi. VÍS heyrir undir eftirlit ýmissa opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber félaginu því að skila inn ýmsum tilteknum sundurliðunum, t.d. er varða lausafjárstöðu, til eftirlitsaðila.

1.8 Samkeppni

1.8.1 Almennar markaðsaðstæður og skýrslur Samkeppniseftirlitsins

Samkvæmt lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er vátryggingafélögum óheimilt að hefja starfsemi án starfsleyfis og er það háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Innlend félög sem hafa starfsleyfi FME til að stunda skaðatryggingastarfsemi á Íslandi eru Vátryggingafélag Íslands hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf., Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. sem að mestu eða fullu eru í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf., Vörður tryggingar hf., European Risk Insurance Company hf. og Viðlagatrygging Íslands sem er ríkisstofnun. Hlutdeild framangreindra vátryggingafélaga í greiddum iðgjöldum skaðatrygginga árið 2011 var eftirfarandi skv. tölum úr ársreikningum vátryggingafélaga.[2]

[2] Fjármálaeftirlitið. Ársreikningar vátryggingafélaga 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/

Skaðatryggingafélög	Hlutdeild í bókfærðum iðgjöldum skaðatrygginga-félaga 2011	Hlutdeild í bókfærðum iðgjöldum skaðatryggingafélaga 2011 án Viðlagatryggingar
Vátryggingafélag Íslands hf.	34,7%	36,4%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	25,4%	26,7%
Tryggingamiðstöðin hf.	24,2%	25,3%
Vörður tryggingar hf.	9,7%	10,2%
European Risk Insurance Company hf.	1,3%	1,4%
Viðlagatrygging Íslands	4,7%	
Samtals	**100,0%**	**100,0%**

Samkvæmt 12. gr. laga um vátryggingastarfsemi má líftryggingastarfsemi ekki vera rekin með annarri frumtryggingastarfsemi. Þó má veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum.

Innlend félög sem hafa starfsleyfi FME til að veita persónutryggingar eru Líftryggingafélag Íslands hf. (Lífís, í eigu VÍS), Okkar líftryggingar hf. (í eigu Arion banka hf.), Líftryggingamiðstöðin hf. (í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.), Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf.) og Vörður líftryggingar hf. (í eigu Varðar trygginga hf.). Hlutdeild framangreindra líftryggingafélaga í greiddum iðgjöldum árið 2011 var eftirfarandi, skv. tölum úr ársreikningum vátryggingafélaga.[3]

Líftryggingafélög	Hlutdeild í bókfærðum iðgjöldum líftryggingafélaga 2011, vegna líftrygginga	Hlutdeild í bókfærðum iðgjöldum líftryggingafélaga 2011, vegna líf- og skaðatrygginga
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	34,25%	34,23%
Okkar líftryggingar hf.	28,02%	29,18%
Líftryggingafélag Íslands hf.	24,05%	23,32%
Líftryggingamiðstöðin hf.	10,00%	9,70%
Vörður líftryggingar hf.	3,68%	3,57%
Samtals	**100%**	**100%**

VÍS á í stöðugri samkeppni á vátryggingamarkaði og getur hún leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga og minni markaðshlutdeildar, sem aftur getur haft áhrif á arðsemi félagsins í framtíðinni. Ef VÍS er ekki samkeppnishæft við aðra aðila á markaði hvað varðar verð, vöruúrval, gæði og þjónustu getur það haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins (SE) frá árinu 2008, sem er nr. 2/2008 og ber heitið „Öflug uppbygging — opnun markaða og efling atvinnulífsins“[4], kemur fram að almennt hafi vátryggingamarkaðurinn verið skilgreindur sem markaður fyrir skaðatryggingar, markaður fyrir líftryggingar og markaður fyrir endurtryggingar. Markaðurinn fyrir skaðatryggingar skiptist síðan í marga undirmarkaði enda telur Samkeppniseftirlitið að lítil sem engin staðgengd sé á milli mismunandi skaðatrygginga.

Í skýrslunni ályktar SE að markaðshlutdeild félaga í skaðatryggingum sé þannig að Sjóvá-Almennar og VÍS séu hvort um sig með 30-35% markaðshlutdeild, Tryggingamiðstöðin sé með 20-25% og Vörður sé með 5-10% markaðshlutdeild.

[3] Fjármálaeftirlitið. Ársreikningar vátryggingafélaga 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/

[4] Samkeppniseftirlitið. (2008). *Öflug uppbygging — Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*. www.samkeppni.is/media/skyrslur/ymsar_skyrslur/oflug_uppbygging_opnun_markada_og_efling_atvinnustarfsemi.pdf.

SE kemst að þeirri niðurstöðu að margar erfiðar aðgangshindranir virðist vera á vátryggingamarkaði. Þannig hafi innkoma nýrra fyrirtækja sem og áætlanir um meiri umsvif fyrirtækja ekki náð miklum árangri á íslenskum markaði. Reynslan sýni að ný fyrirtæki á vátryggingamarkaði mæti mótstöðu sem auki á erfiðleika við innkomu og stækkun. Gefi það m.a. til kynna að á viðkomandi markaði séu aðgangshindranir sem og hindranir á stækkun. Í skýrslunni tiltekur SE lagareglur sem takmarka svigrúm neytenda og samkeppni. Þannig sé fjallað um skilyrði við uppsögn á skaðatryggingum í lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í ákvæði 14. gr. laganna segi að vilji vátryggingartaki segja upp vátryggingarsamningi þegar komið er að endurnýjun hans verði hann að tilkynna félaginu um það innan mánaðar frá því að fyrirtækið sendi honum venjulega tilkynningu um gjalddaga vátrygginganna. Um sé að ræða umtalsverða hindrun við því að skipta um vátryggingafélag og dragi verulega úr svigrúmi neytenda við slíkan gjörning. Sérstaklega sé það gagnrýnisvert að neytandi þurfi sjálfur að segja upp vátryggingarsamningi innan ákveðins tímabils en að öðrum kosti gildir samningurinn. Einnig tiltekur SE að skiptikostnaður neytenda sé töluverður á vátryggingamarkaði. Í því ljósi telur SE að líta verði á að skiptikostnaður neytenda ásamt framangreindri hindrun við skipti á vátryggingafélagi sé veruleg aðgangshindrun á markaði.

Í sömu skýrslu telur SE að vísbendingar liggi fyrir um að VÍS, Sjóvá-Almennar og Tryggingamiðstöðin séu í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Vátryggingamarkaðurinn á Íslandi sé hins vegar gagnsær markaður og ekki erfitt fyrir fyrirtækin að fylgjast með verði og skilmálum hvers annars. Varan og þjónustan sem fyrirtækin bjóða upp á sé töluvert einsleit og markaðshlutdeild fyrirtækjanna sé áþekk. SE telur markaðinn einkennast af því að vera mettaðan, þ.e. vöxtur í eftirspurn sé hægur og lítið svigrúm fyrir byltingarkenndar nýjungar. SE telur einnig markaðinn einkennast af miklum fjölda viðskiptavina og að ekki sé fyrir hendi kaupendastyrkur. SE dregur þá ályktun að aðgangshindranir leiði til þess að erfitt sé fyrir nýja eða smærri keppinauta að ógna samhæfingunni á markaðinum. SE ályktar einnig að verðsamkeppni milli fyrirtækjanna á markaðinum sé ekki virk eins og á eðlilegum samkeppnismarkaði. Því megi draga þá ályktun að vísbendingar séu um að fyrir hendi sé sameiginleg markaðsráðandi staða.

SE telur samtvinnun vátrygginga og bankaviðskipta óheppilega auk þess sem samtvinnun viðskipta innan vátryggingafyrirtækja kunni að vera aðgangshindrun inn á vátryggingamarkaðinn.

SE leggur fram tillögur og hugmyndir í lok umfjöllunar sinnar um vátryggingamarkaðinn. Þær eru eftirfarandi:

- Að ákvæði í vátryggingalögum verði breytt þannig að vátryggingartaki geti hvenær sem er sagt upp samningi sínum við vátryggingafélag.
- Að vátryggingafyrirtæki íhugi sjálfstætt hvort þau séu í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu og endurskoði markaðsaðgerðir sínar í því ljósi.
- Að lagaumhverfi ABÍ (Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. – skylduaðild vátryggingafélaga sem bjóða upp á ökutækjatryggingar) verði breytt þannig að fulltrúum vátryggingafélaga verði óheimilt að eiga fulltrúa í stjórn ABÍ.
- Að vátryggingafyrirtæki vari ekki neytendur við því að skipta yfir til nýrri eða smærri keppinauta í tengslum við uppsögn neytenda.
- Að hætt verði samtvinnun vátryggingaviðskipta við önnur fjármálaviðskipti.
- Að vátryggingafyrirtæki dragi úr eða hætti samtvinnun einstakra vátrygginga innan síns fyrirtækis.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins (SE) frá árinu 2011, sem er nr. 2/2011 og ber heitið „Samkeppnin eftir hrun“ [5], er fjallað um samkeppnishindranir sem SE skilgreindi í framangreindri skýrslu frá 2008 og greint frá því hvernig gengið hefur að ryðja þeim hindrunum úr vegi. Varðandi vátryggingamarkaðinn segir þar að ekki hafi orðið miklar breytingar til batnaðar hvað varðar þær samkeppnishindranir á vátryggingamarkaði sem bent var á í skýrslunni frá 2008. Þar segir ennfremur að SE muni fylgja eftir athugasemdum sínum varðandi samkeppnishömlur á vátryggingamarkaði eftir því sem kostur er á og kosta kapps um að koma í veg fyrir að eigna- og stjórnunartengsl á vátryggingamarkaði leiði til röskunar á samkeppni. Í skýrslunni kemur fram að SE hafi til rannsóknar kvörtun vegna samtvinnunar vátryggingaþjónustu við aðra fjármálaþjónustu. VÍS hafa ekki borist neinar fyrirspurnir né beiðnir varðandi rannsóknina og því er ekki vitað gegn hverjum rannsóknin beinist. Árið 2004 var gerður

[5] Samkeppniseftirlitið. (2011). *Samkeppnin eftir hrun*. http://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2011/Samkeppnin_eftir_hrun.pdf

samstarfssamningur á milli VÍS, Kaupþings Búnaðarbanka hf. og KB Ráðgjafar ehf. (nú Tekjuvernd ehf.) þar sem tveir síðargreindu aðilarnir tóku að sér að selja vátryggingaframboð VÍS sem aftur hafði milligöngu um sölu á fjármálaþjónustu bankans. Nýr samningur við Arion banka hf. og Tekjuvernd var gerður árið 2009 sem yfirtók eldri samninginn.

1.8.2 Hlutverk Samkeppniseftirlitsins

Markmið samkeppnislaga nr. 44/2005 er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd laganna og ber því að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppninauta að markaðnum. SE er heimilt, skv. 1. mgr. 37. gr. samkeppnislaganna, að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum 10.-12. gr. samkeppnislaganna, sem kveða á um bann við samkeppnishamlandi háttsemi, gegn fyrirmælum samkeppnisyfirvalda á grundvelli 14. gr. laganna, skilyrðum samkeppnisyfirvalda fyrir undanþágu á grundvelli 15. gr., gegn ráðstöfunum á grundvelli 16. gr., gegn fyrirmælum samkeppnisyfirvalda, banni við samruna eða tilkynningarskyldu sbr. 17. gr., gegn upplýsingaskyldu skv. 19. gr. og banni skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaganna geta sektir numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs fyrirtækis sem tekið hefur þátt í slíku broti. Hafi fyrirtæki brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga hefur SE heimild til þess að ljúka máli með sátt enda samþykki aðilar það. Sátt getur falið í sér viðurkenningu aðila á broti og ef við á samþykki á greiðslu stjórnvaldssektar. Sátt getur einnig falið í sér að aðili samþykki að breyta tiltekinni háttsemi á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni.[6]

1.8.3 Virkar rannsóknir Samkeppniseftirlitsins

Þann 5. nóvember 2012 barst VÍS bréf frá Samkeppniseftirlitinu þar sem fram kemur að því hafi borist erindi þar sem kvartað er yfir tilteknum meintum samkeppnislagabrotum Vátryggingafélags Íslands hf., Sjóvár-Almennra trygginga hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Varðar tryggingar hf. Eiga hin meintu samkeppnislagabrot að snúa að samskiptum við viðgerðaverkstæði. Í erindi Samkeppniseftirlitsins var óskað eftir upplýsingum um málefni er tengjast viðgerðum á bílum vegna tjóns sem vátrygging nær til. VÍS svaraði upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins þann 5. desember 2012 ásamt því að senda eftirlitinu öll þau gögn sem það óskaði eftir.

Samkvæmt bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 15. mars 2013 til lögmanns þess verkstæðis sem kvartaði og VÍS fékk afrit af er það mat eftirlitsins eftir forathugun þess, að ekki séu fyrir hendi nægar vísbendingar um brot á ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga til þess að réttlæta formlega rannsókn. Samkeppniseftirlitið tekur þó fram að það álíti það varhugavert að verð á efnisþætti málningar í samningum vátryggingafélaga við réttinga- og málningaverkstæði taki breytingum á grundvelli þróunar málningarverðsvísitölu og að því sjónarmiði verði komið á framfæri. Að lokum kemur fram í fyrrgreindu bréfi að Samkeppniseftirlitið munu ekki aðhafast frekar í þessu máli og að kvartanda gefist kostur á að koma athugasemdum sínum að vegna þessara málalykta fram til 4. apríl næstkomandi.

1.8.4 Rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska vátryggingamarkaðinum – ákvörðun nr. 17/2004

Í maí árið 2004 lauk rannsókn samkeppnisyfirvalda á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenska vátryggingamarkaðinum. Rannsóknin stóð frá því í september 1997. Aðilar málsins, Samband íslenskra tryggingafélaga, Íslensk endurtrygging hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. sættust á niðurstöðu rannsóknarinnar og að hlíta þeim fyrirmælum sem beint var til þeirra.

[6] Lög nr. 44/2005 Samkeppnislög http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005044.html

Fyrirmæli samkeppnisráðs til málsaðila voru meðal annars eftirfarandi:

- Breyting á skipan stjórnar Sambands íslenskra tryggingafélaga.
- Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Íslenskrar endurtryggingar hf. sé óheimilt að miðla upplýsingum og gögnum til vátryggingafélaganna sem lúta að verði, verðlagningu og viðskiptakjörum félaganna, keppinauta þeirra og birgja.
- Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Íslenskri endurtryggingu hf. sé óheimilt að fara með opinbert fyrirsvar er varðar verðlagningu og þjónustu vátryggingafélaganna.

Samstarf vátryggingafélaganna í Sambandi íslenskra tryggingafélaga og í Íslenskri endurtryggingu hf. var endurskoðað í kjölfarið. Samband íslenskra tryggingafélaga sameinaðist Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja í nóvember 2006 í Samtökum fjármálafyrirtækja.

1.8.5 Ólögmætt samráð vátryggingafélaganna við að taka upp Cabas-tjónamatskerfi við bifreiðaréttingar og –sprautun. – ákvörðun nr. 9/2005

Í febrúar 2005 úrskurðaði samkeppnisráð að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefði brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að hafa átt í verðsamráði með Tryggingamiðstöðinni hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. Forsaga málsins var að í júlímánuði árið 2002 leitaði til Samkeppnisstofnunar fyrirtæki sem starfaði við bifreiðaréttingar og –sprautun og kvartaði yfir aðgerðum sem vátryggingarfélögin höfðu gripið til í tengslum við að taka upp nýtt kerfi við mat á bifreiðatjónum, svokallað Cabas-kerfi. Fyrirtækið hélt því fram að vátryggingarfélögin ákvæðu einhliða það einingarverð sem þau væru tilbúin að greiða bifreiðaverkstæðum fyrir viðgerðir. Verðið væri það sama hjá öllum félögunum og það benti til samráðs þeirra.

Í ákvörðun samkeppnisráðs var einungis úrskurðað um þátt Sjóvár-Almennra tryggginga hf. en áður höfðu Vátryggingafélag Íslands hf. og Tryggingamiðstöðin hf. gert sátt við samkeppnisráð.

Fram kom í úrskurði samkeppnisráðs að allt frá árinu 1999 hefðu vátryggingarfélögin ásamt fleirum unnið að því að taka upp umrætt Cabas-kerfi. Kerfinu var ætlað að staðla þá vinnu sem fram færi við tjónamat. Samkeppnisráð gerði ekki athugasemd við upptöku kerfisins, en að vátryggingarfélögin hefðu á árinu 2002 brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með tilteknu verðsamráði í tengslum við að taka kerfið í notkun.

Var sekt Sjóvá-Almennra tryggginga hf. ákvörðuð 27 m.kr., en áður hafði Vátryggingafélag Íslands hf. samþykkt að greiða 15 m.kr. í stjórnvaldssekt og Tryggingamiðstöðin hf. 18,5 m.kr. í stjórnvaldssekt

1.9 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor vátryggingafélags hjá neytendum, mótaðilum, starfsmönnum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Hættan er sú að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Má þar nefna að vegna eðli starfsemi VÍS hefur félagið undir höndum ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini sína. VÍS leggur áherslu á að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmið laganna er að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs auk þess að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili félagsins er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Má hér vísa til umfjöllunar í kafla *1.11.2 Lagaleg áhætta* sem snýr meðal annars að rannsókn FME og húsleitar sérstaks saksóknara auk útistandandi ágreinings við slitastjórn SPRON. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur.

Mikilvægt er að öryggi og gæði vara félagsins séu fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Ef félagið bregst trausti viðskiptavina gæti það haft áhrif á stærð viðskiptavinahópsins og þar með fjárhagslega afkomu. VÍS hefur gefið út þjónustuloforð til viðskiptavina, sem birt er á vef félagsins, www.vis.is, nánar tiltekið á slóðinni http://vis.is/umvis/starfsemi/thjonustuloford-vis/, þar sem m.a. kemur fram að það veiti faglega og persónulega ráðgjöf í samræmi við þarfir hvers og eins um vátryggingavernd og að því sé umhugað um öryggi viðskiptavina og samfélagsins í heild og noti hvert tækifæri til að hvetja til forvarna.

1.10 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols. Viðskiptastefna félagsins mótast af skilgreindu hlutverki og markmiðum, sem tilgreind eru í kafla *3.5 Hlutverk og markmið*. Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, einkum í ljósi þess að reksturinn er næmur fyrir niðursveiflum í efnahagslífinu sem hafa áhrif á verðmæti fjárfestinga og neyslumynstur almennings. Félagið hefur það að markmiði að uppfylla þarfir viðskiptavina betur en keppinautarnir með því að skilja og bregðast við hegðun neytenda.

Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hætta á að reksturinn bíði skaða af. Nauðsynlegt er að félagið skilji og stýri viðskiptaáhættu með réttum hætti til að ná fram langtímaávöxtun hluthöfum til hagsbóta. Markmið félagsins er að vera í fremstu röð þjónustufyrirtækja og er sífellt að leita leiða til að gera viðskipti við félagið þægilegri. Einnig er það stefna félagsins að bjóða viðskiptavinum sínum fjölbreytta og viðeigandi vátryggingavernd. Félagið starfar á vátryggingamarkaði, sem er háður sveiflum í eftirspurn og stöðu heimila og fyrirtækja.

1.11 Rekstraráhætta

Undir rekstraráhættu fellur áhætta vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu.

1.11.1 Fylgni við reglur og sviksamleg háttsemi

Þótt VÍS telji að starfsmenn þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku er starfsemi félagsins umfangsmikil sem leiðir til þess að til staðar er sú hætta á öllum stigum rekstrarins að sviksamleg háttsemi geti átt sér stað. VÍS hefur mótað reglur um innra eftirlit sem hafa verið staðfestar af FME og er félagið með stöðugt eftirlit í gangi til að lágmarka þessa áhættu, sem felst m.a. í innleiðingu viðeigandi bókhalds- og öryggiseftirlits og annars konar eftirlitsferla á öllum stigum rekstrarins.

1.11.2 Lagaleg áhætta

1.11.2.1 Gildandi lög, reglugerðir og leyfi

Starfsemi félagsins lýtur fjölmörgum lögum og reglugerðum, þ. á m. lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 56/2010, og heyrir starfsemi félagsins undir lögbundið eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Breytingar á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft áhrif á hvernig það hagar starfsemi sinni.

Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Fjármálaeftirlitið hefur veitt VÍS starfsleyfi í samræmi við IV. kafla laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Samkvæmt starfsleyfinu hefur FME veitt VÍS heimild til starfsemi á sviði tiltekinna vátryggingagreina skaðatrygginga og endurtrygginga auk þess sem FME hefur veitt Lífís, dótturfélagi VÍS, heimild til starfsemi á sviði persónutrygginga. Ef þessi leyfi og/eða heimildir yrðu afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt gæti það haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins, sérstaklega ef öll leyfin yrðu afturkölluð. FME getur í samræmi við XII. kafla laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 afturkallað starfsleyfi vátryggingafélaga.

Frekari umfjöllun um lagaumhverfi félagsins er í kafla *3.3 Lagaumhverfi*.

1.11.2.2 Samskipti við Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir og skyldur, m.a. varðandi útgáfu leiðbeinandi tilmæla, gagnaöflunar, sértæks eftirlits, álagningu févíta og tilkynningarskyldu til lögreglu og ráðherra um meint refsiverð brot. Fram koma gjarnan fyrirspurnir, athugasemdir, ábendingar eða úttektir stjórnvalda og er þeim svarað af hálfu VÍS og brugðist við þeim ábendingum sem þar koma fram.

Þann 5. febrúar 2010 skipaði Fjármálaeftirlitið löggiltan endurskoðanda hjá Grant Thornton sem sérfræðing til að sinna athugun á tilteknum þáttum í starfsemi félagsins, sbr. heimild til þess í 2. mgr. 5. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru samskiptasaga virkra eigenda og félagsins og

systurfélaga þess, viðskipti tengdra aðila ásamt öllum fjárfestingum og lánveitingum félagsins frá upphafi árs 2008 til febrúar 2010 og hvort um s.k. gagnkvæma fjármögnun félaganna væri að ræða. Þann 31. maí 2011 gerði embætti sérstaks saksóknara húsleit í höfuðstöðvum VÍS í kjölfar framangreindrar úttektar og kæru Fjármálaeftirlitsins til embættis sérstaks saksóknara. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sérstaks saksóknara hefur VÍS ekki réttarstöðu sakbornings í þessu máli né öðrum hjá embættinu. Enginn núverandi stjórnarmaður eða starfsmaður er með réttarstöðu sakbornings hjá embættinu vegna málsins.

Með tölvupósti þann 22. janúar 2013 staðfesti Fjármálaeftirlitið að öllum útistandandi málum og fyrirspurnum frá árunum 2010 og 2011 væri lokið að svo stöddu. Þó kom fram að ekki væri útilokað að Fjármálaeftirlitið hefði samband við félagið síðar vegna annarra atriða sem kynnu að koma upp við frekari athuganir á gögnunum.

1.11.2.3 Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Endurtryggingasamningar

VÍS endurtryggir hluta af frumtryggingaráhættu sinni og er því aðili að endurtryggingasamningum. VÍS endurtryggir eingöngu hjá erlendum endurtryggingafélögum. Þar sem um mjög mikilvæga samninga er að ræða fyrir VÍS eru gerðar miklar kröfur til endurtryggjenda af hálfu félagsins. Ef einhver af endurtryggjendum félagsins yrði ófær um að standa við skuldbindingar sínar, hætti eða neitaði af einhverjum ástæðum að gera það, gæti slíkt haft verulega neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Endurtryggjendur hafa langflestir styrkleikamat A eða hærra skv. Standard & Poors eða sambærilegt, þ.e.a.s. 99,8% af endurtryggingaiðgjöldum félagsins renna til aðila sem eru með fyrrgreint styrkleikamat. Nánari umfjöllun um endurtryggingaráhættu má finna í kafla *1.4.1.3 Endurtryggjendaáhætta*.

Aðallega er um tvenns konar samninga að ræða, annars vegar óhlutfallslega samninga (e. Excess of Loss) og hins vegar hlutfallslega samninga (e. Quota Share). Í óhlutfallslegum samningum ber frumtryggjandinn tiltekna eigin áhættu í hverju tjóni og endurtryggjandinn það sem umfram er, upp að samningsmörkum. Iðgjöld til endurtryggjenda eru tiltekinn hundraðshluti af iðgjöldum ársins í greininni. Í hlutfallslegum samningum ber frumtryggjandinn tiltekinn hundraðshluta í eigin áhættu og endurtryggjandinn einnig. Iðgjöldum og tjónum er skipt í sama hlutfalli.

Óhlutfallslegir samningar eru algengastir hjá VÍS og eru notaðir fyrir sjótryggingar, eignatryggingar, ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og kortatryggingar. Hlutfallslegir samningar eru notaðir fyrir véla-, rafeinda- og verktakatryggingar og stjórnendatryggingar. Auk þess er Lífís með hlutfallslega samninga fyrir líftryggingar, sjúkdómatryggingar og afkomutryggingar.

Endurtryggingarsamningum félagsins sem ekki snúa að sjótryggingum eða hryðjuverkatryggingum má segja upp fyrirvaralaust verði breyting á eignarhaldi samningsaðila, t.d. með samruna eða breytingu á stjórnun þess. Stjórnendur VÍS telja áhættu þessu tengdu óverulega og snúi þá helst að því ef annað vátryggingafélag myndi eignast ráðandi hlut í félaginu.

Allir endurtryggingasamningar félagsins utan einn lúta íslenskum lögum. Ágreining vegna þeirra skal leysa fyrir íslenskum dómstólum utan eins þeirra sem lýtur enskum lögum og skal leysa ágreining fyrir enskum dómstólum. Samningarnir eru allir á ensku og byggja á erlendri fyrirmynd. Íslenskir dómstólar hafa hingað til lítið þurft að fjalla um ágreining vegna erlendra endurtryggingasamninga.

Helstu samningsaðilar félagsins vegna endurtrygginga eru Munich Re (AA-), Swiss Re Germany (AA-), Lloyds (nokkrir aðilar, A+) og Hannover Re (AA-). Endurtryggingasamningar eru gerðir til eins árs í senn.

Endurtryggingar umfram samningsmörk reglulegra samninga

Sumar áhættur sem VÍS tekur að sér að frumtryggja fara yfir samningsmörk reglulegra endurtryggingasamninga og er þá metið af hálfu félagsins hvort nauðsynlegt er að endurtryggja þær áhættur sérstaklega. Enn fremur getur VÍS tekið að sér að frumtryggja áhættu sem fellur ekki undir reglulega endurtryggingasamninga félagsins. Á þessum tímapunkti sérendurtryggir VÍS um 30 frumtryggingaáhættur og er gerður endurtryggingasamningur um hverja áhættu fyrir sig.

Endurtryggingasamningum sem gerðir eru vegna sértækra áhætta er að öllu jöfnu ætlað að spegla frumtryggingarskilmála og tryggja þátttöku endurtryggjenda ef tjón verður. Svokölluðum „follow the fortunes“ ákvæðum í samningunum er ætlað að tryggja slíka þátttöku en þau kveða að jafnaði á um að endurtryggjendur verði að lúta tjónauppgjörum frumtryggjanda. Slík skylda endurtryggjenda getur þó takmarkast af ákvæðum vátryggingaskilmálanna og eftir atvikum alvarlegum frávikum frá þeim af hálfu frumtryggjanda.

1.11.2.4 Verðbréfalöggjöf

Ef verðbréf útgefin af félaginu eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur á verðbréfamarkaði á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglum FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar eru út af NASDAQ OMX Iceland hf. Ef félagið myndi brjóta framangreind lög eða reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fésektum. Enn fremur gætu brot á umræddum reglum haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á hlutabréfum þess. Alvarleg brot gætu leitt til þess að NASDAQ OMX Iceland hf. tæki hlutabréf félagsins úr viðskiptum.

1.11.2.5 Málaferli og ágreiningsmál

Vegna eðlis rekstrar félagsins er það á hverjum tíma aðili að fjölmörgum dómsmálum og ágreiningsmálum fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Nær öll ágreiningsmál félagsins snúa að bótarétti hinna vátryggðu og því um leið greiðsluskyldu félagsins.

Þó flest ágreiningsmál félagsins séu vegna deilna við vátryggða einstaklinga og lögaðila geta þau verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert endurtryggjendur félagins, mótaðila í fjárfestingum, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

SPRON

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Félagið skilaði greinargerð í málinu þann 15. janúar 2013 og er það í þinglegri meðferð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, dómsmál nr. E-3215/2012. Fjárhæð kröfunnar frá slitastjórn SPRON nemur 2 ma.kr. auk dráttarvaxta frá 31. október 2008. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá til og frá hvaða dagsetningu dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga, má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012. Miðað við framgang mála hjá dómstólum undanfarin misseri er þó ólíklegt að endanleg niðurstaða muni liggja fyrir í málinu fyrr en í lok árs 2014, en þó er erfitt að slá einhverju föstu í þeim efnum.

Samhliða sölu á hlutabréfum sínum í VÍS skuldbindur Klakki ehf. sig til að auka eigið fé VÍS um allt að 3,5 ma.kr. í því skyni að niðurstaða dómsmálsins hafi ekki áhrif á virði hlutabréfa félagsins. Til að draga þannig úr óvissu um áhrif ofangreinds dómsmáls á eiginfjárstöðu VÍS mun Klakki ehf. skrá sig fyrir hlutafé, í einu lagi eða hlutum, í nýjum B-flokki hlutafjár án arðs- og atkvæðisréttar, að fjárhæð allt að 100.000.000 kr. að nafnverði, fari svo að VÍS verði dæmt til að endurgreiða slitastjórn SPRON. Áskriftargengi B-hluta mun ráðast af þeirri fjárhæð sem VÍS kann að verða dæmt til að greiða SPRON samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til vaxta og skatta, þannig að fjárhæð heildar áskriftarverðs B-hlutanna jafngildi samanlagðri fjárhæð hinnar dæmdu kröfu SPRON, að teknu tilliti til skattalegra áhrifa málsins í heild sinni, allt að fjárhæð 3,5 ma.kr. Nýtt hlutafé í B-flokki mun ekki hafa áhrif á fjölda hluta í félaginu nema tímabundið þar sem hlutirnir verða innleystir sbr. nánari umfjöllun hér að neðan. Klakki ehf. og VÍS munu leitast eftir að fá bindandi álits ríkisskattstjóra á hugsanlegum skattalegum áhrifum áskriftarinnar.

Falli endanlegur dómur VÍS í óhag mun VÍS eignast kröfu á hendur þrotabúi SPRON, enda lifnar þá við krafa VÍS á hendur SPRON sem greidd var með hinni riftu greiðslu. Óvíst er um virði slíkrar kröfu. VÍS skuldbindur sig gagnvart Klakka til að innleysa hina nýju B-hluti Klakka ehf. innan eins árs frá útgáfu þeirra fyrir fjárhæð sem jafngildir endurheimtum VÍS á grundvelli þessar endurfengnu kröfu á hendur SPRON, að teknu tilliti til vaxta og skatta. Innlausn skal þó fara fram fyrr, að fullu eða hluta, (a) á þeim tímapunkti sem VÍS hefur fengið endanlega greitt út úr þrotabúi SPRON eða (b) selt kröfu sína á hendur SPRON, eftir því hvort gerist fyrr en ef hvorugt hefur gerst innan ársins fer fram innlausn gegn afhendingu kröfunnar að teknu tilliti til skatta. Í því tilviki að það reynast ekki vera neinar endurheimtur, eða engin endurkrafa verður til, úr þrotabúi SPRON vegna kröfu VÍS á hendur SPRON, mun VÍS innleysa B-hlutina úr hendi Klakka á kr. 1. VÍS mun lækka hlutafé VÍS sem nemur nafnverði allra útgefinna B-hluta strax í kjölfar innlausnar. Framangreint er samkvæmt heimild þar að lútandi í samþykktum VÍS. Hlutafjárlækkun í vátryggingafélagi er ávallt háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Komi til þess að endanlegur dómur falli VÍS í vil fellur skuldbinding Klakka ehf. til áskriftar niður og mun stjórn VÍS þá ekki nýta heimild til útgáfu hlutafjár í B-flokki.

Til tryggingar greiðslu framangreindrar áskriftarskuldbindingar hefur Klakki ehf. lagt fram ábyrgð útgefna af Landsbankanum hf. sem samsvarar 3,5 ma.kr. sem verður virk sama dag og hlutabréf VÍS verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. VÍS mun geta krafið Landsbankann hf. um greiðslu á grundvelli ábyrgðarinnar ef Klakki stendur ekki við skuldbindingar sínar um kaup á nýju hlutafé í B-flokki.

Alpha Insurance AS

Ágreiningur er milli VÍS og Alpha Insurance AS vegna hlutfallslegs endurtryggingasamnings milli félaganna þar sem VÍS endurtryggir 50% af þeim áhættum sem Alpha Insurance AS tók að sér sem frumtryggjandi um ökutækjahagsmunatryggingar í Bretlandi. Liður í þessu var að Alpha Insurance AS ræður Kay International til að hafa með höndum allt áhættumat og eftirlit með rekstri vátryggingastofnsins. Kay International gerði síðan samning við Motorcare Ltd. um sölu- og tjónaþjónustu. Erfiðlega gekk að fá skilagreinar endurtryggjanda og var samningnum sagt upp í mars 2011. Grunur leikur á að um stórfelld svik hafi verið að ræða af hálfu Motorcare Ltd. Óljóst er um framhald málsins, en náist ekki samkomulag milli aðila kann ágreiningurinn að vera borinn undir gerðardóm í Kaupmannahöfn. Í tjónaskuld VÍS eru 138 m.kr. gjaldfærðar vegna málsins en það er talið nægja til að mæta ítrustu kröfum og kostnaði.

Að frátöldu framangreindu eru hvorki í gangi né hafa verið í gangi síðastliðna tólf mánuði einstök stjórnsýslu-, dóms-, eða gerðardómsmál sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins.

1.11.2.6 Vörumerki og hugverkaréttindi

Félagið á fjölda vörumerkja og önnur hugverkaréttindi í gegnum rekstrareiningar sínar, sem það telur sig hafa tryggt sér eignarrétt yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur félagsins ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi. Áhrifin á rekstur félagsins gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki.

1.11.2.7 Innra eftirlit

Félagið kappkostar að hafa innra eftirlit á hinum ýmsu sviðum. Innra eftirlit félagsins felst í eftirliti með starfsemi félagsins í því skyni að fyrirbyggja og greina hugsanleg mistök og sviksemi birgja, starfsmanna og viðskiptavina þess. Félagið hefur lagt áherslu á að efla eftirlit og öryggisráðstafanir. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef eftirlitið reyndist vera ófullnægjandi. Stjórn VÍS hefur í samræmi við lög sett sér reglur, sem staðfestar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, um innra eftirlit, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingar og viðskipti við tengda aðila. Stjórn hefur enn fremur sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Nánari upplýsingar um stjórnarhætti er að finna í kaflanum *4 Stjórnarhættir, stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur*.

1.11.2.8 Skattar

Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenskri skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Frá hruni íslensku bankanna í október 2008 og gengishruni krónunnar og þeim mikla samdrætti hagkerfisins sem fylgdi í kjölfarið hefur skattbyrði þyngst. Tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hefur verið hækkaður, en tekjuskattur fyrirtækja er nú 20%, auk þess sem sértækir skattstofnar hafa verið lagðir á og má þar nefna fjársýsluskattinn. Samkvæmt lögum um fjársýsluskatt nr. 165/2011 leggst fjársýsluskattur sem er 6,75% af skattstofni á fjármálafyrirtæki og þá sem stunda vátryggingastarfsemi. Útibú, umboðsmenn og aðrir sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila sem reka starfsemi hér á landi samkvæmt framansögðu falla undir sama skatt. Einnig er lagður á sérstakur fjársýsluskattur á aðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga um fjársýsluskatt, en skatturinn nemur 6% af tekjuskattsstofni yfir 1.000.000.000 kr. Þessir þættir kunna að leiða til þess að eftirspurn eftir vörum félagsins breytist og því hafa þeir áhrif á rekstur og verð á hlutabréfum í félaginu.

Félaginu er ekki kunnugt um að nokkur skattrannsókn sé í gangi á félaginu sjálfu eða dótturfélögum þess sem gæti haft veruleg áhrif á fjárhag þess. Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, sem gæti haft áhrif á rekstur þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um

hvernig skuli farið með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan félagsins í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von á að skattyfirvöld geri kröfur á hendur því vegna meðferðar þess á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

1.11.2.9 Stjórnmálaumhverfi

Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun stjórnmála á Íslandi. Félagið er í samskiptum við ýmsar opinberar og óopinberar stofnanir til þess að tryggja að sjónarmiðum viðskiptavina og starfsmanna þess sé komið á framfæri. Enn fremur lýtur félagið fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórnmálaumhverfinu á hverjum tíma.

1.11.3 Lykilstarfsmenn

Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla af og þekking á íslenska vátryggingamarkaðinum. Félaginu er skylt að meta hæfi lykilstarfsmanna og hefur það sett sér innri reglur sem snúa að því hæfismati. Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hætta störfum hjá því. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn gæti það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn áfram. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða upp á góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og halda í þá starfsmenn sem það þarfnast.

1.11.4 Verðbólguáhætta

Verðbólga getur haft víðtæk áhrif á rekstur VÍS. Verðtryggðar eignir VÍS nema um 59,1% af fjárfestingaeignum félagsins og kann aukin verðbólga að hafa jákvæð áhrif á fjármunatekjur félagsins. Víðtæk notkun verðtryggingar á Íslandi getur valdið hækkunum á ýmsum kostnaðarliðum, svo sem tjónakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Ekki er hægt að fullyrða að félagið geti mætt slíkum kostnaðarverðshækkunum að fullu með verðbreytingum.

1.11.5 Kjarasamningar

Í maí 2011 var skrifað undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði til þriggja ára. Heildarlaunakostnaður atvinnulífsins vegna samninganna hækkar um 13% í heildina á samningstímanum sem er til 30. nóvember 2013. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlagið vegna forsenduákvæðis í kjarasamningunum um að kaupmáttur aukist, verðlag haldist, gengi krónunnar styrkist marktækt og að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Óvissa er um hvort forsvarsmenn verkalýðsfélaga eða fulltrúar atvinnulífsins beiti uppsagnarheimild samninganna vegna framangreindra forsendna. Slík uppsögn hefði í för með sér óvissu um launaþróun næstu missera auk þess sem að komið gæti til verkfallsaðgerða.

1.11.6 Fasteignir og leiguhúsnæði

Félagið leigir meirihluta af því húsnæði sem starfsemin fer fram í og ber því þá áhættu að geta tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum svæðum á sanngjörnum kjörum. Stærsti einstaki leigusali félagsins er Landfestar ehf. sem er dótturfélag Arion banka hf. Nánar er fjallað um hugsanlega hagsmunaárekstra í kaflanum *7 Tilkynning til fjárfesta*.

Ýmis umhverfisáhrif, svo sem eldgos og jarðskjálftar, geta haft áhrif á möguleika VÍS til að nota fasteignir sem félagið á eða leigir.

1.11.7 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Frá og með fjárhagsárinu 2005 hafa ársreikningar félagsins verið útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS).

Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

1.11.8 Vátryggingar

VÍS er vátryggt gegn tjóni að því marki sem það telur unnt. Félagið er með allar lögboðnar vátryggingar, svo sem brunatryggingu og vátryggingavernd fyrir starfsmenn. Einnig er félagið með starfsábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur. Þrátt fyrir það er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar.

1.11.9 Upplýsingatækni, tölvukerfi og innviðir

Rekstur félagsins þarfnast skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins, t.d. í tengslum við viðskiptamannakerfi, myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur þess. Félagið gerir sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tölvukerfi gegna í skilvirkum rekstri félagsins og að það geti náð viðskiptalegu forskoti með því að innleiða tækninýjungar sem bæta þjónustu við viðskiptavini og auðvelda starfsmönnum að sinna starfi sínu. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess.

2. SAMANDREGNAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Samandregnar upplýsingar um fjárhag útgefanda eru fengnar úr ársreikningum VÍS fyrir árin 2010, 2011 og 2012. Töflurnar sýna lykiltölur úr rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi félagsins fyrir framangreind tímabil. Ársreikningar VÍS voru endurskoðaðir og áritaðir af Deloitte án athugasemda. Ársreikningar útgefanda á tímabilinu sem neðangreindar fjárhagsupplýsingar ná yfir voru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

2.1 Rekstrarreikningur VÍS

(m.kr.)	**Samstæða 2012**	**Samstæða 2011**	**Móðurfélag 2010**
Iðgjöld ársins	16.460	15.561	14.873
Hluti endurtryggjenda	(589)	(510)	(667)
Eigin iðgjöld	**15.871**	**15.050**	**14.206**
Fjármunatekjur	2.859	1.800	2.365
Tekjur (gjöld) vegna matsbreytinga á fjárfestingum	1.077	209	(771)
Fjármunatekjur	**3.936**	**2.009**	**1.594**
Aðrar tekjur	132	116	98
Heildartekjur	**19.939**	**17.175**	**15.898**
Tjón ársins	(12.113)	(12.772)	(11.977)
Hluti endurtryggjenda	46	22	242
Eigin tjón	**(12.067)**	**(12.750)**	**(11.735)**
Rekstrarkostnaður	(4.044)	(3.608)	(3.087)
Fjármagnsgjöld	(2)	(2)	(3)
Virðisrýrnun	(144)	(197)	(761)
Heildargjöld	**(16.256)**	**(16.556)**	**(15.586)**
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**3.682**	**619**	**312**
Tekjuskattur	(950)	(207)	(108)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	**2.732**	**411**	**204**
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi eftir skatta	293	(3)	0
Heildarafkoma ársins	**3.025**	**408**	**204**
Hluthafar móðurfélags	**3.016**	**408**	
Hlutdeild minnihluta	9	(0)	
Heildarafkoma ársins	3.025	408	
Hagnaður á hlut:			
Áframhaldandi starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1,05	0,16	0,08
Af áframhaldandi starfsemi og aflagðri starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1,16	0,16	

Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi samstæðu VÍS fyrir árið 2012 hefur framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildar afkomu verið breytt og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Virðisrýrnun annarra fjáreigna er nú hluti af gangvirðisbreytingum fjáreigna en þær voru áður taldar með virðisrýrnun fjáreigna. Matsbreyting skuldabréfa er nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en var áður hluti af fjármunatekjum. Við sölu á Öryggismiðstöð Íslands hf. fara áhrif þess reksturs sem hagnaður á aflagða starfsemi en er ekki sundurliðaður innan rekstrarreiknings.

Ennfremur voru gerðar breytingar á framsetningu ársreiknings 2011 frá 2010. Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi 2011 breytti félagið framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur félagsins að með því hafi gleggri mynd verið sýnd af rekstri félagsins í heild. Tekjur af fjármálastarfsemi voru settar sem hluti af heildartekjum en voru áður yfirfærðar að hluta frá fjármálarekstri á vátryggingarekstur. Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum sem áður voru taldar með tekjum og gjöldum af fjármálarekstri voru þá taldar með heildartekjum. Rekstrarkostnaður fjármálareksturs var settur meðal rekstrarkostnaðar og afskriftir viðskiptakrafna voru ekki lengur taldar með gjöldum af vátryggingarekstri heldur með virðisrýrnun. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum sem áður voru sérgreind urðu hluti rekstrarkostnaðar.

2.2 Efnahagur VÍS

(m.kr.)	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Varanlegir rekstrarfjármunir	258	652	460
Viðskiptavild	475	200	0
Aðrar óefnislegar eignir	507	0	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	25.953	24.301	23.214
Fjáreignir haldið til gjalddaga	4.183	0	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	252	1.509	2.257
Fjárfestingar v. líftrygginga með áhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Reiknuð skattinneign	41	516	398
Vörubirgðir	0	80	0
Viðskiptakröfur	4.797	4.604	4.069
Endurtryggingaeignir	567	586	635
Aðrar kröfur	916	1.128	1.221
Handbært fé	4.318	4.615	2.846
Eignir	**43.452**	**38.190**	**35.100**
Eigið fé			
Hlutafé	2.502	2.602	2.602
Varasjóður	626	456	456
Óráðstafað eigið fé	11.342	8.496	8.088
Eigið fé meirihlutaeigenda	**14.470**	**11.554**	**11.146**
Hlutdeild minnihluta	0	29	0
Eigið fé	**14.470**	**11.584**	**11.146**

Skuldir			
Vátryggingaskuld	26.204	24.792	22.615
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Viðskiptaskuldir	1.167	932	942
Skuldir við lánastofnanir	0	241	0
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	425	640	397
Skuldir	**28.982**	**26.606**	**23.954**
Eigið fé og skuldir	**43.452**	**38.190**	**35.100**

Í upplýsingum um efnahag í árslok 2011 í ársreikningi 2012 voru 384,2 m.kr bundnar bankainnistæður færðar með öðrum kröfum. Í ársreikningum 2011 og 2010 eru þessar innistæður færðar með handbæru fé.

2.3 Sjóðstreymisyfirlit VÍS

(m.kr.)	**Samstæða 2012**	**Samstæða* 2011**	**Móðurfélag* 2010**
Rekstrarhreyfingar			
Heildarafkoma ársins	3.025	408	204
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.830)	(1.822)	(2.362)
Gangvirðisbreyting fjáreigna	(1.077)	(209)	(1.192)
Virðisrýrnun og afskrift viðskiptavildar	0	66	0
Lífeyrisskuldbinding	1	0	0
Afskriftir	307	190	69
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(3)	(5)	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, (hækkun) lækkun	(609)	(401)	(1.942)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun	1.257	209	(91)
Skattinneign, lækkun (hækkun)	353	(60)	(15)
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun	(15)	1	0
Viðskiptakröfur, (hækkun) lækkun	(442)	(286)	130
Endurtryggingaeignir, lækkun	163	49	(33)
Aðrar kröfur, lækkun	215	632	(194)
Vátryggingarskuld, hækkun	618	2.177	919
Líftryggingaskuld, (lækkun)	(108)	0	0
Viðskiptaskuldir, hækkun	537	40	578
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	(10)	24	(10)
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta	**1.381**	**1.011**	**(3.938)**
Innborgaðar fjármunatekjur	2.506	1.826	1.173
Greidd fjármagnsgjöld	(12)	(12)	(3)
Greiddir tekjuskattar	(353)	(123)	(268)
Handbært fé frá (til) rekstri	**3.522**	**2.702**	**(3.036)**

Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar fjáreignir haldið til gjalddaga	(4.126)	0	0
Keyptir (seldir) varanlegir rekstrarfjármunir	(103)	(129)	(26)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé á	(37)	(275)	0
Sala á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé við sölu	524	0	0
Lífeyrisskuldbinding, greidd	(3)	0	0
	(3.745)	**(404)**	**(26)**
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	(42)	(18)	0
Lækkun á hlutafé	(100)	0	0
Hækkun á skammtímaskuld við lánastofnanir	11	0	0
	(131)	**(18)**	**0**
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	**(353)**	**2.280**	**(3.062)**
Handbært fé í upphafi árs	4.615	2.301	5.549
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	56	34	(186)
Handbært fé í lok árs	**4.318**	**4.615**	**2.301**

**Framsetningu sjóðstreymis 2010 og 2011 breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningi 2010 og 2011, til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012, en auk frekari sundurliðunar eru þar breytingar þar sem fjáreignir (að undanskildum fjáreignum sem haldið er til gjalddaga) eru flokkaðar sem rekstrarhreyfingar í stað fjárfestingahreyfinga áður.*

2.4 Lykiltölur

(m.kr.)	**Samstæða 2012**	**Samstæða 2011**	**Móðurfélag 2010**
Tjónahlutfall	73,6%	82,1%	80,5%
Kostnaðarhlutfall	21,6%	20,8%	19,6%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	3,3%	3,1%	2,7%
Samsett hlutfall	98,5%	106,0%	104,3%
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur, hlutfall	7,6%	6,6%	8,3%
Rekstrarhlutfall	91,5%	99,4%	94,9%
Eigin vátryggingaskuld / Eigin iðgjöld	161,6%	161,1%	154,8%
Arðsemi eigin fjár	23,2%	3,6%	1,8%
Eigið fé	14.470	11.584	11.146
Eiginfjárhlutfall	33,3%	30,3%	31,8%

Gjaldþol og lágmarksgjaldþol	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS (móðurfélag)			
Gjaldþol	14.849	11.554	11.146
Lágmarksgjaldþol	3.058	3.062	2.908
Gjaldþolshlutfall	**4,9**	**3,8**	**3,8**
Lífís			
Gjaldþol	1.872	1.665	1.860
Lágmarksgjaldþol	530	511	496
Gjaldþolshlutfall	**3,5**	**3,3**	**3,8**
VÍS (aðlagað)			
Aðlagað gjaldþol	13.466	10.712	
Aðlagað lágmarksgjaldþol	3.588	3.062	
Aðlagað gjaldþolshlutfall*	**3,8**	**3,5**	

**Aðlagað gjaldþolshlutfall 2011 er leiðrétt frá ársreikningi 2011*

3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

3.1 Útgefandi

Lögheiti	Vátryggingafélag Íslands hf.
Kennitala	690689-2009
Lögform	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995.
Sérlög	Félagið starfar eftir lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010.
Eigandi	Klakki ehf. og dótturfélag hans eiga 99,99% af heildarhlutafé VÍS. Útgefandi er því hluti af samstæðu Klakka ehf. sem dótturfélag í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Önnur dótturfélög Klakka eru Skipti hf. og Lýsing hf. sem teljast systurfélög útgefanda í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.
Útistandandi hlutafé	2.502.480.516 hlutir, hver 1 króna að nafnverði.
Eigin hlutir	276.524 hlutir
Heildarhlutafé	2.502.757.040 útgefnir hlutir, hver 1 króna að nafnverði.
Auðkenni hluta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og Verðbréfaskráningu Íslands hf.	VIS
ISIN-númer	IS0000007078
Höfuðstöðvar og lögheimili	Ármúli 3, 108 Reykjavík, Ísland
Heimasíða	www.vis.is
Tölvupóstfang	vis@vis.is
Símanúmer	+354 560 5000

Fjárhagsdagatal, áætlun birtinga og næsta aðalfundar	17. maí 2013	Birting árshlutareiknings fyrstu þriggja mánaða 2013
	30. maí 2013	Hluthafafundur boðaður til að kjósa nýja stjórn
	20. ágúst 2013	Birting árshlutareiknings fyrstu sex mánaða 2013
	19. nóvember 2013	Birting árshlutareiknings fyrstu níu mánaða 2013
	25. febrúar 2014	Birting ársreiknings 2013
	13. mars 2014	Aðalfundur 2014

3.2 Tilgangur

Tilgangur VÍS, samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins, er rekstur vátryggingastarfsemi þ. á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis. Félaginu er heimil hliðarstarfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa. Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingarstarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingarfélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.

3.3 Lagaumhverfi

VÍS er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og starfar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem tóku gildi 17. júní 2010. Þau komu í stað laga nr. 60/1994.

VÍS starfar einnig í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Líftryggingafélag Íslands hf., dótturfélag VÍS, starfar enn fremur í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem og lög nr. 2/1995 um hlutafélög.

Þar sem Ísland er aðili að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði (EES) þarf VÍS að stunda sína starfsemi í samræmi við lagasetningu sem stafar frá Evrópusambandinu og er innleidd hér á landi.

3.3.1 Yfirlit yfir löggjöf er snertir vátryggingafélög

Starfsemi vátryggingafélaga hér á landi hefur marga snertifleti við íslenska löggjöf, hvort sem hún er sérsniðin að vátryggingafélögum eða ekki. Eftirfarandi löggjöf snertir þó vátryggingafélög sérstaklega:

- Lög nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi – sem hafa m.a. að geyma ákvæði um stofnun vátryggingafélaga, veitingu starfsleyfa, mörk við aðra starfsemi, kröfur um gjaldþol og lágmarksgjaldþol, mat á vátryggingaskuld, meðferð virks eignarhlutar, stjórn vátryggingafélaga og eftirlit með þeim, starfshætti almennt, starfsemi erlendra vátryggingafélaga og endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga.
- Lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga – sem fjalla m.a. um réttarsamband vátryggingartaka, vátryggðra og vátryggingafélaga.
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi – en þau fjalla m.a. um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, heimildir þess til eftirlits með fjármálastarfsemi (m.a. vátryggingastarfsemi), réttarúrræði, viðurlög og samskipti við Seðlabanka Íslands og eftirlitsstjórnvöld annarra ríkja.
- Lög nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga – sem ákvarða m.a. ábyrgð vátryggingaumboðsmanna, hæfiskröfur, upplýsingaskyldu þeirra, skráningu þeirra hjá vátryggingafélagi og eftirlit með þeim.

Lög um vátryggingastarfsemi eru sá rammi sem rekstur vátryggingafélags tekur að stórum hluta mið af. Í þeim er t.a.m. sérstaklega tiltekið hvaða hliðarstarfsemi vátryggingafélög mega reka, sbr. umfjöllun í 11-13. gr. laganna. Þá má geta þess að eigendur virks eignarhlutar í vátryggingafélagi þurfa að uppfylla skilyrði laganna sem sett eru fyrir því eignarhaldi en FME metur hæfi aðila til að halda á slíkum hlut og auka við hann eftir ákvæðum laga um vátryggingastarfsemi. Lögin innihalda sérreglur um fjárhagslega endurskipulagningu, slit og gjaldþrot vátryggingafélags. Ef til gjaldþrots skaðatryggingafélags kemur skulu vátryggingakröfur á hendur þrotabúi ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Önnur löggjöf sem nefna má í þessu samhengi eru samkeppnislög nr. 44/2005, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (líftryggingafélög) nr. 64/2006, lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um gjaldeyrismál nr. 87/1992, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og lög um hlutafélög nr. 2/1995. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Ýmis löggjöf snertir enn fremur vátryggingafélög í tengslum við vátryggingaskilmála þeirra og tjónaafgreiðslu, t.d. bótaskyldu og uppgjör bóta, og má sem dæmi nefna umferðarlög nr. 50/1987, lög um mannvirki nr. 160/2010, lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, skaðabótalög nr. 50/1993 og lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004.

Ýmsar reglugerðir hafa verið settar af ráðherra sem varða vátryggingafélög, s.s. reglugerð nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar, reglugerðir nr. 612 og 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga, reglugerð nr. 459/2003 um útreikning gjaldþols vátryggingafélaga og reglugerð um réttaraðstoðarvátryggingar nr. 99/1998. Fjármálaeftirlitið hefur einnig sett sérstakar reglur með heimild í lögum, s.s. reglur um kaupaukakerfi vátryggingafélaga nr. 299/2012, reglur um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi nr. 903/2004, reglur um skráningu vátryggingaumboðsmanns nr. 236/2011 og reglur um framkvæmd hæfismats stjórnarmanna og framkvæmdastjóra vátryggingafélaga nr. 886/2012.

Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimild til þess að gefa út leiðbeinandi tilmæli til vátryggingafélaga. Sem dæmi má nefna leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu vátryggingafélaga nr. 1/2011, um verklagsreglur vátryggingafélaga um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna nr. 6/2002, um starfshætti vátryggingasölumanna, vátryggingamiðlara, vátryggingaumboðsmanna og vátryggingafélaga nr. 3/2007 og um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila nr. 1/2012.

Nálgast má yfirlit yfir lög, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli og túlkanir FME er varða vátryggingafélög á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, undir flokknum lög og tilmæli. Hlutverk eftirlitsins er m.a. að stuðla að neytendavernd (m.t.t. öryggis og stöðugleika á markaði), gæta hæfis aðila stjórnenda og eigenda, gæta hagsmuna viðskiptavina (m.a. varðandi upplýsingaskyldu og góða viðskiptahætti), eftirlit með því að félög geti staðið við skuldbindingar sínar, að áhættustýring og innra eftirlit sé fullnægjandi, og með vátryggingaskilmálum og iðgjöldum. Starfsleyfi vátryggingafélaga og vátryggingamiðlana, svo og meðferð á virkum eignarhlut í vátryggingafyrirtæki, er háð samþykki FME. Upplýsingar um starfsleyfi og hæfismat eigenda má nálgast á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, undir flokknum eftirlitsstarfsemi. FME hefur víðtækar heimildir og skyldur, m.a. varðandi útgáfu leiðbeinandi tilmæla, gagnaöflunar, sértæks eftirlits, álagningu févíta og tilkynningaskyldu til lögreglu og ráðherra um meint refsiverð brot.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja lögum um samkeppni, nr. 44/2005, en varðandi umfjöllun í tengslum við samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga, er vísað til kafla *1.8 Samkeppni* í útgefandalýsingu þessari.

VÍS hefur unnið að því að undirbúa félagið fyrir væntanlega innleiðingu á nýrri tilskipun ESB um vátryggingastarfsemi, sem gengur undir nafninu Solvency II. Meginmarkmið löggjafarinnar er að styrkja enn frekar kröfur og aðferðafræði við útreikninga á gjaldþoli vátryggingafélaga og styrkja áhættustýringu og eftirlit með áhættu í starfseminni. Gert er ráð fyrir að hún taki gildi hjá ESB í ársbyrjun 2014, skv. opinberri dagsetningu, en gildistaka 2015 eða 2016 er þó líklegri skv. óformlegu bréfi Framkvæmdastjórnar ESB frá því í október 2012.

3.4 Ágrip af sögu VÍS

3.4.1 Stofnun félagsins

Vátryggingafélag Íslands hf. var stofnað 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands (síðar Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands) og Samvinnutryggingum gt. (gagnkvæmt tryggingafélag), í þeim tilgangi að efla starfsemi félaganna á vátryggingamarkaði og ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi í rekstri. Við stofnun VÍS var meginhluti vátryggingastofna Brunabótafélagsins og Samvinnutrygginga færður yfir til nýja félagsins og tók það yfir mestallan rekstur stofnfélaga sinna frá og með 1. janúar 1989 og hóf rekstur alhliða vátryggingastarfsemi. Viðskiptavinir VÍS voru frá upphafi einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir.

Brunabótafélag Íslands var sett á laggirnar árið 1917, með lögum frá Alþingi um brunatryggingar á Íslandi, í því skyni að færa brunatryggingar fasteigna inn í landið og tryggja að öll hús í landinu væru brunatryggð. Með samningum við sveitarfélög tók félagið að sér brunatryggingar húsa utan Reykjavíkur og hafði einkarétt á þeim vátryggingum til ársins 1954. Fljótlega eftir 1954 hóf Brunabótafélagið einnig sölu annarra vátrygginga en brunatrygginga fasteigna og stundaði félagið alhliða vátryggingastarfsemi til ársins 1989, er meginhluti vátryggingastofna þess var fluttur til VÍS.

Samvinnutryggingar gt. voru stofnaðar árið 1946 að frumkvæði Sambands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélaganna í landinu. Viðskiptavinir Samvinnutrygginga voru frá stofnun öll kaupfélög í landinu og aðrir rekstraraðilar sem tengdir voru Sambandi íslenskra samvinnufélaga, svo og mikill fjöldi einstaklinga um land allt. Félagið varð á nokkrum árum stærsta íslenska vátryggingafélagið, metið eftir iðgjaldamagni. Þegar einkaréttur Brunabótafélags Íslands á brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur var afnuminn með lögum frá Alþingi árið 1954

tóku Samvinnutryggingar gt. að sér brunatryggingar húsa með samningum við allmörg sveitarfélög, auk þess sem félagið beitti sér fyrir nýjungum í vöruvali, einkum fyrir einstaklinga. Á árinu 1949 keypti félagið líftryggingastofn hinnar norsku Andvake sem hér hafði starfað mjög lengi, og stofnað var nýtt félag, Líftryggingafélagið Andvaka gt., um þann rekstur.

3.4.2 Helsta þróun á eignarhaldi VÍS

Landsbanki Íslands hf. keypti 44,2% hlut í VÍS af Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands árið 1997. Hlutabréf VÍS voru skráð á Tilboðsmarkað Kauphallar Íslands 12. júlí 2002. Landsbankinn seldi nær allan hlut sinn í VÍS í ágúst 2002 og febrúar 2003, til Eignarhaldsfélagsins Andvöku, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, Kers hf. og Samvinnulífeyrissjóðsins.

Hesteyri ehf. keypti 25% hlut í VÍS í nóvember 2002, en sá hlutur hafði þar til fyrr í mánuðinum verið í eigu Kers hf. Kaupþing banki hf. keypti 19,9% hlut í VÍS af Keri hf. í mars 2003 og átti þá 24%. Í október 2004 gerðu eigendur samtals 91,3% hlutafjár í VÍS með sér samkomulag um stjórnun félagsins og gerðu í kjölfarið öðrum hluthöfum VÍS yfirtökutilboð í nóvember sama ár en þá voru hluthafar félagsins 258 talsins. Þetta voru Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. (33,6%), Kaupþing banki hf. (32,3%), Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar svf. (28,3%) og Eignarhaldsfélagið Andvaka gt. (5,8%), sem eignuðust eftir yfirtökutilboðið 99,910% í VÍS sem átti á þeim tíma 0,086% eigin hluti. Félagið var tekið úr viðskiptum á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands 22. desember 2004.

Klakki (áður Exista hf./ehf., sjá nánar umfjöllun í kafla *1.2 Efnahagsumhverfið á Íslandi og áhrif á eiganda VÍS* og í kafla *5.6 Hluthafar)*, eignaðist um 20% hlut í VÍS árið 2005, þar af 16% við hlutafjáraukningu, og félagið að fullu árið 2006.

3.4.3 Helsta þróun á samstæðu VÍS

Árið 1996 keypti félagið ásamt Líftryggingafélagi Íslands hf. (Lífís) þrjú fyrirtæki hins sænska Skandia á Íslandi, sem voru vátryggingafélag, líftryggingafélag og löggilt verðbréfafyrirtæki. Vátryggingafélögin voru sameinuð VÍS og Lífís í lok sama árs en verðbréfafyrirtækið var rekið undir nafninu Fjárvangur hf. fram til ársloka 1999, er það var sameinað Samvinnusjóði Íslands hf. í Frjálsa fjárfestingarbankann hf. VÍS seldi hlut sinn í Frjálsa fjárfestingarbankanum í árslok 2000.

Rekstur Lífís hefur verið í höndum VÍS frá því Lífís var stofnað með samruna Líftryggingafélagsins Andvöku gt. og B.Í. líftrygginga gt. árið 1990. Félagið er nú í eigu VÍS, eftir kaup af Klakka í mars 2012, en Lífís hafði þá verið systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka (áður Exista hf./ehf.) frá 2006. Árið 2003 hafði VÍS keypt 50% hlut Landsbanka Íslands hf. í Lífís og átti þá 75% í félaginu en 25% voru í eigu Eignarhaldsfélagins Andvöku gt. Landsbankinn hafði eignast stærstan hluta þessara bréfa með kaupum á 44% hlut í Lífís af Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands árið 1997.

VÍS keypti Vörð vátryggingarfélag hf. af Baugi Group árið 2004 og var það systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka frá 2006 til 2007 þegar Vörður var seldur.

Í ársbyrjun 2005 keypti VÍS 100% hlutafjár í fjármögnunarfyrirtækinu Lýsingu hf. af Kaupþingi banka hf. og 56% hlut í Íslandstryggingu hf., sem var sameinuð Verði, en Lýsing varð systurfélag VÍS innan samstæðu Klakka frá 2006.

Árið 2005 keypti VÍS 54% í breska vátryggingafélaginu IGI Group Ltd. og hlut í norska vátryggingafélaginu Protector. Það eignarhald færðist til VÍS eignarhaldsfélags hf. árið 2006 sem sameinaðist Klakka sama ár. Eignarhluturinn í IGI Group Ltd. var seldur 2007.

Árið 2005 eignaðist VÍS meirihluta í Öryggismiðstöð Íslands hf. Það eignarhald færðist til VÍS eignarhaldsfélags hf. árið 2006 sem sameinaðist Klakka sama ár, en 2011 keypti VÍS hlut Klakka Í Öryggismiðstöðinni og seldi aftur í desember 2012.

VÍS var skipt upp í ársbyrjun 2006, þannig að upphaflega félagið annaðist áfram kjarnastarfsemi vátryggingafélagsins VÍS, en öll dóttur- og hlutdeildarfélög þess ásamt hluta varanlegra rekstrarfjármuna voru flutt í nýtt félag, VÍS eignarhaldsfélag hf., sem fór með fjárfestingar og eignarhald á VÍS, Lýsingu, Öryggismiðstöðinni, Verði, IGI, Protector og fleiri félögum. Eignarhaldsfélagið var svo sameinað Klakka í lok maí 2006, í kjölfar þess að Klakki hafði eignast félagið að fullu. Á árinu 2007 var VÍS aftur skipt upp og voru þá eignir að andvirði um 31 ma.kr. færðar yfir í Exista BV, systurfélag VÍS, en eigið fé VÍS lækkaði um sömu fjárhæð og samhliða kom 11

ma.kr. hlutafjáraukning sem greidd var með reiðufé. Þær eignir sem færðar voru frá VÍS til Exista BV samanstóðu að mestu af hlutabréfaeign í Kaupþingi banka hf. og var þessi aðgerð liður í að draga úr markaðsáhættu VÍS.

3.5 Hlutverk og markmið

Hlutverk VÍS er að vera traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd, sem og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Markmið VÍS er að verða það vátryggingafélag sem aðrir líta til sem fyrirmyndar, s.s; í rekstri, í ánægju viðskiptavina, í rafrænni þjónustu og í árangursríku forvarnarstarfi. Jafnframt því er markmið félagsins að gera góðan vinnustað framúrskarandi.

Gildi VÍS eru umhyggja, fagmennska og árangur og með þessi gildi að leiðarljósi er unnið að þeim lykiláherslum sem stefna félagsins byggir á.

3.6 Starfsemi og starfssvið

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkrar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Kjarni vátrygginga er sá að vátryggingartakinn fær, gegn greiðslu iðgjaldsins, loforð um að vátryggjandinn greiði honum eða þriðja manni bætur ef tiltekin áhætta verður virk. Í þessu sambandi er það undirskilið að vátryggjandinn taki að sér fleiri áhættur og jafni þeim niður eftir lögmálum tölfræðinnar. Að því leyti sem vátryggingastarfsemi snýr að inntaki einstakra vátrygginga og ákvörðun iðgjalds byggist hún fyrst og fremst á lögmálum hinna stóru talna í þeim skilningi að áhættumatið byggist á reynslu, sem safnað hefur verið í tímans rás, af tjónatíðni í stóru safni sambærilegra vátryggingarsamninga.

Eitt megineinkenni vátrygginga er að þeirri áhættu sem einstaklingur eða lögaðili býr við er dreift milli fleiri aðila sem allir búa við sömu eða sams konar áhættu. Þörf fyrir að takmarka eða útiloka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er að fullnægja með vátryggingum hefur lengi verið fyrir hendi en hefur aukist með viðgangi umfangsmikils atvinnurekstrar, tæknivæðingar og hvers konar tækjavæðingar í atvinnurekstri og í lífi einstaklinga

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga. Félagið starfrækir 41 þjónustuskrifstofu víðsvegar um land og eru starfsmenn fyrirtækisins um 225 talsins í um 216 stöðugildum. VÍS leggur áherslu á það að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

Helstu vátryggingagreinar félagsins eru eignatryggingar, sjó- og farmtryggingar, lögboðnar ökutækjatryggingar, frjálsar ökutækjatryggingar, ábyrgðartryggingar, slysatryggingar og erlendar endurtryggingar. Auk þess á félagið og rekur líftryggingafélagið Lífís sem býður upp á persónutryggingar á borð við líf- og sjúkdómatryggingar.



3.7 Skrifstofa forstjóra

Forstjóri félagsins er Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Undir skrifstofu forstjóra falla lögfræðiráðgjöf, fjárfestingar, áhættustýring og endurtryggingar.

3.7.1 Lögfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf annast ráðgjöf við öll svið félagsins, t.d. vegna samningagerðar og skilmálagerðar og sinnir fyrirspurnum vegna lögfræðilegra álitaefna. Lögfræðiráðgjöf hefur ennfremur umsjón með samskiptum við opinbera aðila, s.s. Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Samtök fjármálafyrirtækja. Fylgist með breytingum á lagaumhverfi og kemur sjónarmiðum VÍS á framfæri. Lögfræðiráðgjöf sinnir enn fremur undirbúningi stjórnar- og hluthafafunda og ritarastörfum fyrrgreindra funda. Starfsmenn lögfræðiráðgjafar eru tveir. Forstöðumaður er Ólafur Lúther Einarsson hdl.

3.7.2 Áhættustýring

Innan VÍS er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta, lausafjáráhætta og vátryggingaáhætta. Unnið er að innleiðingu samhæfðar áhættustýringar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Þá vinnur stýrihópur að undirbúningi vegna væntanlegrar nýrrar löggjafar um vátryggingastarfsemi svokallaðrar „Solvency II“ tilskipunar. Jafnframt hafa verið skipaðir vinnuhópar til að sjá um einstaka þætti samkvæmt kröfum tilskipunarinnar. Nánari umfjöllun um áhættur í rekstri VÍS má finna undir kafla *1 Áhættuþættir*. Starfsmenn áhættustýringar eru tveir. Forstöðumaður er Ragnar Þ. Ragnarsson.

3.7.3 Fjárfestingar

Fjárfestingar sjá um að halda utan um og ávaxta eignir í eignasafni VÍS. Fjárfestingar móta fjárfestingarstefnu með stjórn félagsins, greina fjárfestingarkosti og annast kaup og sölu fjármálagerninga. Fjárfestingarekstur er mikilvægur hluti af starfsemi VÍS og heyrir undir forstjóra félagsins. Frekari umfjöllun um fjárfestingar og fjárfestingastefnu má finna undir kafla *1 Áhættuþættir og 6 Fjárhagsyfirlit 1. janúar 2010 – 31. desember 2012*. Forstöðumaður er Tryggvi Guðbrandsson.

3.8 Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er Örn Þorbergsson, hann er ráðinn af stjórn félagsins og starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og starfslýsingu frá stjórn. Meginverkefni innri endurskoðunar er að meta hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé í fullnægjandi horfi þannig að:

Áhætta sé greind með fullnægjandi hætti og henni stjórnað.
Mikilvægar upplýsingar séu nákvæmar, áreiðanlegar og viðeigandi.
Gjörðir starfsmanna samræmist stefnu og verklagsreglum.
Verðmæta sé gætt, þau nýtt og þeirra aflað með sem hagkvæmustum hætti.
Markmiðum sé náð og áætlanir standist.
Stöðugt gæða- og umbótastarf sé samþætt eðlilegri starfsemi.
Farið sé að lögum og reglum.

Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins. Lögð er áhersla á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Rekstur innri endurskoðunar er hluti af skipulagi VÍS og þáttur í eftirlitskerfi félagsins.

3.9 Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórar sex meginsviða VÍS mynda framkvæmdastjórn félagsins með forstjóra.

3.9.1 Vátryggingasvið

Vátryggingasvið ber ábyrgð á vátryggingarekstri VÍS og Lífís. Í því felst m.a. að annast áhættumat við sölu vátrygginga og setja starfsreglur þar að lútandi. Sviðið hefur umsjón með verðlagningu og semur iðgjaldaskrár auk þess að annast skilmálagerð. Vátryggingasvið hefur einnig umsjón með stofnumsýslu og vöruþróun. Forvarnir eru einnig á ábyrgð vátryggingasviðs. Erlend starfsemi félagsins heyrir einnig undir vátryggingasvið. Starfsmenn eru 30 í 29,7 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Friðrik Bragason.

3.9.2 Tjónasvið

Tjónasvið ber ábyrgð á tjónaskoðunum, bótaákvörðunum og uppgjöri tjóna auk þess að vera viðskiptavinum félagsins og öðrum starfsmönnum þess til ráðuneytis í öllum málum er tengjast tjónum. Undir tjónasvið fellur einnig að framfylgja stefnu félagsins gagnvart vátryggingasvikum. Starfsmenn eru 50 í 47 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Agnar Óskarsson.

3.9.3 Sölu- og þjónustusvið

Sölu- og þjónustusvið ber ábyrgð á þjónustu og sölu líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana auk þess að reka þjónustunet VÍS og sjá um markaðs- og kynningarmál félagsins. Starfsmenn eru 90 í 86,6 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Auður Björk Guðmundsdóttir.

3.9.4 Fjármálasvið

Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu, skýrslugerð, uppgjöri, reikningshaldi og áætlunum VÍS og Lífís. Auk þess heyra rekstrarmál fyrirtækisins undir Fjármálasvið. Starfsmenn eru 18 í 16,1 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Guðmar Guðmundsson.

3.9.5 Þróunarsvið

Hlutverk Þróunarsviðs er að vera leiðandi í breytingum og framþróun innan VÍS. Undir það falla ferlar, gæðamál, verkefnastjórnun og upplýsingatækni. Meðal verkefna er að styðja við kjarnastarfsemi fyrirtækisins með upplýsingatækni, auka skilvirkni í rekstri með bestun viðskiptaferla, fylgja eftir samræmdum vinnubrögðum með

gæðamálum og tryggja framgang lykilverkefna með faglegri verkefnastjórnun. Starfsmenn eru 23 í 22,8 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Þorvaldur Jacobsen.

3.9.6 Mannauðssvið

Mannauðssvið ber ábyrgð á mannauðsmálum, fræðslumálum, ráðningum og launavinnslu auk þess að veita starfsmönnum og stjórnendum ráðgjöf. Jafnframt tilheyrir rekstur mötuneytis sviðinu. Starfsmenn eru sex í 5,9 stöðugildum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Anna Rós Ívarsdóttir.

3.10 Dótturfélög

Einungis eitt mikilvægt dótturfélag er í eigu VÍS, þ.e. Líftryggingafélag Íslands hf. (Lífís). VÍS á 99,9% í Lífís á móti 0,1% eignarhluta Múlabergs ehf., sem er í 100% eigu VÍS. VÍS keypti Lífís af móðurfélagi sínu, Klakka ehf., í mars 2012. Með kaupunum hyggst félagið styrkja rekstur beggja félaga og auka þjónustuframboð þeirra enn frekar. Nánari umfjöllun um rekstur Lífís má finna hér neðar í kafla *3.11 Lífís*.

3.11 Skaðatryggingar VÍS

Vátryggingar eru flokkaðar í frumtryggingar og endurtryggingar. VÍS starfar fyrst og fremst á sviði frumtrygginga á Íslandi en félagið hefur einnig tekið þátt í erlendum endurtryggingasamningum. Það eru vátryggingasamningar sem vátryggingafélag gerir við einstaklinga eða fyrirtæki sem það selur vátryggingar. Af skaðatryggingunum eru ökutækjatryggingar stærsta grein félagsins eða um 47% af heildariðgjöldum VÍS. Önnur stærsta greinin er eignatryggingar með um 26% af heildariðgjöldum félagsins. VÍS er með starfsleyfi í eftirfarandi vátryggingagreinum, *bæði til frum- og endurtrygginga*:

Vátryggingagreinar	**Vátryggingagreinar**
Slysatryggingar (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar)	Almennar ábyrgðartryggingar
Sjúkratryggingar (veikindi, heilsutjón)	Greiðsluvátryggingar
Húftryggingar ökutækja	Efndavátryggingar
Járnbrautatryggingar	Fjárhagslegar vátryggingar
Húftryggingar loftfara	Réttaraðstoðartryggingar
Húftryggingar skipa og báta	Ferðamannaaðstoð
Flutningatryggingar	Ábyrgðartryggingar ökutækja
Eignatryggingar (bruni og náttúruöfl)	Ábyrgðartryggingar loftfara
Aðrar eignatryggingar	Ábyrgðartryggingar skipa og báta. Ábyrgð vegna notkunar á sjó, vötnum, fljótum, og síkjum, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda

Hér að neðan má sjá skiptingu iðgjalda VÍS eftir skaðatryggingagreinum fyrir árið 2012:



3.11.1 Ökutækjatryggingar

Ökutækjatryggingar greinast í lögboðnar ökutækjatryggingar og frjálsar ökutækjatryggingar. Þær bæta tjón vegna umferðaróhappa og slysa. Ábyrgðartrygging ökutækis og slysatrygging ökumanns eru lögboðnar vátryggingar og eru stærstar af greinum VÍS eða um 33%.

Til frjálsra ökutækjatrygginga teljast m.a. kaskótrygging og bílrúðutrygging. Eftirspurn eftir frjálsum ökutækjatryggingum hefur aukist með árunum með tilkomu bílalána og kaupleigusamninga sem í boði eru fyrir kaupendur bifreiða.

3.11.2 Eignatryggingar

Eignatryggingar eru vátryggingar á eignum og verðmætum einstaklinga og heimila, sem og í atvinnurekstri. Stærstar þessara vátrygginga eru húseigendatrygging og brunatrygging fasteigna, sem er lögboðin. Aðrar vátryggingar undir þessum flokki eru innbústryggingar fjölskyldutrygginga, heimilistryggingar, lausafjártryggingar fyrir einstaklinga og atvinnurekstur, ferðatryggingar, dýratryggingar og rekstrartryggingar.

VÍS er með sterka markaðsstöðu á sviði fjölskyldu- og heimilistrygginga og býður upp á víðtækar vörur undir merkjum F plús.

3.11.3 Sjúkra- og slysatryggingar

Sjúkra- og slysatryggingar eru vátryggingar þar sem bætur eru greiddar verði vátryggður fyrir slysi eða heilsutjóni. Helstu gerðir slysatrygginga eru almennar slysatryggingar einstaklinga, fjölskylduslysatryggingar; samningsbundnar slysatryggingar ýmissa starfsstétta og slysaþáttur ferðatrygginga. Slysatryggingar einstaklinga og ferðatryggingar geta verið boðnar saman eða hvorar í sínu lagi.

3.11.4 Ábyrgðartryggingar

Ábyrgðartryggingar eru samheiti yfir sérstakar vátryggingar sem bæta tjón vegna skaðabótaábyrgðar gagnvart þriðja manni samkvæmt lögum og eru þær á boðstólum fyrir atvinnurekstur, ýmsa þjónustustarfsemi og einstaklinga. Algengast er að ábyrgðartryggingar einstaklinga séu hluti af samsettum vátryggingum, t.d. fjölskyldu- og fasteignatryggingum. Í seinni tíð hafa komið fram nýjar tegundir ábyrgðartrygginga, s.s. starfsábyrgðartryggingar ýmissa starfsstétta og framleiðsluábyrgðartryggingar.

3.11.5 Sjó- og farmtryggingar

Sjótryggingar eru samheiti yfir vátryggingar á efnislegum verðmætum í útgerð og rekstri skipa og báta. Má þar nefna skipatryggingar, afla- og veiðarfæratryggingar og farangurstryggingar skipverja.

Farmtryggingar vátryggja farm í flutningum innanlands og til og frá landinu.

3.12 Lífís

Tilgangur Lífís er rekstur hverskonar líftryggingastarfsemi með það að markmiði að stuðla að bættri þjónustu við vátryggingartaka og hagkvæmari rekstri. Einnig er félaginu heimil lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Starfssvæði félagsins eru þau ríki sem aðild eiga að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Lífís og VÍS hafa gert með sér þjónustusamning þess efnis að VÍS leggur Lífís til aðstöðu og þjónustu til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta VÍS til allra þátta í rekstri Lífís. Með samningnum annast VÍS fyrir Lífís verkefni á borð við sölu vátrygginga, skráningu og ákvörðun bótaskyldu, áhættustýringu, eignastýringu, sölu- og markaðsmál, bókhald, starfsmannahald og samskipti við yfirvöld og eftirlitsaðila. VÍS fær greiddar þóknanir fyrir hina veittu þjónustu samkvæmt samningnum. Í þjónustusamningnum er sérstaklega kveðið á um að fjármunir Lífís skuli aldrei standa til ábyrgðar skuldbindingum VÍS.

Lífís er með starfsleyfi í eftirfarandi vátryggingagreinum:

Frumtryggingar	Endurtryggingar
Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu	Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu
Hjóna- og barnalíftryggingar	Hjóna- og barnalíftryggingar
Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu	Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu
Heilsutryggingar	Heilsutryggingar
Slysatryggingar (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar)	Aðrar líftryggingar
Sjúkratryggingar (veikindi, heilsutjón)	

Hér að neðan má sjá hvernig vátryggingar Lífís skiptast á milli greina fyrir árið 2012:



3.12.1 Líftryggingar

Algengustu líftryggingarnar eru vísitölubundnar áhættulíftryggingar einstaklinga eða hópa þar sem einungis dánaráhætta er vátryggð.

Líftrygging getur skipt sköpum til að eftirlifandi fjölskylda geti endurskipulagt líf sitt eftir fráfall fjölskyldumeðlims. Engu máli skiptir hvort orsökin er slys eða sjúkdómur.

Langstærstur hluti iðgjalda Lífís er frá líftryggingum eða 58%.

3.12.2 Heilsutryggingar

Undir heilsutryggingar falla sjúkadómatryggingar auk slysatrygginga. Greinist hinn vátryggði með einhvern af tilteknum sjúkdómum sem vátryggingin nær til eða þurfi hann að gangast undir aðgerð eru honum greiddar bætur.

Meginpartur af iðgjöldum afkomutrygginga kemur í gegnum svokallað iðgjaldafrelsi líf- og sjúkdómatrygginga. Það þýðir að ef sjúkdómur eða slys veldur hinum vátryggða skertri starfsorku sem nemur helmingi eða meira á hann rétt á hlutfallslegri lækkun eða niðurfellingu iðgjalds.

3.13 Mannauður

Hjá VÍS starfar metnaðarfullt og framsækið fólk með ríka þjónustulund sem endurspeglar gildi fyrirtækisins í daglegu starfi sínu, umhyggju, fagmennsku og árangur.

Mælingar sýna að starfsánægja, starfsandi, tryggð og hollusta eru með því besta sem þekkist meðal íslenskra fyrirtækja. Löng hefð er fyrir starfsmannakönnunum hjá VÍS og markvisst er unnið með niðurstöður þeirra. Árlega er framkvæmd könnun meðal starfsmanna þar sem innra umhverfi, menning og stjórnun eru metin. VÍS leggur áherslu á vellíðan starfsmanna í starfi og góðan aðbúnað. Með því að mæla reglulega viðhorf starfsmanna og bregðast við áskorunum sem koma upp er styrkleikum í starfsumhverfinu viðhaldið. Könnun í lok árs 2012 sýnir að ánægja starfsmanna eykst á milli ára í þeim þáttum sem mestu máli skipta fyrir velgengni fyrirtækisins, og hafa svokallaðar kjarnaspurningar vinnustaðagreininga sem framkvæmdar eru af Capacent Gallup aldrei komið eins hátt út og nú með meðaltalið 4,42, en meðaltal íslenskra fyrirtækja er 4,04. Yfir 80% atriðanna í könnuninni lenda á svokölluðu styrkleikabili og eru betri en gengur og gerist hjá íslenskum fyrirtækjum. Þær spurningar sem koma hæst út snúa allar að næsta yfirmanni og ber niðurstaðan vott um góða stjórnun og gott samband milli stjórnenda og starfsmanna. Þau atriði þar sem mest er skarað úr því sem almennt gerist snúa að umræðu um frammistöðu og hrós. Markvisst hefur verið unnið að því með stjórnendahópnum að auka hrós og endurgjöf, meðal annars með endurhönnun á árlegum frammistöðusamtölum á árinu 2012. Lögð hefur verið áhersla á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna og starfsmenn telja sig vera vel upplýsta um mikilvægar breytingar, stefnu félagsins og annað sem skiptir þá máli í starfinu.

Félagið hefur sett sér jafnréttisstefnu og stjórnendur hafa unnið út frá jafnréttisáætlun undanfarin ár. Á árinu 2011 hlaut VÍS Jafnlaunamerki PWC, en merkið er veitt þeim fyrirtækjum sem gert hafa svokallaða jafnlaunaúttekt hjá sér. VÍS hefur árlega tekið þátt í launakönnun PWC til að fylgjast með markaðslaunum. Undanfarin þrjú ár hefur PWC samhliða launakönnuninni verið metið hvort til staðar sé kynbundinn launamunur hjá VÍS og hvernig hann birtist.

Fræðslumál skipa stóran sess í starfseminni og metnaðarfullt fræðslustarf er í gangi árið um kring. Lögð er áhersla á að starfsmenn þekki vöruframboð og ferla félagsins. Jafnframt því er boðið upp á fræðslu sem gerir fólki kleift að þroskast og þróast í starfi. Á árinu 2012 hlotnaðist VÍS sá heiður að fá viðurkenninguna „Dale Carnegie Leadership Award“ viðurkenninguna sem veitt er fyrirtækjum sem skara fram úr í starfsþróun.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá VÍS var 228 árið 2012, 234 árið 2011 og 220 árið 2010. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda er sundurgreindur frekar í köflum 3.7-3.9 .

Starfsmannafjöldi VÍS í lok árs 2012 var 225 og meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 228. Það störfuðu 7 á skrifstofu forstjóra, við áhættustýringu, fjárfestingar og lögfræðiráðgjöf, einn í innri endurskoðun, á vátryggingasviði störfuðu 30, 50 á tjónasviði, 90 á sölu- og þjónustusviði, 18 á fjármálasviði, 23 á þróunarsviði og 6 á mannauðssviði. VÍS starfrækir 41 þjónustuskrifstofu víðsvegar um landið og þar af eru 181 starfsmaður á höfuðborgarsvæðinu og 44 starfsmenn staðsettir á landsbyggðinni.

VÍS býr að því að starfsmannavelta er lág, að meðaltali 3,5% á ári undanfarin 5 ár og meðalstarfsaldur er um 10 ár. Tæplega helmingur starfsmanna, eða 47%, hefur háskólamenntun. Meðalaldur starfsmanna er 45 ár. Kynjaskipting er nokkuð jöfn en 129 karlar og 96 konur starfa hjá félaginu. Í framkvæmdastjórn eru 3 konur og 4 karlar og tæp 40% millistjórnenda eru konur.

3.14 Forvarnir

Hluti af stefnu VÍS er að vera leiðandi vátryggingarfélag á sviði forvarna. Forvarnir eru sýnilegur hluti af starfseminni og hafa þann tilgang að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Í forvarnarstefnu VÍS felst m.a. að allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í þjónustu sinni við viðskiptavini. Forvarnir eru hluti af fyrirtækjamenningu VÍS og mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins. Aðaláherslur forvarnarstarfsemi VÍS eru:

- Fræðsla og upplýsingastarfsemi
- Samfélagslegar aðgerðir til tjónavarna
- Samstarf er við viðskiptavini um beinar fyrirbyggjandi aðgerðir hjá þeim
- Ráðgjafarstarfsemi og þjónusta á sviði forvarna og öryggismála

VÍS var fyrst vátryggingafélaga til þess að ráða sérstakan forvarnafulltrúa sem eingöngu vinnur á sviði forvarna og öryggismála. Nú í dag eru tveir starfsmenn sem eru sérfræðingar í forvörnum hjá félaginu, í einstaklingsforvörnum og fyrirtækjaforvörnum. Helstu verkefni VÍS á sviði forvarna hafa verið ýmiss konar ráðgjafarstarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja. Fræðslustarfsemi á sviði umferðaröryggismála, brunavarna, þjófavarna, vatnstjónavarna og almennra slysavarna hafa skipað stóran sess, auk útleigu á barnabílstólum.

3.15 Helstu markaðir

VÍS starfar á vátryggingamarkaði. Meginstarfsemi félagsins er á Íslandi en félagið tekur einnig þátt í erlendri endurtryggingastarfsemi.

Löggjöf um vátryggingar og vátryggingastarfsemi er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar eru reglur um vátryggingarsamninga, þ.e. um réttarsambandið milli vátryggingartaka og vátryggjandans (félagsins). Hins vegar eru reglur, opinbers réttar eðlis, um vátryggingafélög, stofnun þeirra og skilyrði fyrir því að þau hafi starfsleyfi, og um eftirlitskerfi með þeirri starfsemi. Lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 gera greinarmun á skaða- og líftryggingastarfsemi og gera kröfu um að líftryggingastarfsemi sé ekki rekin með annarri frumtryggingastarfsemi. Af þessum sökum er íslenski vátryggingamarkaðurinn tvískiptur á milli skaða- og líftryggingafélaga.

3.15.1 Skaðatryggingar

Skaðatryggingar skiptast í margar vátryggingagreinar á borð við eignatryggingar, ökutækjatryggingar, sjúkra- og slysatryggingar, ábyrgðartryggingar og sjó- og farmtryggingar.

Fjögur félög bjóða skaðatryggingar á Íslandi, þau eru: Vátryggingafélag Íslands hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf. og Vörður tryggingar hf. Heildar eigin iðgjöld vátryggingafélaga án Viðlagatryggingar á árinu 2011 námu tæpum 40 ma.kr., þar af voru eigin iðgjöld VÍS rúmir 15 ma.kr. Hér að neðan er farið stuttlega yfir helstu samkeppnisaðila VÍS á markaði.

- Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) eiga rætur sínar að rekja allt aftur til 1918 þegar Sjóvá tryggingafélag Íslands var stofnað sem sameinaðist Almennum tryggingum árið 1989. Félagið er með 11 útibú og 36 þjónustuskrifstofur um allt land, hjá félaginu starfa um 200 manns. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 var félagið endurreist á nýjum grunni og árið 2011 var meirihluti hlutafjár seldur SF1 slhf., sem er félag í umsjón Stefnis hf., en að því stendur dreifður hópur fjárfesta. Eigin iðgjöld Sjóvá á árinu 2011 námu 10,5 ma.kr.
- Tryggingamiðstöðin hf. (TM) var stofnuð árið 1956 af aðilum tengdum sjávarútvegi. Félagið er með 22 umboðsskrifstofur víðsvegar um landið og hjá félaginu starfa um 130 manns. Árið 2011 seldu Stoðir hf. 60% eignarhlut til dreifðs hóps fjárfesta. Eigin iðgjöld TM á árinu 2011 námu rétt rúmum 10 ma.kr.

- Vörður tryggingar hf. (Vörður) á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1926 þegar Vélbátasamtrygging Eyjafjarðar var stofnað. Formi og nafni félagsins var síðar breytt úr Vélbátatrygging Eyjafjarðar gt. í Vörður tryggingar hf. Félagið rekur 4 skrifstofur í helstu þéttbýliskjörnum landsins og er með ríflega 50 starfsmenn. Eigandi félagsins er BankNordik. Eigin iðgjöld Varðar á árinu 2011 námu rétt tæpum 4 ma.kr.

Undanfarin ár hefur íslenskur vátryggingamarkaður markast mikið af efnahagshruninu á Íslandi 2008 og laga- og reglugerðarbreytingum sem fylgdu í kjölfarið. Félögin sem starfa á markaðinum hafa lagt mikla vinnu í að aðlaga reksturinn að breyttu umhverfi (s.s. auknum rekstrarkostnaði t.d. vegna nýrra og hærri skatta og væntinga um lægri fjárfestingartekjur) og að endurskoða stefnumörkun sína. Fyrirhuguð innleiðing Solvency II tilskipunarinnar hefur einnig haft áhrif á þau félög sem starfa á vátryggingamarkaði en óvissa ríkir um innleiðingu tilskipunarinnar þó opinber gögn geri ráð fyrir innleiðingu árið 2014. Samdráttur í efnahagslífinu og aukin samkeppni hefur leitt til þess að iðgjöld hafa ekki vaxið að raungildi síðustu ár en líkt og með aðrar vörur og þjónustu kunna neytendur að endurskoða þörf sína og þá vátryggingavernd í tilfelli þjónustuframboðs vátryggingafélaga. Almennt má hins vegar segja að efnahagslægðir hafi einnig þau áhrif að tjónatíðni lækkar.

Þróun og raunvöxtur iðgjalda skaðatrygginga á Íslandi 2007-2011



Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Ársreikningar vátryggingafélaga 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/. Hagstofa Íslands. Talnaefni. Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988. http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds.

Nafnhækkanir eru sýndar í kössum á ofangreindri mynd en hækkanir að teknu tilliti til almennra verðlagshækkana eru sýndar á hringjunum.

Sé hins vegar litið lengra aftur í tímann og árlegur vöxtur iðgjalda einstakra vátryggingagreina borinn saman við verðlagsþróun hefur verið nokkur vöxtur umfram verðlagsþróun í öllum greinum utan sjó- og farmtrygginga. Ef tímabilið 2004 til 2011 er skoðað nam árleg verðlagshækkun 7,4% en á sama tíma nam árlegur vöxtur iðgjalda frjálsra ökutækjatrygginga 10,8%, vöxtur iðgjalda lögboðinna ökutækjatrygginga 7,4%, árlegur vöxtur iðgjalda eignatrygginga 10,0% auk vaxtar í slysa- og sjúkratryggingum sem samsvaraði 12,2% árlegum vexti á þessu tímabili.

Árlegur vöxtur iðgjalda á Íslandi 2004-2011

Skaðatryggingar



Línan í grafinu sýnir árlegar verðlagshækkanir að meðaltali fyrir tímabilið.

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Ársreikningar vátryggingafélaga 2001-2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/. Hagstofa Íslands. Talnaefni. Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988. http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds.

Samkeppni á markaðinum er mikil og námu heildariðgjöld á skaðatryggingamarkaði um 42,2 ma.kr árið 2011 samanborið við 42,8 ma.kr. veltu árið 2010. VÍS er með um 36% markaðshlutdeild, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. með um 28% markaðshlutdeild, Tryggingamiðstöðin hf. með um 26% markaðshlutdeild og Vörður tryggingar hf. með um 10% markaðshlutdeild. Þrjú stærstu félögin eru því með um 90% markaðshlutdeild. Á vátryggingamarkaði er mikilvægt að fyrirtækin sem þar starfa njóti trausts. Þeir aðilar sem starfa á íslenska vátryggingamarkaðnum hafa á síðastliðnum árum byggt upp það traust, bæði með þjónustu sinni og fjárhagslegum styrkleika. Samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008 telur eftirlitið þetta geta takmarkað aðgengi nýrra og smærri aðila á markaðinn en eftirlitið telur að lítið hafi verið um það undanfarin ár að nýir aðilar nái að hasla sér völl á vátryggingamarkaðnum. Það er hins vegar ekki í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað á markaðinum, en á tímabilinu 2007-2011 hefur minnsta vátryggingarfélagið af fjórum stærstu aukið markaðshlutdeild sína á kostnað þriggja stærstu félaganna. Auk þess má velta því upp hvort smæð landsins hafi áhrif á ákvarðanatöku erlendra vátryggingafélaga um að opna starfsstöðvar hér á landi.

Markaðshlutdeild skaðatryggingafélaga (frumtryggingar)



Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Ársreikningar vátryggingafélaga 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/.

Samsetning vátryggingastofns vátryggingarfélaganna er ólík. Vátryggingastofn VÍS er dreifður meðal vátryggingagreina og byggir að stórum hluta á vátryggingum til einstaklinga. Það er mat stjórnenda VÍS að sama megi segja um vátryggingastofn Sjóvá. Stjórnendur VÍS telja að vátryggingastofn Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. sé að stærri hluta vátryggingar til fyrirtækja og má þar til dæmis nefna ríflega 60% markaðshlutdeild þeirra í sjó- og farmtryggingum árið 2011.

Markaðshlutdeild innan vátryggingagreina skaðatrygginga árið 2011



Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/.

Fjárhæðir hér að ofan eru iðgjöld ársins 2011 í hverri vátryggingagrein innan skaðatrygginga.

Hér að neðan er fjallað um helstu þætti í rekstri einstakra vátryggingagreina, þ.e. eignatrygginga, sjó- og farmtrygginga, ökutækjatrygginga, ábyrgðartrygginga og slysa- og sjúkratrygginga, og settar fram upplýsingar um iðgjöld einstakra félaga á markaðnum.

Eignatryggingar

Stærstu liðir í flokki eignatrygginga eru brunatryggingar húseigna og lausafjár, heimilistryggingar sem fela í sér bætur vegna tjóna á innbúi vegna bruna, vatns og innbrots, og svo húseigendatryggingar sem bæta tjón á húseigninni sjálfri. Hér að neðan má sjá iðgjöld vátryggingafélaganna í þessari vátryggingagrein fyrir árin 2010 og 2011.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	4.149	4.114	4.081
Sjóvá		3.096	3.091
TM		2.002	1.916
Vörður		974	907

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ *og ársreikningur VÍS 2012.*

VÍS er hér með stærstan hlutann af markaðnum út frá iðgjöldum, eða um 40% hlutdeild, samanborð við ríflega 30% hlutdeild Sjóvá.

Sjó- og farmtryggingar

Í sjó- og farmtryggingum er TM með mestu hlutdeildina á markaðnum út frá iðgjöldum, eða tæplega 62%, en félagið hefur verið sterkt á þessum markaði um nokkurt skeið. VÍS er annar stærsti aðilinn á þessum markaði með um 20% hlutdeild árið 2011.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	514	532	523
Sjóvá		473	465
TM		1.709	1.615
Vörður		155	145

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ og ársreikningur VÍS 2012.

Lögboðnar ökutækjatryggingar

Markaðshlutdeild VÍS í lögboðnum ökutækjatryggingum árið 2011 nam 35,5% en næst á eftir VÍS kom Sjóvá með 28,8%. TM var með 21,5% markaðshlutdeild og Vörður um 14,1%.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	5.166	4.932	4.975
Sjóvá		3.991	3.931
TM		2.989	3.097
Vörður		1.963	1.862

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ og ársreikningur VÍS 2012.

Frjálsar ökutækjatryggingar

Markaðshlutdeild vátryggingafélaga í þessum flokki er sambærileg og lögboðinna ökutækjatrygginga. VÍS er stærst árið 2011 með 36% hlutdeild. Markaðshlutdeild Sjóvá var 28% og TM var með tæplega 23%. Vörður var með markaðshlutdeild upp á ríflega 11%.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	2.318	2.321	2.394
Sjóvá		1.939	1.950
TM		1.469	1.568
Vörður		724	686

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ *og ársreikningur VÍS 2012.*

Ábyrgðartryggingar

Ábyrgðartryggingar skiptast í frjálsar ábyrgðartryggingar og starfsábyrgðartryggingar sem flestar eru lögboðnar. Markaðshlutdeild VÍS árið 2011 nam 39,7%, Sjóvá 31,9%, TM 20,8% og hlutdeild Varðar nam 7,6%.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	891	867	866
Sjóvá		697	829
TM		455	336
Vörður		165	126

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ og ársreikningur VÍS 2012.

Eðli ábyrgðartrygginga er þannig að langur tími getur liðið frá því að tjón verður þar til hægt er að ljúka uppgjöri þess. Einnig getur langur tími liðið frá því að atburður á sér stað og ljóst að tjón hefur orðið. Má þar nefna sem dæmi að dómstólar þurfa ef til vill að skera úr um hvort tjón hafi orðið og hver bar ábyrgð. Ljóst er því að skaðabótaréttur kann að hafa áhrif á afkomu þessarar greinar, svo og túlkun dómstóla á gildandi ákvæðum.

Slysa- og sjúkratryggingar

Tryggingamiðstöðin var með mestu markaðshlutdeildina í slysa- og sjúkratryggingum á árinu 2011 með um 39,7% hlutdeild en VÍS kom þarf á eftir með um 34,9%. Iðgjöld VÍS á árinu 2011 af slysa- og sjúkratryggingum námu 1.804 m.kr.

Iðgjöld *(m.kr.)*	**2012**	**2011**	**2010**
VÍS	1.803	1.804	1.719
Sjóvá		1.015	927
TM		2.022	2.030
Vörður		235	181

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011 og Vátryggingagreinar 2010. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/ og ársreikningur VÍS 2012.

3.15.2 Líftryggingar

Íslensk lög kveða á um að líftryggingastarfsemi megi ekki reka með annarri frumtryggingastarfsemi. Helstu vátryggingargreinar líftryggingafélaganna eru líftryggingar, slysatryggingar, sjúkratryggingar og söfnunarlíftryggingar. Heildariðgjöld (bókfærð iðgjöld) íslenskra líftryggingafélaga árið 2011 námu 3,4 ma.kr. og

skiptast á milli áhættulíftrygginga (1,8 ma.kr.), heilsu-, afkomu- og sjúkdómatrygginga (1,5 ma.kr.) og söfnunarlíftrygginga (0,1 ma.kr.).

Árlegur vöxtur iðgjalda heilsu-, afkomu- og sjúkdómatrygginga nam 11,1% fyrir tímabilið 2004 til 2011 en á sama tíma nam árleg verðlagshækkun 7,0%. Vöxtur líftrygginga fyrir sama tímabil nam 11,0% en iðgjöld söfnunarlíftrygginga hafa dregist saman sem nemur 25,4% árlegri lækkun, sem má annars vegar rekja til minna framboðs íslensku vátryggingafélaganna á áður nefndum vörum, m.a. vegna gjaldeyrishafta auk samkeppni frá umboðsaðilum erlendra líftryggingafélaga hér á landi sem eru undanþegin gjaldeyrishöftunum.

Árlegur vöxtur iðgjalda persónutrygginga á Íslandi 2004-2011



Línan í grafinu sýnir árlegar verðlagshækkanir að meðaltali fyrir tímabilið.

Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Ársreikningar vátryggingafélaga 2001-2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/. Hagstofa Íslands. Talnaefni. Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988. http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Visitala-neysluverds.

Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís), dótturfélag VÍS, er þriðja stærsta líftryggingafélagið á Íslandi með 656 m.kr. í eigin iðgjöld árið 2011 eða 24% markaðshlutdeild. Eigin iðgjöld allra líftryggingafélaganna á markaðinum fyrir árið 2011 námu 2,8 ma.kr.

Helsti samkeppnisaðili Lífís á líftryggingamarkaði er Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá-Líf), dótturfélag Sjóvá, sem er stærst á þessum markaði með 34% markaðshlutdeild en eigin iðgjöld þess árið 2011 námu 932 m.kr. Annað stærsta líftryggingafélagið er Okkar líftryggingar hf. í eigu Arion banka með um 28% markaðshlutdeild og eigin iðgjöld að fjárhæð 951 m.kr. fyrir árið 2011. Líftryggingamiðstöðin hf. (TM-líf), dótturfélag TM, með um 10% markaðshlutdeild en eigin iðgjöld ársins 2011 námu 340 m.kr. Vörður líftryggingar hf. (Vörður-líf), dótturfélag Varðar, er minnst með 4% markaðshlutdeild árið 2011 og 125 m.kr. í eigin iðgjöld sama ár. Líftryggingar erlendra líftryggingafélaga eru seldar hér á landi. Ekki liggja fyrir miklar opinberar upplýsingar um markaðshlutdeild þessara félaga hér á landi en fram kom í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins árið 2008, að markaðshlutdeild erlendra líftryggingafélaga hafi þá numið tæplega 50%. Sala á vátryggingum erlendra félaga fer fyrst og fremst fram í gegnum vátryggingamiðlara en auk þess rekur þýska líftryggingafélagið Allianz útibú hér á landi.

Markaðshlutdeild innan líftrygginga árið 2011



Heimild: Fjármálaeftirlitið. Tölulegar upplýsingar. Vátryggingagreinar 2011. http://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplysingar/.

4. STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN, YFIRSTJÓRN OG ENDURSKOÐENDUR

4.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir VÍS eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Í samþykktum er kveðið á um hluthafafundi í kafla 3, um stjórn og forstjóra í kafla 4 og um reikningshald, endurskoðun , arðsúthlutun og varasjóði, félagsslit og breytingu samþykkta í kafla 5. Gildandi starfsreglur stjórnar sem voru samþykktar af stjórn 26. febrúar 2013, eru settar skv. 1. málsl. 2. mgr. 54. gr. laga um vátryggingastarfsemi og 5. mgr. 70. gr. laga um hlutafélög og eru samþykktum félagsins til fyllingar.

Gildandi siðareglur sem taka til allra starfsmanna VÍS hafa einnig áhrif á stjórnarhætti félagsins, en þær voru samþykktar af stjórn VÍS þann 28. febrúar 2013.

Gildandi starfskjarastefna VÍS var samþykkt á aðalfundi félagsins, 7. mars 2013, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda VÍS. Starfskjarastefnan kveður m.a. á um að umbun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar sé ákveðin á aðalfundi félagsins, stjórn hafi svigrúm til að bjóða samkeppnishæf laun, gætt skuli að jafnréttissjónarmiðum, kaupaukar til starfsmanna séu heimilir á grundvelli kerfis sem stjórn hefur samþykkt enda uppfylli þeir kröfur laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012, en hvers konar greiðslur tengdar hlutum í félaginu séu óheimilar.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, samkvæmt því sem lög og samþykktir þess kveða á um. Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Til hluthafafunda skal boða þegar stjórn félagsins telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni. Til hluthafafunda skal boða með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara í samræmi við samþykktir félagsins og 88. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Til hluthafafunda skal boða með auglýsingu í dagblöðum eða með rafrænum hætti og skal fundarefnis getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef til hans er boðað samkvæmt samþykktum félagsins. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka skal boðað til nýs fundar innan fjórtán daga og geta þess að hann verði haldinn í stað þess fundar er áður var boðaður og eigi varð lögmætur.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum VÍS hafa allir hluthafar, fulltrúar endurskoðunarfélags þess og forstjóri. Endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Í samræmi við 13. gr. samþykkta félagsins og ákvæði 80. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 er kveðið á um að stjórn félagsins sé heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og hefur á hendi framkvæmdir fyrir félagið. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund og ræður afl atkvæða úrslitum. Þrír stjórnarmenn binda félagið með undirskriftum sínum.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Hluthafafundur kýs stjórnina með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru varamenn í stjórn varamenn tiltekinna aðalmanna samkvæmt ákveðinni röð. Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%. Í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna í starfsreglum stjórnar. Samkvæmt þeim skulu stjórnarmenn og forstjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð. Þeir skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Ef

stjórnarmann brestur almennt hæfi til að sinna stjórnarsetu skal hann skilyrðislaust víkja sæti og varamaður taka sæti hans. Í starfsreglum stjórnar er einnig kveðið á um sérstakt hæfi en stjórnarmenn og forstjóri skulu ávallt gæta almenns og sérstaks hæfis síns og geta allir stjórnarmenn krafist þess að stjórnarmaður eða forstjóri víki af fundi vegna hagsmunaárekstra.

Stjórn félagsins kýs sér formann og varaformann. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár samkvæmt samþykktum félagsins. Samkvæmt starfsreglum stjórnar skulu stjórnarfundir að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði en oftar telji stjórn ástæðu til. Stjórnarformanni er skylt að boða til fundar ef einn stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðendafirma félagsins krefst þess. Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og setur honum erindisbréf. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið að fengnum tillögum forstjóra þar um. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið.

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2013. Hana skipa Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Magnús Scheving Thorsteinsson, Ingi Rafn Jónsson, Guðrún Þorgeirsdóttir og Helga Jónsdóttir. Allir stjórnarmenn hafa staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins sem gert er í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 4. mgr. 54. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 sbr. reglur FME um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna vátryggingafélaga nr. 886/2012. Aðalfundur 7. mars 2013 samþykkti að stjórnarlaun almennra stjórnarmanna yrðu 200.000 kr. á mánuði en 400.000 kr. fyrir stjórnarformann. Aðalfundur samþykkti einnig að greidd yrði 100.000 kr. þóknun fyrir hvern aukafund sem stjórnarmaður sækir þó ekki fleiri en þrjá aukafundi í hverjum mánuði.

Núverandi varamenn í stjórn félagsins voru kosnir á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2013. Þeir eru Jón Sigurðsson, Brynja Dögg Steinsen, Guðmundur Þ. Pálsson, Óskar Hauksson og Ásbjörg Kristinsdóttir. Aðalfundur 7. mars 2013 samþykkti að stjórnarlaun varamanna í stjórn yrðu 100.000 kr. fyrir hvern fund sem varamaður í stjórn sækir.

Stjórnin telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði í leiðbeinandi tilmælum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórnin víkur þó frá tilmælunum að því leyti að hún hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd.

Stjórnin telur að ákvæðum framangreindra tilmæla um óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Um óhæði stjórnarmanna segir að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skuli vera óháðir stórum hluthöfum félagsins. Í stjórn VÍS eru allir núverandi stjórnarmenn óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Tveir stjórnarmenn eru óháðir stórum hluthöfum VÍS en það eru þau Benedikt Jóhannesson og Helga Jónsdóttir. Aðrir stjórnarmenn eru háðir Klakka ehf., stærsta eiganda VÍS, Magnús Scheving Thorsteinsson er forstjóri Klakka, Guðrún Þorgeirsdóttir er fjárfestingastjóri Klakka og Ingi Rafn Jónsson er rekstrarstjóri Klakka ehf.

Núverandi endurskoðunarnefnd félagsins var skipuð af stjórninni þann 22. mars 2013. Það er skoðun stjórnar að ákvæðum tilmælanna um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda og endurskoðunarfélagi félagsins og meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Allir nefndarmenn endurskoðunarnefndar eru óháðir endurskoðanda og endurskoðendum VÍS. Í endurskoðunarnefnd stjórnar sitja Vignir Rafn Gíslason, formaður, og Helga Jónsdóttir, sem bæði eru óháð félaginu og stórum hluthöfum þess, auk Jóns Arnar Guðmundssonar, fjármálastjóra Klakka, en hann er háður stærsta hluthafa VÍS. Vignir Rafn Gíslason er löggiltur endurskoðandi og einn af eigendum PricewaterhouseCoopers ehf. Vignir Rafn útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1992 og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi fjórum árum síðar. Hann hefur starfað fyrir PricewaterhouseCoopers ehf. í um 25 ár á sviði ytri og innri endurskoðunar, áreiðanleikakannanna, rannsókna og innra eftirlits. Vignir Rafn sinnti kennslu í Tækniskóla Íslands 1996-1997 og í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 1998–2001. Hann sat í reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) 1999-2003 og var stjórnarmaður síðasta árið. Árið 2001 var Vignir Rafn tilnefndur af FLE til að sitja í reikningsskilaráði, þar sem hann átti sæti til ársins 2005. Nefndarmenn þiggja laun fyrir störf sín í endurskoðunarnefnd og nemur fjárhæðin 40.000 kr. fyrir hvern setinn fund en 80.000 kr. fyrir formann.

Endurskoðunarnefnd VÍS skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin skal hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu: Auk þess skal nefndin fara yfir umfang endurskoðunar og endurskoðunaráætlunar félagsins með endurskoðendum þess sem og meta óhæði endurskoðanda

eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. Nefndinni er ætlað að setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Rekstur innri endurskoðunar er hluti af skipulagi VÍS og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn félagsins og starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og starfslýsingu frá stjórn. Innri endurskoðandi er Örn Þorbergsson, löggiltur endurskoðandi.

Starfskjaranefnd félagsins var skipuð þann 22. mars 2013 og er það skoðun stjórnar að ákvæðum tilmælanna um óhæði nefndarmanna í starfskjaranefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í starfskjaranefnd stjórnar eiga sæti Benedikt Jóhannesson, formaður, og Helga Jónsdóttir, sem bæði eru óháð félaginu og stórum hluthöfum þess, auk Magnúsar Scheving Thorsteinssonar, forstjóra Klakka, en hann er háður stærsta hluthafa VÍS. Nefndarmenn þiggja laun fyrir störf sín í starfskjaranefnd og nemur fjárhæðin 50.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Hlutverk og ábyrgð starfskjaranefndar er að undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins sem lögð er fyrir stjórn félagsins, undirbúa tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og undirbúa fyrir stjórn samninga við forstjóra og aðra starfsmenn, heyri þeir undir stjórn, um laun og önnur starfskjör. Auk þess er það meðal annars á ábyrgð nefndarinnar að hafa eftirlit með að starfskjarastefnu sé framfylgt, að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni og taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins. Nefndin skal leggja árlega fyrir stjórn félagsins skýrslu um störf starfskjaranefndar.

Á aðalfundi félagsins ár hvert skal tekin fyrir tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

Núverandi regluvörður félagsins er Margrét Arnheiður Jónsdóttir lögfræðingur hjá VÍS. Stjórn hefur einnig skipað Ólaf Lúther Einarsson sem staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 sé framfylgt hjá félaginu.

Á vefsíðu félagsins www.vis.is/fjarfestar má finna yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins. Þar er einnig að finna gildandi samþykktir félagsins, starfskjarastefnu, starfsreglur stjórnar, samandregnar upplýsingar um stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda, framkvæmdastjórn og endurskoðendur samstæðunnar, endurskoðaða ársreikninga síðustu þriggja rekstrarára og fjárhagsdagatal ársins.

4.2 Stjórn útgefanda

Formaður stjórnar

Nafn	**Benedikt Jóhannesson**
Fæðingardagur	4. maí 1955.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	BS í stærðfræði með aukagrein í hagfræði frá University of Wisconsin 1977, MS í tölfræði frá Florida State University, 1979, doktorsgráða (Ph.D.) í tölfræði, aukagrein stærðfræði, frá Florida State University 1981.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (stjórnarformaður), Nýherji hf. (stjórnarformaður), Applicon holding ehf. (stjórnarformaður), Íslenska óperan ses. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Roka ehf. (stjórnarformaður), N1 hf. (meðstjórnandi), EM13 ehf. (meðstjórnandi), Áning-fjárfestingar ehf. (meðstjórnandi og í framkvæmdastjórn), Stuðningsmenn Guðrúnar Pétursdóttur (stjórnarmaður).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri Talnakönnunar hf. 1984-, Vísbendingar 1995- framkvæmdastjóri Heims hf. 2000-, ritstjóri, ritstjóri SKÝ 2005-, ritstjóri Issues and Images 2005-, Sjálfstætt starfandi ráðgjafi einkum í tölfræðilegum og tryggingastærðfræðilegum verkefnum. Stofnandi Talnakönnunar 1984, stofnandi Greiðslumats ehf. 1991, stofnandi Útgáfufélagsins Heims hf. 2000, framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár-Almennra trygginga hf. 1989-1990, kennari við Háskóla Íslands frá 1982-1988, deildarstjóri stærðfræðideildar Verslunarskóla Íslands 1982-1986.

Stjórnarmaður

Nafn	**Magnús Scheving Thorsteinsson**
Fæðingardagur	30. október 1968.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	BS í viðskiptafræði frá American University of Paris 1994, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2008.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.

Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Lýsing hf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi), Skipti hf. (meðstjórnandi), Síminn hf. (meðstjórnandi), Míla ehf. (meðstjórnandi), Náttúra fiskirækt ehf. (meðstjórnandi), Þrengsli ehf., (varamaður) Pólstjarnan ehf. (varamaður), Mangi ehf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Árkaup ehf. (meðstjórnandi), Festun ehf. (varamaður), AB 163 ehf. (stjórnarmaður), Ingvar Helgason (meðstjórnandi), Bifreiðar & landbúnaðarvélar (meðstjórnandi), BL ehf. (meðstjórnandi), Lyfja ehf. (meðstjórnandi), Klakki ehf. (meðstjórnandi), VSS ehf. (meðstjórnandi), Vínkaup ehf. (stjórnarformaður).
Starfsreynsla	Forstjóri Klakka ehf. 2011, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar hjá VBS fjárfestingarbanka hf. 2007-2009, framkvæmdastjóri Icelandic France í París 1996-2005.

Stjórnarmaður

Nafn	**Helga Jónsdóttir**
Fæðingardagur	23. desember 1967.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992, héraðsdómslögmannsréttindi 1995.
Fyrst kjörinn	8. desember 2010.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi) og Algrím ehf. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Íslensk endurtrygging hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) 2008-2010, lögfræðingur hjá Sjóvá Almennum tryggingum hf. 1997-2007, fulltrúi lögmannsstofu Ingimundar Einarssonar hrl. 1994-1997, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands 1993-1995, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu 1992-1993.

Stjórnarmaður

Nafn	**Guðrún Þorgeirsdóttir**
Fæðingardagur	8. september 1979.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	BS í verkfræði við Háskóla Íslands 2003, MBA við HEC School of Management 2005, próf í verðbréfamiðlun 2012.
Fyrst kjörinn	8. desember 2010.

Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi/varamaður), Árkaup ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Lyfja hf. (varamaður/meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Vátryggingafélag Íslands hf. (varamaður til desember 2008), Olympus Mons ehf. (stjórnarmaður og í framkvæmdastjórn), ÖM eignarhaldsfélag ehf. (varamaður), Öryggismiðstöð Íslands hf. (varamaður), Lýsing hf. (meðstjórnandi/varamaður), Pera ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Skipti hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Klakki ehf., fjárfestingastjóri 2010-, framkvæmdastjóri áhættustýringar 2006-2010, áhættustýring Kaupþings banka hf. 2001-2003, fyrirtækjaþjónusta SPRON 1999-2001.

Stjórnarmaður

Nafn	**Ingi Rafn Jónsson**
Fæðingardagur	12. maí 1970.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	Cand. Oecon frá Háskóla Íslands 1995.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi), Lýsing hf. (varamaður), Árkaup ehf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Tagl ehf. (stjórnarformaður), Lyfja hf. (varamaður), Pera ehf. (varamaður), LF2 ehf. (meðstjórnandi), Skipti hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Rekstrarstjóri Klakka ehf. 2006-, fjármálasvið Sjóvá Almennra tryggginga hf. 2002-2006 og forstöðumaður fjármálasviðs 2006, framkvæmdastjóri Hagsýnar ehf. 1999-2002, fjármálastjóri Egils Árnasonar hf. 1998, ráðgjafi fyrirtækja hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 1995-1997.

Varamaður í stjórn

Nafn	**Ásbjörg Kristinsdóttir**
Fæðingardagur	26. júlí 1979.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	Ph.D. í verkfræði frá Massachusetts Institute of Technology 2012, M.Sc. í verkfræði og MBA frá Massachusetts Institute of Technology 2008, BS í verkfræði frá Háskóla Íslands 2002.
Fyrst kjörinn	7. mars 2013.

Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Lífís (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Hefur ekki setið í stjórnum félaga á umræddu tímabili.
Starfsreynsla	Verkefnastjóri á framkvæmdasviði Landsvirkjunar frá 2012, stundakennari við Háskólann í Reykjavík frá 2010, postdoctoral fellow MIT Sloan School of Management frá 2012, Doctoral Researcher MIT 2008-2012, verkefnastjórnun virkjanaframkvæmda hjá Landsvirkjun 2002-2006.

Varamaður í stjórn

Nafn	**Jón Sigurðsson**
Fæðingardagur	1. október 1974.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	Cand. Jur. frá Háskóla Íslands 2000, LL.M. í Evrópurétti frá University of Leicester 2008, héraðsdómslögmaður 2001, hæstaréttarlögmaður 2007, próf í verðbréfamiðlun 2009.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður), Klakki hf. (meðstjórnandi), JS lögmannsstofa ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjórn). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Skipti hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Hæstaréttarlögmaður hjá Draupni lögmannsþjónustu frá 2010, sjálfstætt starfandi lögmaður í Reykjavík 2009-2010, kennari við lagadeild Háskólans á Bifröst frá 2010, lögmaður hjá Straumi fjárfestingarbanka 2007-2009, Lögmaður hjá Juris lögmannsstofu 2000-2007, stundakennari við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands 2004-2007, stundakennari í námi til löggildingar fasteignasala við Háskólann í Reykjavík frá 2007, blaðamaður á Morgunblaðinu 2000.

Varamaður í stjórn

Nafn	**Brynja Dögg Steinsen**
Fæðingardagur	3. ágúst 1976.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	BS í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2005.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Skipti hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Klakki ehf., fjármálasvið frá 2007, PricewaterhouseCoopers ehf, endurskoðunarsvið 2006-2007, Skipamiðlun ÞJ, fjármála- og rekstrarsvið 1997-2006.

Varamaður í stjórn

Nafn	**Guðmundur Þ. Pálsson**
Fæðingardagur	19. apríl 1949.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	Cand. Oecon frá Háskóla Íslands 1974.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður/meðstjórnandi), Flugleiðahótel ehf. (meðstjórnandi), Loftleiðir-Icelandic ehf. (meðstjórnandi), Flugfélag Íslands ehf. (meðstjórnandi), IGS ehf. (meðstjórnandi), Iceland Travel ehf. (meðstjórnandi), Icelandair ehf. (meðstjórnandi), EBK ehf. (meðstjórnandi), Icelandair Cargo ehf. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Eftirlaunasjóður FÍA (meðstjórnandi).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri kjarasamninga hjá Icelandair Group hf. frá 2008, framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs 2001-2007, ábyrgðarmaður flugrekstrarleyfis Flugleiða/Icelandair 1993-2008, framkvæmdastjóri flugrekstrar- og tæknisviðs 1986-2001, forstöðumaður fjárreiðudeildar 1980-1986, deildarstjóri hagdeildar 1974-1980.

Varamaður í stjórn

Nafn	**Óskar Hauksson**
Fæðingardagur	8. mars 1973.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 108 Reykjavík.
Menntun	BS í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, löggiltur verðbréfamiðlari í Bandaríkjunum (National Association of Securities Dealers, Series 7 og Series 63) 2001.
Fyrst kjörinn	30. mars 2012.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður), Þræðir ehf. (stjórnarmaður), Gaukshöfði ehf. (varamaður), Landssími Íslands ehf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Síminn hf. (meðstjórnandi), Míla ehf. (meðstjórnandi).
Starfsreynsla	Skipti hf., fjármálastjóri frá 2011, forstöðumaður fjárstýringar frá 2009, starfsmaður í áætlana- og greiningardeild Skipta 2005-2009, skuldabréfamiðlari hjá Landsbanka Íslands hf. 2003-2004, verðbréfamiðlari hjá Bear Stearns 2001-2003, SPRON, forstöðumaður fjárstýringar 1997-2001.

4.3 Yfirstjórn

Forstjóri

Nafn	**Sigrún Ragna Ólafsdóttir**
Fæðingardagur	18. ágúst 1963.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, löggiltur endurskoðandi árið 1990. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Múlaberg ehf. (stjórnarmaður), SVÍV ses. (meðstjórnandi), Viðskiptaráð Íslands (meðstjórnandi), Samtök fjármálafyrirtækja (varaformaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Öryggismiðstöð Íslands hf. (stjórnarformaður), ÖM eignarhaldsfélag ehf. (stjórnarformaður), Miðengi hf. (meðstjórnandi), Kreditkort hf. (meðstjórnandi), Ergo ehf. (stjórnarformaður), Laufengi ehf. (meðstjórnandi), Fjárengi ehf. (meðstjórnandi), Útengi ehf. (stjórnarformaður), Engigerði ehf. (meðstjórnandi), Breiðengi ehf. (meðstjórnandi), RIVULUS ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Tenor ehf. (meðstjórnandi), Deloitte FAS ehf. (varamaður), D&T fasteignir ehf. (meðstjórnandi).
Starfsreynsla	Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka frá 2010, framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka frá 2007, endurskoðandi hjá Deloitte frá 1986 og eigandi frá 1992 til 2007.

Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs

Nafn	**Guðmar Guðmundsson**
Fæðingardagur	1. janúar 1968.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands 1993.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Bond Private Insurance Holding ehf. (stjórnarmaður), M2 fasteignir ehf. (meðstjórnandi), Hópvinnukerfi ehf. (meðstjórnandi), Koðrán ehf. (varamaður). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Origo Gamli ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi/framkvæmdastjórn), AGR-Aðgerðargreining ehf. (varamaður), Þjálfi ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjórn), FarmControl ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjórn), Roka ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Vigor ehf. (meðstjórnandi/varamaður), TM Software Origo ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Parx ehf. (meðstjórnandi), Theriak Medication Management ehf. (varamaður), eMR hugbúnaður ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Skyggnir ehf. upplýsingaþjónusta (meðstjórnandi/varamaður), TMS Maritech ehf. (varamaður), Viðja viðskiptaumstjón ehf. (meðstjórnandi/framkvæmdastjórn), TM Software ITP ehf. (varamaður), Maritech International AS (meðstjórnandi).

Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs VÍS frá 2010, framkvæmdastjóri fjármála hjá Nýherja frá 2008, fjármálastjóri hjá TM Software frá 1999.

Framkvæmdastjóri vátryggingasviðs

Nafn	**Friðrik Bragason**
Fæðingardagur	8. apríl 1968.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	Próf í bygginga- og brunaverkfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1994.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Á ekki sæti í stjórnum félaga. Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Öryggismiðstöð Íslands hf. (varamaður /meðstjórnandi), ÖM eignarhaldsfélag ehf. (varamaður /meðstjórnandi), EA Security ehf. (stjórnarformaður), Eldverk ehf. (stjórnarformaður).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri vátryggingasviðs VÍS frá 2008, sérfræðingur hjá VÍS frá 2006, Inpro 2006, Tryggingamiðstöðin 1995-2006, ýmis sérfræðistörf hjá Slökkviliði Reykjavíkur 1994-1995.

Forstöðumaður fjárfestinga

Nafn	**Tryggvi Guðbrandsson**
Fæðingardagur	28. maí 1973
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	BA í heimspeki og stjórnmálafræði frá HÍ 2000, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007, próf í verðbréfamiðlun 2003.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): SRE II GP hf. (meðstjórnandi), SRE II slhf. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra á síðustu fimm árum: Hefur ekki setið í stjórnum annarra félaga á umræddu tímabili.
Starfsreynsla	Forstöðumaður fjárfestinga VÍS frá desember 2011, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins 2009-2011, sjóðstjóri á eignastýringasviði Landsbankans 2005-2009, sjóðstjóri hjá SPRON verðbréfum 2001-2005, SPRON markaðs- og sölusvið 1999-2001.

Framkvæmdastjóri tjónasviðs

Nafn	**Agnar Óskarsson**
Fæðingardagur	12. maí 1963
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	BA próf frá Háskóla Íslands í félags og fjölmiðlafræði árið 1987. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2008.

Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra á síðustu fimm árum: Hefur ekki setið í stjórnum annarra félaga á umræddu tímabili.
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri tjónasviðs VÍS frá 2008, framkvæmdastjóri vátryggingaþjónustu frá 2006. Agnar hóf störf hjá VÍS árið 1990, þá við bíla- og eignatryggingar. Var deildarstjóri sjótrygginga, fyrirtækjaþjónustu og stofnstýringar. Áður en hann hóf störf hjá VÍS starfaði hann við blaðamennsku frá 1987.

Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs

Nafn	**Anna Rós Ívarsdóttir**
Fæðingardagur	7. september 1977
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	BA í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2001.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Á ekki sæti í stjórnum félaga. Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Vátryggingafélag Íslands hf. (varamaður), Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri mannauðssviðs VÍS frá 2006. Anna Rós hóf störf hjá VÍS 1999, fyrst við sölu- og þjónustustörf en síðan á starfsmannasviði sem sérfræðingur 2001 – 2005 og árin 2005 og 2006 sem forstöðumaður almannatengsla og aðstoðarmaður forstjóra.

Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs

Nafn	**Auður Björk Guðmundsdóttir**
Fæðingardagur	15. ágúst 1966.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	Fjölmiðla- og markaðsfræði frá University of South Alabama 1993, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2002.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Birtingahúsið ehf. (meðstjórnandi), Jata eignarhaldsfélag ehf. (meðstjórnandi). Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Öryggismiðstöð Íslands hf. (meðstjórnandi), Eiðfaxi ehf. (meðstjórnandi), ÖM eignarhaldsfélag ehf. (meðstjórnandi), FSÍ (Framtakssjóður Íslands) GP hf. (meðstjórnandi), Icelandair Group hf. (varamaður), Kötluholt ehf. (varamaður), Eignarhaldsfélagið Reykir ehf. (stjórnarmaður), Ventura ehf. (varamaður), Miðavefur ehf. (varamaður), Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (stjórnarmaður).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs VÍS frá 2005, deildarstjóri kynningardeildar Olíufélagsins ehf. frá 2002, markaðsstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar frá 1998, kynningafulltrúi Eimskip frá 1994.

Framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Nafn	**Þorvaldur Jacobsen**
Fæðingardagur	21. desember 1963.
Starfsstöð	VÍS, Ármúli 3, 105 Reykjavík.
Menntun	Rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1987, B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands 1988, MSEE frá University of Texas at Austin 1990.
Stjórnarseta	Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Á ekki sæti í stjórnum félaga. Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: UAB Baltic IT Services (meðstjórnandi), Dansupport A/S (meðstjórnandi).
Starfsreynsla	Framkvæmdastjóri Þróunarsviðs VÍS frá 2012. Framkvæmdastjóri Vörusviðs Nýherja 2012. Framkvæmdastjóri Tæknisviðs Nýherja 2011-2012. Framkvæmdastjóri UAB Baltic IT Services í Litháen 2011-2012. Framkvæmdastjóri Tæknisviðs Skyggnis ehf. (dótturfyrirtæki Nýherja) 2010-2011. Framkvæmdastjóri Sérlausnasviðs Skyggnis ehf. (dótturfyrirtæki Nýherja) 2008-2010. Framkvæmdastjóri Dansupport A/S (dótturfyrirtæki Nýherja í Danmörku 2007-2008). Framkvæmdastjóri Kjarnalausna Nýherja 2005-2008. Framkvæmdastjóri Samskiptalausna Nýherja 2001-2005. Framkvæmdastjóri, Vísir.is ehf. 1999-2001. Sölustjóri, Teymi hf. 1996-1999. Sölustjóri, Opin kerfi hf. 1990-1996.

4.4 Aðrar upplýsingar um stjórn og yfirstjórn

4.4.1 Hæfi

Stjórnarmenn og framangreindir aðilar í yfirstjórn hafa ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórar, stjórnendur eða umsjónarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum, að öðru leyti en greint er frá hér að neðan, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu, að öðru leyti en greint er frá hér að neðan.

Bent er á að Sigrún Ragna Ólafsdóttir var forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka hf. 2007-2008. Fallist var á greiðslustöðvun Glitnis banka hf. 24. nóvember 2008 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og var félagið tekið til formlegrar slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur sem birtur var 22. nóvember 2010.

Bent er á að Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður VÍS, var stjórnarformaður Roku ehf. (áður TM Software ehf.) kt. 440786-1119, frá febrúar 2008 til loka ágúst 2009, og Guðmar Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs VÍS, var meðstjórnandi Roku ehf. til febrúar 2010 þegar hann var framkvæmdastjóri fjármála hjá Nýherja hf. Roka ehf., sem var dótturfélag Nýherja hf., var úrskurðuð gjaldþrota þann 21. maí 2010.

4.4.2 Hagsmunaárekstrar

Bent er á að Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður VÍS, er stjórnarformaður Nýherja hf. og Applicon ehf., dótturfélags Nýherja hf., sem bæði eru meðal stærstu þjónustuaðila VÍS samstæðunnar. Einnig er bent á að Magnús Scheving Thorsteinsson, Guðrún Þorgeirsdóttir og Ingi Rafn Jónsson, sem öll eru meðstjórnendur í stjórn VÍS, eru starfsmenn Klakka ehf., stærsta hluthafa félagsins. Hjá öðrum stjórnarmönnum VÍS og framangreindum aðilum í yfirstjórn VÍS eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir VÍS og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Bent er á að Benedikt Jóhannesson og Helga Jónsdóttir eru skyld í 2. og 3. ættlið. Engin önnur fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða yfirstjórnenda VÍS.

4.4.3 Tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og yfirstjórnar á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér að neðan. Þar er einnig tilgreind hlutafjáreign þeirra í VÍS og önnur réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 20. mars 2013. Ekki eru útistandandi neinir afleiðusamningar við félagið tengdir hlutabréfum í Vátryggingafélagi Íslands hf. Engar ákvarðanir hafa verið teknar af stjórn félagsins eða hluthafafundi varðandi veitingu kaup- eða sölurétta á hlutum í félaginu eða gerð annarra afleiðusamninga tengdum hlutafé félagsins, hvorki til starfsmanna þess né annarra.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Í flestum samningunum er ákvæði um bann við störfum fyrir samkeppnisaðila í 12 mánuði eftir starfslok hjá félaginu. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Hluti aðila í yfirstjórn nýtur samkvæmt starfssamningum sínum sérstaks lífeyrisframlags umfram kjarasamninga og er það greitt mánaðarlega inn á séreignarsparnað viðkomandi.

	Greiðslur frá VÍS fyrir fjárhagsárið 2012	**Réttindi tengd hlutabréfum í VÍS 20. mars 2013**			
Greiðslur í krónum / Réttindi í hlutum	*Laun, hlunnindi, kaupaukar, lífeyrissjóðsgreiðslur*	*Eign í eigin nafni*	*Réttindi í eigin nafni*	*Eign fjárhagslega tengdra aðila*	*Réttindi fjárhagslega tengdra aðila*
Stjórn og varamenn					
Benedikt Jóhannesson*	6.600.000				
Magnús Scheving Thorsteinsson* **	1.728.000			2.501.989.759	
Helga Jónsdóttir ***	5.389.200				
Guðrún Þorgeirsdóttir**	2.376.000			2.501.989.759	
Ingi Rafn Jónsson* **	1.728.000			2.501.989.759	
Brynja Dögg Steinsen* **	486.000			2.501.989.759	
Guðmundur Þ. Pálsson*	1.971.000				
Jón Sigurðsson*	891.000			2.501.989.759	
Óskar Hauksson*	1.053.000				
Fyrrverandi aðal- og varamenn í stjórn					
Axel Gíslason	2.163.195				
Hilmar P. Valgarðsson	918.000				
Ásmundur Tryggvason	54.000				
Hrafnkell Óskarsson	162.000			2.501.989.759	
Haraldur Flosi Ólafsson*	891.000				
Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd					
Jón Örn Guðmundsson**	475.200			2.501.989.759	
Ólafur Nilsson	1.680.000				
Yfirstjórn					
Sigrún Ragna Ólafsdóttir	35.730.987				
Agnar Óskarsson	18.806.212				
Anna Rós Ívarsdóttir	16.246.744				
Auður B. Guðmundsdóttir	18.779.711				
Friðrik Bragason	18.029.985				
Guðmar Guðmundsson	18.734.108				
Tryggvi Guðbrandsson	15.847.059				
Þorvaldur Jacobsen	8.203.887				

* Kosin(n) í stjórn í 30. mars 2012.

** Stjórnarlaun vegna stjórnarmanna og nefndarlaun til nefndarmanna sem eru starfsmenn Klakka voru greidd til Klakka frá ágúst 2012.

*** Hluti launa Helgu Jónsdóttur var vegna setu í endurskoðunarnefnd.

4.5 Tengdir aðilar

4.5.1 Skilgreining tengdra aðila

Aðilar tengdir VÍS eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir hluthafar í félaginu, dótturfélög VÍS, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, forstjóri, fjármálastjóri og framkvæmdastjórar innan samstæðu félagsins. Skilgreining þessi er byggð á IAS24. Viðskipti eiga sér stað milli einstakra eininga innan VÍS samstæðunnar og eru hluti af daglegum rekstri samstæðunnar. VÍS skilar árlegri skýrslu um viðskipti við tiltekna tengda aðila til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 63. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Viðskipti milli félagsins og dótturfélaga þess og milli einstakra eininga innan samstæðunnar hafa verið felld út við gerð samstæðureikningsskila og eru því ekki tilgreind hér.

4.5.2 Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila á árunum 2010 til 2012 og staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers árs eru tekin saman í eftirfarandi töflu:

Samstæða - viðskipti við tengd félög

Klakki ehf. og tengd félög (í m.kr.)	*2010 / 31.12.2010*	*2011 / 31.12.2011*	*2012 / 31.12.2012*
Keypt þjónusta og vörur		31,9	26,4
Seld þjónusta og vörur		179,9	5,5
Iðgjöld		53,9	47,8
Tjón		15,1	7,3
Kröfur		679,2	38,1
Skuldir		290,8	602,4

Móðurfélag – viðskipti við tengd félög

Klakki ehf. og tengd félög (í m.kr.)	*2010 / 31.12.2010*	*2010 / 31.12.2011*	*2012 / 31.12.2012*
Keypt þjónusta og vörur	24,9		
Seld þjónusta og vörur	175,1		
Iðgjöld	40,3		
Tjón	37,1		
Kröfur	1.769,6		
Skuldir	319,4		

Á tímabilinu apríl til júlí 2011 keypti VÍS 83% eignarhlut í ÖM eignarhaldsfélagi ehf., þar af voru 56,173% eignarhlutur í eigu Klakka (áður Exista hf./ehf.). Viðskiptin byggðu á armslengdarsjónarmiðum og var meðal annars stuðst við virðismat Arion banka hf. og MP banka hf. Kaupverð á framangreindum hlut Klakka nam 285 m.kr. Í júní 2012 var ÖM eignarhaldsfélag ehf. sameinað dótturfélagi sínu, Öryggismiðstöð Íslands hf. Þann 4. desember 2012 var gengið frá sölu á 83% eignarhlut VÍS í Öryggismiðstöð Íslands hf. en þar af seldi VÍS 5% hlut til félagsins sjálfs og söluverð nam 25,5 m.kr. fyrir 5% eignarhlutinn.

Í byrjun apríl 2012 keypti VÍS 99,73% eignarhluta í Líftryggingafélagi Íslands hf. af Klakka ehf. Viðskiptin byggðu á armslengdarsjónarmiðum og var meðal annars stuðst við virðismat Arion banka hf. Kaupverð félagsins var 3.181 m.kr. VÍS greiddi fyrir félagið með reiðufé að fjárhæð 800 m.kr. og öðrum fjáreignum í eigu félagsins að fjárhæð 2.381 m.kr. Hluti af þeim fjáreignum voru skuldabréf og hlutabréf útgefin af Klakka ehf. og aðilum tengdum Klakka ehf. að fjárhæð 1.394 m.kr. Fjáreignir sem voru skuldabréf og hlutabréf félögum ótengdum Klakka ehf. námu 987 m.kr. Framangreindar eignir voru afhentar Klakka ehf. á bókfærðu virði í lok árs 2011 fyrir áætlaða niðurfærsluþörf

sem metin var um 1,4 ma.kr. Greiðslan sem innt var af hendi fyrir Lífís var fullnaðargreiðsla og á Klakki ehf. ekki endurkröfurétt á VÍS ef endurheimtur ofangreindra eigna verða lægri en söluverð.

4.6 Endurskoðendur

Í samþykktum VÍS er kveðið á um það að á aðalfundi félagsins skuli kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010. Tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins skal birta ársreikning, skýrslu stjórnar, skýrslu endurskoðanda Endurskoðandi skoðar fjárhagsuppgjör félagsins og öll viðeigandi fjárhagsgögn fyrir hvert rekstrarár og hefur í þeim tilgangi aðgengi að öllum gögnum félagsins. Endurskoðendur eru ekki valdir úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna félagsins. Endurskoðendur eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi, að þeim tíma liðnum er óheimilt að kjósa aftur sömu endurskoðendur eða sama endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum. Frekar er kveðið er á um hæfnisskilyrði og kjörgengi endurskoðenda í lögum um vátryggingastarfsemi.

Núverandi endurskoðunarfélag VÍS er KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Endurskoðendur félagsins eru Margrét Guðjónsdóttir, kt. 130558-5859, löggiltur endurskoðandi, og Hlynur Sigurðsson, kt. 270971-4909, löggiltur endurskoðandi.

Frá og með fjárhagsárinu 2006 og til og með árinu 2012 var Deloitte ehf., kt. 521098-2449, endurskoðunarfélag VÍS. Á þeim tíma endurskoðaði og áritaði Hilmar A. Alfreðsson, kt. 120759-5159, löggiltur endurskoðandi ársreikninga félagsins fyrir hönd Deloitte ehf. Auk Hilmars undirritaði Gunnar Þorvarðarson, kt. 241082-4239, löggiltur endurskoðandi, ársreikninga félagsins árin 2011 og 2012. Framangreindir endurskoðendur eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Þóknun VÍS til Deloitte síðastliðin þrjú fjárhagsár er sundurliðuð í töflu hér að neðan. Engin hlutabréf útgefin af VÍS eða tengdar afleiður eru í eigu Deloitte ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun félagsins.

Þóknun til endurskoðenda

Í m. kr. / Almanaksár	**2010**	**2011**	**2012**
Endurskoðun ársreikninga	16.276	16.978	27.345
Könnun árshlutareikninga	1.689	2.232	6.237
Önnur þjónusta	2.372	3.652	5.547
Samtals	**20.337**	**22.862**	**39.129**
Þar af þóknun til annarra en endurskoðenda félagsins	1.221	2.210	4.983

Aðalfundur þann 7. mars 2013 samþykkti tillögu stjórnar um að KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík verði endurskoðunarfélag til næstu fimm ára, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um vátryggingastarfsemi, frá og með fjárhagsárinu 2013. Framangreindir endurskoðendur eru félagar í Félagi löggiltra endurskoðenda.

5. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ

5.1 Hlutafé

Útgefið hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf. nemur 2.502.757.040 krónum og skiptist í jafnmarga hluti. Upphæð hvers hlutabréfs skal vera jafnvirði eins hlutar eða fleiri. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

VÍS á 276.524 eigin hluti sem jafngilda 0,01% af útgefnum hlutum. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum. Útistandandi virkir hlutir eru 2.502.480.516 og jafngilda 99,99% af útgefnum hlutum í félaginu.

Framangreint hefur verið óbreytt það sem af er yfirstandandi fjárhagsári sem hófst 1. janúar 2013 og lýkur 31. desember 2013.

5.2 Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar

Samkvæmt 26. gr. samþykkta félagsins hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða í hlutum um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki. Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn félaginu mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar, eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms, kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur félaginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar. B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í félaginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum. B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr félaginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar. Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttekur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né seld innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimst að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður. Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun.

5.3 Réttindi hluthafa

Öll útgefin hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. tilheyra sama flokki og eru jafn rétthá. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutabréfum í félaginu.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutabréfin nema annað leiði af lögum.

Hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Verðbréfaskráningu hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Verðbréfaskráningar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign, nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan. Ekki má skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.

Í samræmi við 24. gr. í samþykktum félagsins skal fara með tillögur um slit á félaginu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 96. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi. Þarf atkvæði sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útgefanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Um slit á félaginu gilda einnig ákvæði XII. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, þar kemur meðal annars fram að verði starfsleyfi vátryggingafélags afturkallað skuli Fjármálaeftirlitið skipa þriggja manna skilastjórn sem tekur við öllum heimildum stjórnar og skal þegar í stað kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum stöðuna.

5.4 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Hluthafi getur með skriflegu og dagsettu umboði veitt umboðsmanni sínum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboð má ekki gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 ræður einfaldur meirihluti atkvæða (afl atkvæða) úrslitum á hluthafafundi, nema öðruvísi sé mælt í lögum eða samþykktum félagsins. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafn mörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Í samræmi við 25. gr. samþykkta félagsins skal ákvörðun um breytingu samþykkta tekin á hluthafafundi og þarfnast samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

5.5 Virkur eignarhlutur

Samþykktir VÍS takmarka ekki viðskipti með hlutabréf í félaginu, hins vegar er félagið háð lögum nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi þar sem settar eru ákveðnar skyldur og hömlur á virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið metur hvort aðilar séu hæfir til að fara með virkan eignarhlut í vátryggingafyrirtæki. Þeir aðilar er fara með virkan eignarhlut eru ekki eftirlitsskyldir aðilar með sama hætti og þeir sem stunda leyfisskylda starfsemi. Þeir sem fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélagi eru þó háðir ýmsum lagaskilyrðum skv. VI. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi, sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að séu uppfyllt auk þess sem lögin leggja á framangreinda aðila ýmsar skyldur.

Með hugtakinu virkur eignarhlutur er átt við beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags, sbr. 28. tölul. 9. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingarstarfsemi.

Í VI. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er fjallað um skyldur, mat á, viðmið og hömlur aðila sem hyggst eignast, einn og sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi. Í 41. gr. framangreindra laga kemur fram að aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 25%, 33% eða 50%, eða nemi svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfyrirtæki hans. Þar kemur einnig fram hvaða upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs vátryggingafélags, og í 43. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi koma fram þau viðmið sem lögð eru til grundvallar. Má þar nefna atriði eins og orðspor, reynslu, fjárhagslegan styrk og hættur á hagsmunaárekstrum auk annarra þátta. Í 44. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi kemur fram að telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við

virkan eignarhlut er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, að eignarhaldið sé falið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða að hann tilnefni sem fulltrúa sína í stjórn einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu.

Kaup á virkum eignarhlut í vátryggingafélagi koma ekki til framkvæmda fyrr en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir og er viðkomandi aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 47. gr. laganna.

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til ýmissa aðgerða telji það að aðila sem á virkan eignarhlut í vátryggingafélagi sé svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins. Meðal annars getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.

5.6 Hluthafar

Þrír aðilar eru skráðir í hlutaskrá VÍS þann 20. mars 2013. Klakki ehf. fer með 99,97% útgefins hlutafjár, Pond Street Investments ehf. (dótturfélag Klakka) fer með 0,02% útgefins hlutafjár og VÍS á auk þess eigin hluti sem samsvara 0,01% útgefins hlutafjár. Beinn og óbeinn atkvæðisréttur Klakka er 100% og fer Klakki því með yfirráð í VÍS. Klakki er eini handhafi virks eignarhlutar í VÍS, samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 og eini aðilinn með yfir 5% beinan hlut í VÍS, sem er neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Hlutaskrá Vátryggingafélags Íslands hf. 20. mars 2013

Hluthafi	*Lýsing*	*Fjöldi hluta*	*Hlutfallsleg eign*	*Atkvæðisréttur*
Klakki ehf	Eignarhaldsfélag	2.501.985.759	99,97%	99,98%
Pond Street Investments ehf.	Eignarhaldsfélag	494.757	0,02%	0,02%
Virkir hlutir samtals		**2.502.480.516**	**99,99%**	**100,00%**
Vátryggingafélag Íslands hf.	Eigin hlutir	276.524	0,01%	
Útgefnir hlutir samtals		**2.502.757.040**	**100,00%**	

Klakki ehf. (áður Exista hf./ehf.) hefur frá árinu 2006 verið einn eigandi VÍS, beint að mestu og óbeint í gegnum dótturfélag sitt, Pond Street Investments ehf. Klakki hefur í hyggju að selja sem nemur 60-70% af útgefnum hlutum í VÍS í almennu útboði í aðdraganda þess að hlutir í VÍS verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Gangi það eftir mun Klakki ehf. ásamt dótturfélagi sínu, Pond Street Investments ehf., fara með 29,99-39,99% af atkvæðisrétti í VÍS þegar hlutirnir verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Klakki ehf. hefur engar ákvarðanir tekið varðandi sölu á eftirstæðum eignarhlut sínum. Klakki ehf. hefur tekist á hendur söluhömlur á þeim 29,99-39,99% af útgefnum hlutum í VÍS sem hann mun eiga (í eigin nafni og í nafni dótturfélags) eftir að útboðinu lýkur. Framangreind 29,99-39,99% verða ekki seld innan 12 mánaða frá úthlutun í útboðinu, eða fyrir 18. apríl 2014, og þá ekki til neins eins aðila nema undir 10% af hlutafé VÍS eða atkvæðisrétti, sem er helsta viðmið á virkum eignarhlut, sbr. 28. tölul. 9. gr. laga nr. 56/2010, um vátryggingarstarfsemi.

Eins og fram kemur í kafla *1.2 Efnahagsumhverfið á Íslandi og áhrif á eiganda VÍS* leitaði Klakki til kröfuhafa sinna um fjárhagslega endurskipulagningu sem lauk með nauðasamningi staðfestum af Héraðsdómi Reykjavíkur 10. október 2010 og var 10% allra samningskrafna breytt í hlutafé í Klakka en 90% samningskrafna var breytt þannig að þær lúti eftirleiðis ákvæðum sérstaks skuldaskjals. Með þessu móti öðluðust kröfuhafarnir yfirráð yfir Klakka en áður útgefið hlutafé var fært niður að fullu. Í dag eru hluthafar Klakka tæplega 200 talsins og er Arion banki stærsti hluthafi félagsins með um 34% eignarhlut, Kaupþing hf. með um 19% eignarhlut, Burlington Loan Management Ltd. með rúmlega 13% eignarhlut, en aðrir hluthafar eiga undir 3% eignarhlut hver. Stjórn Klakka ehf. er skipuð sex aðilum og er enginn einn hluthafi með meirihluta í stjórn. Ákvarðanir stjórnar Klakka ehf. þurfa samþykki meirihluta stjórnarmanna auk þess sem stærri ákvarðanir, svo sem hvað varðar sölu á eignum félagsins, krefjast aukins

meirihluta. Kaupskil ehf., dótturfélag Kaupþings hf., á 87% eignarhlut í Arion banka hf. Útgefanda er ekki kunnugt um hvort önnur tengsl meðal eiganda Klakka ehf. séu til staðar.

Klakki ehf. hefur gert samkomulag um veðsetningu á 29,99-39,99% eignarhlut sínum í VÍS, m.v. niðurstöðu útboðs, vegna ábyrgðar útgefinni af Landsbankanum hf. sem lýst er nánar í kafla *1.11.2 Lagaleg áhætta*. Hlutabréfin sem veðsett eru fylgir framangreind kvöð varðandi söluhömlur. Samkomulagið um veðsetninguna tekur gildi sama dag og hlutabréf VÍS verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Útgefandanum er ekki kunnugt um annað eignarhald í Vátryggingafélagi Íslands hf. en að framan greinir, eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Útgefandanum er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir, sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti frá þeim tíma að hlutir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 skal vátryggingafélag eigi sjaldnar en einu sinni á ári tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan hlut í því og hlutafjáreign hvers þeirra. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Með óbeinni hlutdeild er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi eignast eða fari með virkan eignarhlut í skilningi laganna, sbr. lög nr. 56/2010.

5.7 Arður

Stjórn félagsins samþykkti á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2013 eftirfarandi arðgreiðslustefnu:

Markmið stjórnar félagsins um gjaldþolshlutfall er að það sé að lágmarki 4,0. Arðgreiðslustefna félagsins er sú að möguleg arðgreiðsla miðist við allt að 100% af hagnaði hvers árs eftir skatta, ef gjaldþolshlutfall eftir greiðslu arðs er yfir markmiði stjórnar.

Félagið greiddi ekki arð vegna fjárhagsáranna 2010 til 2012.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Í 61. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er kveðið á um að einungis sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og það fé sem samkvæmt lögum og samþykktum skal lagt í sérstaka sjóði, enda sé ljóst að félagið uppfylli kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol og þess hafi verið gætt að leggja til hliðar nægilegt fé fyrir vátryggingaskuld félagsins, svo og að settum reglum um mat á eignum félagsins og fyrningu þeirra hafi verið fylgt. Enn fremur er útgefandi bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 en samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Verði umsókn útgefanda um töku hlutabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkt mun félagið fylgja tilmælum NASDAQ OMX Iceland hf. samkvæmt lið 2.13 í Viðauka við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. desember 2009. Samkvæmt tilmælunum skal í tilkynningu um arðgreiðslu m.a. tilkynna um arðsréttindadag, arðleysisdag og útborgunardag arðs. Hlutafélög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað skulu birta opinberlega slíka tilkynningu fyrir aðalfund. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

5.8 Hækkun eða lækkun hlutafjár

Hluthafafundur einn getur samþykkt hækkun hlutafjár í félaginu og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess, eða með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Geta hluthafar framselt öðrum aðilum áskriftarrétt sinn að hluta eða í heild.

Ef einhver hinna eldri hluthafa notar ekki eða framselur áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum. Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og gengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

Hluthafafundur getur ákveðið að víkja frá forgangsrétti hluthafa, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Slík ákvörðun þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykkis hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í vátryggingafélagi eru háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins, skv. 4. mgr. 53. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010.

5.9 Þróun hlutafjár

Hér að neðan eru raktar þær hækkanir og lækkanir sem gerðar hafa verið á hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf. frá 1. janúar 2010. Hlutafé í upphafi tímabils var 2.602.757.040 kr. og skiptist í tvo flokka, annars vegar A-hluti að nafnverði 2.502.757.040 kr. og hins vegar B-hluti að nafnverði 100.000.000 kr. B-hlutir fóru með aukinn atkvæðisrétt en allur flokkurinn fór með 75% atkvæða í félaginu á hluthafafundum.

Hluthafafundur VÍS sem haldinn var þann 12. desember 2012 samþykkti að færa B-hluti félagsins niður um 100.000.000 kr. og að allt hlutafé félagsins skyldi vera í einum flokki. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra veitti félaginu undanþágu þann 17. desember 2012 frá innköllunarskyldu í Lögbirtingablaði vegna framangreindrar lækkunar á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Fjármálaeftirlitið samþykkti hlutafjárlækkunina þann 20. desember 2012. Eftir þessar breytingar er allt hlutafé félagsins að nafnverði 2.502.757.040 kr. í einum flokki.

6. FJÁRHAGSYFIRLIT 1. JANÚAR 2010 – 31. DESEMBER 2012

Hér á eftir er umfjöllun um þróun reksturs, efnahags og sjóðstreymis samstæðu VÍS rekstrarárin 2010, 2011 og 2012. Ársreikningur samstæðu VÍS samanstendur af ársreikningi Vátryggingafélags Íslands hf. (móðurfélagsins) og dótturfélaga VÍS.

Umfjöllun um rekstrarárin 2010-2012 er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum Vátryggingafélags Íslands hf. en ársreikningur samstæðu VÍS er gerður í fyrsta sinn árið 2011 því frá og með 1. júlí 2011 varð ÖM eignarhaldsfélag ehf. (sem var eigandi að 99,996% hlutafjár í Öryggismiðstöð Íslands hf.) hluti af samstæðu VÍS þegar kaup þess á 83% eignarhlut gengu í gegn. Í júní 2012 gekk í gegn samruni ÖM eignarhaldsfélags ehf. og Öryggismiðstöðvar Íslands hf. þar sem hluthafar ÖM eignarhaldsfélagi ehf. fengu hlutafé í Öryggismiðstöð Íslands hf. í skiptum fyrir hlut sinn í ÖM eignarhaldsfélags ehf. Félagið gekk síðan til samninga um sölu á öllu hlutafé sínu í Öryggismiðstöð Íslands hf. þann 4. desember 2012 og frá og með þeim degi er Öryggismiðstöð Íslands hf. ekki lengur hluti af samstæðu VÍS. Þann 1. apríl 2012 eignaðist VÍS allt hlutafé Líftryggingafélags Íslands hf. og varð félagið því hluti af samstæðu VÍS og endurspeglast það í ársreikningi samstæðu VÍS fyrir árið 2012. Ársreikningar samstæðu VÍS eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Fjárfestum er ráðlagt að lesa allar skýringar, þ.m.t. lýsingar á reikningsskilaaðferðum, sem fylgja ársreikningum félagsins, en ársreikninga fyrir síðustu þrjú fjárhagsár er að finna í kafla *9* ***Error! Reference source not found.***

Stjórnendum félagsins er kunnugt um fyrirliggjandi frumvörp til laga um ökutækjatryggingar og nýrra umferðarlaga. Það er mat stjórnenda að þessi frumvörp hafi óveruleg áhrif á rekstur félagsins. Fyrir utan framangreind frumvörp er stjórnendum VÍS ekki kunnugt um neinar stjórnvalds-, efnahags-, fjárhags-, peningamála- eða pólitískar stefnur eða aðgerðir sem hafa eða gætu haft bein eða óbein efnisleg áhrif á rekstur félagsins.

6.1 Breytingar frá síðasta birta uppgjöri

Stjórnendur félagsins telja að horfur í rekstri VÍS séu góðar og ekki séu vísbendingar um annað en að væntingar VÍS gangi eftir. Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhag- eða viðskiptastöðu útgefanda frá árslokum 2012. Bent er á að utanaðkomandi aðstæður geta haft áhrif á reikninga félagsins og má þar sem dæmi nefna að þann 20. febrúar 2013 greindi Moody‘s matsfyrirtækið frá því að það hefði lækkað lánshæfismat Íbúðalánasjóðs úr Baa3 í einkunnina Ba1. Breytingar á lánshæfismati útgefanda verðbréfa kunna að hafa áhrif á virði verðbréfanna. Í þessu tilfelli hafði fréttin óveruleg áhrif á ávöxtunarkröfu skuldabréfa Íbúðalánasjóðs sem eru í viðskiptum á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og þar með virði skuldabréfa útgefnum af Íbúðalánasjóði sem eru 31,5% af fjárfestingaeignum VÍS. Frá janúar 2013 hefur innlendur hlutabréfamarkaður hækkað þó nokkuð sem hefur áhrif til hækkunar á skráðri hlutabréfaeign félagsins sem metin er á gangvirði í gegnum rekstur. Gagnstæð áhrif hefur styrking á gengi íslensku krónunnar haft á bókfært virði erlendra eigna VÍS.

6.2 Rekstrarreikningur samstæðu VÍS

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning VÍS fyrir rekstrarárið 2010 og samstæðu VÍS fyrir rekstrarárin 2011 og 2012. Á rekstrarárinu 2011 er ÖM eignarhaldsfélag ehf. hluti af samstæðuuppgjöri VÍS frá 1. júlí 2011. Á rekstrarárinu 2012 er Líftryggingafélag Íslands hf. hluti af samstæðuuppgjöri VÍS frá 1. apríl 2012.

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu samstæðu og móðurfélags VÍS rekstrarárin 2010-2012.

Rekstrarreikningur

(m.kr.)	**Samstæða 2012**	**Samstæða 2011**	**Móðurfélag 2010**
Iðgjöld ársins	16.460	15.561	14.873
Hluti endurtryggjenda	(589)	(510)	(667)
Eigin iðgjöld	**15.871**	**15.050**	**14.206**
Fjármunatekjur	2.859	1.800	2.365
Tekjur (gjöld) vegna matsbreytinga á fjárfestingum	1.077	(209)	(771)
Fjármunatekjur	**3.936**	**2.009**	**1.594**
Aðrar tekjur	132	116	98
Heildartekjur	**19.939**	**17.175**	**15.898**
Tjón ársins	(12.113)	(12.772)	(11.977)
Hluti endurtryggjenda	46	22	242
Eigin tjón	**(12.067)**	**(12.750)**	**(11.735)**
Rekstrarkostnaður	(4.044)	(3.608)	(3.087)
Fjármagnsgjöld	(2)	(2)	(3)
Virðisrýrnun	(144)	(197)	(761)
Heildargjöld	**(16.256)**	**(16.556)**	**(15.586)**
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**3.682**	**619**	**312**
Tekjuskattur	(950)	(207)	(108)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	**2.732**	**411**	**204**
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	293	(3)	0
Heildarafkoma ársins	3.025	408	204
Hluthafar móðurfélags	**3.016**	**408**	
Hlutdeild minnihluta	9	(0)	
Heildarafkoma ársins	3.025	408	
Hagnaður á hlut:			
Af áframhaldandi starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1,05	0,16	0,08
Af áframhaldandi starfsemi og aflagðri starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	1,16		

Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi samstæðu VÍS fyrir árið 2012 hefur framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu verið breytt og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Virðisrýrnun annarra fjáreigna er nú hluti af gangvirðisbreytingum fjáreigna en voru áður taldar með virðisrýrnun fjáreigna. Matsbreyting skuldabréfa er nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en var áður hluti af fjármunatekjum. Við sölu á Öryggismiðstöð Íslands hf. fara áhrif þess reksturs sem hagnaður á aflagða starfsemi en hann er ekki sundurliðaður innan rekstrarreiknings.

Ennfremur voru gerðar breytingar á framsetningu ársreiknings 2011 frá 2010. Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi 2011 breytti félagið framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur félagsins að með því hafi gleggri mynd verið sýnd af rekstri félagsins í heild. Tekjur af fjármálastarfsemi voru settar sem hluti af heildartekjum en voru áður yfirfærðar að hluta frá fjármálarekstri á vátryggingarekstur. Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum sem áður voru taldar með tekjum og gjöldum af fjármálarekstri voru þá taldar með heildartekjum. Rekstrarkostnaður fjármálareksturs var settur meðal rekstrarkostnaðar og afskriftir viðskiptakrafna voru ekki lengur taldar með gjöldum af vátryggingarekstri heldur með virðisrýrnun. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum sem áður voru sérgreind urðu hluti rekstrarkostnaðar.

6.2.1 Rekstrareikningur 2012 og 2011

Iðgjöld ársins 2012 námu 16.460 m.kr. samanborið við 15.561 m.kr. árið 2011 og nam aukningin um 5,8% milli ára. Eigin iðgjöld VÍS námu 15.871 m.kr. fyrir árið 2012 eða sem samsvarar 5,5% aukningu frá árinu áður þegar eigin iðgjöld námu 15.050 m.kr. Aukningu iðgjalda milli áranna má að mestu skýra með tilkomu Lífís í samstæðuna frá og með 1. apríl 2012 og skýrir það um 3,9% iðgjaldavöxt. Ef Lífís hefði verið hluti af samstæðu VÍS allt fjárhagsárið 2012 hefðu tekjur samstæðunnar verið 217 m.kr. hærri og hagnaður verið hærri sem nemur 91 m.kr.

Fjármunatekjur námu 2.859 m.kr. árið 2012 og jukust um 58,8% frá árinu 2011. Tekjur vegna matsbreytinga fjárfestingaeigna á árinu 2012 voru 1.077 m.kr. samanborið við 209 m.kr. árið 2011. Framangreindan bata má skýra af gengishagnaði gjaldmiðlaeigna upp á 945 m.kr. samanborið við 81 m.kr. árið 2011 og vaxtatekjum skuldabréfaeignar VÍS en þær námu 1.327 m.kr. árið 2012 samanborið við 1.200 m.kr. árið 2011. Má í því samhengi nefna gengishagnað af sölu á EUR 10 milljónum í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands en andvirðið var notað til að fjárfesta í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Í júlí var gengið frá samkomulagi við Lýsingu um uppgjör skulda við félagið og leiddi niðurstaða þeirra samninga til bókfærðs hagnaðar uppá 236 m.kr.

Aðrar tekjur, sem felast í leigu á barnabílstólum og innheimtugjöldum, námu 132 m.kr. samanborið við 116 m.kr. árið 2011. Þar sem VÍS seldi eignarhlut sinn í Öryggismiðstöð Íslands ehf. í lok árs 2012 er afkoma þeirrar starfsemi og söluhagnaður vegna viðskiptanna færður undir aflagða starfsemi.

Tjón ársins námu 12.113 m.kr., sem er 5,2% samdráttur frá fyrra ári, en hafa ber í huga að Lífís var hluti af samstæðunni árið 2012. Eigin tjón ársins námu 12.067 m.kr. og lækkuðu um 5,2% frá fyrra ári. Jákvæð þróun var því á tjónahlutfalli VÍS árið 2012 samanborið við 2011 sem var VÍS þungt tjónalega séð. Tjónahlutfall ársins 2012 nam 73,6% samanborið við 82,1% árið 2011.

Rekstrarkostnaður samstæðunnar með afskriftum nam 4.044 m.kr. fyrir árið 2012 samanborið við 3.608 m.kr. árið 2011. Hærri rekstrarkostnað má skýra með tilkomu Lífís inn í samstæðu VÍS. Auk þess hækkuðu laun og launatengd gjöld milli áranna, m.a. vegna tilkomu fjársýsluskatts. Hluti af framangreindum rekstrarkostnaði er rekstrarkostnaður af fjármálastarfsemi sem hækkaði árið 2012 í 494 m.kr. úr 363 m.kr árið áður. Lífís kom inn í samstæðu VÍS í byrjun apríl og einnig var afskrifuð eign í viðskiptasamböndum Lífís á árinu fyrir 56 m.kr.

Fjármagnsgjöld námu 1,5 m.kr. árið 2012 samanborið við 2,4 m.kr. árið 2011. Virðisrýrnun viðskiptakrafna nam 144 m.kr. árið 2012 samanborið við 197 m.kr. árið 2011. Á árinu 2012 voru viðskiptakröfur afskrifaðar fyrir 244 m.kr. en á móti var niðurfærslureikningur viðskiptakrafna lækkaður um 100 m.kr. Á árinu 2011 voru viðskiptakröfur afskrifaðar fyrir 207 m.kr. og niðurfærslureikningur lækkaður um 10 m.kr.

Hagnaður ársins fyrir skatta nam 3.682 m.kr. samanborið við 619 m.kr. árið 2011. Þar af var hagnaður af vátryggingarekstri 1.497 m.kr. í samanburði við 95 m.kr. hagnað árið 2011. Hagnaður af fjármálarekstri nam 2.185 m.kr. á móti 524 m.kr. hagnaði árið áður. Bætt verðlagning áhættu vátryggingastarfsemi, hagfellt árferði hvað varðar tjónatíðni og auknar tekjur af fjármálarekstri skýra bætta afkomu frá fyrra ári. Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi eftir skatta nam 2.732 m.kr., sem er aukning frá árinu 2011, en þá var hagnaður af áframhaldandi starfsemi eftir skatta 411 m.kr. Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 293 m.kr. árið 2012, en þar af nam söluhagnaður eignarhlutar 242 m.kr., samanborið við tap árið 2011 upp á 3 m.kr.

6.2.2 Rekstrareikningur 2011 og 2010

Iðgjöld ársins 2011 námu 15.561 m.kr. samanborið við 14.873 m.kr. árið 2010 og nemur aukningin um 4,6% milli ára. Eigin iðgjöld VÍS námu 15.050 m.kr. fyrir árið 2011 eða sem samsvarar 5,9% aukningu frá árinu áður þegar

eigin iðgjöld námu 14.206 m.kr. Skýrist þetta af aukningu í iðgjöldum sem og lægri hlut endurtryggjenda en árið 2011 var hlutur þeirra um 510 m.kr. samanborið við 667 m.kr. árið 2010.

Fjármunatekjur námu 1.800 m.kr. samanborið við 2.365 m.kr. árið 2010. Breytingu milli ára má skýra með lægri vaxtatekjum af skuldabréfaeign VÍS árið 2011 en tekjurnar námu 1.200 m.kr. samanborið við 1.981 m.kr. árið 2010. Hins vegar varð viðsnúningur frá gengistapi upp á 298 m.kr. árið 2010 en gengishagnaður ársins 2011 nam 81 m.kr. Gjöld vegna matsbreytinga fjárfestinga námu 408 m.kr. og voru 771 m.kr. árið áður.

Aðrar tekjur námu 116 m.kr. Þar af voru tekjur móðurfélags 103 m.kr. Í ársuppgjöri fyrir árið 2012 er samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2011 breytt frá fyrri reikningsskilum en þar sem VÍS seldi eignarhlut sinn í Öryggismiðstöð Íslands ehf. í lok árs 2012 er afkoma þeirrar starfsemi og söluhagnaður vegna viðskiptanna færður undir aflagða starfsemi.

Tjón ársins námu 12.772 m.kr., sem er 6,6% hækkun frá fyrra ári. Eigin tjón ársins námu 12.750 m.kr. og hækkuðu um 8,6% frá fyrra ári. Árið 2011 var VÍS erfitt þegar litið er til tjóna. Alls voru þau rúmlega 30 þúsund talsins sem gerir um 80 tjón að meðaltali á dag. Kostnaður vegna þeirra nam rúmum milljarði króna á mánuði. Tjónahlutfallið var 82,1% samanborið við 80,5% árið 2010.

Rekstrarkostnaður samstæðunnar með afskriftum nam 3.608 m.kr. samanborið við 3.087 m.kr. árið 2010. Rekstrarkostnaður móðurfélagsins nam 3.593 m.kr. fyrir árið 2011 og hækkaði hann um 506 m.kr. frá fyrra ári eða um 16,4%. Vegna aukinna umsvifa erlendis hækkuðu erlend umboðslaun árið 2011 um 207 m.kr. frá árinu 2010.

Fjármagnsgjöld námu 2,4 m.kr. árið 2011 samanborið við 2,8 m.kr. árið 2010. Virðisrýrnun viðskiptakrafna og fjáreigna nam 197 m.kr.

Hagnaður ársins fyrir skatta nam 619 m.kr. Þar af var hagnaður af vátryggingarekstri 95 m.kr. á móti 819 m.kr. árið 2010. Hagnaður af fjármálarekstri nam 536 m.kr. á móti 506 m.kr. tapi árið áður. Meginskýringu aukins hagnaðar má rekja til aukinna tekna af fjármálarekstri. Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi eftir skatta nam 411 m.kr., sem er aukning frá árinu 2010, en þá var hagnaður eftir skatta 204 m.kr. Tap vegna aflagðrar starfsemi árið 2011 nam 3 m.kr. og er þar um að ræða rekstrarafkomu Öryggismiðstöðvar Íslands hf. frá 1. júlí 2011. Vegna færslu Öryggismiðstöðvar Íslands hf. í aflagða starfsemi breytist hagnaður fyrir skatta og tekjuskattur fyrir árið 2011 í ársreikningi 2012, frá ársreikningi 2011. Vegna breytinga á framsetningu ársreiknings, breytast afkoma af vátryggingastarfsemi og afkoma af fjárfestingastarfsemi vegna 2011 og 2010.

Starfsþáttayfirlit

Samstæðu VÍS er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti fyrir árið 2012: skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur. Afkoma starfsþáttanna var eftirfarandi fyrir árið 2012.

(m.kr.)	**Skaðatrygginga rekstur**	**Líftrygginga rekstur**	**Fjármála rekstur**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	15.845	615	0	16.460
Hluti endurtryggjenda	(487)	(102)	0	(589)
Aðrar tekjur	132	0	0	132
Fjárfestingartekjur	1.086	26	2.824	3.936
Heildartekjur	**16.575**	**539**	**2.824**	**19.939**
Tjón ársins	(11.819)	(294)	0	(12.113)
Hluti endurtryggjenda	(53)	99	0	46
Rekstrarkostnaður	(3.380)	(170)	(494)	(4.044)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(144)	(144)
Fjármagnsgjöld	0	0	(2)	(2)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	**1.323**	**174**	**2.185**	**3.682**
Tekjuskattur				(950)
Hagnaður af aflagðri starfsemi				293
Hagnaður ársins				**3.025**

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 136,4 m.kr. og fjármálarekstrar 1,8 m.kr. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar námu 21,5 m.kr. árið 2012.

Afkoma starfsþáttanna var eftirfarandi fyrir árið 2011 og skiptist á milli skaðatryggingareksturs og fjármálareksturs.

(m.kr.)	**Skaðatrygginga rekstur**	**Fjármála rekstur**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	15.561	0	15.561
Hluti endurtryggjenda	(510)	0	(510)
Aðrar tekjur	116	0	116
Fjárfestingartekjur	924	1.086	2.009
Heildartekjur	**16.089**	**1.086**	**17.175**
Tjón ársins	(12.772)	0	(12.772)
Hluti endurtryggjenda	22	0	22
Rekstrarkostnaður	(3.245)	(363)	(3.608)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	(197)	(197)
Fjármagnsgjöld	0	(2)	(2)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	**95**	**524**	**619**
Tekjuskattur			(207)
Tap af aflagðri starfsemi			(3)
Hagnaður ársins			**408**

Framsetning talna er hér birt í samræmi við ársreikning 2012 sem er frábrugðinn framsetningu í ársreikningi 2011 þar sem rekstur Öryggismiðstöðvar Íslands hf. er færður undir aflagða starfsemi. Sjá nánar í neðanmálsgrein með töflu um rekstrarreikning í kafla 6.2.

Afskriftir vegna skaðatryggingarekstrar námu 131,1 m.kr., 2,1 m.kr. vegna fjármálarekstrar og 56,3 m.kr. vegna annars rekstrar fyrir árið 2011. Á sama tímabili námu fjárfestingar skaðatryggingarekstrar 54,2 m.kr. og 84,8 m.kr. vegna annars rekstrar. Framangreindar fjárfestingar móðurfélags voru að mestu vegna endurnýjunar búnaðar í tölvusal, en vegna rekstrar Öryggismiðstöðvar Íslands hf. var fjárfest í öryggisbúnaði til endurleigu.

Afkoma starfsþáttanna var eftirfarandi fyrir árið 2010.

(m.kr.)	**Skaðatrygginga rekstur**	**Fjármála rekstur**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	14.873	0	14.873
Hluti endurtryggjenda	(667)	0	(667)
Aðrar tekjur	98	0	98
Fjárfestingartekjur	1.135	459	1.594
Heildartekjur	**15.439**	**459**	**15.898**
Tjón ársins	(11.977)	0	(11.977)
Hluti endurtryggjenda	242	0	242
Rekstrarkostnaður	(2.886)	(324)	(3.209)
Afskrifaðar kröfur	0	(218)	(218)
Fjármagnsgjöld	0	(3)	(3)
Niðurfærsla eigna	0	(421)	(421)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	**819**	**(506)**	**312**
Tekjuskattur			(108)
Hagnaður ársins			**204**

Framsetning talna er hér birt í samræmi við ársreikning 2012 sem er frábrugðinn framsetningu í ársreikningi 2010. Sjá nánar í neðanmálsgrein með töflu um rekstrarreikning í kafla 6.2.

Afskriftir vegna skaðatryggingarekstur námu 66,8 m.kr. og 2,2 m.kr. vegna fjármálareksturs. Á sama tímabili námu fjárfestingar skaðatryggingareksturs 29,8 m.kr. vegna tölvubúnaðar og innréttinga.

Vátryggingarekstur

Lögboðnar ökutækjatryggingar eru stærsta einstaka vátryggingagrein VÍS, sé litið til iðgjalda, eða sem samsvarar 31,4%, og aðrar ökutækjatryggingar eru 14,1% af iðgjöldum ársins. Önnur stærsta vátryggingagrein er eignatryggingar sem samsvarar 25,2% af iðgjöldum ársins. Slysa- og sjúkratryggingar eru um 10,9% af iðgjöldum ársins 2012. Aðrar vátryggingagreinar eru mun minni, en þær eru endurtryggingar 6,1%, ábyrgðartryggingar 5,5%, líf- og heilsutryggingar 3,7% og sjó- og farmtryggingar 3,1%. Hlutdeild einstakra vátryggingagreina hefur haldist nokkuð stöðug árin 2010 til 2012 en við kaup á Lífís bætast líftryggingar við tekjustofna samstæðu VÍS.

Afkoma vátryggingagreina er mjög mismunandi og er unnið markvisst að því að bæta afkomu þeirra greina sem minnstu skila til rekstrarins með betra áhættumati og verðlagningu sem tekur mið af því.

Vátryggingarekstur 2012

(m.kr.)	**Eigna-tryggingar**	**Sjó- og farm-tryggingar**	**Lögboðnar ökutækjatr.**	**Aðrar ökutækjatr.**	**Almennar ábyrgðartr.**
Iðgjöld ársins	4.149	514	5.166	2.318	891
Tjón ársins	(2.244)	(242)	(4.335)	(1.479)	(855)
Rekstrarkostnaður	(892)	(107)	(1.095)	(493)	(190)
Til endurtryggjenda	(282)	(82)	(16)	(2)	(58)
Fjárfestingartekjur	131	20	510	48	141
Aðrar tekjur	62	0	69	0	0
Hagnaður (tap)	**924**	**102**	**300**	**392**	**(69)**

(m.kr.)	**Slysa- og sjúkra-tryggingar**	**Líf-tryggingar**	**Heilsu-tryggingar**	**Frum-tryggingar alls**	**Endur-tryggingar alls**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	1.803	359	256	15.455	1.006	16.460
Tjón ársins	(1.847)	(185)	(109)	(11.296)	(817)	(12.113)
Rekstrarkostnaður	(365)	(99)	(71)	(3.311)	(239)	(3.550)
Til endurtryggjenda	(101)	2	(5)	(543)	(1)	(543)
Fjárfestingartekjur	169	11	15	1.046	66	1.112
Aðrar tekjur	0	0	0	132	0	132
Hagnaður (tap)	**(341)**	**88**	**86**	**1.482**	**15**	**1.497**

Iðgjöld eignatrygginga árið 2012 voru 4.149 m.kr. og hækkuðu um 0,9% frá fyrra ári. Hagnaður greinarinnar nam 924 m.kr. samanborið við 423 m.kr. hagnað árið áður. Hagnaðinn má meðal annars rekja til góðrar afkomu í brunatryggingum en engin stór tjón féllu á félagið á árinu.

Iðgjöld sjó- og farmtrygginga á árinu 2012 námu 514 m.kr., sem samsvarar 3,4% samdrætti frá árinu 2011. Hagnaður greinarinnar nam 102 m.kr. á árinu en miklar sveiflur einkenna alla jafna þessa vátryggingagrein sem skilaði tapi upp á 67 m.kr. árið 2011. Bætta afkomu skýrir góð niðurstaða af rekstri farmtrygginga.

Mikill viðsnúningur varð í afkomu lögboðinna ökutækjatrygginga árið 2012. Iðgjöld lögboðinna ökutækjatrygginga á árinu 2012 voru 5.166 m.kr. samanborið við 4.932 m.kr. árið 2011, sem samsvarar 4,7% aukningu frá fyrra ári. Hagnaður af rekstri lögboðinna ökutækjatrygginga nam 300 m.kr. árið 2012 samanborið við tap upp á 379 m.kr. árið 2011. Lægri tjónatíðni var lykilþáttur í bættri afkomu. Breytt verklag við áætlanir tjóna með tilliti til reglna Fjármálaeftirlitsins um tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum á árinu 2011 leiddi til hækkunar á tjónaskuld og þar með verri afkomu 2011. Iðgjöld annarra ökutækjatrygginga árið 2012 námu 2.318 m.kr. samanborið við 2.321 m.kr. á árinu 2011. Gott tíðarfar og fækkun ökutækja í umferð stuðlaði að lágri tjónatíðni á árinu. Hagnaður greinarinnar nam 392 m.kr. árið 2012 samanborið við 296 m.kr. fyrra árs.

Ábyrgðartryggingar skiluðu 891 m.kr. í iðgjöld árið 2012 en árið 2011 námu iðgjöldin 880 m.kr., sem er 1,3% hækkun frá fyrra ári. Tap greinarinnar nam 69 m.kr. árið 2012 samanborið við hagnað upp á 154 m.kr. árið 2011. Meginskýring tapsins er tjónaþungi í starfsábyrgðartryggingum.

Iðgjöld slysa- og sjúkratrygginga árið 2012 námu 1.802 m.kr. og voru nánast óbreytt frá árinu 2011. Tap af greininni nam 341 m.kr. á árinu samanborið við 296 m.kr. tap árið 2011. Niðurstaðan er að mestu leyti til komin vegna fjölskylduslysatrygginga og erlendra slysatrygginga.

Á árinu 2012 varð Lífís hluti af samstæðu VÍS, frá og með 1. apríl líkt og áður hefur verið greint frá. Iðgjöld líftrygginga námu 359 m.kr. síðustu níu mánuði ársins 2012 og nam hagnaður af þeirri grein 88 m.kr. Heilsutryggingar skiluðu 256 m.kr. iðgjöldum síðustu níu mánuði ársins 2012 og nam hagnaðurinn 86 m.kr.

VÍS tekur þátt í alþjóðlegum endurtryggingum, m.a. á sviði náttúruhamfara. Iðgjöld ársins í endurtryggingum voru 1.006 m.kr., sem er 3,0% hækkun frá árinu 2011. Hagnaður af rekstri endurtrygginga nam 15 m.kr. árið 2012 samanborið við 36 m.kr. tap árið 2011.

Skaðatryggingarekstur 2011

(m.kr.)	**Eigna-tryggingar**	**Sjó- og farm-tryggingar**	**Lögboðnar ökutækjatr.**	**Aðrar ökutækjatr.**	**Almennar ábyrgðartr.**
Iðgjöld ársins	4.114	532	4.932	2.321	880
Tjón ársins	(2.786)	(430)	(4.809)	(1.621)	(610)
Rekstrarkostnaður	(838)	(107)	(948)	(446)	(167)
Til endurtryggjenda	(236)	(83)	(27)	(2)	(71)
Fjárfestingartekjur	111	19	429	44	122
Aðrar tekjur	58	2	44	0	0
Hagnaður (tap)	**423**	**(67)**	**(379)**	**296**	**154**

(m.kr.)	**Slysa- og sjúkra-tryggingar**	**Frum-tryggingar alls**	**Endur-tryggingar alls**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	1.804	14.584	977	15.561
Tjón ársins	(1.684)	(11.940)	(832)	(12.772)
Rekstrarkostnaður	(491)	(2.998)	(235)	(3.232)
Til endurtryggjenda	(70)	(488)	(0)	(488)
Fjárfestingartekjur	144	870	54	924
Aðrar tekjur	0	103	0	103
Hagnaður (tap)	**(296)**	**131**	**(36)**	**95**

Framsetning talna er hér birt í samræmi við ársreikning 2012 sem er frábrugðinn framsetningu í ársreikningi 2011 þar sem rekstur Öryggismiðstöðvar Íslands hf. er færður undir aflagða starfsemi. Sjá nánar í neðanmálsgrein með töflu um rekstrarreikning í kafla 6.2.

Iðgjöld eignatrygginga fyrir árið 2011 námu 4.114 m.kr., sem er 0,8% hækkun frá árinu 2010. Hagnaður greinarinnar nam 423 m.kr. samanborið við 194 m.kr. hagnað ársins 2010. Hagnaðinn má meðal annars rekja til góðrar afkomu í brunatryggingum og lausafjártryggingum.

Iðgjöld sjó- og farmtrygginga ársins 2011 námu 532 m.kr., sem er 1,9% hækkun frá árinu 2010. Miklar sveiflur einkenna þessa vátryggingagrein sem skilaði tapi upp á 67 milljónir króna. Talsverður tjónaþungi í farmtryggingum og tvö stór húftryggingatjón skýra tapið á tímabilinu.

Rekstur lögboðinna ökutækjatrygginga var þungur á árinu 2011 líkt og á undangengnu ári. Iðgjöld lögboðinna ökutækjatrygginga námu 4.932 m.kr. árið 2011, sem er 0,9% samdráttur frá fyrra ári. Tap greinarinnar nam 379 m.kr. og ástæðuna má einkum rekja til að tjónatíðni í lögboðnum ökutækjatryggingum 2011 hækkaði lítillega frá árinu 2010. Jafnframt var verklagi við áætlanir tjóna breytt með tilliti til reglna Fjármálaeftirlitsins um tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum sem leiddi til hækkunar á tjónaskuld. Iðgjöld ársins 2011 vegna annarra ökutækjatrygginga námu 2.321 m.kr., sem er 3% samdráttur frá árinu 2010. Gott tíðarfar og fækkun ökutækja í umferð stuðlaði að lágri tjónatíðni á árinu. Hagnaður greinarinnar nam 296 m.kr.

Iðgjöld ábyrgðartrygginga fyrir árið 2011 námu 880 m.kr., sem er 0,9% lækkun frá fyrra ári. Hagnaður var 154 m.kr. samanborið við 129 m.kr. árið 2010 og jákvæð þróun tjóna eldri ára skýrir hagnaðinn að mestu leyti.

Slysa- og sjúkratryggingar skiluðu 1.804 m.kr. iðgjöldum árið 2011 sem er 5,0% hækkun frá árinu 2010. Neikvæð afkoma varð upp á 296 m.kr. og er sú niðurstaða meðal annars tilkomin vegna tjónaþunga í erlendum slysatryggingum, fjölskylduslysatryggingum og atvinnuslysatryggingum.

VÍS tekur þátt í alþjóðlegum endurtryggingum, m.a. á sviði náttúruhamfara. Árið 2011 var erfitt á þeim markaði með stórum jarðskjálftum og flóðum víða um heim en sjá má að tap af endurtryggingarstarfsemi nam 36 m.kr. árið 2011 samanborið við 158 m.kr. tap árið 2010. Iðgjöld ársins í erlendum endurtryggingum voru 977 m.kr., sem er 232% hækkun frá árinu 2010. Hækkunin kemur til vegna þriggja nýrra samninga sem tóku gildi á árinu.

Skaðatryggingarekstur 2010

(m.kr.)	**Eigna-tryggingar**	**Sjó- og farm-tryggingar**	**Lögboðnar ökutækjatr.**	**Aðrar ökutækjatr.**	**Almennar ábyrgðartr.**
Iðgjöld ársins	4.081	523	4.975	2.394	888
Tjón ársins	(2.967)	(239)	(4.538)	(1.662)	(723)
Rekstrarkostnaður	(805)	(105)	(912)	(438)	(161)
Til endurtryggjenda	(319)	(88)	(30)	(2)	(35)
Fjárfestingartekjur	144	20	537	60	159
Aðrar tekjur	60	0	38	0	0
Hagnaður (tap)	**194**	**111**	**69**	**352**	**129**

(m.kr.)	**Slysa- og sjúkra-tryggingar**	**Frumtryggingar alls**	**Endurtryggingar alls**	**Samtals**
Iðgjöld ársins	1.719	14.579	294	14.873
Tjón ársins	(1.447)	(11.575)	(402)	(11.977)
Rekstrarkostnaður	(379)	(2.800)	(86)	(2.886)
Til endurtryggjenda	48	(425)	0	(425)
Fjárfestingartekjur	180	1.100	35	1.135
Aðrar tekjur	0	98	0	98
Hagnaður (tap)	**121**	**977**	**(158)**	**819**

Framsetning talna er hér birt í samræmi við ársreikning 2012 sem er frábrugðinn framsetningu í ársreikningi 2010. Sjá nánar í neðanmálsgrein með töflu um rekstrarreikning í kafla 6.2.

6.3 Efnahagur samstæðu VÍS

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag VÍS fyrir rekstrarárið 2010 og samstæðu VÍS fyrir rekstrarárin 2011 og 2012. Á rekstrarárinu 2011 er ÖM eignarhaldsfélag ehf. hluti af samstæðuuppgjöri VÍS frá 1. júlí 2011. Á rekstrarárinu 2012 er Líftryggingafélag Íslands ehf. hluti af samstæðuuppgjöri VÍS frá 1. apríl 2012. Fram til 1. desember 2012 var Öryggismiðstöð Íslands hf. (en samruni átti sér stað milli ÖM eignarhaldsfélags ehf. og Öryggismiðstöðvar Íslands hf.) hluti af samstæðunni en í byrjun desember 2012 seldi VÍS hlut sinn, eða 83%, í félaginu, og eru áhrif þess tilgreind í rekstrarreikningi.

Meðfylgjandi tafla sýnir efnahagsreikning samstæðu VÍS 31. desember 2012, 31. desember 2011 og 31. desember 2010.

Efnahagur

(m.kr.)	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Varanlegir rekstrarfjármunir	258	652	460
Viðskiptavild	475	200	0
Aðrar óefnislegar eignir	507	0	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	25.953	24.301	23.214
Fjáreignir haldið til gjalddaga	4.183	0	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	252	1.509	2.257
Fjárfestingar v. líftrygginga með áhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Reiknuð skattinneign	41	516	398
Vörubirgðir	0	80	0
Viðskiptakröfur	4.797	4.604	4.069
Endurtryggingaeignir	567	586	635
Aðrar kröfur	916	1.128	1.221
Handbært fé	4.318	4.615	2.846
Eignir	**43.452**	**38.190**	**35.100**
Eigið fé			
Hlutafé	2.502	2.602	2.602
Varasjóður	626	456	456
Óráðstafað eigið fé	11.342	8.496	8.088
Eigið fé meirihlutaeigenda	**14.470**	**11.554**	**11.146**
Hlutdeild minnihluta	0	29	0
Eigið fé	**14.470**	**11.584**	**11.146**
Skuldir			
Vátryggingaskuld	26.204	24.792	22.615
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.186	0	0
Viðskiptaskuldir	1.167	932	942
Skuldir við lánastofnanir	0	241	0
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	425	640	397
Skuldir	**28.982**	**26.606**	**23.954**
Eigið fé og skuldir	**43.452**	**38.190**	**35.100**

Í upplýsingum um efnahag í árslok 2011 í ársreikningi 2012 voru 384,2 m.kr bundnar bankainnistæður færðar með öðrum kröfum. Í ársreikningum 2011 og 2010 eru þessar innistæður færðar með handbæru fé.

6.3.1 Efnahagsreikningur samstæðu VÍS 31. desember 2010, 31. desember 2011 og 31. desember 2012

Eignir

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2012 námu 43.452 m.kr. og höfðu hækkað um 5.262 m.kr. eða 14% frá 31. desember 2011 þegar heildareignir félagsins námu 38.190 m.kr. Þann 31. desember 2010 voru heildareignir 35.100 m.kr.

Á árunum 2010-2012 hefur VÍS fjárfest í tveimur félögum sem urðu hluti af samstæðunni en annað þeirra var selt í lok árs 2012. Þann 1. júlí 2011 gengu kaup VÍS á 83% eignarhlut í ÖM eignarhaldsfélagi ehf. í gegn. Kaupverð á 83% nam 368 m.kr. og var greitt með handbæru fé. Þann 25. júní 2012 gekk í gegn samruni ÖM eignarhaldsfélags ehf. og Öryggismiðstöðvar Íslands hf. þar sem hluthafar ÖM eignarhaldsfélags ehf. fengu hlutafé í Öryggismiðstöð Íslands hf. sem samsvaraði eignarhlut sínum í fyrrnefnda félaginu. Eignarhlutur VÍS nam 83% af hlutafé Öryggismiðstöðvar Íslands hf. í kjölfar samrunans.

Þann 4. desember 2012 var gengið frá sölu á 78% eignarhlut VÍS í Öryggismiðstöð Íslands hf. Söluverð nam 624 m.kr. og var greitt að fullu með handbæru fé. Jafnframt seldi VÍS 5% hlut í Öryggismiðstöð Íslands hf. til félagsins sjálfs. Söluverð þessa hlutar nam 25,5 m.kr. Félagið tilheyrir því ekki lengur samstæðu VÍS.

Í byrjun apríl 2012 keypti VÍS 99,93% eignarhluta í Líftryggingafélagi Íslands hf. af Klakka ehf. Kaupverð félagsins var 3.181 m.kr. VÍS greiddi fyrir félagið með reiðufé að fjárhæð 800 m.kr. og öðrum fjáreignum í eigu félagsins að fjárhæð 2.381 m.kr. Hluti af þeim fjáreignum voru skuldabréf og hlutabréf útgefin af Klakka ehf. og aðilum tengdum Klakka ehf. að fjárhæð 1.394 m.kr. Fjáreignir sem voru skuldabréf og hlutabréf í félögum ótengdum Klakka ehf. námu 987 m.kr. Framangreindar eignir voru afhentar Klakka ehf. á bókfærðu virði í lok árs 2011 fyrir áætlaða niðurfærsluþörf sem metin var um 1,4 ma.kr. Greiðslan sem innt var af hendi fyrir Lífís var fullnaðargreiðsla og á Klakki ehf. ekki endurkröfurétt á VÍS ef endurheimtur ofangreindra eigna verða lægri en söluverð.

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 258 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 652 m.kr. í lok árs 2011 og 460 m.kr. þann 31. desember 2010. Bókfært verð fasteigna og lóða í eigu VÍS nam 33 m.kr. þann 31. desember 2012 en var á sama tíma árið 2011 35 m.kr. og tæpar 42 m.kr. í lok árs 2010. Bókfært virði tölvubúnaðar, áhalda og tækja VÍS nam 224 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 617 m.kr. í lok 2011, lækkunin er til komin vegna sölu félagsins á ÖM eignarhaldsfélagi ehf. Þessi liður nam tæplega 419 m.kr. í árslok 2010. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum á næstu tveimur misserum.

Viðskiptavild að fjárhæð 475 m.kr. þann 31. desember 2012 skýrist af kaupum félagsins á 99,93% eignarhlut í Líftryggingafélagi Íslands hf. eins og að ofan greinir, einnig færast 507 m.kr. í liðinn aðrar óefnislegar eignir vegna þessara kaupa. Viðskiptavild nam 200 m.kr. í lok árs 2011 og var þar um að ræða færslu á viðskiptavild vegna framangreindra kaupa á ÖM eignarhaldsfélagi ehf.

Fjárfestingarstarfsemin er ein af undirstöðum í rekstri vátryggingafélaga og eru því kaup og sala fjármálagerninga hluti af reglulegri starfsemi. Markmiðið með henni er að ávaxta eigið fé félagsins á sem bestan og öruggastan hátt. Stærsti hluti eigna félagsins er til að mæta vátryggingaskuld félagsins. Fjáreignir námu samtals 30.388 m.kr. þann 31. desember 2012 en voru á sama tíma árið áður 25.810 m.kr. og samtals 25.471 m.kr. þann 31. desember 2010. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur námu 25.953 m.kr. í lok árs 2012 og höfðu hækkað um 1.652 m.kr. frá sama tíma árið áður. Þar af voru eignarhlutar í öðrum félögum með bókfært virði að fjárhæð 1.887 m.kr., þar sem 51% er í skráðum félögum á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf., og markaðsverðbréfa sem námu 24.066 m.kr. sem skiptast á milli skráðra ríkistryggðra verðbréfa að fjárhæð 17.005 m.kr, auk annarra eigna sem bundnar eru í skuldabréfum íslenskra sveitarfélaga og ýmissa innlendra og erlendra verðbréfasjóða. Í lok árs 2011 námu fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur 24.301 m.kr. en þar af voru eignarhlutar í öðrum félögum með bókfært virði að fjárhæð 1.738 m.kr., og markaðsverðbréf námu 22.563 m.kr. sem samanstóðu að stærstum hluta af skráðum ríkistryggðum verðbréfum að fjárhæð 17.049 m.kr. auk þess sem stór hluti eigna er bundinn í skuldabréfum íslenskra sveitarfélaga auk ýmissa fjárfestinga í ýmsum verðbréfasjóðum, bæði innlendum og erlendum. Bókfært virði fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstur nam 23.214 m.kr. við árslok 2010 en þar af voru eignarhlutar í öðrum félögum að fjárhæð 1.876 m.kr. og markaðsverðbréf að fjárhæð 21.338 m.kr. þar sem stærsti eignaflokkurinn var skráð ríkistryggð verðbréf að fjárhæð 16.287 m.kr. Fjáreignir haldið til gjalddaga þann 31. desember 2012 námu 4.183 m.kr. en þetta er nýr liður í efnahagsreikningnum. Bókfært verð skuldabréfa og annarra langtímakrafna nam 252 m.kr. samanborið við 1.509 m.kr. í lok árs 2011, lækkunina á milli ára má rekja til kaupa félagsins á Lífís en félagið greiddi með eignum úr þessum flokki, meðal annars kröfum á hendur Klakka. Í lok árs 2010 nam þessi sami liður 2.257 m.kr. Þessi mikla

lækkun á milli ára er tilkomin vegna afskrifta eigna undir þessum lið. En afskriftareikningur vegna framangreindra eigna nam 2.557 m.kr. í lok árs 2011 samanborið við 1.979 m.kr. árið 2010 og er skýringin á stærstum hluta breytingarinnar endanlegar afskriftir krafna á árinu 2010 vegna gjaldþrota eða annarra ástæðna þess að kröfur eru óinnheimtanlegar.

Fjárfestingaverðbréf

(m.kr.)	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur			
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Skráð í Kauphöll Íslands	956	336	276
Skráð í erlendum kauphöllum	358	556	656
Önnur félög	573	846	944
Samtals	**1.887**	**1.738**	**1.876**
Markaðsverðbréf			
Skráð ríkistryggð verðbréf	17.005	17.049	16.287
Önnur skráð verðbréf	3.118	3.547	2.920
Óskráð ríkistryggð verðbréf	105	106	141
Önnur óskráð verðbréf	3.838	1.862	1.991
Samtals	**24.066**	**22.563**	**21.338**
Fjáreignir haldið til gjalddaga			
Skráð ríkistryggð verðbréf	4.183	0	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur			
Lán með veði í fasteignum	217	378	818
Lán með veði í lausafé	15	41	86
Önnur skuldabréf	20	1.090	1.353
Samtals	**252**	**1.509**	**2.257**
Samtals fjáreignir	**30.388**	**25.810**	**25.471**

Fjárfestingar vegna líftrygginga með áhættu líftryggingataka námu 1.186 m.kr. og er þar um að ræða nýjan lið í efnahagsreikningi sem er tilkominn vegna kaupa félagsins á Lífís. Lífís hefur boðið upp á söfnunartryggingu sem samanstendur annars vegar af líftryggingu og hins vegar af söfnun í verðbréfasjóði. Kostnaður vegna líftryggingarinnar fer lækkandi eftir því sem söfnunin eykst og fellur niður þegar söfnunin verður hærri en líftryggingarfjárhæð. Í söfnunartryggingu ber vátryggingatakinn fjárfestingaráhættuna.

Reiknuð skattinneign nam 41 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við tæpar 516 m.kr. þann 31. desember 2011, en var tæpar 398 m.kr. í lok árs 2010, en óbein niðurfærsla fjáreigna skýrir að stærstu leyti framangreinda skattinneign.

Vörubirgðir námu rúmum 80 m.kr. í lok árs 2011 og voru tilkomnar vegna starfsemi ÖM eignarhaldsfélags ehf. og nær því aðeins til ársins 2011. Viðskiptakröfur voru 4.797 m.kr. þann 31. desember 2012 samanborið við 4.604 m.kr. þann 31. desember 2011 og 4.069 m.kr. í lok árs 2010. Hækkun á milli ára má rekja til aukinna umsvifa vegna kaupanna á Lífís og erlendrar starfsemi. Aukningu milli áranna 2011 og 2010 má einna helst skýra með 575 m.kr. aukningu erlendra viðskiptakrafna samhliða tekjuvexti af erlendri starfsemi auk þess sem viðskiptakröfur að fjárhæð

248 m.kr. vegna starfsemi ÖM eignarhaldsfélags ehf. urðu hluti af samstæðu VÍS fyrir árið 2011. Lækkun að fjárhæð 225 m.kr. varð milli áranna 2011 og 2010 í viðskiptakröfum vegna innlendrar vátryggingastarfsemi VÍS, en þá var lögð aukin áhersla á bætta innheimtuferla félagsins.

Endurtryggingaeignir námu 567 m.kr. þann 31. desember 2013 samanborið við 586 m.kr. í árslok 2011 og 635 m.kr. þann 31. desember 2010. Aðrar kröfur námu 916 m.kr. þann 31. desember 2012 og 1.128 m.kr. í lok árs 2011 en voru 1.221 m.kr. í árslok 2010, en þar af námu fyrirframgreiddir skattar í lok árs 2012 241 m.kr., í lok árs 2011 350 m.kr. og 910 m.kr. í lok ársins 2010. Af öðrum kröfum nam geymslufé 442 m.kr. þann 31. desember 2012, 368 m.kr. þann 31. desember 2011 og 294 m.kr. í árslok 2010, en aukninguna má rekja til aukinna umsvifa vegna erlendra endurtryggingasamninga.

Handbært fé nam 4.318 m.kr. þann 31. desember 2012 samanborið við 4.615 m.kr. í lok ársins 2011 og 2.846 m.kr. á sama tíma árið 2010. Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum í íslenskum krónum að fjárhæð 3.424 m.kr., bankainnstæðum í erlendri mynt að fjárhæð 891 m.kr. og sjóði að fjárhæð rúmar 3 m.kr.

Skuldir

Heildarskuldir VÍS námu 28.982 m.kr. þann 31. desember 2012 en voru 26.606 m.kr. þann 31. desember 2011 og 23.954 m.kr. á sama tíma árið 2010.

Vátryggingaskuld félagsins er þar stærst og nam 26.204 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 24.792 m.kr. í lok ársins 2011 en var á sama tíma árið 2010 22.615 m.kr. Styrkur vátryggingaskuldar, þ.e. líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum. Vátryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld.

Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi vátryggingarsamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Iðgjaldaskuld þann 31. desember 2012 nam 5.389 m.kr. en var á sama tíma árið 2011 5.337 m.kr. og á sama tíma árið 2010 nam iðgjaldaskuldin 5.418 m.kr.

Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna, bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa orðið en hafa ekki verið tilkynnt samstæðunni. Í lok ársins 2012 nam tjónaskuld 20.815 m.kr. samanborið við 19.455 m.kr. árið 2011 og 17.197 m.kr. í árslok 2010. Hækkun tjónaskuldar milli ára er til komin vegna ýmissa aðstæðna, s.s. verðlagsbreytinga og uppgjörstíma stórra tjóna á sviði endurtrygginga og eignatrygginga auk þess sem breyting var gerð á verklagi við áætlanir tjóna í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum. Einnig kemur til tjónaskuld vegna starfsemi líftryggingafélagsins sem skýrir um 485 m.kr. af hækkuninni milli áranna 2012 og 2011.

Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka nam 1.186 m.kr. þann 31. desember 2012. Þessi liður er nýr í efnahagsreikningi félagsins og er tilkominn vegna kaupa félagsins á Lífís. Samsvarandi eign er færð í efnahag félagsins.

Hlutdeild endurtryggjenda í vátryggingaskuld nam 556 m.kr. í lok árs 2012 en var 552 m.kr. þann 31. desember 2011 og 618 m.kr. á sama tíma árið 2010.

Vátryggingaskuld

(m.kr.)	**Samstæða 31.12.2012**	**Samstæða 31.12.2011**	**Móðurfélag 31.12.2010**
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	17.368	16.058	13.868
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.447	3.397	3.330
Tjónaskuld	20.815	19.455	17.197
Iðgjaldaskuld	5.389	5.337	5.418
Vátryggingaskuld samtals	**26.204**	**24.792**	**22.615**
Hlutdeild endurtryggjenda			
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	420	473	460
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	60	63	122
Tjónaskuld	480	536	582
Iðgjaldaskuld	77	16	37
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	**556**	**552**	**618**
Vátryggingaskuld í eigin hlut			
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	16.948	15.585	13.408
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.387	3.334	3.208
Tjónaskuld	20.335	18.920	16.615
Iðgjaldaskuld	5.312	5.321	5.381
Vátryggingaskuld í eigin hlut (nettó) samtals	**25.647**	**24.240**	**21.997**

Vegna breytinga á framsetningu ársreiknings eru tölur fyrir tilkynnt tjón og áfallin tjónakostnað og áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna fyrir árið 2010 breyttar.

Viðskiptaskuldir námu 1.167 m.kr. þann 31. desember 2012 en voru 932 m.kr. í lok ársins 2011 samanborið við 942 m.kr. í árslok 2010 og þarna er m.a. um að ræða innheimt viðlagasjóðs- og ofanflóðasjóðsgjöld fyrir hið opinbera og iðgjöld til endurtryggjenda auk skulda við tengd félög að fjárhæð 604 m.kr. í lok árs 2012, 283 m.kr. í lok árs 2011 og 391 m.kr. í lok árs 2010.

Skuldir við lánastofnanir námu 241 m.kr. í lok árs 2011 sem fjármögnun á rekstri dótturfélags og voru tilkomnar vegna kaupa á ÖM eignarhaldsfélagi ehf.

Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur námu 425 m.kr. í lok árs 2012 en voru 640 m.kr. þann 31. desember 2011 samanborið við 397 m.kr. á sama tíma árið 2010 en þarna er að mestu um að ræða ógreiddan en gjaldfærðan kostnað á borð við laun og launatengd gjöld auk annars kostnaðar og fyrirframinnheimtra tekna.

6.3.2 Eiginfjáryfirlit samstæðu VÍS 31. desember 2010, 31. desember 2011 og 31. desember 2012

Eigið fé félagsins nam samtals 14.470 m.kr. þann 31. desember 2012 samanborið við 11.584 m.kr. þann 31. desember 2011 en þar af nam hlutdeild minnihluta 29 m.kr. Eigið fé í árslok 2010 var 11.146 m.kr. Samkvæmt samþykktum félagsins nam heildarhlutafé þess 2.502 m.kr. í lok desember 2012.

Eftirfarandi tafla sýnir breytingar á eigin fé frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2012.

Eiginfjáryfirlit

(m.kr.)	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta-eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	**2.602**	**446**	**7.894**	**10.942**	**0**	**10.942**
Heildarafkoma ársins	0	0	204	204	0	204
Tillag í lögbundinn varasjóð	0	10	(10)	0	0	0
Eigið fé 1.1.2011	**2.602**	**456**	**8.088**	**11.146**	**0**	**11.146**
Kaup á félagi	0	0	0	0	30	30
Heildarafkoma ársins	0	0	408	408	(0)	408
Eigið fé 31.12.2011	**2.602**	**456**	**8.496**	**11.554**	**29**	**11.584**
Sala á félagi	0	0	0	0	(39)	(39)
Lækkun á hlutafé	(100)	0	0	(100)	0	(100)
Heildarafkoma ársins	0	0	3.016	3.016	9	3.024
Tillag í lögbundinn varasjóð	0	169	(169)	0	0	0
Eigið fé 31.12.2012	**2.502**	**626**	**11.342**	**14.470**	**0**	**14.470**

Eigið fé í árslok 2012 nam 14.470 m.kr. og hækkaði um 2.887 m.kr. á árinu sem skýrist af hagnaði ársins auk þess sem félagið seldi eitt dótturfélaga sinna og lækkaði einnig hlutafé um 100 m.kr. Eigið fé nam 11.146 m.kr. í lok árs 2010 og hækkaði um 204 m.kr. á rekstrarárinu 2010 sem skýrist af hagnaði ársins. Eigið fé nam 11.584 m.kr. í lok árs 2011 og hækkaði um 438 m.kr. á rekstrarárinu sem skýrist af hagnaði á árinu, sem og að hlutdeild minnihluta kom til í kjölfar kaupa félagsins á ÖM eignarhaldsfélagi ehf. Eiginfjárhlutfall VÍS í lok árs 2012 var 33,3% samanborið við 30,3% árið 2011 og 31,8% árið 2010.

Gjaldþol

Í V. kafla laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi er fjallað um fjárhagsgrundvöll vátryggingafélags. Í 31. gr. framangreindra laga er fjallað um þær fjárhæðir er mynda grunn útreiknings á gjaldþoli vátryggingafélags og má þar nefna liði á borð við innborgað hlutafé, varasjóði, óráðstafað eigið fé og forgangshlutafé eða víkjandi lán með nánari skilmálum, svo að dæmi séu nefnd. Auk þess fjallar 31. gr. um aðlagað gjaldþol ásamt reglugerð nr. 954/2001 um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélaga, en þá er m.a. tekið tillit til gagnkvæmrar fjármögnunar vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi og félaga innan samstæðu og hlutdeildar vátryggingafélags í lágmarksgjaldþoli annars vátryggingafélags sem er dótturfélag eða hlutdeildarfélag þess. Í 32. gr. laganna er fjallað um lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga og 33. gr laganna fjallar um lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga. Lágmarksgjaldþol tekur á þáttum á borð við iðgjöld og meðalfjárhæð tjóna þegar kemur að skaðatryggingafélögum.

Reiknað lágmarksgjaldþol móðurfélags VÍS samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 í árslok 2012 nam 3.058 m.kr. en reiknað gjaldþol var 14.849 m.kr. og gjaldþolshlutfall því 4,9. Að teknu tilliti til gagnkvæmrar fjármögnunar innan samstæðu er reiknað aðlagað gjaldþol samstæðunnar í árslok 2012 13.466 m.kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall því 3,82. Reiknað lágmarksgjaldþol móðurfélags VÍS í árslok 2011 nam 3.062 m.kr. en reiknað gjaldþol var 11.554 m.kr. og gjaldþolshlutfall því 3,8. Að teknu tilliti til gagnkvæmrar fjármögnunar innan samstæðu er reiknað aðlagað gjaldþol samstæðunnar 10.712 m.kr. í árslok 2011 og aðlagað gjaldþolshlutfall því 3,5. Á árinu 2010 nam lágmarksgjaldþol móðurfélagsins VÍS 2.908 m.kr. en reiknað gjaldþol þess var 11.146 m.kr. og gjaldþolshlutfallið því 3,8. Aðlagað gjaldþol VÍS var 9.819 m.kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall því 3,4 árið 2010.

6.4 Sjóðstreymisyfirlit samstæðu VÍS

Hér á eftir fer samantekin umfjöllun um sjóðstreymi samstæðu VÍS. Á rekstrarárinu 2011 er ÖM eignarhaldsfélag ehf. hluti af samstæðuuppgjöri VÍS frá 1. júlí 2011 og Líftryggingafélag Íslands hf. er hluti af samstæðuuppgjöri félagsins frá 1. apríl 2012.

Eftirfarandi tafla sýnir sjóðstreymisyfirlit samstæðu VÍS fyrir rekstrarárin 2010 – 2012.

Sjóðstreymisyfirlit

(m.kr.)	**Samstæða 2012**	**Samstæða* 2011**	**Móðurfélag* 2010**
Rekstrarhreyfingar			
Heildarafkoma ársins	3.025	408	204
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.830)	(1.822)	(2.362)
Gangvirðisbreyting fjáreigna	(1.077)	(209)	(1.192)
Virðisrýrnun og afskrift viðskiptavildar	0	66	0
Lífeyrisskuldbinding	1	0	0
Afskriftir	307	190	69
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(3)	(5)	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, (hækkun) lækkun	(609)	(401)	(1.942)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun	1.257	209	(91)
Skattinneign, lækkun (hækkun)	353	(60)	(15)
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun	(15)	1	0
Viðskiptakröfur, (hækkun) lækkun	(442)	(286)	130
Endurtryggingaeignir, lækkun	163	49	(33)
Aðrar kröfur, lækkun	215	632	(194)
Vátryggingarskuld, hækkun	618	2.177	919
Líftryggingaskuld, (lækkun)	(108)	0	0
Viðskiptaskuldir, hækkun	537	40	578
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	(10)	24	(10)
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta	**1.381**	**1.011**	**(3.938)**
Innborgaðar fjármunatekjur	2.506	1.826	1.173
Greidd fjármagnsgjöld	(12)	(12)	(3)
Greiddir tekjuskattar	(353)	(123)	(268)
Handbært fé frá (til) rekstri	**3.522**	**2.702**	**(3.036)**
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar fjáreignir haldið til gjalddaga	(4.126)	0	0
Keyptir (seldir) varanlegir rekstrarfjármunir	(103)	(129)	(26)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé á kaupunum	(37)	(275)	0
Sala á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé við sölu	524	0	0
Lífeyrisskuldbinding, greidd	(3)	0	0
	(3.745)	**(404)**	**(26)**

Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	(42)	(18)	0
Lækkun á hlutafé	(100)	0	0
Hækkun á skammtímaskuld við lánastofnanir	11	0	0
	(131)	**(18)**	**0**
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	**(353)**	**2.280**	**(3.062)**
Handbært fé í upphafi árs	4.615	2.301	5.549
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	56	34	(186)
Handbært fé í lok árs	**4.318**	**4.615**	**2.301**

**Framsetningu sjóðstreymis 2010 og 2011 breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningi 2010 og 2011, til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012, en auk frekari sundurliðunar eru þar breytingar þar sem fjáreignir (að undanskildum fjáreignum sem haldið er til gjalddaga) eru flokkaðar sem rekstrarhreyfingar í stað fjárfestingahreyfinga áður.*

6.4.1 Árlegt sjóðstreymisyfirlit rekstrarárin 2012 og 2011

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 1.381 m.kr. rekstrarárið 2012 samanborið við handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta að fjárhæð 1.011 m.kr. árið 2011. Afkoma ársins 2012 var umtalsvert betri en árið 2011 en gangvirðisbreytingar fjáreigna að fjárhæð 1.077 m.kr. og lækkun skuldabréfa og annarra langtímakrafna, m.a. í tengslum við kaupin á Lífís, að fjárhæð 1.257 m.kr., voru þeir liðir sem skýra að stórum hluta breytingu á handbæru fé til rekstrar án vaxta og skatta milli áranna 2012 og 2011.

Innborgaðar fjármunatekjur námu 2.506 m.kr. árið 2012 samanborið við 1.826 m.kr. árið 2011 og má skýringuna að mestu rekja til aukningar á skuldabréfaeign félagsins með kaupum á Lífís. Greiddir skattar námu 353 m.kr. samanborið við 123 m.kr. árið áður. Handbært fé frá rekstri nam samtals 3.522 m.kr. fyrir árið 2012 samanborið við 2.702 m.kr. á árinu 2011.

Fjárfestingahreyfingar námu um 3.745 m.kr. samanborið við fjárfestingar að fjárhæð 404 m.kr. árið 2011 en er stærsti liðurinn, kaup á fjáreignum haldið til gjalddaga, að fjárhæð um 4.126 m.kr. Kaup á Lífís að frádregnu handbæru fé í kaupunum nam 37 m.kr. en salan á Öryggismiðstöð Íslands hf. skilaði 524 m.kr. að frádregnu handbæru fé Öryggismiðstöðvar Íslands hf.

Árið 2012 nam afborgun langtímaskulda 42 m.kr. og var það vegna Öryggismiðstöðvar Íslands hf. en auk þess voru skammtímaskuldir við lánastofnanir hækkaðar um 11 m.kr. VÍS felldi niður útgefin hlutabréf í B-flokki og nam lækkunin 100 m.kr.

Þann 31. desember 2012 var handbært fé 4.318 m.kr. og lækkaði um 353 m.kr. frá sama tímabili árið áður.

6.4.2 Árlegt sjóðstreymisyfirlit rekstrarárin 2011 og 2010

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 1.011 m.kr. rekstrarárið 2011 samanborið við handbært fé til rekstrar 3.938 m.kr. árið 2010. Meginástæður fyrir auknu handbæru fé eru að þrátt fyrir að hagnaður ársins 2011 sé meiri en árið áður eru fjármunatekjur, gangvirðisbreytingar fjáreigna og hækkun fjáreigna minni árið 2011 en árið 2010.

Innborgaðar fjármunatekjur námu 1.826 m.kr. árið 2011 en 1.173 m.kr. árið 2010. Greidd fjármagnsgjöld voru 12 m.kr. og greiddir skattar námu 123 m.kr. fyrir árið 2011 en greidd fjármagnsgjöld námu 3 m.kr. og greiddir skattar voru 268 m.kr. fyrir árið 2010. Handbært fé frá rekstri nam því 2.702 m.kr. fyrir árið 2011 samanborið við handbært fé til rekstrar 3.036 m.kr. fyrir árið 2010.

Sala fjárfestinga nam 404 m.kr. árið 2011 en árið 2010 nam sala fjárfestinga 26 mkr. Árið 2011 fjárfesti VÍS enn fremur í 83% eignarhlut í ÖM eignarhaldsfélagi ehf. og nam sú fjárfesting 275 m.kr. að teknu tilliti til handbærs fjár ÖM eignarhaldsfélags ehf.

Árið 2011 nam afborgun langtímaskulda tæplega 18 m.kr. og var það vegna ÖM eignarhaldsfélags ehf. Engar fjármögnunarhreyfingar áttu sér stað árið 2010.

Þann 31. desember 2011 var handbært fé 4.615 m.kr. og hækkaði um 2.280 m.kr. á rekstrarárinu 2011.

6.5 Lykiltölur úr fjárhag Lífís

Neðangreind tafla sýnir þróun lykiltalna Líftryggingafélags Íslands hf., dótturfélags VÍS, fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012, sem fengnar eru úr endurskoðuðum ársreikningum Lífís fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012.

Rekstrareikningur

(m.kr.)	**2012**	**2011**	**2010**
Iðgjöld ársins	820	823	786
Eigin iðgjöld	675	663	615
Fjármunatekjur	172	272	228
Heildartekjur	**847**	**935**	**843**
Tjón ársins	(364)	(379)	(266)
Eigin tjón	(246)	(299)	(161)
Rekstrarkostnaður	(273)	(254)	(209)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna o.fl.	(10)	(3)	(32)
Heildargjöld	**(529)**	**(556)**	**(402)**
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**318**	**379**	**440**
Tekjuskattur	(62)	(73)	(78)
Heildarafkoma ársins	**256**	**305**	**362**

Lykilhlutföll	**2012**	**2011**	**2010**
Tjónahlutfall	44,4%	46,0%	33,9%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	26,7%	25,4%	23,0%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	2,7%	8,3%	6,6%
Samsett hlutfall	**73,8%**	**79,7%**	**63,4%**
Fjárfestingateknahlutfall	4,1%	3,1%	4,7%
Rekstrarhlutfall	70,8%	77,3%	60,6%

Líkt og kemur fram í skýringu 5 með ársreikningi samstæðu VÍS fyrir árið 2012 hefur framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu verið breytt og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Virðisrýrnun annarra fjáreigna er nú hluti af gangvirðisbreytingum fjáreigna en voru áður taldar með virðisrýrnun fjáreigna. Matsbreyting skuldabréfa er nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en var áður hluti af fjármunatekjum. Framsetning talna fyrir 2011 og 2010 hefur verið aðlöguð breyttri framsetningu.

Ennfremur voru gerðar breytingar á framsetningu ársreiknings 2011 frá 2010. Félagið breytti framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu árið 2011 og telja stjórnendur félagsins að með því hafi gleggri mynd verið sýnd af rekstri félagsins í heild. Tekjur af fjármálastarfsemi voru settar sem hluti af heildartekjum en voru áður yfirfærðar að hluta frá fjármálarekstri á vátryggingarekstur. Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum sem áður voru taldar með tekjum og gjöldum af fjármálarekstri voru þá taldar með heildartekjum. Rekstrarkostnaður fjármálareksturs var settur meðal rekstrarkostnaðar og afskriftir viðskiptakrafna voru ekki lengur taldar með gjöldum af vátryggingarekstri heldur með virðisrýrnun. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum sem áður voru sérgreind urðu hluti rekstrarkostnaðar.

Efnahagsreikningur

(m.kr.)	**31.12.2012**	**31.12.2011**	**31.12.2010**
Eignir			
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	2.474	2.263	2.289
Reiknuð skattinneign	28	44	35
Fjárfestingar v. líftrygginga m. fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.186	1.069	1.077
Aðrar kröfur	12	10	11
Endurtryggingaeignir	126	126	138
Handbært fé	97	642	490
Eignir	**3.922**	**4.154**	**4.040**
Eigið fé	**1.872**	**2.165**	**2.010**
Skuldir			
Líftryggingaskuld	793	796	723
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.186	1.069	1.077
Lífeyrisskuldbinding	16	17	18
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	55	108	211
Skuldir	**2.051**	**1.989**	**2.030**
Eigið fé og skuldir	**3.922**	**4.154**	**4.040**

Iðgjöld Lífís undanfarin tvö ár hafa verið nokkuð stöðug en árið 2012 námu iðgjöldin 820 m.kr. samanborið við 823 m.kr. árið 2011. Hlutur endurtryggjenda hefur lækkað lítillega undanfarin ár og eigin iðgjöld því vaxið úr 615 m.kr. árið 2010 í 675 m.kr. árið 2012. Tjónahlutfallið hefur hækkað úr 33,9% árið 2010 í 44,4% árið 2012. Sú hækkun er vegna þess að iðgjöld vátrygginga voru lækkuð á árinu 2011.

Rekstrarkostnaður jókst í 273 m.kr. árið 2012 samanborið við 254 m.kr. árið 2011. Samsett hlutfall félagsins fyrir árið 2012 nam 73,8% samanborið við 79,7% árið 2011 sem skýrist af lægri tjónakostnaði og lægri kostnaði við endurtryggingar. Lægri kostnaður við endurtryggingar er tilkominn vegna bættra kjara, ágóðahlutdeildar í sjúkdómatryggingum frá endurtryggjendum og hærra greiðsluhlutfalls frá endurtryggjenda vegna stórtjóns. Hagnaður ársins 2012 nam 256 m.kr. samanborið við 305 m.kr. árið 2011 og 362 m.kr. árið 2010.

Heildareignir Lífís námu 3.922 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 4.154 m.kr. árið 2011 og skýrist lækkunin að miklu leyti með lækkun á handbæru fé þar sem arður var greiddur á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur námu 2.474 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 2.263 m.kr. árið 2011 og 2.289 m.kr. árið 2010. Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaáhættu líftryggingataka námu 1.186 m.kr. þann 31. desember 2012 en samsvarandi fjárhæð er færð meðal skulda félagsins. Líftryggingaskuld nam 793 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 796 m.kr. þann 31.desember 2011. Heildarskuldir Lífís í lok árs 2012 námu 2.051 m.kr. samanborið við 1.989 m.kr. í árslok 2011. Eigið fé var 1.872 m.kr. þann 31. desember 2012 og 2.165 m.kr. á sama tíma árið 2011. Gjaldþolshlutfall Lífís var 3,5 árið 2012 samanborið við 3,3 árið 2011.

7. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013 ásamt samantekt dagsettri 27. mars 2013 og verðbréfalýsingu dagsettri 27. mars 2013, sem birt er í tengslum við almennt útboð á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er gefin út á íslensku.

Lýsingin er gerð í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Ákvæði VI. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, taka til almennra útboða verðbréfa og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Ítarlegri reglur er að finna í reglugerð nr. 242/2006 um almenn útboð verðbréfa að verðmæti 210 milljónir kr. eða meira og skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað, svo og í reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði I. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af þeim reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem gilda um töku verðbréfa til viðskipta. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi.

Markmiðið með því að fá hlutabréf VÍS tekin til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika og virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu, dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur óskað eftir að allir útgefnir hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að hlutirnir verði teknir til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Stjórn útgefandans telur að félagið uppfylli öll skilyrði fyrir töku til viðskipta á Aðalmarkaði, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k. 500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti um a.m.k. 100.000 krónur og almennir hluthafar eigi samtals a.m.k. 25% hluta í félaginu, en með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag, aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins, eða aðili sem hefur skuldbundið sig til að losa sig ekki við hlut sinn í lengri tíma.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu Klakka ehf., sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Markmið Klakka ehf. er að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína og að útboðið marki grunninn að dreifðu eignarhaldi á Vátryggingafélagi Íslands hf. og er þá bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu. Stærð útboðsins er 60-70% af útgefnu hlutafé. Áskriftartímabil mun standa yfir 12.–16. apríl 2013. Niðurstöður útboðs munu liggja fyrir 17. apríl 2013.

Stjórn seljanda mun falla frá útboðinu ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki fyrir lok maí 2013 fyrirliggjandi umsókn útgefanda um að hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta. Stjórn seljanda áskilur sér jafnframt rétt til að falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutir í Vátryggingafélagi Íslands hf. verði teknir til viðskipta, ef upp koma einhverjir þeir áhrifaþættir sem stjórn seljandans telur gefa tilefni til þess, svo sem sérlega neikvæð þróun á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á Íslandi.

Útgefandalýsing þessi, dagsett 27. mars 2013, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 27. mars 2013 og má nálgast hana á vef félagsins www.vis.is/fjarfestar, og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er dagsett og geta breyst frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með hlutina á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., en ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, þar

sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af VÍS eða varða félagið.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 27. mars 2013, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting á fjármálagerningum sem gefnir eru út af VÍS eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum VÍS og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 27. mars 2013, skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Vátryggingafélag Íslands, Klakki ehf. og Arion banki hf. eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Við það að verðbréf útgefanda eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. lýtur útgefandinn upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt lögum, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009, kveða m.a. á um að auk opinberrar birtingar allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma (þ.e. birting ársreikninga og árshlutareikninga) beri útgefanda hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta, eins fljótt og unnt er, að birta upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem eru verðmótandi, þ.e. upplýsingar sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ OMX Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við reglur NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Meðan hlutir í VÍS eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.vis.is/fjárfestar.

7.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. kann að hafa í tengslum við að hlutir í VÍS verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf:

- Arion banki hf. á 34% eignarhlut í Klakka ehf. auk þess að vera stór kröfuhafi hans en Klakki ehf. og dótturfélag hans, Pond Street Investments ehf., eru einu hluthafar VÍS, sjá nánar kafla *5.6 Hluthafar*. Klakki ehf. er tilboðsgjafi og seljandi í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.
- Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með töku á hlutum útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og þar með talið hafði hún umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá seljanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetning og sala, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og fær þóknun frá seljanda fyrir þá þjónustu. Söluaðilar útboðsins eru Fyrirtækjaráðgjöf og Hlutabréfamiðlun Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf.

- Eigin viðskipti Arion banka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda og er hún framkvæmd fyrir reikning bankans gegn þóknun frá útgefanda.
- Arion banki hf. er viðskiptabanki útgefanda. Fyrirtækjasvið Arion banka hf. annast þau viðskipti.
- Aðrar deildir Arion banka hf. sem annast viðskipti við útgefanda eru Markaðsviðskipti, vegna innlána og gjaldeyrisviðskipta, og Viðskiptabankasvið. Auk þess er samstarfssamningur milli VÍS, Arion banka hf. og Tekjuverndar ehf. sem er dótturfélag bankans, þar sem síðarnefndu aðilarnir taka að sér sölu á vátryggingaframboði VÍS og VÍS hefur milligöngu um sölu á fjármálaþjónustu Arion banka hf.
- Arion banki hf. á allt hlutafé í Landfestum ehf. sem er stærsti leigusali Vátryggingafélags Íslands hf.

Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Bankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en þær er að finna á vefslóðinni http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf, og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þeirri lýsingu sem þessi útgefandalýsing er hluti af.

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra:

Arion banki hf. býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu fyrir stóran hóp viðskiptavina. Í slíkri viðskiptastarfsemi getur sú staða óhjákvæmilega komið upp að hagsmunir viðskiptavina Arion banka hf. fara ekki saman við hagsmuni Arion banka hf. (þ.m.t. hagsmuni starfsmanna eða aðila tengdum bankanum); og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina Arion banka hf. Komi þessi staða upp mun bankinn grípa til allra skynsamlegra leiða til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini. Hjá Arion banka hf. er skriflegt fyrirkomulag, bæði kerfislegt og stjórnunarlegt, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu falið í sér raunverulega hættu á tjóni fyrir einn eða fleiri viðskiptavini bankans. Arion banki hf. fylgir ákveðnu fyrirkomulagi til að hafa stjórn á, og koma í veg fyrir, hagsmunaárekstra. Fyrirkomulagið miðast við að tryggja, að starfsfólk og félög innan Arion banka hf. geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum, vinni sjálfstætt og leitist við að vernda hagsmuni viðskiptavina. Þetta felur í sér: skilvirkt ferli til stýringar á flæði upplýsinga; sérstaka yfirumsjón með starfsfólki, sem hefur það meginhlutverk að þjónusta viðskiptavini vegna hagsmuna sem mögulega gætu stangast á við aðra ríka hagsmuni (þ.m.t. hagsmuni Arion banka hf.); aðskilnað milli starfsfólks sem starfar og þiggur laun/þóknun á mismunandi sviðum bankans þar sem hagsmunaárekstrar gætu myndast; úrræði til að koma í veg fyrir eða takmarka að einstaklingur geti haft óeðlileg áhrif á hvernig þjónusta er veitt eða starfsemi fer fram og; úrræði til að koma í veg fyrir eða stjórna aðkomu utanaðkomandi starfsmanna þar sem slík aðkoma getur komið í veg fyrir virka stjórn á hagsmunaárekstrum. Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem Arion banki hf. grípur til, eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegri vissu, hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina, mun Arion banki hf. greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram.

7.2 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „VÍS“, „VÍS-samstæðunnar“, „samstæðunnar“ eða „félagsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, og dótturfélaga þess, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vátryggingafélag Íslands hf. er lögformlegt heiti útgefandans.

Vísun til „Lífís“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Líftryggingafélags Íslands hf., kennitala 570990-1449, Ármúla 3, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa Vátryggingafélags Íslands hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í flokki hlutabréfa með auðkennið VIS og ISIN-númerið IS0000007078, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda, sem samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt dagsettri 27. mars 2013, verðbréfalýsingu dagsettri 27. mars 2013 og útgefandalýsingu dagsettri 27. mars 2013 og er birt í tengslum við almennt útboð á hlutum í Vátryggingafélagi Íslands hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í Vátryggingafélagi Íslands hf. til viðskipta á Aðalmarkaði

NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Vísun til „seljanda“, í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Klakka ehf., kennitala 610601-2350, Síðumúla 28, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „söluaðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar og Hlutabréfamiðlunar Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ OMX Iceland hf.“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“, sem er skipulegur verðbréfamarkaður, í þessari útgefandalýsingu, skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Verðbréfaskráningarinnar“ eða „Verðbréfaskráningar Íslands“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „SE“ eða „Samkeppniseftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Samkeppniseftirlitsins á Íslandi, kennitala 410705-0600, Borgartúni 26, 125 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna” eða skammstöfunina „kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

Eftirfarandi er skilgreining á nokkrum hugtökum sem varða rekstur og efnahag útgefanda og koma fyrir í lýsingu þessari:

Arðsemi eigin fjár	Hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eiginfjár
Bókfærð iðgjöld	Útgefin iðgjöld á árinu
Eigið fé	Eignir umfram skuldir
Eigið tjónshlutfall	Eigin tjón á móti eigin iðgjöldum
Eigin iðgjöld	Iðgjöld ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda
Eigin vátryggingaskuld	Vátryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda
Eiginfjárhlutfall	Eigið fé á móti heildareignum
EIOPA	European Insurance and Occupational Pensions Authority
Endurtryggingaeignir	Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld og iðgjaldaskuld ásamt kröfum vegna endurtryggingastarfsemi
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	Kostnaður vegna endurtrygginga sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Endurtryggingakostnaður	Iðögjöld til endurtryggjenda að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum og fengnum umboðslaunum frá endurtryggjendum
Endurtryggingastarfsemi	Starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's merkir endurtryggingastarfsemi einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd's, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hvorugt eru aðilar að samtökum vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's hafa látið frá sér
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	Reiknuð ávöxtun af eigin vátryggingaskuld
Frumtryggingastarfsemi	Sú starfsemi að vátryggja vátryggingaráhættu neytenda
Gjaldþol	Eigið fé að frádregnum væntanlegum arðgreiðslum, óefnislegum eignum og fyrirsjáanlegri rýrnun eigin fjár
Gjaldþolshlutfall	Gjaldþol sem hlutfall af lágmarksgjaldþoli
Handbært fé	Sjóður og óbundnar bankainnstæður
Iðgjaldaskuld	Iðgjöld vegna áhættu sem ekki er útrunnin
Iðgjöld ársins	Iðgjöld vegna áhættu sem tilheyrir uppgjörsárinu
Kostnaðarhlutfall	Kostnaður af vátryggingastarfsemi sem hlutfall af iðgjöldum ársins
Lágmarks gjaldþol	Lágmarkskröfur um gjaldþol skv. lögum um vátryggingastarfsemi
Líftrygging	Starfsemi á sviði frumtrygginga í líftryggingum, slysatryggingum og sjúkratryggingum (persónutryggingum)
Óráðstafað eigið fé	Uppsafnaður óráðstafaður hagnaður fyrri ára
Rekstrarhlutfall	Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna vátryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum af vátryggingarekstri
Rekstrarkostnaðarhlutfall	Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ársins
Samsett hlutfall	Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna vátryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins
Solvency II	Tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2009/138/EC) um endurskoðun á reglum um gjaldþol vátryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu
Tjón ársins	Greidd tjón að viðbættri breytingu á tjónaskuld
Tjónshlutfall	Tjón ársins á móti iðgjöldum ársins
Tjónaskuld	Áætluð ógreidd tjón í lok uppgjörstímabils
Vátryggingafélag	Félag sem stundar leyfisskylda starfsemi á sviði frumtrygginga, hvort heldur skaða- eða líftrygginga, og endurtryggingafélag, nema ljóst sé að ákvæði eigi aðeins við um starfsemi á sviði frumtrygginga

Vátryggingaskuld	Heildarskuldbindingar vegna gerðra vátryggingarsamninga, þ.e. tjónaskuld ásamt iðgjaldaskuld
IFRS	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

7.3 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími útgefandalýsingar þessarar dagsettri 27. mars 2013 er 12 mánuðir frá opinberri birtingu. Útgefanda er heimilt að nota þegar staðfesta útgefandalýsingu á gildistíma hennar með annarri verðbréfalýsingu og samantekt líkt og nánar er kveðið á um í 49. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Aðgengi að útgefandalýsingu þessari verður tryggt meðan útgefandalýsingin er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni www.vis.is/fjarfestar.

7.4 Skjöl til sýnis

Eftirfarandi gögn eru hluti af útgefandalýsingu þessari, sett fram í kafla *8 Samþykktir félagsins* og kafla *9 Endurskoðaðir ársreikningar félagsins* og tiltekin sem skjöl til sýnis: Samþykktir félagsins, dagsettar 7. mars 2013, endurskoðaður ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir fjárhagsárið 2012 sem lauk 31. desember 2012, endurskoðaður ársreikningur samstæðu útgefanda fyrir fjárhagsárið 2011 sem lauk 31. desember 2011 og endurskoðaður ársreikningur móðurfélags útgefanda fyrir fjárhagsárið 2010 sem lauk 31. desember 2010.

Meðan útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til sem skjöl til sýnis hér að framan, en slíkt rafrænt aðgengi er veitt með birtingu lýsingarinnar á vef félagsins, www.vis.is/fjarfestar, og af útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík.

7.5 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari sem aflað hefur verið frá Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands hf. og Samkeppniseftirlitinu eru fengnar úr opinberum gögnum viðkomandi stofnana. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeirri upplýsingagjöf sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, lána- og verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða, rekstrar- og vátryggingafélaga, kauphalla og fleiri aðila. Vefur Fjármálaeftirlitsins er á slóðinni www.fme.is.

Seðlabanki Íslands fer með stjórn peningamála á Íslandi og hefur með höndum margþætta starfsemi í þeim tilgangi. Hluti af því felst í birta ýmsar hagtölur og rit tengd efnahagsmálum. Vefur Seðlabanka Íslands er á slóðinni www.sedlabanki.is.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Vefur Hagstofu Íslands er á slóðinni www.hagstofa.is.

Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Vefur Samkeppniseftirlitsins er á slóðinni www.samkeppni.is.

7.6 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur umsjón með því ferli að fá hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og hefur umsjón með almennu útboði í tengslum við það ferli, auk þess að vera ráðgjafi útgefandans við undirbúning þessarar útgefandalýsingar. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf.

hefur unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og tryggingalegri áreiðanleikakönnun og endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012.

Eftirfarandi áreiðanleikakannanir sem framkvæmdar voru náðu aftur til 1. janúar 2010. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Advel lögmenn slf., kennitala 420112-0170, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar samstæðunnar, félagaréttartengdra atriða, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, starfsmannamála, hugverkaréttinda og upplýsingatækni, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, umhverfismála og samkeppnismála, auk annarra atriða. Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af KPMG ehf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Könnunin tók til fjárhagslegra og skattalegra þátta samstæðu Vátryggingafélag Íslands hf. Tryggingaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Tryggingastærðfræðistofu BG ehf., kennitala 700605-0780, Grensásvegi 7, 108 Reykjavík. Könnunin tók til athugunar á tryggingalegri afkomu og styrk tjónaskuldar samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf.

7.7 Yfirlýsing endurskoðenda útgefandans

Deloitte ehf., kennitala 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, hefur endurskoðað ársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir fjárhagsárið sem endaði 31. desember 2010, sem og samstæðuársreikninga Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir síðastliðin tvö fjárhagsár sem enduðu 31. desember 2011 og 31. desember 2012. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar samstæðuársreiknings Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2012 var það álit Deloitte ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Vegna endurskoðunar samstæðuársreiknings Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2011 var það álit Deloitte ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Vegna endurskoðunar ársreiknings Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2010 var það álit Deloitte ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, efnahag hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Áritanir framangreindra reikninga voru án athugasemda.

Deloitte ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í köflum 1.4-1.7, 2, 4.5-4.6 og 6 í útgefandalýsingu þessari sem varða framangreind reikningsskil eru í samræmi við endurskoðaða ársreikninga, með þeim frávikum að hluti fjárhagsupplýsinga fyrir árin 2010 og 2011 eru settar fram í samræmi við breytta framsetningu ársins 2012. Skýrt er frá framsetningarbreytingum undir kafla 6 í útgefandalýsingunni.

Reykjavík, 27. mars 2013

Fyrir hönd Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
löggiltur endurskoðandi

Gunnar Þorvarðarson
löggiltur endurskoðandi

7.8 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf., kennitala 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hefur verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 27. mars 2013

Fyrir hönd Vátryggingafélags Íslands hf.

Benedikt Jóhannesson
formaður stjórnar

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
forstjóri

SAMÞYKKTIR

fyrir hlutafélagið

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.

I. Kafli

Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur

1. gr. Heiti

Heiti félagsins er Vátryggingafélag Íslands hf.

2. gr. Heimili

Heimili félagsins er að Ármúla 3 í Reykjavík.

3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er rekstur vátryggingarstarfsemi, þ.á m. endurtryggingarstarfsemi, önnur en líftryggingarstarfsemi, bæði á Íslandi og erlendis.

Félaginu er einnig heimil hliðarstarfsemi sem er í samræmi við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi hverju sinni, s.s. rekstur fasteigna, lánastarfsemi og kaup og sala verðbréfa.

Þrátt fyrir að félagið reki ekki líftryggingarstarfsemi er því heimilt að eiga beinan eða óbeinan hlut í líftryggingarfélagi, hvort sem um yfirráð er að ræða eða ekki.

II. Kafli

Hlutafé félagsins

4. gr. Hlutafé og meðferð hluta

Hlutafé félagsins er kr. 2.502.757.040 – tveir milljarðar fimm hundruð og tvær milljónir sjö hundruð fimmtíu og sjö þúsund og fjörutíu krónur – og skiptist í jafnmarga hluti.

Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Þarf þá til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Ákvörðun um lækkun hlutafjár er jafnframt háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Engar hömlur eru með viðskipti með hluti í félaginu umfram það sem fram kemur í samþykktum þessum eða leiðir af lögum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

5. gr. Hlutabréf og hlutaskrá

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Hlutaskrá félagsins samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast gagnvart félaginu sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins.

6. gr. Innlausn hluta

Ekki má skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.

7. gr. Forgangsréttur og eigin hlutir

Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.
Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10 af hundraði alls hlutafjár í félaginu. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa stjórn og má ekki veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 18 mánaða hverju sinni. Að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir reglum sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

8. gr. Ábyrgð hluthafa

Hluthafar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir hafi sérstaklega tekist slíka skuldbindingu á hendur.

III. Kafli

Hluthafafundur

9. gr. Réttur til fundarsetu

Æðsta vald í öllum málefnum, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa allir hluthafar, fulltrúar endurskoðunarfélags þess og forstjóri. Endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar.

Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

10. gr. Boðun hluthafafundar

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 5% hlutafjárins, krefjast þess og greina frá fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er komin fram skal stjórn skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því að henni sannanlega barst krafan. Hafi stjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að til fundarins verði boðað skv. 2. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga.

Til hluthafafundar skal boðað með skemmst þriggja vikna fyrirvara, lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Til hluthafafunda skal stjórnin boða með auglýsingu í dagblöðum eða með rafrænum hætti.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunar í fundarboði. Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skulu endanleg dagskrá og endanlegar tillögur, sem koma eiga til atkvæða á fundi félagsins, birtar á vefsíðu félagsins og liggja frammi á skrifstofu þess hluthöfum til sýnis. Sé um aðalfund að ræða skal birta framangreindar upplýsingar tveimur vikum fyrir fundinn hið skemmsta, auk þess að birta ársreikning, skýrslu stjórnar, skýrslu endurskoðanda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert og skulu þar tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á hinu liðna starfsári.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur stjórnarinnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs. Skulu tillögur þar að lútandi lagðar fram af stjórn félagsins.
4. Kosið í stjórn félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar.
7. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
8. Önnur mál.

Stjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa félagsins og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í, eigi það við.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 33,33% hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði 2 og 3 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

11. gr. Lögmæti fundar

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

12. gr. Fundarstaður og -stjórn

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur fari fram annars staðar en á heimili félagsins.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

13. gr. Rafræn þátttaka

Stjórn er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórna að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar skulu koma fram í fundarboði. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á fundinum.

Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti, sé þess kostur, skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja samtímis fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.

Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi með rafrænum hætti skal hluthöfum samt sem áður gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt. Skal í fundarboði kveðið á um hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

14. gr. Atkvæðavægi og -greiðsla

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimildir manna til meðferð á hlutum sínum.
4. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

15. gr. Fundargerð

Rita skal stutta skýrslu um það er gerist á hluthafafundum í sérstaka gerðabók, einkum allar fundarsamþykktir.

Fundargerðir skulu lesnar upp og bornar undir atkvæði í fundarlok og síðan undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

IV. Kafli

Stjórn félagsins

16. gr. Stjórnarkjör

Stjórn félagsins skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi.

Hluthafafundur kýs stjórnina með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé aldrei lægra en 40%.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna stjórn um framboð sitt skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund á þar til gerðu eyðublaði. Stjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir aðalfund að komandi stjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 3. mgr. 16. gr. samþykkta þessa er sitjandi stjórn heimilt að leita eftir framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir aðalfund skal stjórn boða til framhaldsaðalfundar 3-4 vikum eftir aðalfund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsaðalfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 3. mgr. 16. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 3. mgr. 16. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er fæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfæst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu.

17. gr. Skyldur og valdheimildir stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni vátryggðra, vátryggingartaka, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift þriggja stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfa hennar, sbr. lög um hlutafélög og lög um vátryggingastarfsemi.

18. gr. Fundir stjórnar

Fundir stjórnar eru ályktunarbærir ef meiri hluti stjórnarmanna sækir þá. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

19. gr. Verkaskipting stjórnar

Stjórn félagsins kýs sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundi starfsáætlun stjórnar fyrir næsta reikningsár félagsins. Þar skal m.a. kveðið á um reglulega fundi stjórnar. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, forstjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess.

Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.

20. gr. Forstjóri

Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og setur honum erindisbréf.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn.

Forstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóri ræður starfsmenn félagsins, segir þeim upp og fjallar um launakjör þeirra.

V. Kafli – Reikningshald, endurskoðun, arðsúthlutun og varasjóðir, félagsslit og breyting samþykkta

21. gr. Reikningshald

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings. Einnig skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi myndar eina heild. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi til afhendingar á heimili félagsins eftir samþykkt hans á aðalfundi.

22. gr. Endurskoðun

Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag. Sé félagið hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður vátryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum og skjölum félagsins. Um framkvæmd endurskoðunar félagsins, m.a. varðandi hæfi og starfsskyldur endurskoðenda vísast til laga vátryggingastarfsemi og laga um ársreikninga.

23. gr. Arðsúthlutun og varasjóðir

Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla að fenginni tillögu stjórnar.

Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykkt úthlutunar.

24. gr. Félagsslit

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga og 96. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit félagsins skal leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppgerðar vátryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Um félagsslitin að öðru leyti fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum hlutafélagalaga og ákvæðum laga um vátryggingarstarfsemi.

25. gr. Breyting á samþykktum félagsins

Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þessi getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, sbr. þó ákvæði í lögum um hlutafélög sem leggja ríkari kröfur á samþykki fyrir breytingum á samþykktum.

VI. Kafli – Sérákvæði um hlutafjárhækkun o.fl.

26. gr. Heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar

Hluthafafundur félagsins, haldinn þann 7. mars 2013, samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða í hlutum um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta í nýjum hlutaflokki, B-flokki.

Hluthafar falla frá forgangsrétti til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal ákveða áskriftargengi bréfanna, með hliðsjón af dæmdri fjárhæð í máli sem slitastjórn SPRON hefur höfðað í máli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn félaginu mál nr. E-3215/2012 að teknu tilliti til skattalegra áhrifa, komi til þess að endanleg dómsúrlausn Hæstaréttar, eða óáfrýjanleg niðurstaða héraðsdóms, kveði á um greiðsluskyldu félagsins. Klakki ehf. hefur skuldbundið sig samkvæmt samningi til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum, á gengi sem samsvarar því að kaupverðið jafngildi dæmdri kröfu slitastjórnar SPRON á hendur félaginu samkvæmt framangreindu, að teknu tilliti til höfuðstóls, vaxta og skattalegra áhrifa. Að öðru leyti skal áskriftin í einu og öllu fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og V. kafla laga um hlutafélög.

Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessa skal stjórnin nýta innan fimm ára frá samþykkt hennar.

B-hlutir skulu njóta sömu réttinda í félaginu og aðrir hlutir nema á annan veg sé mælt í samþykktum þessum.

B-hlutir njóta ekki réttar til arðsúthlutunar úr félaginu. Hlutafé í B-flokki er án atkvæðisréttar.

Hluthafar í B-flokki skulu sæta innlausn eigi síðar en 12 mánuðum eftir útgáfu B-hlutanna. Innlausn skal þó fara fram fyrr ef félagið fær heildarkröfu sína greidda sem félagið kann að eignast á hendur

þrotabúi SPRON vegna niðurstöðu framangreinds dómsmáls eða ef félagið selur kröfu sína á hendur SPRON. Skal þá innlausn fara fram innan 30 daga frá því að félagið móttekur endanlega greiðslu frá þrotabúi SPRON eða samþykkir sölu kröfunnar. Innlausnarverðið skal jafngilda endurheimtum VÍS vegna slíkrar endanlegrar greiðslu frá þrotabúi SPRON eða sölu kröfunnar að teknu tillit til skattalegra áhrifa. Ef krafa VÍS á hendur SPRON hefur hvorki verið greidd né seld innan 12 mánaða frá útgáfu B - hlutanna skal innlausn fara fram gegn afhendingu kröfunnar auk þess hluta sem hefur innheimst að teknu tilliti til skattalegra áhrifa. Ef engin krafa myndast skal innlausn fara fram gegn greiðslu að fjárhæð 1. kr. Þegar í kjölfar innlausnar skal stjórn félagsins heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að lækka hlutafé félagsins í B-flokki, þannig að hlutafé í B-flokki verði fellt niður.

Skal stjórn félagsins heimilt að gera þær breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfu B-hluta, innlausn B-hluta og hlutafjárlækkun.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 7. mars 2013,

f.h. stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur samstæðu

2012

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
kt. 690689-2009

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur samstæðu

2012

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-41

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum
Stjórn og stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 28. febrúar 2013

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. samanstendur af ársreikningi Vátryggingafélags Íslands hf. og dótturfélaga þess og er saman vísað til þeirra sem „samstæðan"

Vátryggingafélag Íslands hf. var stofnað 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands og Samvinnutryggingum og starfar samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um hlutafélög. Tilgangur félagsins er rekstur hvers kyns vátryggingastarfsemi með það markmið að stuðla að bættri þjónustu við vátryggingataka og hagkvæmum rekstri.

Þann 19. mars 2012 var skrifað undir samning við móðurfélag Vátryggingafélags Íslands hf., Klakka ehf., um kaup á 99,93% hlut í Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS), sem var systurfélag Vátryggingafélags Íslands hf. Verðmæti LÍFÍS var metið af utanaðkomandi aðila og var það mat haft til hliðsjónar í samningnum. Kaupverð félagsins var 3.181 millj. króna. LÍFÍS er hluti af samstæðu frá og með 1. apríl 2012. Sjá nánar í skýringu 33.

Fram til 1. desember var Öryggismiðstöð Íslands hf., hluti samstæðunnar en í byrjun desember 2012 seldi VÍS hlut sinn, 83% í félaginu og eru áhrif þess í rekstri samstæðunnar tilgreind sem „hagnaður af aflagðri starfsemi" í rekstrarreikningi hennar.

Hagnaður samstæðunnar á árinu 2012 nam 3.024 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 43.452 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok 14.470 milljónum króna.

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að greina og lágmarka þá rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta, lausafjáráhætta vátryggingaáhætta og samþjöppunaráhætta. Sjá nánar í skýringum 31.3 - 31.14.

Í lok ársins voru hluthafar í Vátryggingafélagi Íslands hf. tveir eins og í upphafi árs. Einn hluthafi á meira en 10% hlutafjárins en það er Klakki ehf. sem á 99,97% hlutafjár.

Í lögum um vátryggingastarfsemi og lögum um hlutafélög er fjallað um stjórnarhætti sem félagið fylgir, ennfremur er leitast við að fylgja „Stjórnarháttum fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins, þar sem áhersla er lögð á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa ásamt reglulegri skýrslugjöf og gagnsæi í starfseminni. Rekstur innri endurskoðunardeildar er hluti af skipulagi samstæðunnar og þáttur í eftirlitskerfi hennar. Stjórn félagsins hélt 19 stjórnarfundi á árinu 2012. Stjórnarmenn mættu mjög vel á stjórnarfundi en í forföllum aðalmanna voru varastjórnarmenn kallaðir inn, þannig að stjórn var ætíð ákvörðunarbær. Endurskoðunarnefnd fundaði 9 sinnum á árinu 2012 og mættu allir nefndarmenn til fundar í öll skiptin.

Stjórn samstæðunnar leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2012.

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Skýrsla stjórnar og forstjóra (frh.)

Að áliti stjórnar og forstjóra Vátryggingafélags Íslands hf. koma fram í samstæðureikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2013

Í stjórn

Benedikt Jóhannesson
stjórnarformaður

Magnús Scheving Thorsteinsson
varaformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir

Helga Jónsdóttir

Ingi Rafn Jónsson

Forstjóri

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2012

	Skýr.	Samstæða 2012	Samstæða 2011
Iðgjöld ársins		16.460.206	15.560.559
Hluti endurtryggjenda		(589.100)	(510.462)
Eigin iðgjöld	7	15.871.106	15.050.097
Fjármunatekjur	11	2.858.556	1.799.938
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		1.077.295	209.415
Fjármunatekjur		3.935.851	2.009.353
Aðrar tekjur		131.549	115.600
Heildartekjur		19.938.505	17.175.050
Tjón ársins		(12.112.848)	(12.771.825)
Hluti endurtryggjenda		45.755	22.224
Eigin tjón	8	(12.067.092)	(12.749.601)
Rekstrarkostnaður	9	(4.044.179)	(3.607.862)
Fjármagnsgjöld	12	(1.503)	(2.416)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	13	(143.567)	(196.503)
Heildargjöld		(16.256.341)	(16.556.382)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.682.164	618.668
Tekjuskattur	14	(950.013)	(207.496)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		2.732.151	411.172
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	15	292.635	(3.363)
Heildarafkoma ársins		3.024.786	407.809
Hluthafar móðurfélags		3.015.709	408.214
Hlutdeild minnihluta		9.077	(405)
Heildarafkoma ársins		3.024.786	407.809
Hagnaður á hlut:			
Af áframhaldandi starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	16	1,05	0,16
Af áframhaldandi og aflagðri starfsemi:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	16	1,16	0,16

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	Samstæða 31.12.2012	Samstæða 31.12.2011
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	17	257.536	651.968
Viðskiptavild	18	474.599	199.938
Aðrar óefnislegar eignir	19	507.120	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	20	25.953.126	24.300.522
Fjáreignir haldið til gjalddaga	20	4.182.536	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	20	252.108	1.509.060
Fjárfestingar v.líftrygginga með áhættu líftryggingataka	21	1.185.987	0
Reiknuð skattinneign	14	40.859	515.571
Vörubirgðir		0	80.394
Viðskiptakröfur	22	4.797.117	4.603.641
Endurtryggingaeignir	23	566.721	585.601
Aðrar kröfur	24	915.937	1.127.869
Handbært fé	25	4.318.165	4.615.086
Eignir		43.451.812	38.189.650
Eigið fé			
Hlutafé	26	2.502.481	2.602.481
Varasjóður		625.620	456.130
Óráðstafað eigið fé		11.342.036	8.495.817
Eigið fé meirihlutaeigenda		14.470.137	11.554.428
Hlutdeild minnihluta		0	29.448
Eigið fé		14.470.137	11.583.876
Skuldir			
Vátryggingaskuld	28	26.203.602	24.792.176
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka	21	1.185.987	0
Viðskiptaskuldir	29	1.167.322	932.191
Skuldir við lánastofnanir	30	0	241.460
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	29	424.764	639.947
Skuldir		28.981.675	26.605.774
Eigið fé og skuldir		43.451.812	38.189.650

Yfirlit um eigið fé 1. janúar - 31. desember 2012

	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta eigenda	Hlutdeild minni-hluta	Samtals
Eigið fé 1.1.2011	2.602.481	456.130	8.087.603	11.146.214		11.146.214
Kaup á félagi					29.853	29.853
Heildarafkoma ársins			408.214	408.214	(405)	407.809
Eigið fé 1.1.2012	2.602.481	456.130	8.495.817	11.554.428	29.448	11.583.876
Sala á félagi					(38.525)	(38.525)
Lækkun á hlutafé	(100.000)			(100.000)		(100.000)
Heildarafkoma ársins			3.015.709	3.015.709	9.077	3.024.786
Tillag í lögbundinn varasjóð		169.490	(169.490)	0		0
Eigið fé 31.12.2012	2.502.481	625.620	11.342.036	14.470.137	0	14.470.137

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Heildarafkoma ársins		3.024.786	407.809
Rekstarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(2.829.980)	(1.822.060)
Gangvirðisbreyting fjáreigna		(1.077.295)	(209.415)
Virðisrýrnun og afskrift viðskiptavildar		0	66.211
Lífeyrisskuldbinding		764	0
Afskriftir		307.311	189.561
Söluhagnaður varanlega rekstrarfjármuna		(2.725)	(5.360)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fjáreignir, (hækkun)		(609.132)	(401.325)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, lækkun		1.256.952	208.591
Skattinneign, lækkun (hækkun)		353.145	(59.877)
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun		(14.699)	1.434
Viðskiptakröfur, (hækkun)		(442.215)	(286.388)
Endurtryggingaeignir, lækkun		162.839	49.335
Aðrar kröfur, lækkun		215.053	631.505
Vátryggingarskuld, hækkun		617.987	2.177.098
Líftryggingaskuld, (lækkun)		(107.976)	0
Viðskiptaskuldir, hækkun		536.692	40.031
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)		(10.472)	23.898
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta		1.381.035	1.011.048
Innborgaðar fjármunatekjur		2.506.216	1.825.836
Greidd fjármagnsgjöld		(11.921)	(12.099)
Greiddir tekjuskattur		(352.909)	(123.137)
Handbært fé (til) frá rekstri		3.522.420	2.701.647
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptar fjáreignir haldið til gjalddaga		(4.125.779)	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(102.667)	(129.064)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé í kaupunum	33	(36.759)	(274.836)
Sala á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé við sölu	33	523.544	0
Lífeyrisskuldbinding, greidd		(3.005)	0
		(3.744.667)	(403.900)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(42.077)	(17.509)
Lækkun á hlutafé		(100.000)	0
Hækkun á skammtímask. við lánastofnanir		11.058	0
		(131.019)	(17.509)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(353.265)	2.280.239
Handbært fé í upphafi árs		4.615.086	2.300.843
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		56.344	34.004
Handbært fé í lok árs		4.318.165	4.615.086

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík. Móðurfélag samstæðunnar er Klakki ehf.

Ársreikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. Eignarhluti samstæðunnar í Öryggismiðstöð Íslands hf. var seldur á árinu og því eru áhrif af hlutdeild í rekstri færð undir aflagða starfsemi í rekstrarreikningi. Samstæðan starfar á sviði vátrygginga, líftrygginga og fjármála.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2012, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæða hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

3.4 Sameining félaga

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgerningar útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptakostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu (sjá hér að neðan). Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi IFRS staðal. Ekki eru færðar breytingar á óvissum greiðslum flokkuðum meðal eigin fjár.

Ef reikningsskil vegna samruna liggja ekki fyrir í lok þess reikningsskilatímabils sem sameining á sér stað er notast við bráðabirgðarfjárhæðir fyrir þá liði sem ríkir óvissa um. Á matstímabilinu er bráðabirgðarfjárhæðum breytt í samræmi við nýjar upplýsingar, auk þess sem tekið er tillit til nýrra eigna og skulda sem hafa áhrif á matsverð á kaupdegi.

Matstímabilið er frá kaupdegi til þess dags er félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður á kaupdegi, að hámarki 1 ár.

3.5 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er lægra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

3.6 Tekjur

Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem ekki er útrunnin.

Skráning tekna

Tekjur er færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

3.6 Tekjur (framhald)

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

3.7 Gjöld af vátryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

3.8 Vátryggingasamningar

Samstæðan gefur út samninga sem flytja bæði vátryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til hennar.

Vátryggingasamningar- skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér að bæta vátryggðum fjárhagslegar afleiðingar vátryggingaatburðar sem kveðið er á í vátryggingaskilmálum.

Vátryggingaatburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

Vátryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga þar með talið sjó- og farmtryggingar.
Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavini félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.
Slysatryggingar bæta vátryggðum eigin skaða í samræmi við skilmála.
Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.
Líftryggingar taka til mannlegs lífs, til dæmis dauða og þess að lifa út vátryggingatímann. Iðgjöld teljast til tekna á því tímabili sem vátryggingasamningurinn gildir og bætur eru gjaldfærðar á því tímabili sem tjónið verður.

Vátryggingaskuld

Samstæðan metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

3.9 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema:

- gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem ætlaðar eru til framtíðarnota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem litið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði.

- gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu.

- gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

3.10 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

3.11 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

3.12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

3.12 Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatshækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna og lóða eru gjaldfærðar í rekstrarreikning.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

3.13 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fara stjórnendur yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftar ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

3.14 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

3.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

Íþyngjandi samningar

Íþyngjandi samningur er samningur sem samstæðan er skuldbundin að standa við og kostnaðurinn við að uppfylla hann er meiri en ávinningurinn.

Endurskipulagning

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar formleg áætlun liggur fyrir um endurskipulagningu og hún hefur verið kynnt þeim er málið varðar. Mat kostnaðar vegna endurskipulagningar tekur aðeins til beins kostnaðar við endurskipulagninguna.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar eru upphaflega skráðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við þeirri fjárhæð sem hærri er:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

3.16 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar samstæðan hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan skilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiður falla ávallt undir þennan flokk nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

3.16 Fjáreignir (frh.)

Fjáreign er skilgreind sem fjáreign til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- eignin er keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga undir stjórn samstæðunnar og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjáreign, önnur en fjáreign til sölu, má skilgreina sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Fjáreignir til sölu

Skráð hlutabréf og innleysanleg skuldabréf samstæðunnar á virkum markaði eru flokkuð sem fjáreignir til sölu og eru skráð á gangvirði. Það sama á við um óskráð verðbréf samstæðunnar ef hægt er að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti. Hagnaður og tap sem myndast við breytingar á gangvirði er fært sem gangvirðisbreyting fjáreigna til sölu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Virðisrýrnun, reiknaðir virkir vextir og gengismunur eru færð í rekstrarreikning. Þegar fjárfestingin er seld eða hefur orðið fyrir virðisrýrnun er áður færð gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.

Arður af fjáreignum til sölu er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga til sölu er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

3.16 Fjáreignir (frh.)

Endurflokkun fjáreigna

Heimilt er að endurflokka tilteknar fjáreignir úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning yfir í flokkinn fjáreignir til sölu. Endurflokkunin er aðeins heimil í einstökum tilfellum og þegar áform um að selja fjáreignina innan skamms tíma eiga ekki lengur við. Endurflokkunin er í öllum tilvikum takmörkuð við skuldagerninga. Við endurflokkun er fjáreignin færð á gangvirði þess dags sem hún er endurflokkuð.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

3.17 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkað sem skuld eða eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Eiginfjárgerningar

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

Samsettir fjármálagerningar

Samsettir fjármálagerningar, gefnir út af samstæðunni, eru flokkaðir sem fjárskuldir og eigið fé í samræmi við efni undirliggjandi samninga. Á útgáfudegi er gangvirði skuldahluta fjármálagernings metið út frá markaðsvöxtum fyrir sambærilega óbreytanlega fjármálagerninga og skuldin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Eiginfjárhluti fjármálagerningsins er mismunur skuldahlutans og heildarvirðis fjármálagerningsins. Eiginfjárhlutinn er færður að teknu tillliti til skatta á meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að endurmeta samsetta fjármálagerninga.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld er skilgreind sem fjárskuld til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- skuldin hefur verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- skuldin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- skuldin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

3.17 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar (frh.)

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 20
- virðisrýrnun viðskiptakrafna sjá skýringu nr. 13
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 28

5. Breytt framsetning

Samstæðan hefur breytt framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendursamstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild. Virðisrýrnun annarra fjáreigna er nú hluti af gangvirðisbreytingum fjáreigna en voru áður taldar með virðisrýrnun fjáreigna. Matsbreyting skuldabréfa er nú hluti af gangvirðisbreytingu fjáreigna en var áður hluti af fjármunatekjum. Við sölu á Öryggismiðstöð Íslands hf. fara áhrif þess reksturs sem hagnaður á aflagða starfssemi en er ekki sundurliðaður innan rekstrarreiknings. Sjá nánar skýringu 15.

Taflan sýnir hvernig rekstrarreikningur samstæðunnar hefði verið settur fram samkvæmt eldri framsetningu.

	2012	2011
Fjármunatekjur samkvæmt eldri framsetningu	4.051.003	3.022.302
Fjámunatekjur vegna gangvirðisbreytinga	(1.192.447)	(1.222.363)
Fjármunatekjur samkvæmt nýrri framsetningu	2.858.556	1.799.938
Tekjur (gjöld) vegna matsbreytinga á fjárfestingum samkvæmt eldri framsetningu	165.183	(408.041)
Virðisrýrnun fjáreigna	(280.335)	(604.907)
Fjámunatekjur vegna gangvirðisbreytinga	1.192.447	1.222.363
Gangvirðisbreytingar fjáreigna samkvæmt nýrri framstetningu	1.077.295	209.415

5. Breytt framsetning (frh.)

Virðisrýrnun fjáreigna samkvæmt eldri framsetningu	(423.902)	(801.410)
Virðisrýrnun fjáreigna	280.335	604.907
Virðisrýrnun viðskiptakrafna samkvæmt nýrri framsetningu	(143.567)	(196.503)
Aðrar tekjur samkvæmt eldri framsetningu	115.982	103.421
Kostnaður vegna barnabílstóla	15.567	12.179
Aðrar tekjur samkvæmt nýrri framsetningu	131.549	115.600
Fjármagnsgjöld samkvæmt eldri framsetningu	(7.091)	(5.130)
Bankakostnaður	5.588	2.714
Fjármagnsgjöld samkvæmt nýrri framsetningu	(1.503)	(2.416)
Rekstrarkostnaður samkvæmt eldri framsetningu	(4.023.024)	(3.592.969)
Kostnaður vegna barnabílstóla	(15.567)	(12.179)
Bankakostnaður	(5.588)	(2.714)
Rekstrarkostnaður samkvæmt nýrri framsetningu	(4.044.179)	(3.607.862)

6. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í tvo rekstrarstarfsþætti: vátryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæða

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2012 var eftirfarandi

	Skaðatrygginga-rekstur	Líftrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	15.845.230	614.975	0	16.460.205
Hluti endurtryggjenda	(487.424)	(101.675)	0	(589.100)
Aðrar tekjur	131.549		0	131.549
Fjárfestingartekjur	1.085.860	26.119	2.823.872	3.935.851
Heildartekjur	16.575.214	539.419	2.823.872	19.938.505
Tjón ársins	(11.819.056)	(293.792)	0	(12.112.848)
Hluti endurtryggjenda	(53.087)	98.842	0	45.755
Rekstrarkostnaður	(3.380.369)	(170.047)	(493.763)	(4.044.179)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	0	(143.567)	(143.567)
Fjármagnsgjöld	0	0	(1.503)	(1.503)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	1.322.704	174.422	2.185.039	3.682.165

Tekjuskattur	(950.013)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	292.635
Hagnaður ársins	3.024.786

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 136,4 milljónir og fjármálarekstrar 1,8 milljón Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 21,5 milljónir.

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2012 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Líftrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Eignir				
Útlán og aðrar fjárfestingar	27.700.996	2.260.778	425.996	30.387.770
Fjárf. v/líftr. með fjárf.áh.líftr.taka	0	1.185.987	0	1.185.987
Endurtryggingaeignir	430.746	125.707	0	556.453
Aðrar eignir	7.637.912	97.498	3.586.192	11.321.602
Eignir starfsþáttar	35.769.654	3.669.970	4.012.188	43.451.812
Skuldir				
Vátryggingaskuld	25.410.163	793.439	0	26.203.602
Líftr.skuld m. fjárf.áh.tr.taka	0	1.185.987	0	1.185.987
Aðrar skuldir	1.520.632	71.454	0	1.592.086
Skuldir starfsþáttar	26.930.795	2.050.880	0	28.981.675

Samstæða

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2011 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	15.560.559	0	15.560.559
Hluti endurtryggjenda	(510.462)	0	(510.462)
Aðrar tekjur	115.600	0	115.600
Fjárfestingartekjur	923.565	1.085.788	2.009.353
Heildartekjur	16.089.262	1.085.788	17.175.050
Tjón ársins	(12.771.825)	0	(12.771.825)
Hluti endurtryggjenda	22.224	0	22.224
Rekstrarkostnaður	(3.244.655)	(363.206)	(3.607.862)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	0	(196.503)	(196.503)
Fjármagnsgjöld	0	(2.416)	(2.416)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	95.006	523.662	618.668
Tekjuskattur			(207.496)
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta			(3.363)
Hagnaður ársins			407.809

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 131,1 milljón, fjármálarekstrar 2,1 milljón og annars rekstrar 56,3 milljónir Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 54,2 milljónir.

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2011 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Annar rekstur	Samtals
Eignir				
Útlán og aðrar fjárfestingar	22.740.231	567.520	0	23.307.751
Endurtryggingaeignir	551.872	0	0	551.872
Aðrar eignir	9.144.707	4.220.215	965.105	14.330.027
Eignir starfsþáttar	32.436.810	4.787.735	965.105	38.189.650
Skuldir				
Vátryggingaskuld	24.792.176	0	0	24.792.176
Aðrar skuldir	1.243.390	0	570.208	1.813.598
Skuldir starfsþáttar	26.035.566	0	570.208	26.605.774

Samstæða

Vátryggingarekstur samstæðunnar greinist eftirfarandi á árinu 2012:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar	Slysa og sjúkra-tryggingar
Iðgjöld ársins	4.148.696	513.553	5.166.074	2.317.732	891.059	1.802.611
Tjón ársins	(2.243.787)	(241.580)	(4.335.480)	(1.479.340)	(854.648)	(1.847.487)
Rekstrarkostnaður	(891.931)	(107.392)	(1.094.693)	(492.659)	(189.673)	(364.765)
Til endurtryggjenda	(281.500)	(81.687)	(16.399)	(1.522)	(57.521)	(101.061)
Fjárfestingartekjur	131.204	19.505	510.144	47.937	141.407	169.313
Aðrar tekjur	61.679	0	69.870	0	0	0
Hagnaður (tap)	924.361	102.399	299.516	392.148	(69.376)	(341.389)

	Líftryggingar	Heilsutryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	359.281	255.694	15.454.700	1.005.506	16.460.206
Tjón ársins	(185.009)	(108.783)	(11.296.114)	(816.734)	(12.112.848)
Rekstrarkostnaður	(99.458)	(70.589)	(3.311.160)	(239.255)	(3.550.415)
Til endurtryggjenda	2.199	(5.032)	(542.523)	(821)	(543.344)
Fjárfestingartekjur	11.356	14.763	1.045.629	66.350	1.111.979
Aðrar tekjur	0	0	131.549	0	131.549
Hagnaður (tap)	88.369	86.053	1.482.081	15.046	1.497.127

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Samstæða

Skaðatryggingarekstur samstæðunnar greinist eftirfarandi á árinu 2011:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar
Iðgjöld ársins	4.113.666	532.472	4.932.060	2.321.225	880.198
Tjón ársins	(2.785.896)	(429.864)	(4.809.155)	(1.621.369)	(609.641)
Rekstrarkostnaður	(838.274)	(107.054)	(948.209)	(446.210)	(167.356)
Til endurtryggjenda	(235.966)	(82.692)	(26.694)	(1.518)	(71.072)
Fjárfestingartekjur	111.306	18.987	429.393	43.627	122.029
Aðrar tekjur	58.371	1.512	43.539	0	0
Hagnaður (tap)	423.207	(66.639)	(379.066)	295.755	154.158

	Slysa og sjúkra-tryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	1.804.189	14.583.810	976.749	15.560.559
Tjón ársins	(1.684.241)	(11.940.166)	(831.658)	(12.771.824)
Rekstrarkostnaður	(490.624)	(2.997.727)	(234.749)	(3.232.476)
Til endurtryggjenda	(69.912)	(487.854)	(385)	(488.239)
Fjárfestingartekjur	144.284	869.626	53.939	923.565
Aðrar tekjur	0	103.422	0	103.422
Hagnaður (tap)	(296.304)	131.111	(36.104)	95.007

7. Eigin iðgjöld

	2012	2011
Bókfærð iðgjöld	16.105.406	15.479.624
Hluti endurtryggjenda	(575.131)	(490.021)
Breyting á iðgjaldaskuld	354.800	80.935
Breyting á hluta endurtryggjenda	(13.968)	(20.441)
	15.871.106	15.050.097

8. Eigin tjón

	2012	2011
Bókfærð tjón	(11.247.986)	(10.513.791)
Hluti endurtryggjenda	171.164	68.344
Breyting á tjónaskuld	(864.862)	(2.258.034)
Breyting á hluta endurtryggjenda	(125.409)	(46.120)
	(12.067.092)	(12.749.601)

Skýringar

9. Rekstrarkostnaður

	2012	2011
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.765.784	1.714.496
Laun og launatengd gjöld	2.083.843	1.760.140
Afskriftir	194.552	133.226
	4.044.179	3.607.862

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.658.534	1.463.105
Lífeyrissjóður	160.325	139.681
Launatengd gjöld	163.567	157.354
Fjársýsluskattur	101.417	0
	2.083.843	1.760.140
Meðalfjöldi stöðugilda	228	234

Laun og hlunnindi forstjóra og stjórnar:

	2012	2011
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS og Lífís	32.300	7.717
Guðmundur Örn Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri VÍS og Lífís	0	30.362
Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður VÍS og Lífís	6.000	0
Axel Gíslason, fyrrverandi stjórnarformaður VÍS og Lífís	1.700	7.155
Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður VÍS og Lífís	4.990	4.383
Guðrún Þorgeirsdóttir, stjórnarmaður VÍS og Lífís	2.200	3.500
Magnús Scheving Thorsteinsson, stjórnarmaður VÍS og Lífís	1.600	0
Ingi Rafn Jónsson, stjórnarmaður VÍS og Lífís	1.600	0
Guðmundur Pálsson,fyrrverandi stjórnarmaður	1.825	3.415
Hilmar Pétur Valgarðsson,fyrrverandi stjórnarmaður	850	3.383
Ólafur Nilsson, formaður endurskoðunarnefndar	1.680	960
Klakki ehf. vegna stjórnar og nefndarstarfa starfsmanna	7.185	0
Aðrir varamenn í stjórn og fulltrúar í endurskoðunarnefnd	3.715	3.369
Stjórnendur voru 6 bæði árin	100.260	88.266

Stjórn og stjórnendur njóta engra annarra kjara en launa og þóknana.

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2012	2011
Endurskoðun ársreiknings	27.345	16.978
Könnun árshlutareiknings	6.237	2.232
Önnur þjónusta	5.547	3.652
	39.129	22.862
Þar af þóknun til annarra en endurskoðenda félagsins	4.983	2.210

Skýringar

11. Fjármunatekjur

	2012	2011
Vaxtatekjur af bankareikningum	202.625	160.243
Vaxtatekjur af skuldabréfum	1.326.599	1.200.284
Arður af hlutabréfaeign	24.141	25.140
Gengismunur	945.272	81.035
Aðrar vaxtatekjur	359.919	333.235
	2.858.556	1.799.938

12. Fjármagnsgjöld

	2012	2011
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(1.503)	(2.416)

13. Virðisrýrnun

	2012	2011
Afskrifaðar viðskiptakröfur	(243.567)	(206.503)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	100.000	10.000
	(143.567)	(196.503)

14. Tekjuskattur

14.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 950 milljónum króna.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:

	2012		2011	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	3.682.164		618.668	
Skatthlutfall	736.433	20,0%	123.734	20,0%
Sérstakur fjársýsluskattur	72.869	2,0%	0	0,0%
Fenginn arður	(4.828)	-0,1%	0	0,0%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(44.184)	-1,2%	83.763	13,5%
Gjaldfærð gangvirðibreyting hlutabréfa frá fyrri árum	45.000	1,2%	0	0,0%
Aðrir liðir	144.723	3,9%	0	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	950.013	25,8%	207.496	33,5%

14.2 Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsinneign greinist þannig:

	2012	2011
Tekjuskattsinneign í byrjun árs	515.571	397.600
Vegna kaupa/sölu á eignarhlutum í dótturfélögum	(18.443)	42.291
Vegna viðskiptasambanda sem færð eru í samstæðu	(112.693)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	(950.013)	(207.496)
Samsköttun við móðurfélag	606.438	283.177
Tekjuskattsinneign í árslok	40.859	515.571

Helstu tekjuskattsinneignir samstæðunnar greinast þannig:	31.12.2012	31.12.2011
Varanlegir rekstrarfjármunir	(24.510)	(32.985)
Viðskiptasambönd	(101.424)	0
Óbein niðurfærsla fjáreigna	302.730	513.344
Aðrir liðir	(135.937)	29.865
Yfirfæranlegt tap	0	5.347
	40.859	515.571

15. Aflögð starfsemi

Þann 4. desember 2012 seldi félagið 83% hlut sinn í Öryggismiðstöð Íslands hf.

Afkoma Öryggismiðstöðvar Íslands hf. á tímabilinu greinist þannig:

	2012	2011
Tekjur	1.750.247	839.160
Gjöld	(1.687.551)	(826.722)
Hagnaður fyrir skatta	62.698	12.440
Tekjuskattur	(12.412)	(15.803)
	50.286	(3.363)
Hagnaður af sölu á aflagðri starfsemi	242.349	0
	292.635	(3.363)

Sjóðstreymi frá aflagðri starfsemi

Handbært fé frá rekstri	129.290	135.443
Fjárfestingahreyfingar	(91.174)	(95.930)
Fjármögnunarhreyfingar	(31.019)	(17.509)
Hækkun handbærs fjár	7.097	22.004

Skýringar

16. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	2012	2011
Hagnaður ársins til hlutafa í móðurfélaginu af áframhaldandi starfsemi	2.732.151	411.172
Hagnaður ársins til hlutafa í móðurfélaginu af áframhaldandi og aflagðri starfsemi	3.015.709	408.214
Vegið meðaltal útistandandi hluta	2.597.549	2.602.481
Hagnaður á útistandandi hlut vegna áframhaldandi starfsemi	1,05	0,16
Hagnaður á útistandandi hlut vegna áframhaldandi og aflagðrar starfsemi	1,16	0,16

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem ekki hafa verið gerðir neinir kaupréttasamningar við starfsmenn né gefin út breytanleg skuldabréf.

17. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Tölvubúnaður áhöld og bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð			
Kostnaðarverð 1.1 2011	122.365	562.283	684.648
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum	0	810.372	810.372
Eignfært á árinu	0	139.064	139.064
Selt og aflagt á árinu	(50.696)	(10.211)	(60.907)
Kostnaðarverð 1.1. 2012	71.669	1.501.508	1.573.177
Vegna sölu á dótturfélagi	0	(895.197)	(895.197)
Eignfært á árinu	0	21.494	21.494
Selt og aflagt á árinu	0	(13.785)	(13.785)
Kostnaðarverð 31.12. 2012	71.669	614.020	685.689
Afskriftir			
Afskrifað 1.1 2011	80.716	143.782	224.498
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum	0	563.417	563.417
Afskrift ársins	2.106	187.455	189.561
Selt og aflagt á árinu	(46.056)	(10.211)	(56.267)
Afskrifað 1.1. 2012	36.765	884.443	921.209
Vegna sölu á dótturfélagi	0	(619.752)	(619.752)
Afskrift ársins	1.849	136.356	138.205
Selt og aflagt á árinu	0	(11.508)	(11.508)
Afskrifað 31.12. 2012	38.615	389.538	428.153
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	34.904	617.065	651.968
Bókfært verð í árslok	33.054	224.481	257.536

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir	33 ár
Áhöld og tæki	2 - 5 ár
Bifreiðar	7 ár

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir og lóðir	59.104	166.500

Skýringar

18. Viðskiptavild

	2012	2011
Bókfært verð í ársbyrjun	199.938	0
Vegna sölu á eignarhlutum í félögum	(199.938)	0
Vegna kaupa á eignarhlutum í félögum	474.599	256.548
Eignfært á árinu	0	9.602
Afskrifað á árinu	0	(1.156)
Virðisrýrnun	0	(65.054)
Bókfært verð í árslok	474.599	199.938

19. Aðrar óefnislegar eignir

	Viðskipta-sambönd
Kostnaðarverð	
Staða í ársbyrjun	0
Eignfært á árinu	563.467
Staða í árslok	563.467
Afskriftir	
Staða í ársbyrjun	0
Afskrift ársins	56.347
Staða í árslok	56.347
Bókfært verð	
Bókfært verð í ársbyrjun	0
Bókfært verð í árslok	507.120
Afskriftarhlutföll	10%

20. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2012	31.12.2011
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur		
Eignarhlutar í öðrum félögum	1.887.112	1.737.563
Markaðsverðbréf	24.066.014	22.562.959
	25.953.126	24.300.522
Fjáreignir haldið til gjalddaga	4.182.536	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur		
Skuldabréf	252.108	1.509.060
	252.108	1.509.060
Fjáreignir samtals	30.387.770	25.809.583

20. Fjárfestingaverðbréf (frh.)

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig:		
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í Kauphöll Íslands	956.029	336.028
Skráð í erlendum kauphöllum	357.637	555.995
Önnur félög	573.446	845.540
	1.887.112	1.737.563
Markaðsverðbréf		
Skráð ríkistryggð verðbréf	17.004.955	17.048.894
Önnur skráð verðbréf	3.117.926	3.546.501
Óskráð ríkistryggð verðbréf	104.676	106.005
Önnur óskráð verðbréf	3.838.456	1.861.559
	24.066.014	22.562.959
Fjáreignir haldið til gjalddaga		
Skráð ríkistryggð verðbréf	4.182.536	0
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:		
Lán með veði í fasteignum	216.964	378.194
Lán með veði í lausafé	15.440	40.749
Önnur skuldabréf	19.704	1.090.119
	252.108	1.509.061
Samtals fjáreignir	30.387.770	25.809.583

21. Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka

Lífís hefur boðið uppá söfnunarlíftryggingu sem samanstendur annars vegar af líftryggingu og hins vegar söfnun í verðbréfasjóði. Kostnaður vegna líftryggingarinnar fer lækkandi eftir því sem söfnun eykst og fellur niður þegar söfnun verður hærri en líftryggingarfjárhæð. Í söfnunarlíftryggingu ber tryggingatakinn fjárfestingaráhættuna.

22. Viðskiptakröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Kröfur vegna innlendrar starfsemi	3.702.461	3.585.917
Kröfur vegna erlendrar starfsemi	1.078.894	742.594
Aðrar viðskiptakröfur	0	248.301
Kröfur á tengda aðila	15.761	26.829
	4.797.117	4.603.641
Breytingar á afskriftareikningi viðskiptakrafna		
Staða í upphafi árs	395.229	418.425
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum	13.196	(16.196)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	143.567	199.503
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt	(252.802)	(206.503)
Staða í lok árs	299.190	395.229

Skýringar

23. Endurtryggingaeignir

	31.12.2012	31.12.2011
Hlutur endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	76.924	16.125
Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld	479.530	535.747
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi	10.267	33.729
	566.721	585.601

24. Aðrar kröfur

	31.12.2012	31.12.2011
Fyrirframgreiddir skattar	241.312	349.670
Geymslufé	441.762	367.823
Áfallnar vaxtatekjur og fyrirframgreiddur kostnaður	28.048	26.222
Bundnar bankainnstæður vegna erlendra viðskipta	204.816	384.154
	915.937	1.127.869

25. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2012	31.12.2011
Sjóður	3.339	5.210
Bankainnstæður í íslenskum krónum	3.423.878	3.709.256
Bankainnstæður í erlendri mynt	890.948	900.621
	4.318.165	4.615.086

26. Hlutafé

Hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf.

	Hlutir	Hlutfall
Hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins	2.502.757	0%
Eigin hlutir	(277)	-0,01%
Hlutafé samkvæmt ársreikningi	2.502.481	-0,01%

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Breytingar á hlutafé greinast þannig:	Hlutafé	Útgefnir hlutir
Hlutafé 1.1. 2012	2.602.481	2.602.481
Lækkun á hlutafé	(100.000)	(100.000)
Hlutafé 31.12. 2012	2.502.481	2.502.481

Skýringar

27. Gjaldþol

Reiknað lágmarksgjaldþol Vátryggingafélags Íslands hf. móðurfélags samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi í árslok 2012 nam 3.058 millj. kr,. reiknað gjaldþol 14.849 millj. kr. og gjaldþolshlutfall 4,9. Einnig er reiknað aðlagað gjaldþol samstæðunnar en þá er tekið tillit til gagnkvæmrar fjármögnunar innan samstæðu og hlutdeildar í lágmarksgjaldþoli dótturfélags. Aðlagað gjaldþol samstæðunnar nam 13.466 millj. kr., aðlagað lágmarksgjaldþol 3.588 millj. kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall 3,8. Í árslok 2011 nam aðlagað gjaldþol Vátryggingafélagsins 10,712 millj. kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall var 3,5. Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé kemur þannig fram:

	31.12.2012	31.12.2011
Eigið fé Vátryggingafélags Íslands hf. samkvæmt efnahagsreikningi	14.849.262	11.554.428
Arður til greiðslu	0	0
Reiknað gjaldþol	14.849.262	11.554.428
Reiknað lágmarksgjaldþol	3.058.238	3.058.238
Gjaldþolshlutfall	4,9	3,8

Aðlagað gjaldþol samstæðu:

Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi	14.470.137	11.554.428
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	(981.719)	(199.938)
Gagnkvæm fjármögnun innan samstæðu	(22.337)	(642.236)
Arður til greiðslu	0	0
Reiknað gjaldþol	13.466.081	10.712.254
Reiknað aðlagað lágmarksgjaldþol	3.588.382	3.058.238
Gjaldþolshlutfall	3,8	3,5

28. Vátryggingaskuld

	31.12.2012	31.12.2011
Vátryggingaskuld (heild):		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	17.367.810	16.058.468
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.446.782	3.396.929
Tjónaskuld	20.814.592	19.455.397
Iðgjaldaskuld	5.389.010	5.336.779
Vátryggingaskuld samtals	26.203.602	24.792.176
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	419.570	473.214
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	59.960	62.533
Tjónaskuld	479.530	535.747
Iðgjaldaskuld	76.923	16.125
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	556.453	551.872
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	16.948.240	15.585.254
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.386.822	3.334.396
Tjónaskuld	20.335.062	18.919.650
Iðgjaldaskuld	5.312.087	5.320.654
Vátryggingaskuld í eigin hlut (nettó) samtals	25.647.149	24.240.304

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2012 og 2011 er óveruleg.

28. Vátryggingaskuld (frh.)

Þróun vátryggingaskuldar á árinu:

Til að gera grein fyrir þróun vátryggingaskuldar innan ársins eru tölur frá LÍFÍS teknar með frá og með 1. janúar 2012

	2012			2011		
	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tjónaskuld:						
Tilkynnt tjón	16.058.468	(473.214)	15.585.254	13.867.773	(466.613)	13.401.160
Ótilkynnt tjón	3.396.929	(62.533)	3.334.396	3.329.590	(115.254)	3.214.336
VÍS í upphafi árs	19.455.397	(535.747)	18.919.650	17.197.363	(581.867)	16.615.496
LÍFÍS í upphafi árs	485.436	(68.262)	417.174			
Alls í upphafi árs	19.940.833	(604.009)	19.336.824			
Greidd tjón vegna eldri ára	(6.674.637)	105.545	(6.569.092)	(5.759.484)	60.902	(5.698.582)
Breyting tjónaskuldar:						
- vegna tjóna ársins	8.008.801	(200.723)	7.808.078	8.741.813	(82.848)	8.658.965
- vegna tjóna fyrri ára	(460.405)	219.657	(240.748)	(724.295)	68.066	(656.229)
Tjónaskuld í árslok	20.814.592	(479.530)	20.335.062	19.455.397	(535.747)	18.919.650

	2012			2011		
	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tilkynnt tjón	17.367.810	(419.570)	16.948.240	16.058.468	(473.214)	15.585.254
Ótilkynnt tjón	3.446.782	(59.960)	3.386.822	3.396.929	(62.533)	3.334.396
Alls í lok árs	20.814.592	(479.530)	20.335.062	19.455.397	(535.747)	18.919.650
Iðgjaldaskuld:						
Iðgjaldaskuld í ársbyrjun	5.647.258	(74.053)	5.573.205	5.417.714	(36.566)	5.381.148
Breyting ársins	(258.248)	(2.870)	(261.118)	(80.935)	20.441	(60.494)
Iðgjaldaskuld í árslok	5.389.010	(76.923)	5.312.087	5.336.779	(16.125)	5.320.654

Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum breytum sem gera næmnigreiningu erfiða. Samstæðan notar tölfræðilegar aðferðir við áhættumat sitt í þeim tilgangi að áætla endanlegan tjónakostnað.
Grunntjónaskuld er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til samstæðunnar. Tjónadeild vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik. Ef ekki eru fyrirliggjandi fullnægjandi upplýsingar er meðaltjónsupphæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð en síðan endurskoðuð með hliðsjón af þeim upplýsingum sem berast.

29. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2012	31.12.2011
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi	495.924	489.601
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	67.639	85.666
Viðskiptaskuldir	0	73.552
Skuldir við tengd félög	603.759	283.372
	1.167.322	932.191

Aðrar skammtímaskuldir

Virðisaukaskattur	0	40.144
Fyrirframinnheimtar tekjur	91.456	144.167
Ógreidd laun og launatengd gjöld	298.759	360.917
Lífeyrisskuldbinding	16.090	0
Aðrar skuldbindingar	0	71.067
Aðrar skuldir	18.459	23.652
	424.764	639.947

30. Skuldir við lánastofnanir

	31.12.2012	31.12.2011
Langtímaskuldir í ISK	0	210.755
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	30.705
	0	241.460

31. Fjármálagerningar

31.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2012	31.12.2011
Handbært fé	4.318.165	4.615.086
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	25.953.126	24.300.522
Fjáreignir haldið til gjalddaga	4.182.536	0
Lán og kröfur	5.615.946	6.698.302
Geymslufé vegna erlendra viðskipta	441.762	367.823

Fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir	1.167.322	1.173.651

31.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).
Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Samstæða
31. desember 2012

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	21.354.682	89.463	4.508.981	25.953.126

Samstæða
31. desember 2011

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	20.299.548	18.907	3.982.067	24.300.522

Á árinu keypti félagið fasteignaskuldabréf sem flokkast undir stig 3 og er það ástæða aukningar frá fyrra ári.

Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notaðar eftirfarandi aðferðir:

Verðmat (NAV) frá rekstraraðila – Í tilfelli verðbréfa- fjárfestinga og fagfjárfestasjóða skal notast við verðmat sem gefið er upp af rekstaraðila sjóðanna. Gerð er krafa um að þeir útreikningar séu gerðir samkvæmt viðurkenndum stöðlum um mat á slíkum eignum. Heimilt er að víkja frá verðmati frá umsjónaraðila en eingöngu til lækkunar á eign. Slíkt er aðeins gert ef vísbendingar eru um að útgefið verð sé ekki skv. þeim kröfum sem gerðar eru eða atburðir hafi átt sér stað frá síðasta verðmati sem benda til þess að eignin hafi lækkað í verði. Ef vikið er frá verðmati rekstraraðila skal útbúið minnisblað þar sem nýtt verðmat er rökstutt og það samþykkt af fjárfestingaráði.

Söluréttur eða hluthafasamkomulag – ef bréfin eru með sölurétti eða hluthafasamkomulag gildir um verð á bréfum er heimilt að nota það.

Verð m.v. önnur sambærileg verðbréf – Í þeim tilfellum þar sem sambærilegar eignir eru skráðar á markaði er heimilt að nota þau verðbréf sem grunn að verði bréfa. Dæmi um slíkt er ávöxtunarkrafa skuldabréfa, EV/EBITDA eða V/H hlutfall fyrir hlutabréf. Þegar notuð eru önnur sambærileg bréf til að ákvarða verð á verðbréfum í eigu VÍS/LÍFÍS skal ætíð gætt varfærni við mat. Ávallt er útbúið minnisblað þar sem nýtt verðmat er rökstutt og það samþykkt af fjárfestingaráði.

Kaupverð – Ef ekkert að framangreindu dugar er kaupverð notað sem verð.

31.3 Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta, lausafjáráhætta og vátryggingaáhætta.

31.4 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Þær vaxtaberandi eignir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta á heimamarkaði sem og erlendis.

Næmnigreining
Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2012		31.12.2011	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	18.954	37.908	21.345	42.689

31.5 Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.
Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
Mynt	2012	2011	2012	2011	2012
EUR	168,90	158,84	160,73	161,42	6,3%
GBP	206,97	189,43	198,16	186,00	9,3%
DKK	22,64	21,37	21,59	21,67	5,9%
NOK	22,94	20,40	21,50	20,70	12,4%
SEK	19,67	17,79	18,47	17,88	10,5%
USD	128,01	122,71	125,05	116,07	4,3%
CHF	139,86	130,66	133,35	131,20	7,0%
CAD	128,69	120,21	125,11	117,31	7,1%
JPY	1,49	1,59	1,57	1,46	-6,3%

31.5 Gengisáhætta (frh.)

Samstæða

Gengisáhætta 31.12.2012	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1.833.629	682.213	1.151.416
GBP	1.144.151	650.805	493.346
DKK	37.651	0	37.651
NOK	27.616	0	27.616
SEK	8.584	0	8.584
USD	1.817.167	957.394	859.773
CHF	9.598	0	9.598
CAD	4.836	0	4.836
JPY	7.916	0	7.916
Annað	5.866	0	5.866

Samstæða

Gengisáhætta 31.12.2011	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.477.114	851.858	1.625.256
GBP	916.012	209.087	706.925
DKK	51.134	0	51.134
NOK	32.467	0	32.467
SEK	9.890	602	9.288
USD	2.302.655	1.255.089	1.047.566
CHF	5.074	0	5.074
CAD	0	11	(11)
JPY	23.010	0	23.010
Annað	9.222	0	9.222

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft í för með sér hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

31.5 Gengisáhætta (frh.)

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2012		31.12.2011	
	5%	10%	5%	10%
EUR	46.057	92.113	65.010	130.021
GBP	19.734	39.468	28.277	56.554
DKK	1.506	3.012	2.045	4.091
NOK	1.105	2.209	1.299	2.597
SEK	343	687	372	743
USD	34.391	68.782	41.903	83.805
CHF	384	768	203	406
CAD	193	387	(0)	(1)
JPY	317	633	920	1.841

31.6 Verðáhætta markaðsverðbréfa

Samstæðan á talsverðar eignir í markaðsverðbréfum, annars vegar hlutabréf og hins vegar markaðsskuldabréf. Markaðsverðbréf ásamt handbæru fé mynda stærsta hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti vátryggingaskuldinni.

Fjárfestingar samstæðunnar í markaðsverðbréfum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó á samstæðan einnig fjárfestingar í óskráðum eignum. Fjárfestingar í hlutabréfum og markaðsskuldabréfum eru skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

	31.12.2012	31.12.2011
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	3.160.523	3.082.059
Markaðsskuldabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	22.792.603	21.218.463

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og markaðsverði skuldabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2012		31.12.2011	
	5%	10%	5%	10%
Hlutabréf - áhrif á afkomu	158.026	316.052	154.126	308.253
Markaðsskuldabréf - áhrif á afkomu	1.139.630	2.279.260	1.060.923	2.121.846

31.7 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta sem felst í því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	31.12.2012	31.12.2011
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BBB -	7.355.131	8.522.397
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat BB/B	9.370.613	7.436.959
Markaðsskuldabréf, lánshæfismat AA +	389.899	366.764
Fjáreignir haldið til gjalddaga BBB -	2.593.315	0
Fjáreignir haldið til gjalddaga BB/B	1.589.221	0
Önnur markaðsverðbréf	5.673.375	4.892.343
Veðlán og önnur útlán	252.108	1.509.060
Viðskiptakröfur	4.797.117	4.603.641
Endurtryggingaeignir	566.721	585.601
Geymslufé vegna erlendra viðskipta	441.762	367.823
Handbært fé	4.318.165	4.615.086
	37.347.428	32.899.674

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

31.8 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta tekur til allra áhættuskuldbindinga sem eru nógu stórar til að tap vegna þeirra gæti ógnað gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu félagsins. Þessi áhættuþáttur nær til samþjöppunar í vátryggingastofni, fjárfestingum, endurtryggingum sem og til þátta samþjöppunar sem fylgni er á milli. Félagið hefur markað sér fjárfestingastefnu þar sem tekið er á samþjöppunaráhættu í eignasafni félagsins. VÍS hefur líkt og kemur fram í skýringu um tjónatíðniáhættu dreifðan stofn vátryggingataka þannig að samþjöppun vátryggingaáhættu á einstaka vátryggingataka er óveruleg. Í endurtryggingastefnu félagsins er kveðið á um dreifingu, öryggismat og hámarksáhættu hjá einstaka endurtryggjendum.

31.9 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hlut vátryggingaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé samstæðunnar dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútstreymi. Samstæðan heyrir undir eftirlit opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber henni því að skila inn til eftirlitsaðilanna ýmsum sundurliðunum t.d. er varða lausafjárstöðu.

Vænt fjárútstreymi tjónaskuldar greinist þannig:

Samstæða	Innan eins árs	2014	2015+	Samtals
31.12.2012				
Tjónaskuld	9.678.003	5.365.564	5.771.025	20.814.592

Samstæða	Innan eins árs	2013	2014+	Samtals
31.12.2011				
Tjónaskuld	8.856.040	5.142.942	5.456.415	19.455.397

Skýringar

31.10 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er sú áhætta sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaáhættu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátryggingaskuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

31.11 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er sú áhætta að fjöldi tjóna í einhverri vátryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar.

Stjórnendur fylgjast náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í tryggingum á einkamarkaði svo sem ökutækjatryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem vátryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega varanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhættu samstæðunnar að dreifa vátryggingaáhættunni sem mest milli greina og svæða. Samstæðan er með starfsemi í öllum greinaflokkum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi um allt land auk lítils háttar starfsemi erlendis. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum ársins hjá samstæðunni á árinu 2012.

Greinaflokkar vátrygginga - Iðgjöld ársins	
Eignatryggingar	25,2%
Sjó- og farmtryggingar	3,1%
Lögboðnar ökutækjatryggingar	31,4%
Aðrar ökutækjatryggingar	14,1%
Ábyrgðartryggingar	5,5%
Slysa- og sjúkratryggingar	10,9%
Líf- og heilsutryggingar	3,7%
Endurtryggingar	6,1%
	100,0%

Innlend, erlend starfsemi - Iðgjöld ársins	
Innlend starfsemi	92,6%
Erlend starfsemi	7,4%
	100,0%

31.12 Tjónsfjárhæðaáhætta

Tjónsfjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru lítil. Tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónsfjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar vátryggingagreinar og margir vátryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónsfjárhæðaáhættu endurtryggir samstæðan sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr samstæðan endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu hún er tilbúin til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti hún endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónsfjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggjendaáhætta.

31.13 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er sú áhætta að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Mörg ár getur tekið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í endurtryggingastefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur hennar skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fer eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þess mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2012 og áætlaða skiptingu árið 2013.

	2013	2012
AAA	0,0%	0,0%
AA+	6,0%	6,3%
AA	0,0%	0,0%
AA-	73,4%	73,4%
A+	14,3%	13,8%
A	0,9%	0,9%
A-	4,4%	5,4%
BBB	1,0%	0,2%
	100,0%	100,0%

31.14 Vátryggingaskuldaráhætta

Vátryggingaskuldaráhætta er sú áhætta að óuppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist vátryggingastofninum sé vanmetin.

Vátryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi vátryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa gerst en hafa ekki enn verið tilkynnt til samstæðunnar. Styrkur vátryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum.

31.15 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall gefur til kynna samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall er hlutfall sömu kostnaðarliða af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum og öðrum tekjum af vátryggingarekstri.

Það er stefna samstæðunnar að samsett hlutfall lækki og verði lægra en 100%. Bætt samsett hlutfall gerir samstæðunni kleift að mæta minnkandi ávöxtun af fjárfestingum í framtíðinni.

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur vátryggingarekstrar síðastliðin fimm ár. LÍFÍS varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2012. Tölur fyrri ára eiga aðeins við VÍS.

	2012	2011	2010	2009	2008
Tjónahlutfall	73,6%	82,1%	80,5%	86,1%	88,5%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,6%	20,9%	21,1%	19,3%	19,9%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	3,3%	3,1%	2,7%	1,8%	2,7%
Samsett hlutfall	**98,5%**	**106,1%**	**104,3%**	**107,2%**	**111,1%**
Fjárfestingateknahlutfall	6,8%	5,9%	7,6%	10,8%	16,4%
Hlutfall annarra tekna af vátr.rekstri	0,8%	0,7%	0,7%	0,6%	1,5%
Rekstrarhlutfall	**91,6%**	**99,5%**	**96,3%**	**96,2%**	**94,2%**

Skýringar

32. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 9.

Samstæða

Viðskipti við tengd félög árið 2012:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Klakki ehf. og tengd félög	26.360	5.532	47.763	7.305

Viðskipti við tengd félög árið 2012:	Kröfur	Skuldir
Klakki ehf. og tengd félög	38.070	602.398

Félagið keypti á árinu hlut móðurfélags síns, Klakka ehf., í Líftryggingafélagi Íslands hf., sjá skýringu 33.

Samstæða

Viðskipti við tengd félög árið 2011:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Klakki ehf. og tengd félög	31.978	179.914	53.965	15.107

Viðskipti við tengd félög árið 2011:	Kröfur	Skuldir
Klakki ehf. og tengd félög	679.221	290.778

Félagið keypti á árinu hlut móðurfélags síns, Klakka ehf., í ÖM eignarhaldsfélagi ehf.

33. Kaup og sala á félögum

33.1 Kaup á dótturfélagi

	Meginstarfsemi	Dagsetning kaupa	Keyptur eignarhluti	Kaupverð
Líftryggingarfélag Islands hf.	Líftr.og fjárm.	19.3.2012	99,93%	3.180.929

Líftryggingarfélag Íslands hf. var keypt í þeim tilgangi að styrkja starfsemi samstæðunnar.

Þann 19. mars 2012 undirritaði forstjóri VÍS samning við móðurfélag VÍS, Klakka ehf., um kaup á Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS), sem var systurfélag VÍS. Verðmæti LÍFÍS var metið af þriðja aðila og er miðað við það mat í samningnum. Kaupverð félagsins var 3.181 millj króna. VÍS greiddi fyrir félagið með reiðufé 800 millj. króna og öðrum fjáreignum í eigu félagsins að bókfærðu virði 2.381 millj. króna.

Útdeiling kaupverðs hefur farið fram í samræmi við IFRS 3 *Sameining félaga*. Eftir útdeilingu yfirverðs er viðskiptavild að fjárhæð 475 mkr. færð í samstæðunni.

33.2 Útstreymi handbærs fjár vegna kaupa á dótturfélagi

	2012
Kaupverð greitt með handbæru fé	(800.000)
Handbært fé frá keyptu félagi	763.241
	(36.759)

33. Kaup og sala á félögum (frh.)

33.3 Gangvirði eigna og skulda á yfirtökudegi

	Líftrygg.félag Íslands
Eignir	
Fjárfestingareignir	2.350.690
Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka	1.137.365
Viðskiptasambönd	563.467
Hluti endurtryggjenda í líftryggingaskuld	143.959
Aðrar kröfur	14.096
Handbært fé	763.241
Skuldir	
Líftryggingarskuld	(901.365)
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka	(1.137.365)
Skattskuldbinding	(79.140)
Lífeyrisskuldbinding	(16.541)
Aðrar skuldir	(132.077)
	2.706.330

33.4 Viðskiptavild sem myndast við kaupin

Kaupverð	3.180.929
Gangvirði eigna og skulda á yfirtökudegi	(2.706.330)
	474.599

33.5 Áhrif kaupa dótturfélags á afkomu samstæðunnar

Áhrif kaupa á Líftryggingarfélagi Íslands hf. á rekstur samstæðunnar frá kaupdegi til reikningsskiladags eru auknar tekjur að fjárhæð 629,6 mkr. og hagnaður að fjárhæð 165,9 mkr.

Hefðu ofangreind kaup átt sér stað 1. janúar 2012 hefðu tekjur samstæðunnar verið hærri sem nemur 217,2 mkr. og hagnaður samstæðunnar hærri sem nemur 90,5 mkr.

33.6 Sala dótturfélags

Þann 4. desember 2012 seldi félagið 83% eignarhlut sinn í Öryggismiðstöð Íslands hf. Fyrirtækið var flokkað undir eignarhlut í dótturfélögum. Söluhagnaður er færður undir aflagða starfsemi.

Skýringar

34. Ábyrgðir og önnur mál

Húsaleigusamningar

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga undir starfsemi sína á ýmsum stöðum á landinu. Greiðslubyrði samstæðunnar vegna húsaleigusamninga eru í árslok 2012 15,5 milljónir á mánuði og heildar skuldbindingin er 971,2 milljónir. Samningar þessir eru tímabundnir leigusamningar og gilda til 2017 -2019.

Samkvæmt samningum þessum eru leigugreiðslur næsta árs 186,2 milljónir, á árum 2-5 eru þær 744,6 milljónir og eftir 5 ár og síðar eru þær 40,3 milljónir.

Greidd leiga vegna þessara samninga á árinu 2012 var 183,3 milljónir og á árinu 2011 var hún 176,4 milljónir.

Stefna slitastjórnar SPRON

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Félagið skilaði greinargerð í málinu þann 15. janúar 2013 og er það í þinglegri meðferð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjárhæð kröfunnar frá slitastjórn SPRON nemur 2 ma.kr. auk dráttarvaxta. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá til og frá hvaða dagsetningu dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012. Miðað við framgang mála hjá dómstólum undanfarin misseri er þó ólíklegt að niðurstaða muni liggja fyrir í málinu fyrr en í lok árs 2014, en þó er erfitt að slá einhverju föstu í þeim efnum.

Stjórnendur félagsins telja málatilbúnað slitastjórnar byggðan á veikum grunni og telja að meiri líkur en minni séu á að félagið verði sýknað af kröfu slitastjórnarinnar. Af þeim sökum hefur ekki verið færð varúðarfærsla vegna þessa í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2012.

35. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Eigandi félagsins Klakki ehf. hefur tekið ákvörðun um að setja félagið í söluferli og óska skráningar á hlutafé þess í Kauphöll Íslands. Stjórn félagsins hefur samþykkt hið síðarnefnda í samræmi við yfirlýstan vilja eiganda félagsins.

36. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2013

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur samstæðu

2011

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
kt. 690689-2009

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur samstæðu

2011

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-39

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum
Stjórn og stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 20. mars 2012

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Á árinu 2011 keypti Vátryggingafélag Íslands 83% í ÖM eignarhaldsfélagi ehf., sjá skýringu nr. 30. Samstæðuársreikningur er gerður í fyrsta skipti fyrir árið 2011 og því eru samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2010 eingöngu fyrir móðurfélagið Vátryggingafélag Íslands hf.

Hagnaður samstæðunnar á árinu 2011 nam 408 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 38.190 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok 11.584 milljónum króna. Samanburðarfjárhæðir í samstæðuársreikningnum eru samanburðarfjárhæðir móðurfélagsins, Vátryggingafélags Íslands hf.

Þann 19. mars 2012 var skrifað undir samning við móðurfélag VÍS, Klakka ehf., um kaup á 99,93% hlut í Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS), sem er systurfélag VÍS. Verðmæti LÍFÍS var metið af utanaðkomandi aðila og var það mat lagt til grundvallar í samningnum. Kaupverð félagsins var 3.181 millj. króna. Sjá nánar í skýringu 32.

Samstæða VÍS býr við margskonar áhættu í starfsemi sinni. Áhættustýring samstæðunnar miðar að því að greina og lágmarka áhættu hennar. Sjá nánar í skýringum 28.3 - 28.13.

Í lok ársins voru hluthafar í Vátryggingafélagi Íslands hf. 2 eins og í upphafi árs. Einn hluthafi á meira en 10% hlutafjárins en það er Klakki ehf. sem á 99,99% hlutafjár.

Stjórn samstæðunnar leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2011 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé samstæðunnar og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og forstjóra Vátryggingafélags Íslands hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2012

Í stjórn

Axel Gíslason
stjórnarformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir

Guðmundur Pálsson

Helga Jónsdóttir

Hilmar Pétur Valgarðsson

Forstjóri

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2011

	Skýr.	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Iðgjöld ársins		15.560.559	14.872.999
Hluti endurtryggjenda		(510.462)	(667.259)
Eigin iðgjöld	7	15.050.097	14.205.740
Fjármunatekjur	11	3.069.399	2.365.196
Tekjur (gjöld) vegna matsbreytinga á fjárfestingum		(408.041)	(770.761)
Fjármunatekjur		2.661.358	1.594.435
Aðrar tekjur		895.483	97.999
Heildartekjur		18.606.938	15.898.174
Tjón ársins		(12.771.825)	(11.977.003)
Hluti endurtryggjenda		22.224	242.229
Eigin tjón	8	(12.749.601)	(11.734.774)
Rekstrarkostnaður	9	(4.330.918)	(3.087.071)
Fjármagnsgjöld	12	(27.690)	(2.770)
Virðisrýrnun	13	(867.621)	(761.374)
Heildargjöld		(17.975.830)	(15.585.989)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		631.108	312.184
Tekjuskattur	14	(223.299)	(108.044)
Heildarafkoma ársins		407.809	204.140
Hluthafar móðurfélags		408.214	
Hlutdeild minnihluta		(405)	
Heildarafkoma ársins		407.809	
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	15	0,16	0,08

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	651.968	460.150
Viðskiptavild	17	199.938	0
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	18	24.300.522	23.214.246
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	18	1.509.060	2.257.000
Reiknuð skattinneign	14	515.571	397.600
Vörubirgðir		80.394	0
Viðskiptakröfur	19	4.603.641	4.068.513
Endurtryggingaeignir	20	585.601	634.936
Aðrar kröfur	21	743.715	1.221.400
Handbært fé	22	4.999.240	2.845.881
Eignir		38.189.650	35.099.726
Eigið fé			
Hlutafé	23	2.602.481	2.602.481
Varasjóður		456.130	456.130
Óráðstafað eigið fé		8.495.817	8.087.603
Eigið fé meirihlutaeigenda		11.554.428	11.146.214
Hlutdeild minnihluta		29.448	0
Eigið fé		11.583.876	11.146.214
Skuldir			
Vátryggingaskuld	25	24.792.176	22.615.078
Viðskiptaskuldir	26	932.191	941.550
Skuldir við lánastofnanir	27	241.460	0
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	26	639.947	396.884
Skuldir		26.605.774	23.953.512
Eigið fé og skuldir		38.189.650	35.099.726

Yfirlit um eigið fé 1. janúar - 31. desember 2011

Eigið fé ársins 2010 er eigið fé móðurfélagsins, Vátryggingafélags Íslands hf.

	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta eigenda	Hlutdeild minni-hluta	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	2.602.481	445.923	7.893.670	10.942.074		10.942.074
Heildarafkoma ársins			204.140	204.140		204.140
Tillag í lögbundinn varasjóð		10.207	(10.207)	0		0
Eigið fé 1.1.2011	2.602.481	456.130	8.087.603	11.146.214	0	11.146.214
Kaup á félagi					29.853	29.853
Heildarafkoma ársins			408.214	408.214	(405)	407.809
Eigið fé 31.12.2011	2.602.481	456.130	8.495.817	11.554.428	29.448	11.583.876

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

	Skýr.	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður		407.809	204.140
Tekjuskattur	14	223.299	(1.591.665)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(2.633.668)	69.000
Afskriftir	16	189.561	0
Virðisrýrnun og afskrift viðskiptavildar	13	66.211	108.044
Söluhagnaður/(tap) fastafjármuna		(5.360)	
Hækkun (lækkun) á virðirsrýrnun fjáreigna		801.411	0
Eigin vátryggingaskuld hækkun		2.243.689	761.374
(Lækkun) á skuldbindingum		(231.476)	864.329
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.061.475	400.130
Vörubirgðir (hækkun) lækkun		1.434	0
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		62.091	(255.274)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		(85.716)	299.524
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		1.039.284	444.381
Innborgaður arður		25.140	11.811
Innborgaðir vextir		608.604	715.498
Greiddir vextir		(14.813)	(2.770)
Greiddir skattar		(123.137)	(268.213)
Handbært fé frá (til) rekstri		1.535.078	900.707
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir (seldir) varanlegir rekstrarfjármunir		(129.064)	(25.977)
Keypt (seld) fjárfestingaverðbréf		(546.978)	(1.325.824)
Keypt (seld) önnur verðbréf		1.552.664	(2.677.838)
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé í kaupunum	30	(274.836)	0
		601.786	(4.029.639)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(17.509)	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		2.119.355	(3.128.932)
Handbært fé í upphafi árs		2.845.881	6.160.942
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		34.004	(186.129)
Handbært fé í lok árs		4.999.240	2.845.881
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		1.534.630	844.645

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík. Móðurfélag samstæðunnar er Klakki ehf.

Ársreikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. er gerður í fyrsta sinn fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess ÖM eignarhaldsfélag ehf. Samstæðan starfar á sviði vátrygginga, fjármála og öryggisþjónustu.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

2.1 Staðlar og túlkanir sem tóku gildi á reikningsskilatímabilinu

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

Nýir og endurbættir staðlar

IAS 1 (endurbættur 2010) - *Framsetning reikningsskila.* Endurbætur á IAS 1 heimila félögum að sundurgreina breytingar á annarri heildarafkomu annað hvort í yfirliti um eigið fé eða í skýringum.

IAS 24 (endurbættur 2009) - *Upplýsingar um tengda aðila.* Með endurbótum á IAS 24 er skilgreining á tengdum aðilum einfölduð og opinberum aðilum veittar undanþágur að hluta frá kröfum um upplýsingar í skýringum um tengda aðila.

Samstæðan er ekki í eigu opinberra aðila.

IFRS 3 (endurbættur 2010) - *Sameining félaga*. Með endurbótum á IFRS 3 eru valmöguleikar um mat á hlutdeild minnihluta á kaupdegi aðeins heimilir fyrir þá hlutdeild sem til staðar er á kaupdegi og veitir eiganda hennar rétt á hlutdeild í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins ef til gjaldþrots kemur. Allar aðrar tegundir hlutdeildar minnihluta eru metnar á gangvirði á kaupdegi, nema staðlarnir geri kröfur um annars konar mat. Jafnframt voru gerðar endurbætur á IFRS 3 til að veita frekari leiðbeiningar í tengslum við reikningshaldslega meðferð á kaupréttum starfsmanna í keypta félaginu.

Minniháttar endurbætur á öðrum stöðlum og túlkunum.

IAS 32 - *Fjármálagerningar: Framsetning.* Með endurbótunum er farið fram á flokkun ákveðinna réttinda sem gefin eru út í erlendum gjaldmiðli annað hvort sem eiginfjárgerning eða fjárskuld. Samkvæmt endurbótunum skulu þau réttindi, sem gefin eru út af félaginu og veitir handhöfum rétt til að kaupa ákveðinn fjölda eiginfjárgerninga fyrir ákveðna fjárhæð í erlendum gjaldmiðli, vera flokkuð sem eiginfjárgerningur í reikningsskilum útgefanda að því gefnu að réttindin séu gefin út hlutfallslega til allra hluthafa í sama flokki. Áður en endurbæturnar voru gerðar voru slík réttindi flokkuð sem afleiða. Endurbótunum skal beitt afturvirkt.

IFRIC 14 - *Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lámarksframlag* – IFRIC 14 tekur á því hvenær skilyrði um endurgreiðslur eða lækkun á framtíðar framlagi eru uppfyllt í samræmi við IAS 19.58.

IFRIC 19 - *Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga.* Túlkunin veitir leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð á eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga. Samkvæmt túlkuninni skulu eiginfjárgerningar sem gefnir eru út vegna eftirgjafar fjárskulda metnir á gangvirði og mismunur á bókfærðu verði fjárskuldarinnar og gangvirði eiginfjárgerningsins færður í rekstrarreikning.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum (frh.)

2.2 Nýir og endurbættir staðlar sem hafa verið gefnir út en hafa ekki tekið gildi

Samstæðan hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja og endurbætta staðla sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi:

IFRS 7 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Skýringar* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar]
IFRS 9 - *Fjármálagerningar* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar]
IFRS 10 - *Samstæðureikningsskil* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 11 - *Sameiginleg verkefni* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 12 - *Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IFRS 13 - *Mat á gangvirði* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningsskila* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2012 eða síðar]
IAS 12 (endurbættur) - *Tekjuskattur* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar]
IAS 19 (endurbættur) - *Starfskjör* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 27 (endurbættur) - *Aðgreind reikningsskil* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
IAS 28 (endurbættur) - *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri* [Taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar]
Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Samanburðarfjárhæðir í ársreikningnum eru samanburðarfjárhæðir móðurfélagsins, Vátryggingafélags Íslands hf.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæða hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

3.4 Sameining félaga

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgerningar útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptakostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu (sjá hér að neðan). Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi IFRS staðal. Ekki eru færðar breytingar á óvissum greiðslum flokkuðum meðal eigin fjár.

Ef reikningsskil vegna samruna liggja ekki fyrir í lok þess reikningsskilatímabils sem sameining á sér stað er notast við bráðarbirgðarfjárhæðir fyrir þá liði sem ríkir óvissa um. Á matstímabilinu er bráðarbirgðarfjárhæðum breytt í samræmi við nýjar upplýsingar, auk þess sem tekið er tillit til nýrra eigna og skulda sem hafa áhrif á matsverð á kaupdegi.

Matstímabilið er frá kaupdegi til þess dags er félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður á kaupdegi, að hámarki 1 ár.

3.5 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er lægra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

3.6 Tekjur

Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem ekki er útrunnin.

Skráning tekna

Tekjur er færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

3.6 Tekjur (framhald)

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

3.7 Gjöld af vátryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

3.8 Vátryggingasamningar

Samstæðan gefur út samninga sem flytja bæði vátryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til hennar.

Vátryggingasamningar- skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér að bæta vátryggðum fjárhagslegar afleiðingar vátryggingaatburðar sem kveðið er á í vátryggingaskilmálum.

Vátryggingaatburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

Skaðatryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga þar með talið sjó- og farmtryggingar.
Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavini félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.
Slysatryggingar bæta vátryggðum eigin skaða í samræmi við skilmála.
Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.

Vátryggingaskuld

Samstæðan metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

3.9 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema:

- Gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem ætlaðar eru til framtíðarnota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem litið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði.

- Gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu.

- Gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

3.10 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

3.11 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

3.12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

3.12 Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatshækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna og lóða eru gjaldfærðar í rekstrarreikning.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

3.13 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fara stjórnendur yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftar ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

3.14 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Skýringar

3.15 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

Íþyngjandi samningar

Íþyngjandi samningur er samningur sem samstæðan er skuldbundin að standa við og kostnaðurinn við að uppfylla hann er meiri en ávinningurinn.

Endurskipulagning

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar formleg áætlun liggur fyrir um endurskipulagningu og hún hefur verið kynnt þeim er málið varðar. Mat kostnaðar vegna endurskipulagningar tekur aðeins til beins kostnaðar við endurskipulagninguna.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar eru upphaflega skráðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við þeirri fjárhæð sem hærri er:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

3.16 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar samstæðan hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan skilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiður falla ávallt undir þennan flokk nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

3.16 Fjáreignir (frh.)

Fjáreign er skilgreind sem fjáreign til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin er keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga undir stjórn samstæðunnar og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjáreign, önnur en fjáreign til sölu, má skilgreina sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Fjáreignir til sölu

Skráð hlutabréf og innleysanleg skuldabréf samstæðunnar á virkum markaði eru flokkuð sem fjáreignir til sölu og eru skráð á gangvirði. Það sama á við um óskráð verðbréf samstæðunnar ef hægt er að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti. Hagnaður og tap sem myndast við breytingar á gangvirði er fært sem gangvirðisbreyting fjáreigna til sölu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Virðisrýrnun, reiknaðir virkir vextir og gengismunur eru færð í rekstrarreikning. Þegar fjárfestingin er seld eða hefur orðið fyrir virðisrýrnun er áður færð gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.

Arður af fjáreignum til sölu er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga til sölu er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

Skýringar

3.16 Fjáreignir (frh.)

Endurflokkun fjáreigna

Heimilt er að endurflokka tilteknar fjáreignir úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning yfir í flokkinn fjáreignir til sölu. Endurflokkunin er aðeins heimil í einstökum tilfellum og þegar áform um að selja fjáreignina innan skamms tíma eiga ekki lengur við. Endurflokkunin er í öllum tilvikum takmörkuð við skuldagerninga. Við endurflokkun er fjáreignin færð á gangvirði þess dags sem hún er endurflokkuð.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

3.17 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkað sem skuld eða eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Eiginfjárgerningar

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

Samsettir fjármálagerningar

Samsettir fjármálagerningar, gefnir út af samstæðunni, eru flokkaðir sem fjárskuldir og eigið fé í samræmi við efni undirliggjandi samninga. Á útgáfudegi er gangvirði skuldahluta fjármálagernings metið út frá markaðsvöxtum fyrir sambærilega óbreytanlega fjármálagerninga og skuldin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Eiginfjárhluti fjármálagerningsins er mismunur skuldahlutans og heildarvirðis fjármálagerningsins. Eiginfjárhlutinn er færður að teknu tillliti til skatta á meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að endurmeta samsetta fjármálagerninga.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld er skilgreind sem fjárskuld til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- Skuldin hefur verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Skuldin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Skuldin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

3.17 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar (frh.)

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir og niðurfærslur vegna fjáreigna sjá skýringar nr. 11, 18 og 19.
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 25.

5. Breytt framsetning

Félagið hefur breytt framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu og telja stjórnendur félagsins að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri félagsins í heild. Tekjur af fjármálastarfsemi er nú hluti af heildartekjum en voru áður yfirfærðar að hluta frá fjármálarekstri á vátryggingarekstur. Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum sem áður voru taldar með tekjum og gjöldum af fjármálarekstri eru nú taldar með heildartekjum. Rekstrarkostnaður fjármálareksturs er nú hluti af rekstrarkostnaði og afskriftir viðskiptakrafna eru ekki lengur taldar með gjöldum af vátryggingarekstri heldur með virðisrýrnun. Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum sem áður voru sérgreind eru nú hluti rekstrarkostnaðar.

5. Breytt framsetning (framhald)

Taflan sýnir hvernig rekstrarreikningur félagsins hefði verið settur fram samkvæmt eldri framsetningu.

	2011	2010
Fjárfestingatekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur samkvæmt eldri framsetningu	923.565	1.135.063
Samkvæmt núverandi framsetningu er þetta ekki gert.		
Rekstrarkostnaður vátrygginga samkvæmt eldri framsetningu	3.231.119	2.789.936
Rekstrarkostnaður fjármálareksturs	367.812	323.763
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum samkvæmt eldri framsetningu	-5.963	-26.628
Rekstrarkostnaður samkvæmt nýrri framsetningu	3.592.968	3.087.071
Afskrifaðar kröfur af vátryggingastarfsemi samkvæmt eldri framsetningu	196.503	340.509
Niðurfærðar fjáreignir samkvæmt eldri framsetningu	604.908	420.865
Virðisrýrnun samkvæmt nýrri framsetningu	801.411	761.374

6. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, fjármálarekstur og aðra starfsemi samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæða

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2011 var eftirfarandi

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Annar rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	15.560.559			15.560.559
Hluti endurtryggjenda	(510.462)			(510.462)
Aðrar tekjur	103.421		792.062	895.483
Fjárfestingartekjur	923.565	1.690.695	47.098	2.661.358
Heildartekjur	16.077.083	1.690.695	839.160	18.606.938
Tjón ársins	(12.771.825)			(12.771.825)
Hluti endurtryggjenda	22.224			22.224
Rekstrarkostnaður	(3.232.475)	(360.493)	(737.950)	(4.330.918)
Afskrifaðar kröfur		(206.503)		(206.503)
Fjármagnsgjöld		(5.130)	(22.560)	(27.690)
Niðurfærsla eigna		(594.907)	(66.211)	(661.118)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	95.007	523.661	12.440	631.108
Tekjuskattur				(223.299)
Hagnaður ársins				407.809

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 131,1 mkr., fjármálarekstur eru 2,1 mkr og annars rekstrar eru 56,3 mkr. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru 54,2 mkr. og annars rekstrar 84,8 mkr.

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2011 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Annar rekstur	Samtals
Eignir				
Útlán og aðrar fjárfestingar	22.740.231	567.520		23.307.751
Endurtryggingaeignir	551.872			551.872
Aðrar eignir	9.144.707	4.220.215	965.105	14.330.027
Eignir starfsþáttar	32.436.810	4.787.735	965.105	38.189.650
Skuldir				
Vátryggingaskuld	24.792.176			24.792.176
Aðrar skuldir	1.243.390		570.208	1.813.598
Skuldir starfsþáttar	26.035.566	0	570.208	26.605.774

Móðurfélag

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2010 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Annar rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	14.872.999			14.872.999
Hluti endurtryggjenda	(667.259)			(667.259)
Aðrar tekjur	97.999			97.999
Fjárfestingartekjur	1.135.063	459.372		1.594.435
Heildartekjur	15.438.802	459.372	0	15.898.174
Tjón ársins	(11.977.003)			(11.977.003)
Hluti endurtryggjenda	242.229			242.229
Rekstrarkostnaður	(2.885.501)	(323.763)		(3.209.264)
Afskrifaðar kröfur/fjáreignir		(218.316)		(218.316)
Fjármagnsgjöld		(2.770)		(2.770)
Niðurfærsla fjáreigna		(420.866)		(420.866)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	818.527	(506.343)	0	312.184
Tekjuskattur				(108.044)
Hagnaður ársins				204.140

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 66,8 milljónir. Afskriftir meðal starfsþáttarins fjármálarekstur eru kr. 2,2 milljónir. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 29,8 milljónir.

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2010 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Annar rekstur	Samtals
Eignir				
Útlán og aðrar fjárfestingar	23.157.352	135.408		23.292.760
Endurtryggingaeignir	618.433			618.433
Aðrar eignir	5.052.561	6.135.972		11.188.533
Eignir starfsþáttar	28.828.346	6.271.380	0	35.099.726
Skuldir				
Vátryggingaskuld	22.615.078			22.615.078
Aðrar skuldir	1.338.434			1.338.434
Skuldir starfsþáttar	23.953.512	0	0	23.953.512

Samstæða

Skaðatryggingarekstur samstæðunnar greinist eftirfarandi á árinu 2011:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar
Iðgjöld ársins	4.113.666	532.472	4.932.060	2.321.225	880.198
Tjón ársins	(2.785.896)	(429.864)	(4.809.155)	(1.621.369)	(609.641)
Rekstrarkostnaður	(838.274)	(107.054)	(948.209)	(446.210)	(167.356)
Til endurtryggjenda	(235.966)	(82.692)	(26.694)	(1.518)	(71.072)
Fjárfestingartekjur	111.306	18.987	429.393	43.627	122.029
Aðrar tekjur	58.371	1.512	43.539	0	0
Hagnaður (tap)	423.207	(66.639)	(379.066)	295.755	154.158

	Slysa og sjúkra-tryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	1.804.189	14.583.810	976.749	15.560.559
Tjón ársins	(1.684.241)	(11.940.166)	(831.658)	(12.771.824)
Rekstrarkostnaður	(490.624)	(2.997.727)	(234.749)	(3.232.476)
Til endurtryggjenda	(69.912)	(487.854)	(385)	(488.239)
Fjárfestingartekjur	144.284	869.626	53.939	923.565
Aðrar tekjur	0	103.422	0	103.422
Hagnaður (tap)	(296.304)	131.111	(36.104)	95.007

Skýringar

6. Starfsþáttagreining (frh.)

Móðurfélag

Skaðatryggingarekstur félagsins greinist eftirfarandi á árinu 2010:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar
Iðgjöld ársins	4.081.420	522.736	4.974.767	2.393.558	887.700
Tjón ársins	(2.967.074)	(238.609)	(4.537.751)	(1.661.785)	(722.674)
Rekstrarkostnaður	(804.878)	(104.657)	(911.849)	(438.356)	(160.627)
Til endurtryggjenda	(318.933)	(87.899)	(29.993)	(1.618)	(34.604)
Fjárfestingartekjur	143.591	19.753	536.515	59.992	159.274
Aðrar tekjur	60.342	0	37.656	0	0
Hagnaður (tap)	194.468	111.324	69.345	351.791	129.069

	Slysa og sjúkra-tryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	1.718.902	14.579.083	293.916	14.872.999
Tjón ársins	(1.447.013)	(11.574.906)	(402.097)	(11.977.003)
Rekstrarkostnaður	(379.336)	(2.799.703)	(85.798)	(2.885.501)
Til endurtryggjenda	48.018	(425.029)	0	(425.029)
Fjárfestingartekjur	180.439	1.099.564	35.499	1.135.063
Aðrar tekjur	0	97.998	0	97.998
Hagnaður (tap)	121.010	977.007	(158.480)	818.527

7. Eigin iðgjöld

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Bókfærð iðgjöld	15.479.624	14.962.348
Hluti endurtryggjenda	(490.021)	(603.374)
Breyting á iðgjaldaskuld	80.935	(89.349)
Breyting á hluta endurtryggjenda	(20.441)	(63.885)
	15.050.097	14.205.740

8. Eigin tjón

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Bókfærð tjón	(10.513.791)	(11.147.170)
Hluti endurtryggjenda	68.344	123.491
Breyting á tjónaskuld	(2.258.034)	(829.833)
Breyting á hluta endurtryggjenda	(46.120)	118.738
	(12.749.601)	(11.734.774)

Skýringar

9. Rekstrarkostnaður

	Samstæða	Móðurfélag
	2011	2010
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(2.119.402)	(1.540.054)
Laun og launatengd gjöld	(2.103.011)	(1.547.017)
Kostnaðarverð seldra vara	(108.505)	0
	(4.330.918)	(3.087.071)
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	(1.739.439)	(1.282.481)
Lífeyrissjóður	(166.471)	(124.839)
Launatengd gjöld	(197.101)	(139.697)
	(2.103.011)	(1.547.017)
Meðalfjöldi stöðugilda	339	220
Þar af vegna dótturfélags	105	

Laun og hlunnindi forstjóra og stjórnar:	Samstæða	Móðurfélag
	2011	2010
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS	7.717	0
Guðmundur Örn Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri VÍS	30.362	19.874
Ragnar Þór Jónsson framkvæmdastjóri ÖM Eignarhaldsfélags	11.608	0
Axel Gíslason, stjórnarformaður VÍS	7.155	400
Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður VÍS	4.383	200
Guðrún Þorgeirsdóttir, stjórnarmaður VÍS	3.500	200
Guðmundur Pálsson, stjórnarmaður VÍS	3.415	200
Hilmar Pétur Valgarðsson, stjórnarmaður VÍS	3.383	0
Hildur Árnadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	0	1840
Sveinn Þór Stefánsson, fyrrverandi stjórnarmaður	0	1700
Ásgeir Thoddsen, fyrrverandi stjórnarmaður	0	1520
Haraldur Flosi Tryggvason, varamaður í stjórn	717	0
Jón Sigurðsson, varamaður í stjórn	650	100
Ólafur Nilsson, formaður endurskoðunarnefndar	960	0
Aðrir varamenn í stjórn og fulltrúar í endurskoðunarnefnd	2.002	160
Stjórnendur, voru 12 árið 2011 en 8 árið 2010	119.996	88.342

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	Samstæða	Móðurfélag
	2011	2010
Endurskoðun ársreiknings	18.953	16.276
Könnun árshlutareiknings	2.232	1.689
Önnur þjónusta	3.652	2.372
	24.837	20.337
Þar af þóknun til annarra en endurskoðenda félagsins	2.210	1.221

Skýringar

11. Fjármunatekjur

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Vaxtatekjur af bankareikningum	164.432	246.735
Vaxtatekjur af skuldabréfum	2.430.533	1.980.728
Arður af hlutabréfaeign	25.140	11.811
Gengismunur	116.058	(298.031)
Aðrar vaxtatekjur	333.235	423.953
	3.069.399	2.365.196

12. Fjármagnsgjöld

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(5.130)	(2.770)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(21.017)	0
Önnur vaxtagjöld	(1.542)	0
	(27.690)	(2.770)

13. Virðisrýrnun

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Virðisrýrnun annarra fjáreigna	(604.907)	(420.865)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	(196.503)	(340.509)
Virðisrýrnun og afskrift viðskiptavildar	(66.211)	0
	(867.621)	(761.374)

14. Tekjuskattur

14.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 223,3 milljónum króna.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	Samstæða 2011		Móðurfélag 2010	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	631.108		312.184	
Skatthlutfall	126.222	20,0%	56.193	18,0%
Breyting á tekjuskattshlutfalli	0	0,0%	(39.760)	-12,7%
Fenginn arður	0	0,0%	(2.126)	-0,7%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	83.763	13,3%	93.737	30,0%
Virðisrýrnun viðskiptavildar	13.011	2,1%	0	0,0%
Aðrir liðir	304	0,0%	0	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	223.299	35,4%	108.044	34,6%

14.2 Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsinneign greinist þannig:	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Tekjuskattsinneign í byrjun árs	397.600	382.507
Vegna kaupa á eignarhlutum í dótturfélögum	58.094	
Reiknaður tekjuskattur ársins	(223.299)	(108.044)
Samsköttun við móðurfélag	283.177	123.137
Tekjuskattsinneign 31.12. 2011	515.571	397.600

Helstu tekjuskattsinneignir samstæðunnar greinast þannig:	31.12.2011	31.12.2010
Varanlegir rekstrarfjármunir	(32.985)	(51.073)
Óbein niðurfærsla fjáreigna	513.344	438.847
Aðrir liðir	29.865	9.825
Yfirfæranlegt tap	5.347	
	515.571	397.600

15. Hagnaður á hlut

Hagnaður (tap) á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	Samstæða 2011	Móðurfélag 2010
Hagnaður ársins	408.214	204.139
Vegið meðaltal útistandandi hluta	2.602.481	2.602.481
Hagnaður á útistandandi hlut	0,16	0,08

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem ekki hafa verið gerðir neinir kaupréttasamningar við starfsmenn né gefin út breytanleg skuldabréf.

16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Tölvubúnaður áhöld og bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð			
Kostnaðarverð 1.1 2010	122.365	542.949	665.314
Eignfært á árinu		29.768	29.768
Selt og aflagt á árinu		(10.434)	(10.434)
Kostnaðarverð 1.1. 2011	122.365	562.283	684.648
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum		810.372	810.372
Eignfært á árinu		139.064	139.064
Selt og aflagt á árinu	(50.696)	(10.211)	(60.907)
Kostnaðarverð 31.12. 2011	71.669	1.501.508	1.573.177

Skýringar

16. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.)

Afskriftir			
Afskrifað 1.1 2010	78.522	83.617	162.139
Afskrift ársins	2.194	66.806	69.000
Selt og aflagt á árinu		(6.641)	(6.641)
Afskrifað 1.1. 2011	80.716	143.782	224.498
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum		563.417	563.417
Afskrift ársins	2.106	187.455	189.561
Selt og aflagt á árinu	(46.056)	(10.211)	(56.267)
Afskrifað 31.12. 2011	36.765	884.443	921.209
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	41.649	418.501	460.150
Bókfært verð í árslok	34.904	617.065	651.968

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir	33 ár
Áhöld og tæki	2 - 5 ár
Bifreiðar	7 ár

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabóta-mat
Fasteignir og lóðir	52.688	158.180

17. Viðskiptavild

	Samstæða 2011
Bókfært verð í ársbyrjun	0
Vegna kaupa á eignarhlutum í félögum	256.548
Eignfært á árinu	9.602
Afskrifað á árinu	(1.156)
Virðisrýrnun	(65.054)
Bókfært verð í árslok	199.938

18. Fjárfestingaverðbréf

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur		
Eignarhlutar í öðrum félögum	1.737.563	1.875.961
Markaðsverðbréf	22.562.959	21.338.285
	24.300.522	23.214.246
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur		
Skuldabréf	1.509.060	2.257.000
	1.509.060	2.257.000
Fjáreignir samtals	25.809.583	25.471.246

18. Fjárfestingaverðbréf (framhald)

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur greinast þannig:		
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í Kauphöll Íslands	336.028	275.941
Skráð í erlendum kauphöllum	555.995	655.887
Önnur félög	845.540	944.133
	1.737.563	1.875.961
Markaðsverðbréf		
Skráð ríkistryggð verðbréf	17.048.894	16.286.589
Önnur skráð verðbréf	3.546.501	2.919.528
Óskráð ríkistryggð verðbréf	106.005	141.065
Önnur óskráð verðbréf	1.861.559	1.991.103
	22.562.959	21.338.285
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:		
Lán með veði í fasteignum	378.194	817.890
Lán með veði í lausafé	40.749	86.017
Önnur skuldabréf	1.090.119	1.353.093
	1.509.061	2.257.000
Samtals fjáreignir	25.809.583	25.471.246
Breytingar á afskriftareikningi skuldabréfa og annarra langtímakrafna		
Staða í upphafi árs	1.979.030	2.771.342
Niðurfærsla skuldabréfa og annarra langtímakrafna	604.907	424.710
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt	(26.664)	(1.217.022)
Staða í lok árs	2.557.273	1.979.030

19. Viðskiptakröfur

	Samstæða	Móðurfélag
	31.12.2011	31.12.2010
Kröfur vegna innlendrar starfsemi	3.585.917	3.810.423
Kröfur vegna erlendrar starfsemi	742.594	168.017
Aðrar viðskiptakröfur	248.301	0
Kröfur á tengda aðila	26.829	90.074
	4.603.641	4.068.513
Breytingar á afskriftareikningi viðskiptakrafna		
Staða í upphafi árs	418.425	300.076
Vegna fjárfestingar í dótturfélögum	(16.196)	0
Afskrift viðskiptakrafna	199.503	336.665
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt	(206.503)	(218.316)
Staða í lok árs	395.229	418.425

Skýringar

20. Endurtryggingaeignir

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Hlutur endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	16.125	36.566
Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld	535.747	581.867
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi	33.729	16.503
	585.601	634.936

21. Aðrar kröfur

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Fyrirframgreiddir skattar	349.670	910.179
Geymslufé	367.823	294.086
Áfallnar vaxtatekjur og fyrirframgreiddur kostnaður	26.222	17.135
	743.715	1.221.400

22. Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Sjóður	5.210	2.604
Bankainnstæður í íslenskum krónum	3.709.256	1.898.590
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.284.775	944.687
	4.999.240	2.845.881

23. Hlutafé

Hlutafé Vátryggingafélags Íslands hf. skiptist í 2 flokka, A-flokk og B-flokk.

	Hlutir	Hlutfall
Hlutafé í A flokki	2.502.757	96,16%
Hlutafé í B flokki	100.000	3,84%
Hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins	2.602.757	100%
Eigin hlutir	(277)	-0,01%
Hlutafé samkvæmt ársreikningi	2.602.481	99,99%

Breytingar á hlutafé greinast þannig:	Hlutafé	Útgefnir hlutir
Hlutafé 1.1. 2011	2.602.481	2.602.481
Hlutafé 31.12. 2011	2.602.481	2.602.481

Hluthafar í B flokki fara ávallt með 75% atkvæða í félaginu á hluthafafundum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í flokknum. Báðir flokkar veita sama rétt til arðs og annarra réttinda. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Skýringar

24. Gjaldþol

Reiknað lágmarksgjaldþol Vátryggingafélags Íslands hf. samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi í árslok 2011 nam 3.062 millj. kr,. reiknað gjaldþol 11.554 millj. kr. og gjaldþolshlutfall 3,8. Einnig er reiknað aðlagað gjaldþol félagsins en þá er tekið tillit til gagnkvæmrar fjármögnunar innan samstæðu. Aðlagað gjaldþol Vátryggingafélagsins nam 10.912 millj. kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall 3,6. Á árinu 2010 nam aðlagað gjaldþol Vátryggingafélagsins 9.819 millj. kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall var 3,8. Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé kemur þannig fram:

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Eigið fé Vátryggingafélagsins samkvæmt efnahagsreikningi	11.554.428	11.146.214
Reiknað gjaldþol	11.554.428	11.146.214
Reiknað lágmarksgjaldþol	3.061.970	2.908.316
Gjaldþolshlutfall	3,8	3,8

25. Vátryggingaskuld

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Vátryggingaskuld (heild):		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	16.058.468	13.867.773
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.396.929	3.329.590
Tjónaskuld	19.455.397	17.197.363
Iðgjaldaskuld	5.336.779	5.417.715
Vátryggingaskuld samtals	24.792.176	22.615.078
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	473.214	466.613
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	62.533	115.254
Tjónaskuld	535.747	581.867
Iðgjaldaskuld	16.125	36.566
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	551.872	618.433
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	15.585.254	13.401.160
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.334.396	3.214.336
Tjónaskuld	18.919.650	16.615.496
Iðgjaldaskuld	5.320.654	5.381.149
Vátryggingaskuld í eigin hlut (nettó) samtals	24.240.304	21.996.645

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2011 og 2010 er óveruleg.

25. Vátryggingaskuld (frh.)

Þróun vátryggingaskuldar á árinu:

	2011			2010		
	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tjónaskuld:						
Tilkynnt tjón	13.867.773	(466.613)	13.401.160	13.670.030	(398.107)	13.271.923
Ótilkynnt tjón	3.329.590	(115.254)	3.214.336	2.697.500	(65.022)	2.632.478
Alls í upphafi árs	17.197.363	(581.867)	16.615.496	16.367.530	(463.129)	15.904.401
Greidd tjón vegna eldri ára	(5.759.484)	60.902	(5.698.582)	(6.334.291)	119.145	(6.215.146)
Breyting tjónaskuldar:			0			0
- vegna tjóna ársins	8.741.813	(82.848)	8.658.965	7.696.286	(198.915)	7.497.371
- vegna tjóna fyrri ára	(724.295)	68.066	(656.229)	(532.162)	(38.968)	(571.130)
Tjónaskuld í árslok	19.455.397	(535.747)	18.919.650	17.197.363	(581.867)	16.615.496

	2011			2010		
	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tilkynnt tjón	16.058.468	(473.214)	15.585.254	13.867.773	(466.613)	13.401.160
Ótilkynnt tjón	3.396.929	(62.533)	3.334.396	3.329.590	(115.254)	3.214.336
Alls í lok árs	19.455.397	(535.747)	18.919.650	17.197.363	(581.867)	16.615.496
Iðgjaldaskuld:						
Iðgjaldaskuld í ársbyrjun	5.417.714	(36.566)	5.381.148	5.328.365	(100.451)	5.227.914
Breyting ársins	(80.935)	20.441	(60.494)	89.349	63.885	153.234
Iðgjaldaskuld í árslok	5.336.779	(16.125)	5.320.654	5.417.714	(36.566)	5.381.148

Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum breytum sem gera næmnigreiningu erfiða. Samstæðan notar tölfræðilegar aðferðir við áhættumat sitt í þeim tilgangi að áætla endanlegan tjónakostnað.

Grunntjónaskuld er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til samstæðunnar. Tjónadeild vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik. Ef ekki eru fyrirliggjandi fullnægjandi upplýsingar er meðaltjónsupphæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð en síðan endurskoðuð með hliðsjón af þeim upplýsingum sem berast.

Skýringar

26. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi	489.601	442.615
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	85.666	107.586
Viðskiptaskuldir	73.552	0
Skuldir við tengd félög	283.372	391.350
	932.191	941.550

Aðrar skammtímaskuldir

Virðisaukaskattur	40.144	0
Fyrirframinnheimtar tekjur	67.490	0
Ógreiddir reikningar	76.677	102.490
Ógreidd laun og launatengd gjöld	360.917	257.736
Aðrar skuldbindingar	71.067	0
Aðrar skuldir	23.652	36.658
	639.947	396.884

27. Skuldir við lánastofnanir

	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Langtímaskuldir í ISK	210.755	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	30.705	0
	241.460	0

28. Fjármálagerningar

28.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	Samstæða 31.12.2011	Móðurfélag 31.12.2010
Handbært fé	4.999.240	2.845.881
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	24.300.522	23.214.246
Lán og kröfur	6.698.302	8.181.849
Geymslufé vegna erlendra viðskipta	367.823	

Fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir	1.173.651	1.338.434

28.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).
Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Samstæða
31. desember 2011

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	20.299.548	18.907	3.982.067	24.300.522

Móðurfélag
31. desember 2010

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	20.280.255	185.813	2.748.178	23.214.246

28.3 Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta, lausafjáráhætta og vátryggingaáhætta.

28.4 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir samstæðunnar skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Þær vaxtaberandi eignir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Samstæðan hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta á heimamarkaði sem og erlendis.

28.4 Vaxtaáhætta (frh.)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2011		31.12.2010	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	21.345	42.689	13.507	27.014

28.5 Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna og skulda samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
Mynt	2011	2010	2011	2010	2011
EUR	158,84	153,80	161,42	161,89	3,3%
GBP	189,43	178,47	186,00	188,55	6,1%
DKK	21,37	20,64	21,67	21,74	3,5%
NOK	20,40	19,67	20,70	20,21	3,7%
SEK	17,79	17,16	17,88	16,96	3,7%
USD	122,71	115,05	116,07	122,04	6,7%
CHF	130,66	122,91	131,20	117,24	6,3%
CAD	120,21	115,26	117,31	118,46	4,3%
JPY	1,59	1,41	1,46	1,39	12,1%

28.5 Gengisáhætta (frh.)

Samstæða

Gengisáhætta 31.12.2011	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.477.114	851.858	1.625.256
GBP	916.012	209.087	706.925
DKK	51.134	0	51.134
NOK	32.467	0	32.467
SEK	9.890	602	9.288
USD	2.302.655	1.255.089	1.047.566
CHF	5.074	0	5.074
CAD	0	11	(11)
JPY	23.010	0	23.010
Annað	9.222	0	9.222

Móðurfélag

Gengisáhætta 31.12.2010	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1.383.129	606.437	776.692
GBP	528.608	26.031	502.577
DKK	40.832	867	39.965
NOK	36.001	0	36.001
SEK	9.504	2.085	7.419
USD	2.411.481	851.922	1.559.559
CHF	32.409	0	32.409
CAD	0	13	(13)
Annað	11.761	0	11.761

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft í för með sér hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

28.5 Gengisáhætta (frh.)

Áhrif á afkomu og eigið fé	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2011		31.12.2010	
	5%	10%	5%	10%
EUR	65.010	130.021	31.844	63.689
GBP	28.277	56.554	20.606	41.211
DKK	2.045	4.091	1.639	3.277
NOK	1.299	2.597	1.476	2.952
SEK	372	743	304	608
USD	41.903	83.805	63.942	127.884
CHF	203	406		
CAD	(0)	(1)		
JPY	920	1.841		

28.6 Verðáhætta markaðsverðbréfa

Samstæðan á talsverðar eignir í markaðsverðbréfum, annars vegar hlutabréf og hins vegar markaðsskuldabréf. Markaðsverðbréf ásamt handbæru fé mynda stærsta hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti vátryggingaskuldinni.

Fjárfestingar samstæðunnar í markaðsverðbréfum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó á samstæðan einnig fjárfestingar í óskráðum eignum. Fjárfestingar í hlutabréfum og markaðsskuldabréfum eru skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

	Samstæða	Móðurfélag
	31.12.2011	31.12.2010
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	3.082.525	3.113.506
Markaðsskuldabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	21.217.997	20.100.740

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og markaðsverði skuldabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2011		31.12.2010	
	5%	10%	5%	10%
Hlutabréf - áhrif á afkomu	154.126	308.253	155.675	311.351
Markaðsskuldabréf - áhrif á afkomu	1.060.900	2.121.800	1.005.037	2.010.074

Skýringar

28.7 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta sem felst í því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:	**Samstæða** 31.12.2011	**Móðurfélag** 31.12.2010
Markaðsverðbréf	21.217.997	20.100.740
Veðlán og önnur útlán	1.509.060	2.257.000
Viðskiptakröfur	4.603.641	4.068.513
Endurtryggingaeignir	585.601	634.936
Geymslufé vegna erlendra viðskipta	367.823	294.086
Handbært fé	4.999.240	2.845.881
	33.283.362	30.201.156

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

28.8 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hlut vátryggingaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé samstæðunnar dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútstreymi. Samstæðan heyrir undir eftirlit opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber henni því að skila inn til eftirlitsaðilanna ýmsum sundurliðunum t.d. er varða lausafjárstöðu.

Vænt fjárútstreymi vátryggingaskuldar greinist þannig:

Samstæða 31.12.2011	Innan eins árs	2013	2014+	Samtals
Tjónaskuld	8.856.040	5.142.942	5.456.415	19.455.397

Móðurfélag 31.12.2010	Innan eins árs	2012	2013+	Samtals
Tjónaskuld	7.678.107	4.529.258	4.989.998	17.197.363

28.9 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er sú áhætta sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaáhættu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátryggingaskuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

28.10 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er sú áhætta að fjöldi tjóna í einhverri vátryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar.

Stjórnendur fylgjast náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í tryggingum á einkamarkaði svo sem ökutækjatryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem vátryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega varanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhættu samstæðunnar að dreifa vátryggingaáhættunni sem mest milli greina og svæða. Samstæðan er með starfsemi í öllum greinaflokkum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi út um allt land auk lítils háttar starfsemi erlendis. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum ársins hjá samstæðunni á árinu 2011.

Greinaflokkar vátrygginga - Iðgjöld ársins	
Eignatryggingar	26,4%
Sjó- og farmtryggingar	3,4%
Lögboðnar ökutækjatryggingar	31,7%
Aðrar ökutækjatryggingar	14,9%
Ábyrgðartryggingar	5,7%
Slysa- og sjúkratryggingar	11,6%
Endurtryggingar	6,3%
	100,0%

Innlend, erlend starfsemi - Iðgjöld ársins	
Innlend starfsemi	90,5%
Erlend starfsemi	9,5%
	100,0%

28.11 Tjónsfjárhæðaáhætta

Tjónsfjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru lítil. Tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónsfjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar vátryggingagreinar og margir vátryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónsfjárhæðaáhættu endurtryggir samstæðan sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr samstæðan endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu hún er tilbúin til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti hún endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónsfjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggjendaáhætta.

28.12 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er sú áhætta að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Mörg ár getur tekið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í endurtryggingastefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur hennar skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fer eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þess mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2011 og áætlaða skiptingu árið 2012.

28.12 Endurtryggjendaáhætta (frh.)

	2011	2010
AAA	0,0%	1,6%
AA+	7,5%	7,1%
AA	0,0%	1,1%
AA-	55,3%	38,1%
A+	17,7%	40,1%
A	14,2%	6,3%
A-	5,1%	5,7%
BBB	0,2%	-
	100,0%	100,0%

28.13 Vátryggingaskuldaráhætta

Vátryggingaskuldaráhætta er sú áhætta að óuppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist vátryggingastofninum sé vanmetin.

Vátryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi vátryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa gerst en hafa ekki enn verið tilkynnt til samstæðunnar. Styrkur vátryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum.

28.14 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall gefur til kynna samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall er hlutfall sömu kostnaðarliða af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum og öðrum tekjum af vátryggingarekstri.

Það er stefna samstæðunnar að samsett hlutfall lækki og verði lægra en 100%. Bætt samsett hlutfall gerir samstæðunni kleift að mæta minnkandi ávöxtun af fjárfestingum í framtíðinni.

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur vátryggingarekstrar síðastliðin fimm ár.

	2011	2010	2009	2008	2007
Tjónahlutfall	82,1%	80,5%	86,1%	88,5%	80,7%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	20,9%	21,1%	19,3%	19,9%	19,2%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	3,1%	2,7%	1,8%	2,7%	4,7%
Samsett hlutfall	**106,1%**	**104,3%**	**107,2%**	**111,1%**	**104,6%**
Fjárfestingateknahlutfall	5,9%	7,6%	10,8%	16,4%	16,1%
Hlutfall annarra tekna af vátr.rekstri	0,7%	0,7%	0,6%	1,5%	0,3%
Rekstrarhlutfall	**99,5%**	**96,3%**	**96,2%**	**94,2%**	**89,9%**

Skýringar

29. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 9.

Samstæða

Viðskipti við tengd félög árið 2011:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Klakki ehf. og tengd félög	31.978	179.914	53.965	15.107

Viðskipti við tengd félög árið 2011:	Kröfur	Skuldir
Klakki ehf. og tengd félög	679.221	290.778

Móðurfélag

Viðskipti við tengd félög árið 2010:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Klakki ehf. og tengd félög	24.965	175.063	40.315	37.086

Viðskipti við tengd félög árið 2010:	Kröfur	Skuldir
Klakki ehf. og tengd félög	1.769.585	319.350

30. Sameining félaga

30.1 Kaup á dótturfélögum

	Meginstarfsemi	Dagsetning kaupa	Keyptur eignarhluti	Kaupverð
ÖM eignarhaldsfélag ehf.	Öryggisþjónusta	1.7.2011	83%	368.407

Kaupverð var greitt með handbæru fé. Útdeiling kaupverðs hefur ekki farið fram en félagið hefur skv. IFRS 3 *Sameining félaga* eitt ár frá kaupdegi til að ljúka útdeilingu kaupverðsins. Til bráðabirgða er viðskiptavild að fjárhæð 197,6 mkr. færð í samstæðunni.

Hlutdeild minnihluta (17%) í ÖM eignarhaldsfélagi ehf. var metin sem hlutfall af eigin fé félagsins á 29,4 mkr.

30.2 Útstreymi handbærs fjár vegna kaupa á dótturfélögum

	2011
Kaupverð greitt með handbæru fé	(368.407)
Handbært fé frá keyptu félagi	93.571
	(274.836)

Skýringar

30. Sameining félaga (frh.)

30.3 Áhrif kaupa dótturfélaga á afkomu samstæðunnar

Áhrif kaupa á ÖM eignarhaldsfélagi á rekstur samstæðunnar frá kaupdegi til reikningsskiladags eru auknar tekjur að fjárhæð 792,1 mkr. og tap að fjárhæð 3,4 mkr.

Hefðu ofangreind kaup átt sér stað 1. janúar 2011 hefðu tekjur samstæðunnar verið hærri sem nemur 1.558 mkr. og hagnaður samstæðunnar hærri sem nemur 12,9 mkr.

31. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga undir starfsemi sína á ýmsum stöðum á landinu. Greiðslubyrði samstæðunnar vegna húsaleigusamninga eru 17,7 milljónir á mánuði og heildar skuldbindingin er 1.335 milljónir. Samningar þessir eru tímabundnir

Samkvæmt samningum þessum eru leigugreiðslur næsta árs 212,3 milljónir, á árum 2-5 eru þær 849,1 milljónir og eftir 5 ár og síðar eru þær 273,4 milljónir.

Greidd leiga vegna þessara samninga á árinu 2011 var 193,2 milljónir. Samanburðarfjárhæðir liggja ekki fyrir.

32. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Þann 19. mars 2012 var skrifað undir samning við móðurfélag VÍS, Klakka ehf., um kaup á Líftryggingafélagi Íslands hf. (LÍFÍS), sem er systurfélag VÍS. Verðmæti LÍFÍS var metið af utanaðkomandi aðila og var það mat lagt til grundvallar í samningnum. Kaupverð félagsins var 3.181 millj. króna.

VÍS greiddi fyrir félagið með reiðufé 800 millj. króna og öðrum fjáreignum í eigu félagsins 2.381 millj. króna. Hluti af þeim fjáreignum eru skuldabréf og hlutabréf útgefin af Klakka og aðilum sem tengdust Klakka. Þessar eignir voru seldar á bókfærðu verði fyrir áætlaða niðurfærsluþörf sem nemur ca. 1,4 milljarði króna. Sundurliðun fjárhæða má sjá í töflunni að neðan:

Fjárhæðir í millj. kr.

Skulda og hlutabréf	Söluverð
Félög sem tengdust Klakka	1.394
Félög ótengd Klakka	987
	2.381

Ofangreindar eignir eru metnar á söluverði í ársreikningi VÍS fyrir árið 2011, skv. undirrituðum samningi þann 19. mars 2012. Greiðslan sem innt er af hendi fyrir LÍFÍS er fullnaðargreiðsla og á Klakki ekki endurkröfurétt á VÍS ef endurheimtur ofangreindra eigna verða lægri en söluverð.

33. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 20. mars 2012.

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur

2010

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
kt. 690689-2009

Vátryggingafélag Íslands hf.

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-31

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010 efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 1. mars 2011

Deloitte hf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Hagnaður félagsins á árinu 2010 nam 204 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 35.100 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok 11.146 milljónum króna.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 2 eins og í upphafi árs. Einn hluthafi á meira en 10% hlutafjárins en það er Exista ehf. sem á 99,99% hlutafjár.

Áhættustýring félagsins miðar að því að tryggja öryggi eigna félagsins. Félagið hefur samþykkt fjárfestingastefnu og er markmið hennar að tryggja góða ávöxtun og öryggi eigna. Fjárfestingastefna félagsins er samþykkt af stjórn og endurskoðuð reglulega.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2011 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að áliti stjórnar og forstjóra Vátryggingafélags Íslands hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2011

Í stjórn

Axel Gíslason
stjórnarformaður

Guðrún Þorgeirsdóttir

Guðmundur Pálsson

Helga Jónsdóttir

Hilmar Pétur Valgarðsson

Forstjóri

Guðmundur Örn Gunnarsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Tekjur af vátryggingarekstri:			
Iðgjöld ársins		14.872.999	14.265.293
Hluti endurtryggjenda		(667.259)	(614.414)
Eigin iðgjöld	6	14.205.740	13.650.879
Aðrar tekjur af vátryggingarekstri		97.999	91.203
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri		1.135.063	1.535.838
Tekjur af vátryggingarekstri samtals		15.438.802	15.277.920
Gjöld af vátryggingarekstri:			
Tjón ársins		(11.977.003)	(12.274.148)
Hluti endurtryggjenda		242.229	336.597
Eigin tjón	7	(11.734.774)	(11.937.551)
Rekstrarkostnaður vátrygginga		(2.912.129)	(2.637.390)
Afskrifaðar kröfur af vátryggingastarfsemi		(218.316)	(115.385)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		26.628	16.712
Gjöld af vátryggingarekstri samtals		(14.838.591)	(14.673.614)
Hagnaður af vátryggingarekstri		600.211	604.307
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:			
Fjármunatekjur	9	2.365.196	3.284.493
Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum		(770.761)	114.119
Rekstrarkostnaður fjármálareksturs		(323.763)	(238.373)
Niðurfærðar fjáreignir		(420.865)	(950.009)
Fjármagnsgjöld	10	(2.770)	(6.174)
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri		847.037	2.204.056
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur		(1.135.063)	(1.535.838)
(Tap) hagnaður af fjármálarekstri		(288.026)	668.218
Hagnaður fyrir tekjuskatt		312.184	1.272.525
Tekjuskattur	11	(108.044)	(108.430)
Heildarafkoma ársins		204.140	1.164.095
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	12	0,08	0,45

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	460.150	503.174
Fjárfestingaverðbréf	14	23.214.246	18.702.819
Veðlán og önnur útlán	14	2.257.000	2.165.897
Reiknuð skattinneign	11	397.600	382.507
Viðskiptakröfur	15	4.068.513	4.198.700
Endurtryggingaeignir	16	634.936	602.200
Aðrar kröfur	17	1.221.400	960.643
Handbært fé	18	2.845.881	6.160.941
Eignir		35.099.726	33.676.880
Eigið fé			
Hlutafé	19	2.602.481	2.602.481
Varasjóður		456.130	445.923
Óráðstafað eigið fé		8.087.603	7.893.670
Eigið fé		11.146.214	10.942.074
Skuldir			
Vátryggingaskuld	21	22.615.078	21.695.896
Viðskiptaskuldir	22	941.550	631.751
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur	22	396.884	407.160
Skuldir		23.953.512	22.734.806
Eigið fé og skuldir		35.099.726	33.676.880

Yfirlit um eigið fé 1. janúar 2010 - 31. desember 2010

	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2009	2.502.481	387.718	6.787.780	9.677.978
Nýtt hlutafé	100.000			100.000
Heildarafkoma ársins			1.164.095	1.164.095
Tillag í lögbundinn varasjóð		58.205	(58.205)	0
Eigið fé 1.1.2010	2.602.481	445.923	7.893.670	10.942.074
Heildarafkoma ársins			204.140	204.140
Tillag í lögbundinn varasjóð		10.207	(10.207)	0
Eigið fé 31.12.2010	2.602.481	456.130	8.087.603	11.146.214

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður		204.140	1.164.095
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(1.591.665)	(2.487.047)
Afskriftir		69.000	69.615
Sölutap fastafjármuna		0	2.087
Eigin vátryggingaskuld hækkun		864.329	1.087.499
(Lækkun) á skuldbindingum		(15.093)	(159.783)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		(469.288)	(323.534)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(74.933)	(906.966)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		299.524	(274.103)
Handbært fé (til) rekstri án vaxta og skatta		(244.697)	(1.504.603)
Innborgaðir vextir og arður		1.148.174	1.085.643
Greiddir vextir		(2.770)	(6.174)
Handbært fé frá (til) rekstri		900.707	(425.133)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(25.977)	(213.690)
Keypt fjárfestingaverðbréf		(1.325.824)	(1.092.799)
Keypt önnur verðbréf		(2.677.838)	(1.266.933)
		(4.029.639)	(2.573.422)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	100.000
		0	100.000
(Lækkun) handbærs fjár		(3.128.932)	(2.898.555)
Handbært fé í upphafi árs		6.160.941	8.898.024
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(186.129)	161.473
Handbært fé í lok árs		2.845.881	6.160.941
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		676.116	755.936

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Félagið starfar á sviði vátrygginga og fjármála.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

2.1 Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

IFRS 5 – Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi (endurbætur 2009).
IAS 1 – Framsetning reikningsskila (endurbætur 2009).
IAS 1 (endurbætur 2010) – Framsetning reikningsskila.
IAS 7 (endurbætur 2009) – Yfirlit um sjóðstreymi.
IAS 27 (endurbætur 2008) – Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil.
IAS 28 (endurbætur 2008) – Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum.
IFRS 3 (endurbætur 2008) – Sameiningar félaga.

Innleiðing á ofangreindum stöðlum og túlkunum hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum félagsins.

2.2 Samþykktir reikningskilastaðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýir eða endurbættir staðlar og túlkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi:

IFRS 1 - Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar).
IAS 24 - Upplýsingar um tengda aðila (endurbættur 2009, taka gildi fyrir reikningstímabili sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar).
IAS 32 - Fjármálagerningar: Framsetning (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar).
IFRIC 14 - Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvaðir um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra (taka gildi fyrir reikningstímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar).
IFRIC 19 - Greiðsla skulda með eiginfjárgerningum (taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar).
Fjárskuld felld niður með útgáfu eiginfjárgerninga.

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og túlkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

3.3 Tekjur

Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem ekki er útrunnin.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

3.4 Gjöld af vátryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum

3.5 Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja bæði vátryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til þess.

Vátryggingasamningar- skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér að bæta vátryggðum fjárhagslegar afleiðingar vátryggingaatburðar sem kveðið er á í vátryggingaskilmálum.

Vátryggingaatburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

Skaðatryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga þar með talið sjó- og farmtryggingar.
Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavini félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.
Slysatryggingar bæta vátryggðum eigin skaða í samræmi við skilmála.
Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina félagsins vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.

Vátryggingaskuld

Félagið metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar félagsins vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu félagsins. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

3.6 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema:

- Gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem ætlaðar eru til framtíðarnota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem litið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði.

- Gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu.

- Gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

3.7 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

3.8 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

3.9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatshækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna og lóða eru gjaldfærðar í rekstrarreikning.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Við sölu endurmetinna varanlegra rekstrarfjármuna er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

3.10 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftar ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

3.11 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

Íþyngjandi samningar

Íþyngjandi samningur er samningur sem félagið er skuldbundið að standa við og kostnaðurinn við að uppfylla hann er meiri en ávinningurinn.

Endurskipulagning

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar formleg áætlun liggur fyrir um endurskipulagningu og hún hefur verið kynnt þeim er málið varðar. Mat kostnaðar vegna endurskipulagningar tekur aðeins til beins kostnaðar við endurskipulagninguna.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar eru upphaflega skráðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við þeirri fjárhæð sem hærri er:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Skýringar

3.12 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar félagið hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem félagið skilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiður falla ávallt undir þennan flokk nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

Fjáreign er skilgreind sem fjáreign til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin er keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga undir stjórn félagsins og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjáreign, önnur en fjáreign til sölu, má skilgreina sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Fjáreignir til sölu

Skráð hlutabréf og innleysanleg skuldabréf félagsins á virkum markaði eru flokkuð sem fjáreignir til sölu og eru skráð á gangvirði. Það sama á við um óskráð verðbréf félagsins ef hægt er að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti. Hagnaður og tap sem myndast við breytingar á gangvirði er fært sem gangvirðisbreyting fjáreigna til sölu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Virðisrýrnun, reiknaðir virkir vextir og gengismunur eru færð í rekstrarreikning. Þegar fjárfestingin er seld eða hefur orðið fyrir virðisrýrnun er áður færð gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.

Arður af fjáreignum til sölu er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga til sölu er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

Endurflokkun fjáreigna

Heimilt er að endurflokka tilteknar fjáreignir úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning yfir í flokkinn fjáreignir til sölu. Endurflokkunin er aðeins heimil í einstökum tilfellum og þegar áform um að selja fjáreignina innan skamms tíma eiga ekki lengur við. Endurflokkunin er í öllum tilvikum takmörkuð við skuldagerninga. Við endurflokkun er fjáreignin færð á gangvirði þess dags sem hún er endurflokkuð.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

3.13 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkað sem skuld eða eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Eiginfjárgerningar

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

Samsettir fjármálagerningar

Samsettir fjármálagerningar, gefnir út af félaginu, eru flokkaðir sem fjárskuldir og eigið fé í samræmi við efni undirliggjandi samninga. Á útgáfudegi er gangvirði skuldahluta fjármálagernings metið út frá markaðsvöxtum fyrir sambærilega óbreytanlega fjármálagerninga og skuldin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Eiginfjárhluti fjármálagerningsins er mismunur skuldahlutans og heildarvirðis fjármálagerningsins. Eiginfjárhlutinn er færður að teknu tillliti til skatta á meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að endurmeta samsetta fjármálagerninga.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir,*
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld er skilgreind sem fjárskuld til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- Skuldin hefur verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Skuldin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Skuldin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins:
- fjáreignir og niðurfærslur vegna fjáreigna
- vátryggingaskuld

5. Starfsþáttagreining

Félaginu er skipt í tvo rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2010 var eftirfarandi

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	14.872.999		14.872.999
Hluti endurtryggjenda	(667.259)		(667.259)
Aðrar tekjur	97.999		97.999
Fjárfestingartekjur	1.135.063	459.372	1.594.435
Heildartekjur	15.438.802	459.372	15.898.174
Tjón ársins	(11.977.003)		(11.977.003)
Hluti endurtryggjenda	242.229		242.229
Rekstrarkostnaður	(2.885.501)	(323.763)	(3.209.264)
Afskrifaðar kröfur	(218.316)		(218.316)
Fjármagnsgjöld		(2.770)	(2.770)
Niðurfærsla fjáreigna		(420.865)	(420.865)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	600.211	(288.026)	312.184
Tekjuskattur			(108.044)
Hagnaður ársins			204.140

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 66,8 milljónir. Afskriftir meðal starfsþáttarins fjármálarekstur eru kr. 2,2 milljónir. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 29,8 milljónir.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2010 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Eignir			
Útlán og aðrar fjárfestingar	23.157.352	135.408	23.292.760
Endurtryggingaeignir	618.433		618.433
Aðrar eignir	5.052.561	6.135.972	11.188.533
Eignir starfsþáttar	28.828.346	6.271.380	35.099.726
Skuldir			
Vátryggingaskuld	22.615.078		22.615.078
Aðrar skuldir	1.338.434		1.338.434
Skuldir starfsþáttar	23.953.512	0	23.953.512

Skýringar

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2009 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Iðgjöld ársins	14.265.293		14.265.293
Hluti endurtryggjenda	(614.414)		(614.414)
Aðrar tekjur	91.203		91.203
Fjárfestingartekjur	1.535.838	1.862.774	3.398.612
Heildartekjur	15.277.920	1.862.774	17.140.695
Tjón ársins	(12.274.148)		(12.274.148)
Hluti endurtryggjenda	336.597		336.597
Rekstrarkostnaður	(2.620.678)	(238.373)	(2.859.052)
Afskrifaðar kröfur/fjáreignir	(115.385)		(115.385)
Fjármagnsgjöld		(6.174)	(6.174)
Niðurfærsla fjáreigna		(950.009)	(950.009)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	604.307	668.218	1.272.525
Tekjuskattur			(108.430)
Hagnaður ársins			1.164.095

Afskriftir meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 67,5 milljónir. Afskriftir meðal starfsþáttarins fjármálarekstur eru kr. 2,2 milljónir. Fjárfestingar meðal starfsþáttarins skaðatryggingar eru kr. 214 milljónir.

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2009 voru eftirfarandi:

	Skaðatrygginga-rekstur	Fjármála-rekstur	Samtals
Eignir			
Útlán og aðrar fjárfestingar	19.208.021	1.660.695	20.868.716
Endurtryggingaeignir	602.200		602.200
Aðrar eignir	8.558.685	3.647.279	12.205.964
Eignir starfsþáttar	28.368.906	5.307.974	33.676.880
Skuldir			
Vátryggingaskuld	21.695.896		21.695.896
Aðrar skuldir	1.038.910		1.038.910
Skuldir starfsþáttar	22.734.806	0	22.734.806

Skýringar

Skaðatryggingarekstur félagsins greinist eftirfarandi á árinu 2010:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar
Iðgjöld ársins	4.081.420	522.736	4.974.767	2.393.558	887.700
Tjón ársins	(2.967.074)	(238.609)	(4.537.751)	(1.661.785)	(722.674)
Rekstrarkostnaður	(867.373)	(112.661)	(978.605)	(475.006)	(174.219)
Til endurtryggjenda	(318.933)	(87.899)	(29.993)	(1.618)	(34.604)
Fjárfestingartekjur	143.591	19.753	536.515	59.992	159.274
Aðrar tekjur	60.342	0	37.657	0	0
Hagnaður (tap)	131.973	103.320	2.590	315.141	115.477

	Slysa og sjúkra tryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	1.718.902	14.579.083	293.916	14.872.999
Tjón ársins	(1.447.013)	(11.574.906)	(402.097)	(11.977.003)
Rekstrarkostnaður	(405.655)	(3.013.519)	(90.299)	(3.103.818)
Til endurtryggjenda	48.018	(425.029)	0	(425.029)
Fjárfestingartekjur	180.439	1.099.564	35.499	1.135.063
Aðrar tekjur	0	97.999	0	97.999
Hagnaður (tap)	94.691	763.192	(162.981)	600.211

Skaðatryggingarekstur félagsins greinist eftirfarandi á árinu 2009:

	Eigna-tryggingar	Sjó- og farm-tryggingar	Lögboðnar ökutækja-tryggingar	Aðrar ökutækja-tryggingar	Almennar ábyrgða-tryggingar
Iðgjöld ársins	3.674.562	516.584	4.923.977	2.230.074	822.847
Tjón ársins	(2.941.864)	(556.229)	(3.611.795)	(1.770.168)	(1.080.915)
Rekstrarkostnaður	(712.773)	(115.095)	(895.900)	(412.220)	(151.181)
Til endurtryggjenda	(379.875)	(90.233)	63.462	(1.428)	150.315
Fjárfestingartekjur	169.087	25.213	802.408	76.995	188.297
Aðrar tekjur	53.155	0	38.048	0	0
Hagnaður (tap)	(137.708)	(219.760)	1.320.200	123.253	(70.637)

	Slysa og sjúkra-tryggingar	Frumtryggingar alls	Endurtryggingar alls	Samtals
Iðgjöld ársins	1.482.300	13.650.344	614.950	14.265.294
Tjón ársins	(1.647.204)	(11.608.175)	(665.972)	(12.274.147)
Rekstrarkostnaður	(370.126)	(2.657.295)	(95.482)	(2.752.777)
Til endurtryggjenda	(1.797)	(259.556)	(1.548)	(261.104)
Fjárfestingartekjur	229.366	1.491.366	44.472	1.535.838
Aðrar tekjur	0	91.203	0	91.203
Hagnaður (tap)	(307.461)	707.887	(103.580)	604.307

6. Eigin iðgjöld

	2010	2009
Bókfærð iðgjöld	14.962.348	14.497.708
Hluti endurtryggjenda	(603.374)	(619.151)
Breyting á iðgjaldaskuld	(89.349)	(232.415)
Breyting á hluta endurtryggjenda	(63.885)	4.737
	14.205.740	13.650.879

7. Eigin tjón

	2010	2009
Bókfærð tjón	(11.147.170)	(11.530.426)
Hluti endurtryggjenda	123.491	452.697
Breyting á tjónaskuld	(829.833)	(743.721)
Breyting á hluta endurtryggjenda	118.738	(116.100)
	(11.734.774)	(11.937.551)

8. Launamál

	2010	2009
Laun	1.282.481	1.161.334
Launatengd gjöld	264.536	207.138
	1.547.017	1.368.472
Meðalfjöldi starfa	220	218

Laun og hlunnindi forstjóra og stjórnar

	2010	2009
Guðmundur Örn Gunnarsson	19.874	19.789
Stjórnarlaun	6.320	2.100

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2010 námu 108,2 milljónum króna.

9. Fjármunatekjur

	2010	2009
Vaxtatekjur af bankareikningum	246.735	611.802
Vaxtatekjur af skuldabréfum	1.980.728	1.792.315
Arður af hlutabréfaeign	11.811	10.571
Gengismunur	(298.031)	448.681
Aðrar vaxtatekjur	423.953	421.124
	2.365.196	3.284.493

10. Fjármagnsgjöld

	2010	2009
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(2.770)	(6.174)
	(2.770)	(6.174)

11. Tekjuskattur

11.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 108 milljónum króna. Enginn tekjuskattur er til greiðslu á árinu vegna samsköttunar við Exista ehf.

Þann 18. desember 2010 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20%. Þessi lagabreyting öðlast gildi frá og með 1. janúar 2011. Áhrif hækkaðs skatthlutfalls á frestaða tekjuskattsinneign í lok árs nemur 39,8 milljónum króna og er hækkunin tekjufærð í rekstrarreikning.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	2010		2009	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	312.184		1.272.525	
Skatthlutfall	56.193	18,0%	190.879	15,0%
Breyting á tekjuskattshlutfalli	(39.760)	-12,7%	(63.751)	-5,0%
Fenginn arður	(2.126)	-0,7%	(1.586)	-0,1%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	93.737	30,0%	(17.118)	-1,3%
Aðrir liðir	0	0,0%	6	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	108.044	34,6%	108.430	8,5%

11.2 Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsinneign greinist þannig:	Frestaður skattur
Tekjuskattsinneign 1.1 2009	222.724
Reiknaður tekjuskattur ársins	(108.430)
Samsköttun við móðurfélag	268.213
Tekjuskattsinneign 1.1 2010	382.507
Reiknaður tekjuskattur ársins	(108.044)
Samsköttun við móðurfélag	123.137
Tekjuskattsinneign 31.12 2010	397.600

Helstu tekjuskattsinneignir félagsins greinast þannig:	31.12.2010	31.12.2009
Varanlegir rekstrarfjármunir	(51.073)	(40.734)
Óbein niðurfærsla fjáreigna	308.407	254.084
Aðrir liðir	140.266	169.157
	397.600	382.507

12. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

	2010	2009
Hagnaður ársins	204.140	1.164.095
Vegið meðaltal útistandandi hluta	2.602.481	2.577.275
Hagnaður á útistandandi hlut	0,08	0,45

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem ekki hafa verið gerðir neinir kaupréttasamningar við starfsmenn né gefin út breytanleg skuldabréf.

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Tölvubúnaður áhöld og bifreiðir	Samtals
Kostnaðarverð			
Kostnaðarverð 1.1 2009	122.365	363.208	485.573
Eignfært á árinu	0	213.690	213.690
Selt og aflagt á árinu	0	(2.752)	(2.752)
Kostnaðarverð 1.1 2010	122.365	574.146	696.511
Eignfært á árinu	0	29.770	29.770
Selt og aflagt á árinu	0	(10.434)	(10.434)
Kostnaðarverð 31.12 2010	122.365	593.482	715.847
Afskriftir			
Afskrifað 1.1 2009	76.372	48.016	124.388
Afskrift ársins	2.150	67.465	69.615
Selt og aflagt á árinu	0	(665)	(665)
Afskrifað 1.1 2010	78.522	114.816	193.338
Afskrift ársins	2.194	66.806	69.000
Selt og aflagt á árinu	0	(6.641)	(6.641)
Afskrifað 31.12 2010	80.716	174.980	255.697
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	43.843	459.331	503.174
Bókfært verð í árslok	41.649	418.502	460.150

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir	33 ár
Áhöld og tæki	3 - 4 ár
Bifreiðar	7 ár

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabóta-mat
Fasteignir og lóðir	70.647	193.560

Skýringar

14. Fjáreignir

	31.12.2010	31.12.2009
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur		
Eignarhlutar í öðrum félögum	1.875.961	1.321.447
Markaðsverðbréf	21.338.285	17.381.372
	23.214.246	18.702.819
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur		
Skuldabréf	2.257.000	2.165.897
	2.257.000	2.165.897
Fjáreignir samtals	25.471.246	20.868.716

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur

Eignarhlutar í öðrum félögum	31.12.2010	31.12.2009
Skráð í Kauphöll Íslands	275.941	22.353
Skráð í erlendum kauphöllum	655.887	370.949
Önnur félög	944.133	928.145
	1.875.961	1.321.447
Markaðsverðbréf		
Skráð ríkistryggð verðbréf	16.286.589	12.139.094
Önnur skráð verðbréf	2.919.528	2.790.539
Óskráð ríkistryggð verðbréf	141.065	184.164
Önnur óskráð verðbréf	1.991.103	2.267.575
	21.338.285	17.381.372
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur		
Lán með veði í fasteignum	817.890	383.248
Lán með veði í lausafé	86.017	143.094
Önnur skuldabréf	1.353.093	1.639.554
	2.257.000	2.165.897
Samtals fjáreignir	25.471.246	20.868.716

Breytingar á afskriftareikningi skuldabréfa og annarra langtímakrafna	31.12.2010	31.12.2009
Staða í upphafi árs	2.771.342	1.873.206
Niðurfærsla skuldabréfa og annarra langtímakrafna	674.710	942.754
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt	(1.217.022)	(44.617)
Staða í lok árs	2.229.030	2.771.342

15. Viðskiptakröfur

	31.12.2010	31.12.2009
Kröfur vegna frumt.starfsemi, vátryggingatakar	3.978.440	4.145.141
Aðrar kröfur	90.074	53.559
	4.068.513	4.198.700

Breytingar á afskriftareikningi viðskiptakrafna	31.12.2010	31.12.2009
Staða í upphafi árs	300.076	233.562
Afskrift viðskiptakrafna	366.665	181.899
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt	(218.316)	(115.385)
Staða í lok árs	448.425	300.076

16. Endurtryggingaeignir

	31.12.2010	31.12.2009
Hlutur endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	36.566	100.451
Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld	581.867	463.129
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi	16.503	38.619
	634.936	602.200

17. Aðrar kröfur

	31.12.2010	31.12.2009
Fyrirframgreiddir skattar	910.179	897.706
Geymslufé	294.086	0
Áfallnar vaxtatekjur og fyrirframgreiddur kostnaður	17.135	62.937
	1.221.400	960.643

18. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2010	31.12.2009
Sjóður	2.604	2.394
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.898.590	4.003.363
Bankainnstæður í erlendri mynt	944.687	2.155.184
	2.845.881	6.160.941

19. Hlutafé

Hlutafé félagsins skiptist í 2 flokka, A-flokk og B-flokk.

	Hlutir	Hlutfall
Hlutafé í A flokki	2.502.757	96,16%
Hlutafé í B flokki	100.000	3,84%
Hlutafé samkvæmt samþykktum félagsins	2.602.757	100%
Eigin hlutir	(277)	-0,01%
Hlutafé samkvæmt ársreikningi	2.602.481	99,99%

Breytingar á hlutafé greinast þannig:	Hlutafé	Útgefnir hlutir
Hlutafé fé 1.1 2009	2.502.481	2.502.481
Innborgað hlutafé - B flokkur	100.000	100.000
Hlutafé 1.1 2010	2.602.481	2.602.481
Hlutafé 31.12 2010	2.602.481	2.602.481

Hluthafar í B flokki fara ávallt með 75% atkvæða í félaginu á hluthafafundum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í flokknum Báðir flokkar veita sama rétt til arðs og annarra réttinda. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

20. Gjaldþol

Reiknað lágmarksgjaldþol félagsins samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi í árslok 2010 nam 2.908 millj. kr. reiknað gjaldþol 11.146 millj. kr. og gjaldþolshlutfall 3,8. Einnig er reiknað aðlagað gjaldþol félagsins en þá er tekið tillit til gagnkvæmrar fjármögnunar innan samstæðu. Aðlagað gjaldþol félagsins nam 9.819 millj. kr. og aðlagað gjaldþolshlutfall 3,4.
Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé kemur þannig fram:

	31.12.2010	31.12.2009
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi	11.146.214	10.942.074
Arður til greiðslu	0	0
Reiknað gjaldþol	11.146.214	10.942.074
Reiknað lágmarksgjaldþol	2.908.316	2.595.290
Gjaldþolshlutfall	3,8	4,2

21. Vátryggingaskuld

	31.12.2010	31.12.2009
Vátryggingaskuld (heild):		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	13.867.773	13.655.031
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.329.590	2.712.500
Tjónaskuld	17.197.363	16.367.531
Iðgjaldaskuld	5.417.715	5.328.365
Vátryggingaskuld samtals	22.615.078	21.695.896
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	459.926	398.107
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	121.941	65.022
Tjónaskuld	581.867	463.129
Iðgjaldaskuld	36.566	100.451
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	618.433	563.580
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður	13.407.847	13.256.924
Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna	3.207.649	2.647.478
Tjónaskuld	16.615.496	15.904.402
Iðgjaldaskuld	5.381.149	5.227.914
Vátryggingaskuld í eigin hlut (nettó) samtals	21.996.645	21.132.316

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2010 og 2009 er óveruleg.

Þróun vátryggingaskuldar á árinu:

	Heild	2010 Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	2009 Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tjónaskuld:						
Tilkynnt tjón	13.670.030	(398.107)	13.271.923	13.142.709	(518.451)	12.624.258
Ótilkynnt tjón	2.697.500	(65.022)	2.632.478	2.481.100	(60.778)	2.420.322
Alls í upphafi árs	16.367.530	(463.129)	15.904.401	15.623.809	(579.229)	15.044.580
Greidd tjón vegna eldri ára	(6.334.291)	119.145	(6.215.146)	(6.196.133)	444.296	(5.751.837)
Breyting tjónaskuldar:			0			0
- vegna tjóna ársins	7.696.286	(198.915)	7.497.371	6.377.257	(18.064)	6.359.193
- vegna tjóna fyrri ára	(532.162)	(38.968)	(571.130)	562.597	(310.132)	252.465
Tjónaskuld í árslok	17.197.363	(581.867)	16.615.496	16.367.530	(463.129)	15.904.401

	Heild	2010 Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut	Heild	2009 Hlutdeild endur-tryggjenda	Í eigin hlut
Tilkynnt tjón	13.867.773	(466.613)	13.401.160	13.670.030	(398.107)	13.271.923
Ótilkynnt tjón	3.329.590	(115.254)	3.214.336	2.697.500	(65.022)	2.632.478
Alls í lok árs	17.197.363	(581.867)	16.615.496	16.367.530	(463.129)	15.904.401
Iðgjaldaskuld:						
Iðgjaldaskuld í ársbyrjun	5.328.365	(100.451)	5.227.914	5.095.950	(95.714)	5.000.236
Breyting ársins	89.349	63.885	153.234	232.415	(4.827)	227.588
Iðgjaldaskuld í árslok	5.417.714	(36.566)	5.381.148	5.328.365	(100.541)	5.227.824

Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum breytum sem gera næmnigreiningu erfiða. Félagið notar tölfræðilegar aðferðir við áhættumat sitt í þeim tilgangi að áætla endanlegan tjónakostnað.

Grunntjónaskuld er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins. Tjónadeild vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik. Ef ekki eru fyrirliggjandi fullnægjandi upplýsingar er meðaltjónsupphæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð en síðan endurskoðuð með hliðsjón af þeim upplýsingum sem berast.

22. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi	442.615	489.668
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	107.586	106.052
Skuldir við tengd félög	391.350	36.030
	941.550	631.751

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2010	31.12.2009
Ógreiddir reikningar	102.490	96.072
Ógreidd laun og launatengd gjöld	257.736	240.077
Aðrar skuldir	36.658	71.011
	396.884	407.160

23. Fjármálagerningar

23.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2010	31.12.2009
Handbært fé	2.845.881	6.160.941
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	23.214.246	18.702.819
Lán og kröfur	8.181.849	7.843.453

Fjárskuldir	31.12.2010	31.12.2009
Aðrar fjárskuldir	1.338.434	1.038.911

23.2 Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga, færða á gangvirði, flokkaða eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í 3 stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninganna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: gangvirðismatið byggir á uppgefnum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
Stig 2: gangvirðismatið byggir ekki á uppgefnu verði á vikum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina eða skuldina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum).
Stig 3: gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

31. desember 2010	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	20.280.255	185.813	2.748.178	23.214.246

31. desember 2009	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	14.979.401	547.602	3.175.816	18.702.819

23.3 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta, lausafjáráhætta og vátryggingaáhætta.

23.4 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtaáhættan nær aðeins til vaxtaberandi eigna þar sem engar lántökur eru í bókum félagsins. Vaxtaberandi eignir félagsins skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Þær vaxtaberandi eignir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna hafa því ekki áhrif á bókfærða stöðu. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Félagið hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta á heimamarkaði sem og erlendis.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2010		31.12.2009	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	13.507	27.014	27.786	55.572

23.5 Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.
Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum en þó á félagið nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
Mynt	2010	2009	2010	2009	2010
EUR	153,80	179,88	161,89	172,67	4,3%
GBP	178,47	201,60	188,55	193,89	9,1%
DKK	20,64	24,17	21,74	23,19	4,3%
NOK	19,67	21,67	20,21	19,80	8,8%
SEK	17,16	17,52	16,96	16,30	8,4%
USD	115,05	124,90	122,04	123,59	11,0%
CHF	122,91	121,26	117,24	114,32	9,4%
CAD	115,26	119,04	118,46	109,04	11,8%

Gengisáhætta 31.12.2010

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1.383.129	606.437	776.692
GBP	528.608	26.031	502.577
DKK	40.832	867	39.965
NOK	36.001	0	36.001
SEK	9.504	2.085	7.419
USD	2.411.481	851.922	1.559.559
CHF	32.409	0	32.409
CAD	0	13	(13)
Annað	11.761	0	11.761

Gengisáhætta 31.12.2009

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.578.885	348.111	2.230.774
GBP	376.047	33.487	342.561
DKK	798.314	0	798.314
NOK	1.243.601	0	1.243.601
SEK	11.678	57.918	(46.240)
USD	1.627.792	836.831	790.961

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft í för með sér hækkun á hagnaði og eigin fé. Hækkun á gengi íslensku krónunnar hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé	**31.12.2010**		**31.12.2009**	
	5%	10%	5%	10%
EUR	31.844	63.689	94.808	189.616
GBP	20.606	41.211	14.559	29.118
DKK	1.639	3.277	31.467	62.934
NOK	1.476	2.952	17.288	34.575
SEK	304	608	496	993
USD	63.942	127.884	69.181	138.362

23.6 Verðáhætta markaðsverðbréfa

Félagið á talsverðar eignir í markaðsverðbréfum, annars vegar hlutabréf og hins vegar markaðsskuldabréf. Markaðsverðbréf ásamt handbæru fé mynda stærsta hluta þeirra eigna sem ætlað er að standa á móti vátryggingaskuldinni.

Fjárfestingar félagsins í markaðsverðbréfum eru að mestu leyti í skráðum eignum, en þó á félagið einnig fjárfestingar í óskráðum eignum. Fjárfestingar í hlutabréfum og markaðsskuldabréfum eru skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

	31.12.2010	31.12.2009
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	3.113.506	2.247.930
Markaðsskuldabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning	20.100.740	16.454.889

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og markaðsverði skuldabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2010		31.12.2009	
	5%	10%	5%	10%
Hlutabréf - áhrif á afkomu	155.675	311.351	112.397	224.793
Markaðsskuldabréf - áhrif á afkomu	1.005.037	2.010.074	822.744	1.645.489

23.7 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er sú áhætta sem felst í því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:	**Bókfærð staða**	
	31.12.2010	31.12.2009
Markaðsverðbréf	20.100.740	16.454.889
Veðlán og önnur útlán	2.257.000	2.702.710
Viðskiptakröfur	4.068.513	4.198.700
Endurtryggingaeignir	634.936	602.200
Aðrar kröfur	1.221.400	960.643
Handbært fé	2.845.881	6.160.941
	31.128.470	31.080.083

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

23.8 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hlut vátryggingaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé félagsins dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútstreymi. Félagið heyrir undir eftirlit opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber því að skila inn til eftirlitsaðilanna ýmsum sundurliðunum t.d. er varða lausafjárstöðu.

Vænt fjárútstreymi vátryggingaskuldar greinist þannig:

	Innan eins árs	2012	2013+	Samtals
31.12.2010				
Tjónaskuld	7.678.107	4.529.258	4.989.998	17.197.363

	Innan eins árs	2011	2012+	Samtals
31.12.2009				
Tjónaskuld	7.381.756	4.435.601	4.550.173	16.367.530

23.9 Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er sú áhætta sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaáhættu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátryggingaskuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

23.10 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er sú áhætta að fjöldi tjóna í einhverri vátryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar.

Félagið fylgist náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í tryggingum á einkamarkaði svo sem ökutækjatryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem vátryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega varanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhættu félagsins að dreifa vátryggingaáhættunni sem mest milli greina og svæða. Félagið er með starfsemi í öllum greinaflokkum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi út um allt land auk lítils háttar starfsemi erlendis. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum ársins hjá félaginu á árinu 2010.

Greinaflokkar vátrygginga - Iðgjöld ársins

Eignatryggingar	27,4%
Sjó- og farmtryggingar	3,5%
Lögboðnar ökutækjatryggingar	33,4%
Aðrar ökutækjatryggingar	16,1%
Ábyrgðartryggingar	6,0%
Slysa- og sjúkratryggingar	11,6%
Endurtryggingar	2,0%
	100,0%

Innlend, erlend starfsemi - Iðgjöld ársins

Innlend starfsemi	95,3%
Erlend starfsemi	4,7%
	100,0%

23.11 Tjónsfjárhæðaáhætta

Tjónsfjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru lítil. Tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónsfjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar vátryggingagreinar og margir vátryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónsfjárhæðaáhættu endurtryggir félagið sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr félagið endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu það er tilbúið til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti það endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónsfjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggjendaáhætta.

23.12 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er sú áhætta að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Mörg ár getur tekið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í endurtryggingastefnu félagsins er kveðið á um að endurtryggjendur félagsins skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu félagið endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fer eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þess mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2010 og áætlaða skiptingu árið 2011.

	2011	2010
AAA	1,6%	1,5%
AA+	7,1%	7,5%
AA	1,1%	0,0%
AA-	38,1%	35,5%
A+	40,1%	45,0%
A	6,3%	5,4%
A-	5,7%	5,1%
	100,0%	100,0%

23.13 Vátryggingaskuldaráhætta

Vátryggingaskuldaráhætta er sú áhætta að óuppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist vátryggingastofninum sé vanmetin.

Vátryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi vátryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt félaginu og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa gerst en hafa ekki enn verið tilkynnt til félagsins. Styrkur vátryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum.

23.14 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall gefur til kynna samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall er hlutfall sömu kostnaðarliða af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum og öðrum tekjum af vátryggingarekstri.

Það er stefna félagsins að samsett hlutfall lækki og verði lægra en 100%. Bætt samsett hlutfall gerir félaginu kleift að mæta minnkandi ávöxtun af fjárfestingum í framtíðinni.

Skýringar

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur vátryggingarekstrar síðastliðin fimm ár.

	2010	2009	2008	2007	2006
Tjónahlutfall	80,5%	86,1%	88,5%	80,7%	87,6%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,1%	19,3%	19,9%	19,2%	22,1%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	2,7%	1,8%	2,7%	4,7%	5,7%
Samsett hlutfall	**104,3%**	**107,2%**	**111,1%**	**104,6%**	**115,4%**
Fjárfestingateknahlutfall	7,6%	10,8%	16,4%	16,1%	18,4%
Hlutfall annarra tekna af vátr.rekstri	0,7%	0,6%	1,5%	0,3%	-
Rekstrarhlutfall	**96,3%**	**96,2%**	**94,2%**	**89,9%**	**97,5%**

24. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 8.

Viðskipti við tengd félög árið 2010:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Exista ehf. og tengd félög	24.965	175.063	40.315	37.086
	24.965	175.063	40.315	37.086

Viðskipti við tengd félög árið 2010:	Kröfur	Skuldir
Exista ehf. og tengd félög	1.769.585	319.350
	1.769.585	319.350

Viðskipti við tengd félög árið 2009:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Exista ehf. og tengd félög	43.697	163.128	56.737	8.821
	43.697	163.128	56.737	8.821

Viðskipti við tengd félög árið 2009:	Kröfur	Skuldir
Exista ehf. og tengd félög	3.144.982	36.030
	3.144.982	36.030

25. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi.

26. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 1. mars 2011.